Aukningin er mest til félags-, húsnæðis- og tryggingamála, en heilbrigðismál eru eftir sem áður langstærsti útgjaldaliðurinn og nema alls tæplega 320 ma.kr. Framlög til umhverfismála aukast sömuleiðis talsvert frá fyrra ári, m.a. vegna bindingar og samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda og aðgerða til að bæta ástand áfangastaða innan náttúruverndarsvæða.

Hlutfallsleg skipting rammasettra útgjalda 2023



Í krónum talið hafa framlög til heilbrigðismála aukist um 40 ma.kr. frá árinu 2020 og útgjöld vegna félags-, húsnæðis- og tryggingamála um 33 ma.kr. Í heilbrigðisþjónustu hefur verið lögð áhersla á aukin rekstrarframlög til sjúkrahúsa, byggingu nýs Landspítala og uppbyggingu nýrra hjúkrunarrýma. Þá hafa framlög til sjúkratrygginga verið aukin, áhersla lögð á betri geðheilbrigðisþjónustu og lægri greiðsluþátttöku sjúklinga. Eins og undanfarin ár er raunaukning á fjárheimildum til heilbrigðismála á næsta ári þar sem horft er til þess að styrkja rekstur heilbrigðisstofnana og sjúkratrygginga vegna fjölgunar og öldrunar þjóðarinnar, en einnig er auknum fjármunum varið til geðheilbrigðismála.

Í félagsmálum hafa framlög ekki síst aukist til að bæta áfram kjör aldraðra og lífeyrisþega, en einnig má nefna stofnframlög til byggingar á hagkvæmu húsnæði og húsnæðisbætur. Árið 2023 er gert ráð fyrir að auka húsnæðisbætur um 2 ma.kr.

Í þessu frumvarpi er rík áhersla lögð á að styrkja og verja grunnþjónustu og tilfærslukerfi á borð við örorku- og ellilífeyri í breyttu efnahagsástandi. Rekstrarframlög og tilfærslur aukast því um tæplega 30 ma.kr. Um 26,4 ma.kr. renna svo til ýmissa nýrra og aukinna verkefna. Þar má m.a. nefna auknar fjárheimildir til endurgreiðslu á rannsókna- og þróunarkostnaði, hækkun framlags til húsnæðisbóta, framlag til að draga úr greiðsluþátttöku sjúklinga og til uppbyggingar Grensásdeildar Landspítalans, auk framkvæmda við lagningu bundins slitlags á

tengivegum. Einnig má nefna 1 ma.kr. tímabundið framlag vegna aðgerða til að vinna gegn neikvæðum áhrifum heimsfaraldursins á viðkvæma hópa og 1,2 ma.kr. hærri fjárheimild vegna reksturs nýrra hjúkrunarrýma.

Stærsta einstaka byggingarframkvæmdin í fjárlagafrumvarpinu er bygging nýs Landspítala þar sem gert er ráð fyrir 13,4 ma.kr. á árinu. Þá verður fjárfest fyrir 4,9 ma.kr. í samgöngumannvirkjum, 2,5 ma.kr. í Stafrænu Íslandi og upplýsingatækniverkefnum og 1,6 ma.kr. í orkuskiptum og grænum lausnum – svo dæmi séu tekin.


Hægist um á húsnæðismarkaði

Mikill tekjuvöxtur, lækkun vaxta í faraldrinum, sterk staða heimilanna og fjölgun íbúa hefur leitt til mikillar hækkunar íbúðaverðs síðustu misseri. Hækkun íbúðaverðs hefur styrkt eignastöðu heimilanna svo um munar, en þýðir sömuleiðis að lengri tíma tekur að safna fyrir fyrstu íbúð en ella. Hlutfall fyrstu kaupa af öllum íbúðakaupum er þó ekki lægra nú en á undanförunum árum. Heimild til að nýta tilgreinda séreign til íbúðakaupa, sem nýlega var samþykkt á Alþingi, auðveldar fólki með lágar og meðalháar tekjur enn fremur að safna fyrir fyrstu íbúð. Þá fá fyrstu kaupendur helmingsafslátt af stimpilgjöldum, auk þess sem slík gjöld eru ekki lengur greidd við endurfjármögnun lána.

Markmiðið með aðkomu stjórnvalda á húsnæðismarkaði nú er einna helst að auka framboð íbúða á viðráðanlegu verði. Frá því að lög um almennar íbúðir voru samþykkt árið 2016 hafa ríki og sveitarfélög úthlutað stofnframlögum fyrir 3.100 leiguíbúðir á viðráðanlegu verði fyrir tekjulægri hópa. Það jafngildir allri uppbyggingu íbúða árið 2019. Þessi mikla fjölgun almennra íbúða hefur vafalaust átt sinn þátt í því að leiguverð hefur aðeins hækkað um 5% undanfarið ár, umtalsvert minna en íbúðaverð eða laun. Þá benda margar vísbendingar til þess að verulega sé tekið að hægja á hækkun íbúðaverðs, að íbúðum til sölu sé tekið að fjölga og að framboð nýrra íbúða fari vaxandi frá næsta ári.

Hækkun stýrivaxta eykur greiðslubyrði íbúðalána og ekki síst af þeim sökum er mikilvægt að ríkisfjármálin gangi í takt við peningastefnuna. Mikill meiri hluti íbúðalána er þó ýmist með föstum vöxtum eða verðtryggður. Á slíkum lánnum hefur hækkun stýrivaxta minni og óbeinni áhrif á greiðslubyrði en í tilfelli óverðtryggðra lána með breytilegum vöxtum. Á því tímabili sem vextir voru lægstir voru tekjulág heimili ólíklegri en tekjuhá til þess að velja óverðtryggð lán með breytilegum vöxtum. Að því marki hefur hækkun stýrivaxta nú minni bein áhrif á þau en ella.

Aldrei hafa færri búið við þunga byrði húsnæðiskostnaðar en í fyrra



Heimild: Lífskjarannsókn Hagstofu Íslands. Hlutfall heimila sem telur heildarkostnað við húsnæði vera þunga byrði.

Starfshópur um húsnæðisstuðning er nú að störfum með það hlutverk að endurskoða beinan húsnæðisstuðning til einstaklinga. Á grundvelli þeirrar vinnu og á grundvelli tillagna starfshóps um aðgerðir og umbætur á húsnæðismarkaði, frá maí 2022, er gert ráð fyrir breytingum og auknum húsnæðisstuðningi ríkisins frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Þar sem annar starfshópurinn er enn að störfum er horft til 2. umræðu fjárlaga í því samhengi. Einkum verði einblínt á hvernig megi auka framboð húsnæðis og jafna það yfir hagsveifluna.


Grunnur að bjartri framtíð

Til að standa áfram undir öflugum velferðar- og heilbrigðiskerfum er mikilvægt að ná ekki aðeins tókum á verðbólgunni, heldur byggja upp styrk ríkissjóðs til lengri tíma. Það er lærdómur síðustu missera að ekki dugar að huga einungis að yfirstandandi verkefnum, heldur þarf að búa sig undir óvæntar áskoranir og áföll framtíðar. Þess vegna er það skýrt markmið fjármálastefnu ríkisstjórnarinnar að stuðla að stöðugleika og sjálfbærni með því að draga jafnt og þétt úr halla og stöðva hækkun skulda hins opinbera í hlutfalli af vergri landsframleiðslu ekki síðar en árið 2026.

Þar erum við á réttri leið og betur hefur gengið að vinna á hallanum en vonir stóðu til. Á næsta ári verða þau merku tímamót að skuldir ríkissjóðs lækka lítillega milli ára í hlutfalli af landsframleiðslu, ef haldið verður áfram sölu hluta í Íslandsbanka. Á haustmánuðum ársins 2020 var gengið út frá því í ríkisfjármálaáætlun að skuldir ríkissjóðs að frádregnum innstæðum yrðu 50% af VLF í árslok 2023. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2023 er hins vegar áætlað að skuldir ríkissjóðs verði einungis 33% af VLF í árslok 2023.

Árangursrík sala hluta í Íslandsbanka hefur verið einn af mörgum mikilvægum þáttum verkefnisins. Söluandvirði 57,5% hlutar ríkissjóðs hingað til nemur um 108 ma.kr., en ríkið er enn langstærsti eigandi bankans með 42,5% eignarhlut. Einskiptistekjur verða af sölnunni sem hefðu jákvæð áhrif á skuldastöðuna, en sala bankans í heild yrði til þess að gera áætlaðar skuldir ríkissjóðs um 4–5% af VLF lægri en ella.

Skuldahorfur ríkissjóðs hafa batnað til muna



Það er samhengi milli stöðugleika, sterkar stöðu hagkerfisins og lífskjara fólks í landinu. Undanfarin ár hefur tekist að bæta lífskjör og auka kaupmátt umtalsvert með efnahagslegum stöðugleika samhliða miklum launahækkunum og lækkun tekjuskatts.

Í greiningu á skattframtölum Íslendinga frá í júní kemur fram að heildartekjur allra tekjuhópa hafa hækkað undanfarin ár, kaupmáttur aukist og tekjuskattbyrði minnkað hjá öllum


hópum nema þeim tekjuhæstu. Þá koma 82% af nettótekjum hins opinbera af tekjuskatti og útsvari frá tekjuhærrí helmingi skattgreiðenda. Jöfnuður er óvída meiri en á Íslandi og hlutfallsleg fátækt mælist hvergi minni í mælingum OECD. Auk þess er stuðningur við barnafjölskyldur nánast hvergi meiri innan OECD en á Íslandi, en nú stendur yfir vinna við skoðun barnabótakerfisins í því skyni að sníða af kerfinu vankanta og gera það enn sanngjarnara í framkvæmd.

Frá aldamótum hafa félagslegar tilfærslur til heimila orðið sífellt stærra hlutfall af heildarútgjöldum hins opinbera. Í upphafi aldarinnar voru slíkar tilfærslur um níunda hver króna sem hið opinbera ráðstafaði en undanfarin tvö ár hefur fimmta hver króna opinberra útgjalda verið félagslegar tilfærslur. Hlutdeild þeirra í heildartekjum heimila hefur einnig aukist úr um 10% um aldamótin í um 15% í fyrra. Að hluta til skýrist þróunin af tímabundinni aukningu atvinnuleysis í heimsfaraldrinum, en þá hafa jafnframt framlög til ellilífeyrisþega og öryrkja aukist mikið sl. áratug – m.a. með umfangsmiklum breytingum á réttindum og kjörum ellilífeyrisþega árið 2017. Útgjöld vegna fæðingarorlofstöku foreldra hafa einnig aukist verulega vegna lengingar orlofsins í 12 mánuði og hækkunar hámarksgreiðslna. Gert er ráð fyrir því samkvæmt fjármálaáætlun að hlutdeild félagslegra tilfærslna í heildarútgjöldum verði há næstu árin í sögulegum samanburði.



Heimild: Hagstofa Íslands.

Stærsta verkefni næstu ára er að stuðla að stöðugleika og umhverfi þar sem fólk getur sótt fram og bætt kjör sín á eigin forsendum. Það verður ekki gert með tilfærslum einum, heldur með því að styrkja vaxtargetu hagkerfisins og byggja áfram undir nýjar stoðir með tilheyrandi hagvexti og fjölgun starfa. Segja má að í því felist fyrst og fremst að halda áfram á sömu braut og undanfarin ár, sem hafa einkennst af miklum framförum og eiginlegum stakkaskiptum í íslensku hagkerfi.



Heimild: Hagstofa Íslands.

Störfum hefur fjölgað um nærri 16 þúsund síðastliðin fimm ár, ytri staða þjóðarbúsins er sterk og skuldsetning lægri en meðal margra nágrannaríkja. Ferðaþjónustan dreif áfram umbreytinguna um tíma og hefur nú orðið sterk útflutningsstoð við hlið sjávarútvegs og nýtingar orkuauðlinda. Að sama skapi hefur útflutningur fiskeldis vaxið hratt og útlit er fyrir áframhaldandi vöxt með mikilli fjárfestingu í greininni. Aukin framlög til rannsókna og þróunar auk fjárfestingar í stafrænni umbreytingu hins opinbera hafa svo örvað hátækni- og hugverkagreinar. Frekari vöxtur þeirra greina mun skipta sköpum fyrir aukna hagsæld. Áframhaldandi markviss stuðningur ríkissjóðs við rannsóknir og þróun getur þar haft veruleg áhrif.

Það er þó ekki síður mikilvægt að umgjörð efnahagslífsins sé samkeppnishæf, stöðugleiki viðvarandi, skattbyrðin hófleg og að erlendri þekkingu sé tekið opnum örmum. Með slíkri hagstjórn getur hagkerfið dafnað og skilað þeirri verðmætasköpun sem þarf til að standa undir öflugum sameiginlegum kerfum til langframa.

2 Efnahagshorfur

Eftir tveggja ára þróttmikinn efnahagsbata hægir á hagvexti árið 2023 rætist þjóðhagsspá Hagstofunnar sem liggur til grundvallar fjárlagafrumvarpinu. Fækkun starfa í faraldrinum hefur að fullu gengið til baka en störf hafa flust milli atvinnugreina. Líkt og fyrir faraldurinn er hagvöxturinn ekki síst drifinn áfram af miklum aðflutningi fólks sem hefur fjölþætt áhrif á íslensk samfélag og efnahagslíf, þ.m.t. framleiðslugetu. Minnkandi halli hins opinbera umfram það sem leiðir beint af auknum efnahagssumsvifum leggst á sveif með aðgerðum Seðlabankans við að lækka verðbólgu á ný. Hún verður þó enn vel yfir markmiði Seðlabankans árið 2023 gangi spá Hagstofunnar og flestra annarra spáaðila eftir. Nýlegar spár og hagtölur benda til þess að hagkerfið vaxi enn hraðar í ár en útlit var fyrir fyrr á árinu. Að sama skapi er hætt við að verðbólga verði hærrí en þá voru vonir um. Eftir hraðan vöxt hagkerfisins í kjölfar mikils samdráttar er líklegt að hagþróunin muni ekki síst ráðast af samspili ákvarðana á vinnumarkaði, í opinberum fjármálum og á sviði peningastefnu.

STEFNT Í ÁTT
AÐ MEIRI
STÖDUGLEIKA


**Hraður
viðsnúningur** eftir
faraldurinn.

Ríkisfjármálin vega
áfram á móti **þenslu**
og **verðbólgu**.

**Ákvarðanir á
vinnumarkaði** munu
ráða miklu um
hagþróun.

Alþjóðlegar efnahagshorfur hafa versnað hratt, m.a. vegna hækkunar orkuverðs, og hætta er á að enn syrti í álinn, ekki síst í Evrópu og mörgum nýmarkaðsríkjum. Áhrif þessa hafa verið takmörkuð hérlandis enda er hlutfall endurnýjanlegrar orku óvíða hærra en hér, verð á helstu útflutningsvörum hefur hækkað og mikil eftirspurn er eftir innlendri ferðaþjónustu. Eru erlendir ferðamenn hér nú jafn margir og fyrir faraldurinn. Útlit er fyrir að í ár verði hagvöxtur á Íslandi einn sá mesti meðal aðildarríkja OECD.

Hagvöxtur árið 2022 óvíða meiri innan OECD en hér á landi




Heimild: Spá OECD (júní 2022), þjóðhagsspá Hagstofu Íslands.

Þótt hagkerfið vaxi enn árið 2023 gerir Hagstofan ekki ráð fyrir að atvinnuleysi lækki frekar enda er spennan farin að myndast á vinnumarkaði. Minna atvinnuleysi frá því sem var í faraldrinum hefur mikil áhrif á ríkissjóð en útgjöld vegna almennra atvinnuleysisbóta eru áætluð nærri 50 ma.kr. minni árið 2023 en 2021 á föstu verðlagi. Mikilli eftirspurn eftir vinnuafli hefur að hluta verið svarað með miklum fólksflutningum til landsins. Aðflutningur fólks til landsins, að frádregnum brottflutningi, hefur aldrei verið meiri en á öðrum ársfjórðungi yfirstandandi árs. Hluti þessarar fjölgunar er þó vegna fólks sem hlotið hefur alþjóðlega vernd, en ekki er ljóst að hversu miklu leyti og hversu fljótt fólk í þeirri stöðu leitar á vinnumarkað. Fjölgun vinnufærs fólks stuðlar að því að spennan á vinnumarkaði er minni en annars væri. Á móti vegur að fólksfjölgunin hefur átt þátt í viðvarandi hækkun húsnæðisverðs.

Gert er ráð fyrir að útflutningur vaxi um 6% árið 2023 í spá Hagstofunnar. Fjölgun ferðamanna vegur þar þyngst. Líklegt er þó að ferðamenn verði fleiri en útlit var fyrir í vor. Halli á utanríkisviðskiptum dregst saman gangi spáin eftir en viðskiptajöfnuður verður neikvæður líkt og árin tvö þar á undan.

Talsvert hægir á vexti innlendrar eftirspurnar árið 2023 samkvæmt spánni eftir nokkuð kraftmikinn vöxt árin á undan. Einkaneysla vex þó áfram og helst hlutfall hennar af landsframleiðslu nær óbreytt. Samspil kjarasamninga og aðgerða peningastefnunnar til að koma verðbólgu aftur að markmiði mun þó ráða miklu um þróun einkaneyslu á næsta ári. Spáin gerir ráð fyrir að fjárfesting standi í stað milli ára eftir mikinn vöxt undanfarin tvö ár. Minni fjárfesting í flugvélum og skipum á þar þátt. Íbúðafjárfesting vex um 10% árið 2023 og hefur þá aldrei verið meiri gangi spáin eftir.

Opinber fjárfesting dregst hins vegar lítillega saman árið 2023 eftir því sem umfang sérstaks fjárfestingarátaks stjórnvalda í kjölfar heimsfaraldursins minnkar og í ljósi þess að tilteknum fjárfestingarverkefnum, sem áður hafði verið áætlað að ráðast í á árinu, var hliðrað í sveiflujöfnunarskygni fyrir samþykkt fjármálaáætlunar í júní sl. Kemur það í kjölfar 63% vaxtar opinberrar fjárfestingar á árunum 2017–2022. Í spá Hagstofunnar er gert ráð fyrir því að opinber fjárfesting, þ.e. fjárfesting A-hluta ríkissjóðs og sveitarfélaga, verði 137 ma. kr. árið 2023. Fjárfesting opinberra fyrirtækja er þar ekki talin með. Landsnet, Landsvirkjun, Isavia og Betri samgöngur hyggjast hvert um sig fjárfesta fyrir 10–15 ma.kr. á næsta ári auk þess sem Rarik hyggst fjárfesta fyrir 4 ma. kr. Alls er áformuð fjárfesting þessara fimm fyrirtækja um 50 ma. kr. árið 2023.



Í ljósi þess að efnahagssumsvif hafa aukist hratt og verðbólga er há var lögð áhersla á aukinn afkomubata í fjárlögum ársins 2022 og samþykktri fjármálaáætlun fyrir árin 2023–2027. Fylgdi sú stefnumótun í kjölfar fjármálastefnu ríkisstjórnarinnar þar sem lögð var áhersla á það leiðarstef að skuldir hins opinbera skyldu hætta að vaxa í hlutfalli við landsframleiðslu eigi síðar en árið 2026. Auknar tekjur hins opinbera vegna meiri efnahagssumsvifa yrðu að sama skapi nýttar til að bæta afkomuna enn frekar. Síðla vors 2022 var ráðist í mótvægisáðgerðir til að draga úr áhrifum verðbólgu á lífskjör viðkvæmustu hópa samfélagsins og tilkynnt um áðgerðir til að koma til móts við mikil áhrif hrávöruverðshækkana á landbúnað. Verðbólga og verðbólguvæntingar hafa síðan hækkað enn frekar. Á samræmdan evrópskan mælikvarða ESB er verðbólga þó hvergi lægri en hér á landi að Sviss undanskildu.

Lækkun verðbólgu í átt að markmiði er háð áframhaldandi aðhaldi hagstjórnar og ekki síður að launaþróun samræmist verðbólgu markmiði og undirliggjandi framleiðnivexti. Gangi það eftir er útlit fyrir að það takist að verja kaupmáttarvöxt undanfarinna ára sem hefur verið mikill, ekki síst þegar litið er til lægstu launa. Í júlí var vísitala kaupmáttar launa 7% hærri en við upphaf yfirstandandi kjarasamningstímabils árið 2019. Samkvæmt launarannsókn Hagstofunnar hækkandi miðgildi heildarlauna fullvinnandi fólks um 370 þúsund krónur umfram verðbólgu á ársgrundvelli milli 2018 og 2021. Kaupmáttur fullvinnandi láglaunafólks jókst meira en hálaunafólks á þessu tímabili, hvort sem er að hlutfallstölu eða krónutölu og hvort sem litið er til grunnlauna eða heildarlauna. Því til viðbótar kom lækkun tekjuskatts á árunum 2020 og 2021 sem jók ráðstöfunartekjur láglaunafólks mest.

Stjórnvöld hafa ríku hlutverki að gegna við að stuðla að þjóðhagslegum stöðugleika til að verja kaupmátt þeirra launahækkana sem samið er um. Það er best gert með því að hamlavexti eftirspurnar í uppsveiflu á sama tíma og stutt er við vöxt framleiðslugetunnar. Enn eru tækifæri til umbóta sem auka verðmætasköpun eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og OECD hafa bent á í úttektum sínum á íslensku efnahagslífi. Líkt og gert var í vor getur ríkissjóður stutt við þau heimili sem verða fyrir mestum áhrifum hækkandi verðlags ef slíkar áðgerðir raska ekki því meginhagstjórnarmarkmiði að halda aftur af þenslu. Er það ekki síst gert með því að viðhalda kaupmætti almannatrygginga og viðhalda raunvirði viðmiðunarfjárhæða tekjuskattkerfisins.

Ríkisfjármálin draga úr eftirspurn, en minna en ári áður

Ríkisfjármálin draga úr eftirspurn í hagkerfinu bæði árin 2022 og 2023. Dregið var hratt úr mótvægisáðgerðum vegna farsóttarinnar í ár og áfram er aðhald árið 2023.


Ýmsar leiðir eru nýttar til að meta áhrif ríkisfjármála á eftirspurn í hagkerfinu. Algengast er að líta til afkomu ríkissjóðs að undanskildum vaxtatekjum og -gjöldum, svokallaðar frumafkomu, sem gefur glögga mynd af undirliggjandi stöðu ríkissjóðs. Á þann mælikvarða er stefnt að því að hallinn verði 0,7% af landsframleiðslu árið 2023 eftir 1,7% halla árið 2022. Þegar tekið er tillit til metinna áhrifa efnahagssumsvifa á afkomu ríkissjóðs fæst svokölluð hagsveifluleiðrétt frumafkoma. Breyting í henni er talin sýna hversu mikið ríkisfjármálin hafa áhrif á eftirspurn í hagkerfinu. Hagsveifluleiðrétt frumafkoma ríkissjóðs er talin verða 45 ma. kr. betri árið 2023 en 2022. Var sá bati aukinn um 26 ma.kr. í þinglegri meðferð fjármálaáætlunar 2023-2027 til að veita á móti þenslu í hagkerfinu og styrkja fjárhagsstöðu ríkissjóðs svo hann verði í stakk búinn til að bregðast við næstu niðursveiflu. Heildarbatinn milli ára jafngildir 1,2% af metinni framleiðslugetu þjóðarþúsins. Til samanburðar er áætlað að árið 2022 batni hagsveifluleiðrétt frumafkoma um 2,6% af framleiðslugetu.¹ Það þýðir að ríkisreksturinn vinnur gegn þenslu árið 2023 en í nokkuð minni mæli en á yfirstandandi ári.

¹ Reikningurinn byggir á spá um framleiðsluspennu í þjóðarþúinu 2022-2023. Útlit er fyrir að spenna verði nokkuð meiri í ár en spá Hagstofunnar áætlað sem er í samræmi við nýbirta spá Seðlabanka Íslands í Peningamállum 2022/3. Sé það raunin dregur lítillaga úr aðhaldinu 2022 (2,4%) og það eykst 2023 (1,4%).

Áætlað er að hækkun skuldahlutfalls ríkissjóðs stöðvist í ár og hlutfallið lækki nokkuð árið 2023. Verður það mikilvægt skref í þeirri vegferð að byggja upp viðnámsþrótt ríkisfjármálanna svo hægt verði að milda efnahagshremmingar í framtíðinni fyrir heimilin og fyrirtækin í landinu.

Afkoma ríkissjóðs batnar áfram en aðhaldsstigið verður lægra

Breyting í hagsveifluleiðrétum frumjöfnuði ríkissjóðs, % af framleiðslugetu



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Óvissa um efnahagsframvinduna

Margþætt óvissa er um þróun efnahagsmála hverju sinni. Við núverandi aðstæður er gagnlegt að líta til tveggja meginóvissuþátta.

Í fyrsta lagi er óvissa um ytri aðstæður þjóðarbúsins. Hækkun hrávöruverðs í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu hefur valdið miklu tjóni á heimsvísu. Í ríkjum Evrópusambandsins og Bretlandi hefur margföldun á verði jarðgass víða djúpstæð neikvæð efnahagsáhrif. Truflanir á framboði hrávöru hafa heldur rénað undanfarna mánuði en gætu ágerst á ný. Við það gæti alþjóðleg verðbólga aukist enn. Þá gæti kjölfesta verðbólguvæntinga í helstu viðskiptalöndum Íslands reynst hafa veikst vegna mikillar og óvæntrar hækkunar verðbólgu undanfarið. Meðal annars af þessum sökum er óvíst hvort og þá hversu mikið aðhald peningastefnu þarf að aukast alþjóðlega frá núverandi stigi. Hvort tveggja framboðstruflanir og enn frekari hækkun alþjóðlegs vaxtastigs myndu minnka alþjóðahagvöxt.

Í öðru lagi er óvissa um innri þætti hagkerfisins sem eru í meiri eða minni mæli á áhrifasviði hagstjórnaraðila. Þar ber helst að nefna óvissu um niðurstöðu kjaraviðræðna sem getur sett mark sitt á verðbólguþróun til skemmri og lengri tíma.


Í frávikssviðsmynd ráðuneytisins eru greind áhrif minni alþjóðahagvaxtar og meiri alþjóðlegrar verðbólgu á innlenda hagþróun. Byggt er á sviðsmynd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í World Economic Outlook í júlí. Helstu forsendur sviðsmyndarinnar eru að hagvöxtur í viðskiptalöndum reynist 1,5 prósentustigi minni og verðbólga í viðskiptalöndum 1,5 prósentustigi meiri en í grunnspá Hagstofunnar vegna þeirra þátta sem nefndir eru hér að framan. Áhrif þess á innlenda hagþróun birtast meðal annars í minni eftirspurn í útflutningsgreinum, þar á meðal ferðaþjónustu.

Í sviðsmyndinni er innlendur hagvöxtur 0,5 prósentustigum minni en í grunnspá Hagstofunnar eða sem nemur um 20 ma. kr. Verðbólga og atvinnuleysi eru lítið eitt hærrí.

Raungerist frávikssviðsmyndin má gera ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs verði 10-15 ma.kr. lakari eða sem samsvarar 0,3% af VLF. Skýrist það einkum af hækkun útgjalda vegna herra verðlags. Tekjur ríkissjóðs lækka lítillega og vegast þar á áhrif lakari efnahagsforsendna til lækkunar og verðlagsáhrif hærri verðbólgu til hækkunar. Áhrifin á skuldir ríkissjóðs eru um 0,5% af VLF til hækkunar annars vegar vegna lakari afkomu og hins vegar vegna lægri VLF í útreikning hlutfallsins.

3 Markmið í ríkisfjármálum

Í þessum kafla er fjallað um markmið og horfur í ríkisfjármálum og helstu niðurstöður frumvarpsins um afkomu ríkissjóðs á árinu 2023 í samhengi við helstu stefnumið fjármálaáætlunar fyrir árin 2023–2027.

	<p>Aðhaldsstigið eykst áfram og spornar gegn þenslu.</p>	<p>Tekjur aukast en haldið aftur af útgjaldavexti.</p>	<p>Hægir á skuldaaukningu eftir mikinn vöxt síðustu missera.</p>
---	---	---	---

Framsetning og flokkun upplýsinga um fjármál ríkissjóðs í þessum kafla er samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustaðli um opinber fjármál, svokölluðum GFS-staðli (e. Government Finance Statistics Manual). Markmið staðalsins er að veita góða sýn á efnahagsleg áhrif ríkisfjármálanna. Vakin er athygli á því að ríkisreikningur er birtur skv. IPSAS-reikningsskilastaðlinum (e. International Public Sector Accounting Standards) en fjallað er um mun á framsetningu og uppgjöri ríkisfjármála á þessum tveimur stöðlum í viðauka með frumvarpinu.

3.1 Markmið og horfur í ríkisfjármálum


Á árinu 2023 er gert ráð fyrir að 89 ma.kr. halli verði á heildarafkomu ríkissjóðs, sem samsvarar 2,3% af VLF. Gangi það eftir batnar afkoman um rúmlega 50 ma.kr. miðað við áætlaða útkomu yfirstandandi árs þar sem tekjur ríkissjóðs hækka um yfir 85 ma.kr. milli ára, en heildarútgjöld hækka um innan við 35 ma.kr. Gert er ráð fyrir að halli á yfirstandandi ári nemi um 140 ma.kr. sem er 45 ma.kr. betri afkoma en gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins 2022 og nemur batinn því 95 ma.kr. frá þeirri áætlun. Afkoma ríkissjóðs hefur þannig batnað verulega frá því þegar áhrif heimsfaraldurs kórónuveirunnar voru í hámarki þar sem hallinn nam um 230 ma.kr. árið 2020.

Þróun opinberra fjármála hefur á undanförnum misserum einkennst af efnahagslegum áhrifum heimsfaraldursins og viðbrögðum stjórnvalda sem miðuðu að því að lágmarka áhrifin, bæði til skemmri og lengri tíma litið. Stuðningur stjórnvalda fólst annars vegar í sértækum aðgerðum fyrir heimili og fyrirtæki sem urðu fyrir mestum búsigjum af völdum faraldursins og hins vegar í áhrifum hinna sjálfvirku sveiflujafnara ríkisfjármálanna, s.s. lægri skattheimtu og auknum útgjöldum vegna herra atvinnuleysis. Var hallinn á rekstri ríkissjóðs um 8% af VLF árin 2020 og 2021 sem hafði í för með sér að skuldir ríkissjóðs samkvæmt skuldareglu laga um opinber fjármál hækkuðu úr 21,8% af VLF í árslok 2019 upp í 33,4% af VLF í árslok 2021.

Megin hagstjórnarmarkmið og stefnumörkun í opinberum fjármálum til næstu ára voru sett fram í fjármálastefnu fyrir árin 2022–2026 sem Alþingi samþykkti í febrúar sl. Stjórnvöld hafa einsett sér það að stuðlað verði að stöðugleika og sjálfbærni í samræmi við grunngildi laga um opinber fjármál með því að draga jafnt og þétt úr afkomuhalla og stöðva hækkun skulda hins opinbera í hlutfalli af vergri landsframleiðslu eigi síðar en árið 2026. Til lengri tíma litið miðar stefnumörkunin að því að ríkissjóður hafi svigrúm til þess að mæta framtíðaráskorunum, t.d. vegna öldrunar þjóðarinnar, og hafi áfram borð fyrir báru til þess að bregðast við ófyrirséðum áföllum.

Heildarafkoma ríkissjóðs batnar um rúmlega 1,5% af VLF milli ára 2022 og 2023

% af VLF



Fjármálaáætlun fyrir árin 2023–2027, sem samþykkt var á Alþingi í júní sl., fylgir eftir þessum meginmarkmiðum. Í því felst að fjármálum ríkissjóðs verður hagað með þeim hætti að þau hafi ekki þenslu- og verðbólguáhrif nú þegar slakinn er horfinn úr hagkerfinu og myndast hefur framleiðsluspenna. Þetta þýðir að áfram verður dregið úr halla á rekstri ríkissjóðs umfram það sem leiðir beint af auknum efnahagsumsvifum. Með því er hagvaxtartímabilið nýtt til að styrkja fjárhagsstöðu ríkissjóðs og dregið úr þörf fyrir styrivaxtahækkunarir. Til marks um þetta var við síðari umræðu fjármálaáætlunarinnar gripið til ýmissa ráðstafana sem koma til framkvæmdar á næsta ári í ljósi hækkandi verðbólguhorfa frá framlagningu áætlunarinnar í mars sl. Bein áhrif þessara ráðstafana á afkomu ríkissjóðs nema um 0,7% af VLF á næsta ári. Meðal aðgerða má nefna hækkun á almennri aðhaldskröfu málefna sviða, með ýmsum undantekningum þó, t.d. á sviði heilbrigðisþjónustu, frestun á hluta af áformuðum nýjum útgjaldaheimildum og hliðrun á einstaka fjárfestingarverkefnum. Þá verður innleiðingu á gjaldtöku til að veða á móti tekjutapi vegna umferðar og eldsneytis flýtt að hluta, auk þess sem gripið er til gjaldabreytinga sem auka tekjur ríkissjóðs. Í ljósi hættunnar á aukinni verðbólgu og hækkandi vaxtastigi er aukið aðhald stórt hagsmunamál fyrir heimili og fyrirtæki og mikilvægt að ríkisfjármálin gangi í takt með peningamálastefnunni. Fjárlagafrumvarpið endurspeglar þessa stefnumörkun.

Eftir mikinn vöxt síðustu tveggja ára er gert ráð fyrir að hægi á hagvexti á næsta ári. Þá er gert ráð fyrir lágu atvinnuleysi og að hagur ferðaðþjónustu haldi áfram að vænkast eins og fram kemur í 2. kafla frumvarpsins. Samhliða þessum jákvæðu horfum er gert ráð fyrir meiri verðlagshækkunum en sést hafa um nokkra hríð. Þessar efnahagshorfur leiða til þess að talsverður bati verður á tekjuhlíð ríkissjóðs. Áætlunin gerir ekki ráð fyrir miklum hreyfingum á tekjuhlíð frumvarpsins vegna áforma um breytingar á skattkerfinu umfram framangreindar ráðstafanir sem miða að því að draga úr þenslu. Fjallað er nánar um tekjur ríkissjóðs í kafla 4.


Í samræmi við samþykktu stefnumörkun í ríkisfjármálum verður haldið aftur af útgjaldavexti ríkissjóðs á milli ára í því skyni að batinn á tekjuhlíð leiði til bættrar afkomu og færi rekstur ríkissjóðs nær jafnvægi. Þá hefur sérstakur stuðningur við atvinnulífíð vegna heimsfaraldursins runnið sitt skeið, auk þess sem útgjöld vegna atvinnuleysis lækka áfram. Þrátt fyrir aðhald í útgjöldum munu heildarútgjöld aukast að raunvirði en það helgast einkanlega af því að staða allra helstu tilfærslukerfa ríkisins í núverandi mynd er áfram tryggð, auk þess sem veitt er fjármunum til nýrra og brýnna verkefna. Þannig hækka heildarútgjöld

árið 2023 frá fjárlögum ársins 2022 um 1% umfram áætlaðar launa- og verðlagshækkanir á útgjaldahliðinni. Þegar horft er til rammasettra útgjalda málefnasviða, þ.e. útgjalda að frátöldum vaxtagjöldum, útgjalda vegna atvinnuleysis og annarra liða utan ramma málefnasviða¹, nemur raunbreyting milla ára um 2% frá fjárlögum ársins 2022.

Þegar þróun útgjaldanna er hins vegar skoðuð á verðlagi hvers árs, þ.e. að meðtöldum áætluðum launa- og verðlagshækkunum, er ljóst að útgjaldahliðin verður fyrir miklum áhrifum af völdum aukinnar verðbólgu. Þannig hækkar nafnvirði útgjaldanna um 6% á milli árunna 2022 og 2023. Samanlagt nema reiknaðar launa- og verðlagshækkanir fjárheimilda í frumvarpinu til tilfærslukerfa, reksturs stofnana, framkvæmda og annarra verkefna um 56 ma.kr. Þar af vegur þyngst áætluð hækkun á útgjöldum almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga, eða sem nemur rúmlega 19 ma.kr. Þessi verðlagshækkun útgjaldahliðarinnar er til muna meiri en nokkru sinni áður og má nefna til samanburðar að verðlagshækkunin í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2019, þ.e. fyrir kórónuveirufaraldurinn, nam um 25 ma.kr. Umtalsverður hluti af þessum hækkunum skýrist af því að við undirbúning frumvarpsins afréðu stjórnvöld að bætur almannatrygginga og almenn rekstrargjöld stofnana og verkefna hækki um sem nemur verðbólgu á þessu ári umfram forsendur fjárlaga 2022. Þessu til viðbótar er verðbótaþáttur vaxtagjalda áætlaður um 25 ma.kr. á næsta ári, en sá liður breytist í beinu samhengi við verðlag. Fjallað er nánar um útgjöld ríkissjóðs í kafla 5 og um launa- og verðlagsforsendur frumvarpsins í kafla 5.5.

Betri afkoma, hagvöxtur og sala eigna stöðvar skuldaaukningu

Skuldir skv. skuldareglu hækka um 65 ma.kr. að nafnvirði milli 2022 og 2023 en lækka lítillega sem hlutfall af VLF % af VLF



Áætlað er að skuldir ríkissjóðs á mælikvarða skuldareglu laga um opinber fjármál² verði um 1.210 ma.kr. eða 33,4% af VLF í lok yfirstandandi árs. Verði það raunin munu skuldir á þennan mælikvarða hafa hækkað um 545 ma.kr. eða 12% af VLF frá árslokum 2019. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að skuldir samkvæmt skuldareglunni hækki að nafnvirði um 65 ma.kr. á næsta ári og verði um 1.275 ma.kr. en lækki lítillega sem hlutfall af VLF. Gangi það eftir mun skuldahlutfallið lækka milli ára í fyrsta sinn frá upphafi faraldursins. Þessa þróun má rekja til bata í frumjöfnuði, hækkunar landsframleiðslu af völdum hagvaxtar og

¹ Liðir sem falla utan ramma málefnasviða eru eftirfarandi: vaxtagjöld ríkissjóðs, ríkisábyrgðir, afskriftir skattkrafna, lífeyrisskuldbindingar, Atvinnuleysistryggingasjóður og framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

² Heildarskuldir, að frátöldum lífeyrisskuldbindingum og viðskiptaskuldum og að frádrögnum sjóðum og bankainnstæðum.

verðlagshækkana, sem hefur áhrif á útreikning hlutfallsins, og að ekki verði vikið frá fyrri áformum um eignasölu, en tekjur af henni myndu draga verulega úr lánsfjárþörf á næsta ári. Forsendur fyrir skuldapróun í fjárlagafrumvarpinu gera áfram ráð fyrir að lokið verði við sölu á eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka á næsta ári. Einskíptistekjur af sölu bankans hefðu jákvæð áhrif á skuldastöðuna og verða til þess að áætlaðar skuldir ríkissjóðs verða um 4–5% af VLF lægri en ella. Forsendur fjárlagafrumvarpsins gera ráð fyrir að sala á hlutum í bankanum sem svari til 2% af VLF falli til á næsta ári og verði það raunin yrði það til þess að skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af VLF myndu lækka lítillega milli ára 2022 og 2023. Rétt er þó að benda á að fjármálaáætlun 2023–2027, sem Alþingi samþykkti í júní sl., gerir engu að síður ráð fyrir að þegar þessi einskíptisáhrif eru komin fram taki skuldahlutfallið að hækka á ný á árinu 2024 að öðru óbreyttu. Því er mikilvægt að áfram verði dregið úr afkomuhalla ríkissjóðs á næstu árum til þess að ná því megin markmiði þingsályktunar Alþingis um fjármálastefnu að stöðva vöxt skulda sem hlutfall af VLF. Fjallað er nánar um lánsfjármál ríkissjóðs í kafla 9.

Sú afkomu- og skuldapróun sem leiðir af forsendum frumvarpsins byggist á bættem rekstri ríkissjóðs í átt að langtímajafnvægi. Stigin hafa verið stór skref í þessa átt, en ljóst er að áfram mun þurfa að huga að bættem ríkisrekstri á næstu árum. Umgjörð opinberra fjármála er stórbætt í samanburði við undangengin tímabil sem reynt hafa verulega á sveigjanleika og hagstjórnarhlutverk hins opinbera og þar skiptir aukin áhersla á bætt áætlanagerð til meðallangs og lengri tíma miklu máli. Þrátt fyrir krefjandi aðstæður er í þessu samhengi ljóst að mikill árangur hefur náðst við að styrkja undirstöður hagkerfisins og verja hag heimila og fyrirtækja. Ein birtingarmynd þess er veruleg kaupmáttaraukning heimila undanfarin ár og núverandi lágt stig atvinnuleysis. Framundan er þó krefjandi umhverfi þar sem tekist verður á við hærri verðbólgu en sést hefur lengi, auk þess sem kjarasamningar verða lausir á almennum markaði síðar á þessu ári og þeim opinbera á fyrri hluta næsta árs. Til mikils er að vinna við að verja þá kaupmáttaraukningu sem orðið hefur á undangengnum árum og styðja við stöðugleika í hagkerfinu með farsælum samningum og skynsamlegri beitingu ríkisfjármála.

Samanburður við fjármálaáætlun

Tekjur og gjöld skv. fjárlagafrumvarpinu eru í öllum meginatriðum í samræmi við þau stefnumið sem sett voru í fjármálaáætlun sem samþykkt var í júní sl. Frumjöfnuður er eilítið lakari og vaxtjöfnuður versnar um tæplega 5 ma.kr. vegna reiknaðra verðlagsáhrifa. Samanlagt er afkoman 6,5 ma.kr. lakari en gert var ráð fyrir í fjármálaáætlun.

Þjóðhagsgrunnur	ma.kr.			% af VLF		
	Fjármála- áætlun 2023	Frumvarp 2023	br.	Fjármála- áætlun 2023	Frumvarp 2023	br.
Frumtekjur	1.098,7	1.099,8	1,1	28,4	28,5	0,1
Frumgjöld	1.122,5	1.125,2	2,7	29,0	29,1	0,1
Frumjöfnuður	-23,8	-25,4	-1,6	-0,6	-0,7	0,0
Vaxtatekjur	18,2	17,5	-0,7	0,5	0,5	0,0
Vaxtagjöld	76,9	81,1	4,2	2,0	2,1	0,1
Vaxtjöfnuður	-58,7	-63,6	-4,9	-1,5	-1,6	-0,1
Heildartekjur	1.116,9	1.117,2	0,3	28,9	28,9	0,1
Heildargjöld	1.199,4	1.206,2	6,8	31,0	31,2	0,2
Heildarjöfnuður	-82,5	-89,0	-6,5	-2,1	-2,3	-0,2

Heildartekjur eru áætlaðar 0,3 ma.kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjármálaáætluninni. Þrátt fyrir nánast óbreytta áætlun heildartekna verður nokkur breyting innbyrðis á einstökum tekjustofnum líkt og rakið er í kafla 4.3.

Heildargjöld eru áætluð 6,8 ma.kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjármálaáætlun. Þar vegur þyngst 4,2 ma.kr. hækkun á áætlun vaxtagjalda á næsta ári. Við vinnslu fjárlagafrumvarpsins er byggt á júnispá Hagstofu Íslands. Lítil munur er á spánni og þeirri sem lá til grundvallar fjármálaáætlun. Þó er nú gert ráð fyrir að verðbólga verði nokkuð þrálátari á tímabilinu. Þetta leiðir til þess að árslokastaða verðbólgu er hærri í uppfærðum forsendum, en það hækkar áætlun um verðbætur verðtryggðra skulda sem teljast með vaxtagjöldum. Aðrar útgjaldaáætlanir eru að mestu óbreyttar. Auk lítils háttar áhrifa uppfærðrar þjóðhagsspár er gert ráð fyrir nokkrum afmörkuðum útgjaldamálum sem ekki var gert ráð fyrir í forsendum fjármálaáætlunar og leiða til þess að frumgjöld verða 2,7 ma.kr. hærri. Meðal breytinga má nefna 1,4 ma.kr. tímabundna hækkun til eins árs á styrkjum til nýsköpunarfyrirtækja í samræmi við nýsamþykkt lög um hækkun endurgreiðsluhlutfalls, en um er að ræða áætlaða útgjaldaaukningu vegna breytinga á frumvarpinu í meðförum þingsins. Þá er gert ráð fyrir nokkrum málum sem ríkisstjórnin hefur fjallað um við undirbúning fjárlagafrumvarpsins. Nánar er fjallað um breytingar frá fjármálaáætlun á gjaldahlið í kafla 5.4.

Afkoma ársins 2022

Afkoma ríkissjóðs hefur verið að styrkjast á síðustu misserum og hafa tekjur ríkissjóðs tekið við sér hraðar en áætlanir gerðu ráð fyrir. Áætlað er að afkoma ríkissjóðs verði neikvæð um 142 ma.kr. eða 3,9% af VLF á yfirstandandi ári. Það er um 45 ma.kr. betri afkoma en gert var ráð fyrir í áætlun fjárlaga.

Þjóðhagsgrunnur	Fjárlög 2022	ma.kr.		Fjárlög 2022	% af VLF	
		Áætlun 2022	br.		Áætlun 2022	br.
Frumtekjur	939,5	1.014,1	74,6	26,4	28,0	1,7
Frumgjöld	1.071,0	1.075,8	4,8	30,0	29,7	-0,3
Frumjöfnuður	-131,5	-61,7	69,7	-3,7	-1,7	2,0
Vaxtatekjur	12,4	16,5	4,0	0,3	0,5	0,1
Vaxtagjöld	67,3	96,5	29,2	1,9	2,7	0,8
Vaxtajöfnuður	-54,9	-80,0	-25,2	-1,5	-2,2	-0,7
Heildartekjur	952,0	1.030,6	78,6	26,7	28,5	1,8
Heildargjöld	1.138,3	1.172,3	34,0	31,9	32,4	0,4
Heildarjöfnuður	-186,4	-141,8	44,6	-5,2	-3,9	1,3

Heildartekjur eru áætlaðar 79 ma.kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þessi hækkun stafar annars vegar af bættum efnahagsforsendum og hins vegar aukinni verðbólgu. Nánar er fjallað um endurmat tekjuáætlunar eftir einstökum tekjulíðum í kafla 4.1.

Útgjöld stefna í að vera 34 ma.kr. hærri en áætlun fjárlaga. Ríflega 29 ma.kr. af þeirri aukningu má rekja til áætlunar um hærri gjaldfærslu vaxtagjalda vegna verðbóta verðtryggðra lána sem leiðir af umtalsvert hærri verðbólgu á þessu ári en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir.

Þá eru frumgjöld áætluð í heild um 5 ma.kr. hærri sem rekja má til nokkurra liða. Tekið er mið af endurreiknuðum launa- og verðlagsbótum á árinu, m.a. vegna hagvaxtarauka og framlaga vegna verkefnisins *betri vinnutíma* í vaktavinnu. Gert er ráð fyrir þó nokkrum kostnaði í heilbrigðisþjónustu sem rekja má til veirufaraldursins, einkum frá fyrri hluta árs, eða

samtals um 10–15 ma.kr. á árinu. Tekið er tillit til útgjalda vegna nokkurra mótvægisúrræða í tengslum við faraldurinn sem kynnt voru í vor eftir samþykkt fjárlaga, þ.e. veitingastyrkja og framlengingar lokunar- og viðspyrnustyrkja, en umsóknarfrestur þessara úrræða rann út í lok júní. Auk framangreinds er gert ráð fyrir viðbótarkostnaði vegna nokkurra aðgerða stjórnvalda til að bæta hag tekjulægri heimila, vegna aukinnar verðbólgu á árinu, þ.e. að hækka bætur almannatrygginga, bæta við sérstökum barnabótaauka og hækka grunnfjárhæð húsnæðisbóta. Einnig var ákveðið að styrkja landbúnað sérstaklega til að mæta auknum framleiðslukostnaði. Enn er áætlað að á árinu falli til viðbótarkostnaður vegna móttöku flóttamanna, en fjöldi þeirra er umfram fyrri forsendur. Á móti þessum og öðrum kostnaðarauka vegur m.a. almennur varasjóður fjárlaga sem nemur 16,5 ma.kr. árið 2022, lægri útgjöld vegna atvinnuleysis 9,8 ma.kr. og endurmat á framkvæmdaáætlun við byggingu nýs Landspítala sem lækkar um 6 ma.kr.

Afkoma ársins 2023

Fjárlagafrumvarp ársins 2023 gerir ráð fyrir að halli verði á rekstri ríkissjóðs sem nemi 89 ma.kr., eða 2,3% af VLF. Það er rúmlega 97 ma.kr. betri afkoma en gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins 2022. Um fjórðung af þessum bata í afkomunni í samanburði við fyrri fjárlög má rekja til aðgerða gegn þenslu sem samþykkt voru við síðari umræðu fjármálaáætlunar, en bein áhrif þeirra nema um 25–30 ma.kr., eða 0,7% af VLF, árið 2023.


Tekjuáætlun ársins 2023 gerir ráð fyrir að heildartekjur verði 1.117 ma.kr., eða 28,9% af VLF. Þetta er 165 ma.kr. hærri áætlun en í fjárlögum ársins 2022. Tekjuáætlunin er unnin á nafnvirði og má því rekja hluta tekjuaukans til aukinnar verðbólgu en hagfelldari þjóðhagsforsendur og grunnáhrif fyrra árs hafa einnig töluverð áhrif til hækkunar. Nánar er fjallað um tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins í kafla 4.

Heildargjöld ríkissjóðs árið 2023 eru áætluð 1.206 ma.kr., eða 31,2% af VLF. Í samanburði við áætlun fjárlaga ársins 2022 er um að ræða rúmlega 1% hækkun heildarútgjalda þegar leiðrétt hefur verið fyrir áætludum launa- og verðlagsbótum. Gjaldahlið fjárlagafrumvarpsins er grundvölluð á fyrri ákvörðunum um einstök verkefni og forsendur um útgjaldavöxt, t.d. vegna lýðfræðilegrar þróunar sem fram koma í fjármálaáætlun. Þessu til viðbótar hefur verið tekið tillit til útgjaldamála sem samþykkt hafa verið í ríkisstjórn við undirbúning frumvarpsins. Vaxtagjöld eru áætluð nokkru hærri en í fjárlögum ársins 2022, eða tæpum 14 ma.kr., einkum vegna hærri verðbóta. Fjárfesting er lítillaga lægri á næsta ári, m.a. vegna aðgerða sem miða að því að draga úr þenslu. Þrátt fyrir það er heildarfjárfesting áætluð um 2,2% af VLF á næsta ári sem er í takt við langtímameðaltal frá árinu 1998. Nánar er fjallað um breytingar á gjaldahlið ríkissjóðs í kafla 5.

Þjóðhagsgrunnur, ma.kr.	Fjárlög 2022	Frumvarp 2023	br.
Heildartekjur	952,0	1.117,2	165,3
Skatttekjur	745,5	877,2	131,6
Skattar á tekjur og hagnað	327,6	384,6	57,0
Skattar á laungreiðslur og vinnuafl	9,5	11,2	1,7
Eignarskattar	9,2	10,3	1,2
Skattar á vöru og þjónustu	381,2	450,3	69,1
Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	3,6	4,6	1,1
Aðrir skattar	14,6	16,1	1,6
Tryggingagjöld	107,0	126,9	19,8
Fjárframlög	6,0	6,5	0,5
Aðrar tekjur	93,4	106,7	13,3
Eignatekjur	52,0	61,7	9,7
þ.a. vaxtatekjur	12,4	17,5	5,0
þ.a. arðgreiðslur	31,8	34,2	2,5
Sala á vöru og þjónustu	35,1	37,4	2,3
Ýmsar tekjur og óskilgreindar tekjur	6,4	7,6	1,3
Heildargjöld	1.138,3	1.206,2	67,9
Rekstrarútgjöld	1.104,2	1.182,3	78,1
Laun	260,8	275,2	14,4
Kaup á vöru og þjónustu	172,5	193,4	20,8
Afskriftir	54,5	59,5	5,0
Vaxtagjöld	67,3	81,1	13,8
Framleiðslustyrkir	55,1	55,5	0,4
Fjárframlög	408,3	426,8	18,5
Félagslegar tilfærslur til heimila	23,4	24,9	1,5
Tilfærsluútgjöld önnur en fjárframlög	62,2	65,9	3,7
Fastafjárútgjöld	34,1	23,9	-10,2
Fjárfesting í efnislegum eignum	88,6	83,4	-5,2
Afskriftir (-)	-54,5	-59,5	-5,0
Frumjöfnuður	-131,5	-25,4	106,1
Vaxtajöfnuður	-54,9	-63,6	-8,7
Heildarjöfnuður	-186,4	-89,0	97,4

4 Tekjur ríkissjóðs (A1-hluta)

Tekjur ríkissjóðs aukast milli ára bæði í krónum talið og sem hlutfall af vergri landsframleiðslu samkvæmt nýrri tekjuáætlun fyrir árið 2023. Aukninguna má fyrst og fremst rekja til hagstæðari efnahagsþróunar, eins og hún birtist í þjóðhagsspá Hagstofu Íslands, og fyrirhugaðra aðgerða stjórnvalda á tekjuhlið ríkisfjármálanna sem miða að því að draga úr þenslu og verðbólgu.

	Tekjur umfram áætlun fjárlaga 2022, mest í VSK	Fyrirhugaðar skattabreytingar viðbragð við breyttum efnahagshorfum	Skattlagning ökutækja endur- skoðuð til að tryggja ríkissjóði tekjur til fram tíðar
---	---	---	--

Nánar er fjallað um áhrif efnahagsforsendna á einstaka tekjustofna og áhrif og umfang skattabreytinga síðar í kaflanum. Jafnframt er breytingum á tekjuáætlun ársins 2022 gerð skil en tekjur yfirstandandi árs mynda grunn fyrir tekjuáætlun ársins 2023. Í lok kaflans má finna áætlun um skattstyrki ársins 2023 þar sem eftirgjöf í skattkerfinu er skipt eftir málefnasviðum. Taflan hér að neðan dregur fram helstu niðurstöður tekjuáætlunarinnar ásamt endurmati á tekjum yfirstandandi árs.

Rekstrargrunnur, m.kr.	2021 ¹	Áætlun		% af VLF		
		Endurmat 2022	Frumvarp 2023	2021	Endurmat 2022	Frumvarp 2023
Skatttekjur	700.646	796.121	877.164	21,6	22,0	22,7
Skattar á tekjur og hagnað	295.640	353.700	384.600	9,1	9,8	10,0
Skattar á launagr. og vinnuafll	9.140	10.168	11.205	0,3	0,3	0,3
Eignarskattar	9.802	11.661	10.342	0,3	0,3	0,3
Skattar á vöru og þjónustu	368.611	401.464	450.302	11,3	11,1	11,7
Tollar og aðflutningsgjöld	4.203	4.475	4.627	0,1	0,1	0,1
Aðrir skattar	13.250	14.652	16.088	0,4	0,4	0,4
Tryggingagjöld	97.413	118.058	126.853	3,0	3,3	3,3
Fjárframlög	1.816	6.008	6.504	0,1	0,2	0,2
Aðrar tekjur	83.294	110.370	106.726	2,6	3,0	2,8
Eignatekjur	30.362	69.887	61.673	0,9	1,9	1,6
Vaxtatekjur	5.889	16.453	17.466	0,2	0,5	0,5
Arður og hluti af tekjum ríkisft.	15.761	45.919	34.239	0,5	1,3	0,9
Aðrar eignatekjur	8.711	7.515	9.967	0,3	0,2	0,3
Sala á vöru og þjónustu	19.907	34.194	37.406	0,6	0,9	1,0
Ýmsar tekjur	33.025	6.288	7.647	1,0	0,2	0,2
Heildartekjur ríkissjóðs	883.169	1.030.556	1.117.247	27,2	28,5	28,9

¹ Framsetning ríkisreiknings (IPSAS-staðall) er aðlöguð að framsetningu fjárlaga (GFS-staðall). Sjá séryfirlit 9 á bls. 167 í ríkisreikningi 2021.


4.1 Endurmetin tekjuáætlun 2022

Heildartekjur ársins 2022 hafa verið endurmetnar og er nú áætlað að þær muni nema um 1.031 ma.kr., eða 28,5% af VLF. Samkvæmt endurmatinu verða heildartekjur ríkissjóðs 79

ma.kr. meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins. Þar af aukast skatttekjur og tryggingagjöld um 62 ma.kr. frá fyrra mati í samræmi við breyttar efnahagsforsendur og nýjustu upplýsingar um álagningu og innheimtu. Tekjuáætlunin er unnin á verðlagi hvers árs og má því rekja hluta tekjuaukans til aukinnar verðbólgu en hagfelldari þjóðhagsforsendur og grunnáhrif fyrra árs hafa einnig töluverð áhrif til hækkunar.

Tekjur áætlaðar 79 ma.kr. meiri en í fjárlögum

Helstu breytingar á tekjuáætlun ársins 2022 (ma.kr.)



Af einstökum sköttum eða gjöldum aukast tekjur af virðisaukaskatti mest frá áætlun fjárlaga, eða um 19,4 ma.kr., enda um að ræða stærsta tekjustofn ríkissjóðs. Endurmatið er í góðu samræmi við endurmat á hagspá ársins. Áætlað er að tekjuskattur einstaklinga skili 7,2 ma.kr. meiri tekjum í ríkissjóð á yfirstandandi ári en gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins. Að sama skapi hækkar mat á tryggingagjöldum um 11 ma.kr. en báðir tekjuliðir eru að uppistöðu andlag launagreiðslna ársins. Atvinnuleysi hefur gengið mun hraðar niður en áður var spáð og launahækkarnir verið meiri og hefur það afgerandi áhrif á tekjur ríkissjóðs af þessum liðum. Stefnið er að tekjur af fjármagnstekjuskatti verði einnig umtalsvert meiri en gert hafði verið ráð fyrir. Munar þar 16 ma.kr. og má að stærstum hluta rekja breytinguna til mikillar aukningar söluhagnaðar samanborið við fyrri ár.

Aðrar tekjur ríkissjóðs en skattar og tryggingagjöld eru áætlaðar 18,2 ma.kr. meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Tæplega 4 ma.kr. af aukningunni má rekja til aukinna vaxtatekna ríkissjóðs en stærstur hluti, ríflega 14 ma.kr., eru arðgreiðslur ríkisfyrirtækja umfram áætlun fjárlaga.

4.2 Tekjuáætlun 2023

Líkt og fram hefur komið byggist tekjuáætlun fyrir fjárlagaárið 2023 á endurmetinni tekjuáætlun ársins 2022 og þjóðhagsspá Hagstofu Íslands. Auk þess setja fyrirhugaðar skattabreytingar sinn svip á tekjuáætlunina.

4.2.1 Skattabreytingar

Þeim skattkerfisbreytingum sem til stendur að ráðast í á næsta ári er ætlað að vera viðbragð við breyttum efnahagshorfum en einnig að fylgja eftir stefnu stjórnvalda í ýmsum málum.

Flestar breytinganna voru kynntar í maí sl. sem viðbrögð í ríkisfjármálum til að veða á móti þenslu og verðbólgu. Gert er ráð fyrir að fyrirhugaðar skattabreytingar muni auka tekjur ríkissjóðs um 14 ma.kr. Þótt að bein áhrif þeirra á vísitölu neysluverðs geti mælst allt að 0,4% þá draga þær úr almennum verðbólguþrýstingi með því að hamla þenslu í hagkerfinu. Þær draga þar með úr þörf fyrir hækkun stýrivaxta auk þess að gera ríkissjóð betur í stakk búinn til að mæta niðursveiflum í framtíðinni. Þessi almennu áhrif á verðstöðugleika og efnahagslegan stöðugleika veða þyngra en bein áhrif á vísitölu neysluverðs.

Tekjuáhrif helstu skattabreytinga á ríkissjóð 2023, ma.kr. ¹

2023

Lögfestar breytingar

Rafmagnsbílum sem hljóta VSK-ívilnun fjölgað úr 15 þús. í 20 þús.	-3,6
Samtals	-3,6

Ólögfestar breytingar

Breytingar á vörugjaldi á ökutæki	2,7
Breytingar á bifreiðagjaldi	2,2
Varaflugvallagjald tekið upp	1,4
Breytingar á verðmætagjaldi sjókvíaeldis	0,5
Hækkun lágmarks endurgreiðslu VSK til erl. ferðamanna ("tax free")	0,1
Hækkun áfengis- og tóbaksgjalds í tollfrjálsum verslunum	0,7
Gjöld hækkuð í samræmi við áætlaða verðbólgu í árslok (7,7%)	6,4
þ.a. krónutölugjöld	5,3
þ.a. nefskattar	0,6
þ.a. aukatekjur	0,5
Samtals	14,1
Lögfestar og ólögfestar breytingar samtals	10,5

1. Fjárhæðir tákna áhrif hverrar kerfisbreytingar í samburði við óbreytt kerfi á árinu 2023. Fjárhæðir eru með hliðaráhrifum á virðisaukaskatt. Vert er að árétta að tekjuáhrif af breytingum á krónutölugjöldum, nefsköttum og aukatekjum eru reiknuð m.v. óbreytt gjöld.


Á síðastliðnum árum hefur fjölgað hratt í hópi bíleigenda sem greiða lítið fyrir notkun vegakerfisins þar sem tekjur ríkissjóðs af vistvænum bílum eru takmarkaðar. Jafnframt eru hefðbundnir bensín- og dísilbílar að verða sparneytnari en þar sem skattlagning er að miklu leyti byggð á losun CO₂ hafa tekjur af hefðbundnum bílum einnig lækkað frá því sem áður var. Til stendur að gera breytingar á skattlagningu ökutækja og eldsneytis á kjörtímabilinu líkt og fjallað er um í kafla 4.2 í fjármálaáætlun 2023–2027. Fyrirhugað er að taka fyrsta skrefið í þessu fjárlagafrumvarpi með breytingum á vörugjaldi á ökutæki og bifreiðagjaldi.

Áformað er að gera **breytingar á vörugjaldi á ökutæki** sem er lagt á við innflutning eða framleiðslu ökutækja. Breytingunum er ætlað að breikka skattstofn vörugjalds en tekjur af vörugjaldi á fólksbíla hafa dregist hratt saman síðustu ár. Tillagan felur í sér lækkun á losunarmörkum vörugjalds sem hafa í grunninn verið óbreytt frá því gjaldið tók fyrst mið af skráðri losun árið 2011. Frá þeim tíma hafa tekjur af vörugjaldi á hvern fólksbíl farið lækkandi vegna hraðrar þróunar við framleiðslu hreinorku- og sparneytna fólksbíla. Til þess að milda áhrif af lækkun losunarmarka er fyrirhugað að lækka skattprósenta samhliða. Að lokum er fyrirhugað að hafa 5% lágmark á vörugjaldi sem leiðir til þess að fleiri fólksbílar munu bera vörugjald. Gera má ráð fyrir að útsöluverð nýrra fólksbíla geti hækkað um allt að 5% og leiða má að því líkum að verðmæti þeirra fólksbíla sem fyrir eru í landinu muni auk þess hækka

vegna hærra endursöluverðs. Bein áhrif á vísitölu neysluverðs eru metin um 0,2% til hækkunar. Áætlað er að þessi breyting skili ríkissjóði 2,7 ma.kr. í viðbótartekjur.

Meðalvörugjald á nýja fólksbíla hækkar vegna fyrirhugðra breytinga

Tekjur af vörugjaldi á fólksbíla á hvern nýskráðan fólksbíl (þús.kr.)




Á verðlagi ársins 2023

Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneyti, Samgöngustofa og Skatturinn

Gert er ráð fyrir **breytingum á bifreiðagjaldi**, með hækkun lágmarksgjalds og losunarmarkna á móti. Aðgerðinni er ætlað að styrkja tekjustofna ríkissjóðs af ökutækjum á eldsneyti en á síðustu árum hafa þeir verið að dragast saman vegna fjölgunar á vistvænum og sparneytnum fólksbílum. Með þessum breytingum verður áætlað meðaltal álagningar bifreiðagjalds á fólksbíla nálægt því sem það var árið 2017 eftir umtalsverða lækkun tekna af gjaldinu undanfarin ár. Áætlað er að þessi breyting skili ríkissjóði 2,2 ma.kr. í viðbótartekjur.

Meðalbifreiðagjald hækkar vegna fyrirhugaðra breytinga

Tekjur af bifreiðagjaldi á hvern bíl í umferð (þús.kr.)



Á verðlagi ársins 2023

Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneyti og Samgöngustofa

Áfengi og tóbak sem selt er í tollfrjálsum verslunum ber lægra vörugjald en í öðrum verslunum hérlendis. Á áfengi er lagt 10% af áfengisgjaldi á söluna og á tóbak er lagt 40% af tóbaksgjaldi á söluna. Til stendur að draga úr afslætti í tollfrjálsum verslunum þannig áfengisgjald fari úr 10% í 25% og tóbaksgjald úr 40% í 50% af því sem almennt gildir. Samanlagt leiðir þessi tekjuöflun til 0,7 ma.kr. hækkunar á áætlun áfengis- og tóbaksgjalds.

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að svokölluð **krónutölugjöld, nefskattar og aukatekjur** breytist í samræmi við áætlaða vísitölu neysliverðs í árslok eða sem nemur um 7,7% samkvæmt spá Hagstofunnar. Þannig munu gjöldin halda verðgildi sínu milli ára í stað þess að rýrna enn frekar að raunvirði eins og þau hafa mörg gert undanfarin ár. Breytingin nær til áfengis-, tóbaks-, bensín-, olíu-, kolefnis-, bifreiða- og kílómetragjalds ásamt gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra, útvarpsgjaldi og gjöldum sem falla undir lög um aukatekjur ríkissjóðs. Þessi gjöld hafa verið óbreytt frá árinu 2019. Áætlað er að verðlagsuppfærslan skili ríkissjóði samtals 6,4 ma.kr. að meðtöldum hliðaráhrifum á virðisaukaskatt. Þá eru bein áhrif á vísitölu neysliverðs metin á 0,2% til hækkunar.

Tvær breytingar eru gerðar á **verðmættagjaldi vegna sjókvíaldis**. Annars vegar er gjaldhlutfallið hækkað úr 3,5% í 5% og hins vegar er viðmiðunartímabil gjaldsins fært nær í tíma. Verðmætahlutfall tekur mið af meðalverði á heimsmarkaði eða svokölluðu Fish Pool Index. Fyrir lagabreytinguna var litið til meðalverðs fyrra árs en eftir breytinguna verður viðmiðunartímabilið á almanaksári gjaldtökunnar. Áætlað er að tekjur ríkissjóðs af gjaldinu aukist um 0,5 ma.kr. árið 2023 vegna breytinganna.

Tekjur af **nýju varaflugvallargjaldi** eru áætlaðar 1,4 ma.kr. í samræmi við lagafrumvarp sem áformað er að leggja fram á haustþinginu 2022. Nánari útfærsla á varaflugvallargjaldi verður kynnt þar.


4.2.2 Umfjöllun um forsendur helstu tekjustofna

Heildartekjur ríkissjóðs eru áætlaðar 1.117 ma.kr. fjárlagaárið 2023 sem svarar til 28,9% af VLF. Þar af eru skatttekjur og tryggingagjöld áætluð 1.004 ma.kr.

Þriðjungur skatttekna er virðisaukaskattur

Samsetning tekna ríkisins af sköttum og tryggingagjöldum 2023

Ma.kr. (Hlutdeild)



Áætlaðar tekjur af **tekjuskatti einstaklinga** eru 241 ma.kr. árið 2023. Kröftugur vinnumarkaður hefur skilað sér í góðri innheimtu á staðgreiðslu það sem af er ári. Viðbúid er að vegna hárrar verðbólgu muni skattleysis- og þrepamörk hækka töluvert á komandi ári. Nýtt viðmið um þróun viðmiðunarfrjárhæða sem tók gildi um síðustu áramót, þar sem miðað er við ársbreytingu vísitölu neysliverðs að viðbættu mati á framleiðni, tryggir að hækkunin verði umfram verðbólgu. Miðað við 7,7% verðbólgu í lok árs er áætlað að persónuafsláttur og þrepamörk hækki um 8,8% og mun það eiga þátt í að viðhalda kaupmætti árið 2023.

Áætlað er að tekjur af **tekjuskatti lögaðila** verði 101,3 ma.kr. árið 2023. Þar af nemur sérstakur fjársýsluskattur 4,3 ma.kr. Tekjuskattur lögaðila á næsta ári reiknast af skattskyldum hagnaði fyrirtækja á árinu 2022 en kröftug viðspyrna á árinu gefur tilefni til að ætla að skattskyldar tekjur vaxi áfram sem hlutfall af VLF á næsta ári og nálgist meðaltal árunna fyrir kórónuveirufaraldurinn.

Tekjur ríkisins af **fjármagnstekjuskatti** á árinu 2023 samanstanda af staðgreiðslu vegna vaxtatekna og arðs ársins og eftirágreiddum skatti vegna söluhagnaðar og leigutekna fyrra árs samkvæmt álagningu í maí 2023. Gert er ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur skili 41,9 ma.kr. í ríkissjóð á árinu 2023.

Tekjur ríkisins af **VSK** hafa aukist mikið á árunum 2021 og 2022. Á næsta ári er áætlað að þær aukist um 12% frá fyrra ári sem samsvarar 36 ma.kr. Tekjurnar vaxa að miklu leyti í samræmi við spá um nafnvöxt einkaneyslu innanlands auk tekna af vaxandi neyslu erlendra ferðamanna hér á landi. Aðrir liðir þjóðarútgjalda en einkaneysla heimila leggja einnig drjúgan skerf til VSK, svo sem aðföng í undanþeginni atvinnustarfsemi og fjárfesting í íbúðarhúsnæði. Áhrif af breytingum á VSK-kerfinu eru til tekjuaukningar á næsta ári og má þar nefna að draga mun úr endurgreiðslum VSK af vinnu við íbúðarhúsnæði sem voru auknar sérstaklega á tímabilinu 1. mars 2020 til 31. ágúst 2022. Ívilnanir fyrir vistvæna bíla hafa einnig numið háum fjárhæðum á sl. tveimur árum en þær voru aflagðar fyrir tengiltvinnbíla á fyrri hluta árs 2022. Ívilnunarheimildum fyrir hreina rafmagnsbíla var hins vegar fjölgað úr 15.000 í 20.000 og búist er við að sá fjöldi náist fyrir lok næsta árs. Að öllu samanlögðu er áætlað að tekjur af VSK nemi um 338 ma.kr. Það jafngildir 8,8% af VLF sem er hið mesta síðan árið 2017.

Tekjur af **ökutækjum og eldsneyti** eru áætlaðar 50,7 ma.kr. á komandi ári eða 1,3% af VLF. Tekjurnar aukast frá fyrra ári þrátt fyrir að áfram sé gert ráð fyrir fjölgun umhverfissvæna og sparneytinna ökutækja í forsendum áætlunargerðar. Hækkunin kemur til vegna fyrirhugaðra breytinga á vörugjaldi á ökutæki og bifreiðagjaldi sem fjallað var um hér að framan en auk þess er vörugjaldsívilnun vegna kaupa á bílaleigubílum að renna sitt skeið á enda í árslok. Þrátt fyrir þessar breytingar eru tekjur sem hlutfall af landsframleiðslu áfram undir meðaltali árunna 2010–2017 sem var 1,7% af VLF.

Áætlaðar tekjur af **áfengisgjaldi** eru um 25,5 ma.kr. fyrir árið 2023 sem er töluvert hærra en áætlað er fyrir 2022. Ástæðuna má aðallega rekja til ólögfesta breytinga sem fjallað er um hér að framan.

Áætlað er að tekjur ríkissjóðs af **tryggingagjaldi** muni halda áfram að vaxa á næsta ári líkt og þær hafa gert frá því að vinnumarkaðurinn tók við sér á nýjan leik eftir kórónuveirufaraldurinn. Launastofninn hefur vaxið mikið á yfirstandandi ári samhliða minnkandi atvinnuleysi og auknum launagreiðslum og hækkar það grunninn sem áætlun fyrir 2023 byggir á. Þó eitthvað hægi á vextinum á næsta ári er gert er ráð fyrir áframhaldandi styrkingu stofnsins og áætlað er að tryggingagiöld skili ríkissjóði 126,9 ma.kr. árið 2023.

Vaxtatekjur samanstanda af vöxtum af skattkröfum og bankainnstæðum í innlendra og erlendra mynt auk vaxta og verðbóta af veittum lánum. Meiri hluti vaxtatekna er vegna veittra lána en þau hefur ríkissjóður veitt til að fjármagna m.a. útlán Menntasjóðs námsmanna, Húsnæðissjóðs og Byggingastofnunar auk ýmissa fjárfestingaverkefna. Vaxtatekjur ársins 2023 eru áætlaðar 17,5 ma.kr.

Veiðigjöld er áætluð 9,8 ma.kr. árið 2023. Þar af eru 1,5 ma.kr. tilkomnir vegna verðmættagjalds af fiskeldi. Veiðigjöld byggjast á afkomu við veiðar hvers nytjastofns tveimur árum fyrir álagningu gjaldsins og koma til viðbótar sköttum og gjöldum hjá fyrirtækjum sem þær stunda. Aukið aflamagn og -verðmæti árið 2021 miðað við 2020 gefur fyrirheit um hækkun veiðigjalds frá fyrra ári en áætlunin verður endurskoðuð þegar endanleg ákvörðun um veiðigjöld liggur fyrir hjá Skattinum í byrjun desember nk.

Yfirlit um **arð** frá félögum og hlutdeild í hagnaði B-hluta félaga má sjá í eftirfarandi töflu. Af eign ríkisins í viðskiptabönkunum tveimur er gert ráð fyrir samtals 15,7 ma.kr. arðgreiðslu á árinu 2023 sem er 0,9 ma.kr. minna en í gildandi fjármálaáætlun og 12,5 ma.kr. lækkun milli ára. Landsvirkjun greiddi 6,3 ma.kr. í arð árið 2021 en ráðgert er að sú fjárhæð hækki í 15 ma.kr. á hvoru ári um sig, 2022 og 2023. Alls er áformað að ríkissjóður fái í sinn hlut 34,2 ma.kr. í arð frá félögum á næsta ári.

Arður og hluti af tekjum B-hluta fyrirtækja á rekstrargrunni (m.kr.)	Áætlun 2022	Áætlun 2023
<i>Arður</i>		
Íslandsbanki hf.	7.700	4.100
Landsbankinn hf.	20.500	11.600
Landsvirkjun	15.000	15.000
Aðrir	560	560
Arður alls	43.760	31.260
<i>Hluti af tekjum B-hluta fyrirtækja</i>		
ÁTVR	500	500
Framlag Hapdrættis HÍ til Háskóla Íslands	775	1.580
Framlag frá Húsnæðissjóði	884	899
Hluti af tekjum B-hluta fyrirtækja alls	2.159	2.979
Arður og hluti af tekjum B-hluta fyrirtækja alls	45.919	34.239

Tekjur af arði frá félögum eru settar fram samkvæmt GFS-staðlinum. Á rekstrargrunni er arðgreiðsla tekjufærð að því marki sem hún er ekki umfram hlutdeild ríkisins í áætluðum hagnaði af reglulegri starfsemi félags. Á greiðslugrunni er arðgreiðslan færð til fulls, óháð hagnaði félags. Í áætlun fyrir árin 2022 og 2023 eru arðgreiðslur ekki umfram hagnað af reglulegri starfsemi og tekjur því hinar sömu á rekstrargrunni og greiðslugrunni.

4.3 Áhrif á jafnrétti kynjanna

Ákvarðanir um tekjuöflun ríkisins fela í sér forgangsröðun stjórnvalda sem geta haft ólík áhrif á kynin. Konur eru með lægri meðaltekjur en karlar og því eru breytingar á vörugjaldi á ökutæki og bifreiðagjaldi líklegri til að hafa hlutfallslega meiri fjárhagsleg áhrif á konur en karla. Á móti eru fleiri karlar en konur skráðir eigendur fólksbíla samkvæmt áfangaskýrslu um samgöngur og jafnrétti frá árinu 2021. Þar kemur fram að 61% fólksbíla í umferð séu í eigu karla og 63% nýskráðra bíla. Ætla má að tillögur um breytingu á vörugjaldi á ökutæki leggist því í meiri mæli á karla en konur og það sama á við um breytingar á bifreiðagjaldi. Tekið skal fram að í tilviki hjúskaparaðila er erfitt að fullyrða neitt um aðgengi og fjármögnun bíla eftir kyni út frá skráðu eignarhaldi. Þótt algengara sé að karlar séu skráðir fyrir bílum má telja líklegt að notkun og kaup þeirra séu fjármögnuð til jafns af konum.


4.4 Breytingar á tekjuáætlun ársins 2023 frá fjármálaáætlun

Tekjur ársins 2023 eru áætlaðar 0,3 ma.kr. hærri en í fjármálaáætlun sem var samþykkt í júní sl. Þrátt fyrir að heildartekjur breytist lítið eru töluverðar breytingar á einstökum tekjustofnum, bæði til hækkunar og lækkunar. Þar vegur þyngst 7,2 ma.kr. breyting á virðisaukaskatti. Sú hækkun skýrist m.a. af herra nafnvirði einkaneyslu og fleiri ferðamönnum en gert er ráð fyrir í forsendum fjármálaáætlunar. Tekjuskattur lögaðila hækkar um 1,5 ma.kr.

vegna aukins hagvaxtar og meiri verðbólgu árin 2022 og 2023. Á móti vegur lækkun á fjármagnstekjuskatti sem er 3,5 ma.kr. en ástæður þess eru tvíþættar, annars vegar breyttar efnahagsforsendur en auk þess reyndust endurgreiðslur fjármagnstekjuskatts til lögaðila á liðnu ári meiri en áætlað hafði verið og hefur það grunnáhrif til lækkunar árin þar á eftir. Tekjuskattur einstaklinga lækkar um 1,2 ma.kr. vegna hærri verðbólgu en skattleysis- og þrepamörk þróast í takt við vísitölu neysliverðs að viðbættu mati á langtímaframleiðni. Að lokum er vert að nefna að tekjur af losunarheimildum lækka um 2,2 ma.kr. og eru nú áætlaðar 0,8 ma.kr. Lækkunin skýrist fyrst og fremst af leiðréttingu á mistökum útböðsaðila við útreikninga á fjölda losunarheimilda. Ekki var tekið tillit til losunarheimilda sem falla undir svokallað sveigjanleikaákvæði sem Ísland ákvað að nýta sér líkt og fleiri lönd í upprunalegum útreikningum. Það hefur þau áhrif að fjöldi losunarheimilda sem Ísland getur selt árið 2023 minnkar miðað við fyrri áætlanir.

Heildartekjur óbreyttar frá fjármálaáætlun

Helstu breytingar á tekjuáætlun ársins 2023 (ma.kr.)



4.5 Skattastyrkir

Skattastyrkir ríkissjóðs árið 2023 eru áætlaðir 3,3% af VLF. Yfirlit um skattastyrki, sem sjá má í meðfylgjandi töflu, sýnir í grófum dráttum aðkomu ríkisins að ýmsum málefnum og þann fjárhagslega stuðning sem veittur er með ívilnunum fremur en með beinum fjárframlögum sem færast á gjaldahlið. Neðra þrep VSK er uppspretta rúms helmings skattastyrkja í heild og reiknast hann sem munurinn á neðra þrepinu og almenna þrepinu eða 13 prósentustig af skattstofni. Aukin umsvif ferðaþjónustu á ný eftir veirufaraldurinn eykur umfang þessarar tegundar skattastyrkja á árunum 2022 og 2023 en gisting og fleiri tegundir ferðaþjónustu eru í neðra þrepinu, auk matar og drykkjar í verslunum og á veitingastöðum.

Engar nýjar tegundir skattastyrkja eru í áætlun ársins 2023. Hins vegar falla brott nokkrir skattastyrkir og má þar nefna afslátt af vörugjaldi af nýjum bílaleigubílum. Einnig féllu brott sumarið 2022 sértækar ráðstafanir vegna veirufaraldursins í formi aukinna VSK-endurgreiðslna. Í nóvember 2021 tóku gildi ívilnandi breytingar á skattalegu umhverfi lögaðila sem starfa til almannaheilla, í hinum svonefnda þriðja geira hagkerfisins. Þær taka til sex ólíkra tegunda skatta og á enn eftir að koma í ljós hver nýting þeirra er en hún er áætluð rúmum 2 ma.kr. á næsta ári. Skattalegir hvatar er beinast að fjárfestingum í eignum sem teljast

umhverfissvænar voru lögfestir í apríl 2021. Veita þeir fyrirtækjum heimild til að reikna sérstakt 15% fyrnanlegt álag á kaupverð slíkra eigna sem hægt er að fyrna á móti skattskyldum tekjum. Heimildin gildir fyrir eignir sem aflað er árin 2021–2025 en fyrningin kemur til framkvæmda frá og með gjaldárinu 2024 og hefur hún því ekki áhrif á tekjuskatt lögaðila árið 2023.

Mikilvægt er að greina tilvist og umfang skattastyrkja í skattkerfinu, meta árangur af þeim og hversu lengi þeirra er þörf. Líkt og útgjöld ríkisins á hinum ýmsu sviðum fela skattastyrkir í sér stuðning sem hefur áhrif á heildarafkomu ríkissjóðs.

Skattastyrkir flokkaðir eftir tegund ívilnunar	2021	2022	2023
Undanþága frá skattskyldu	33.836	34.533	28.910
Frádráttur	4.930	7.065	8.101
Frádráttarheimild	9.733	12.566	14.798
Lægri skattprósenta	55.126	71.225	76.371
Alls	103.626	125.389	128.179
Skattastyrkir flokkaðir eftir tegund skatts	2021	2022	2023
Tekjuskattur einstaklinga	6.937	7.739	8.825
Tekjuskattur lögaðila	2.905	4.953	6.123
Fjármagnstekjuskattur	3.731	4.166	5.101
Eignarskattar	1.050	1.352	1.050
VSK	81.060	95.856	97.363
Vörugjöld og aðrir neysluskattar	7.944	11.324	9.717
Alls	103.626	125.389	128.179
Skattastyrkir flokkaðir eftir málefnsviði	2021	2022	2023
07. Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	323	425	470
08. Sveitarfélög og byggðamál	16	18	19
09. Almanna- og réttaröryggi	480	537	573
11. Samgöngu- og fjarskiptamál	212	383	441
12. Landbúnaður	145	162	173
14. Ferðaþjónusta	9.168	19.258	22.759
17. Umhverfismál	12.810	13.946	10.749
18. Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál	3.910	4.260	4.610
20. Framhaldsskólastig	454	508	542
21. Háskólastig	584	690	736
23. Sjúkrahúspjónusta	49	55	59
27. Örorka og málefni fatlaðs fólks	594	703	749
29. Fjölskyldumál	39.039	42.154	45.715
30. Vinnumál og atvinnuleysi	9.331	7.382	2.545
31. Húsnæðisstuðningur	15.778	17.754	19.426
Óflokkað	7.169	11.599	12.178
Vegna skattframkvæmdar	3.565	5.558	6.434
Alls	103.626	125.389	128.179
Alls, % af VLF	3,2%	3,5%	3,3%

5 Gjöld ríkissjóðs (A1-hluta)

Í þessum kafla er fjallað um útgjöld ríkissjóðs (A1-hluta). Þar er um að ræða útgjöld vegna starfsemi á vegum ríkisins sem að stærstum hluta eru fjármögnuð með skatttekjum. Fjallað er um helstu áherslumál á útgjaldahlið fjárlagafrumvarpsins en þau samanstanda af fyrri ákvörðunum sem birtast í fjármálaáætlun fyrir árin 2023–2027 og breytingar sem leiða af ákvörðunum við undirbúning frumvarpsins. Lagt er mat á áhrif útgjaldaráðstafana á jafnrétti kynjanna. Þá er gerð grein fyrir launa- og verðlagsforsendum gjaldahliðar frumvarpsins og fjallað um skuldbindingar ríkisins vegna þjónustu- og styrktarsamninga. Loks er greint frá reglum um varasjóði og millifærslur fjárveitinga. Vakin er athygli á því að þessi kafla tekur einungis til breytinga á fjárheimildum samkvæmt IPSAS-reikningsskilastaðlinum. Fjallað er um breytingar á heildarútgjöldum á þjóðhagsgrunni samkvæmt GFS-hagskýrslustaðlinum í kafla 3 og um mun á framsetningu og uppgjöri ríkisfjármála á þessum tveimur stöðlum í viðauka með frumvarpinu.

HÓF- LEGUR VÖXTUR GJALDA

Aðgerðir til að **vega**
á móti þenslu.

Spornað við
langtímaafleiðingum
COVID-19.

Áhersla á **nýsköpun**
og þróun.

Við setningu útgjaldaramma fyrir málefna svið í fjárlagafrumvarpi ársins 2023 er byggt á þeirri megin stefnumörkun sem fram kemur í samþykktari fjármálaáætlun fyrir árin 2023–2027. Þar er gert ráð fyrir hóflegum raunvexti útgjalda á næsta ári. Þannig verði hagvaxtartímabilið nýtt til að styrkja fjárhagsstöðu ríkissjóðs og ríkisfjármálunum beitt til þess að vinna gegn þenslu, eins og fjallað er um í 3. kafla. Í ljósi versnandi verðbólguhorfa er gripið til mótvægisráðstafana á árinu 2023 í samræmi við forsendur fjármálaáætlunar. Samhliða því er grunnþjónusta eflað og staðinn er vörður um helstu tilfærslukerfi. Stuðningur við atvinnulífið vegna heimsfaraldurs af völdum kórónuveiru hefur runnið sitt skeið og útgjöld vegna atvinnuleysis hafa lækkað. Áfram er lögð áhersla á stuðning við nýsköpun, rannsóknir og þróun. Þá er gert ráð fyrir aðgerðum á sviði félags- og heilbrigðismála til að draga úr langtímaáhrifum faraldursins í samræmi við velsældaráherslur.

Til þess að stöðva skuldasöfnun og bæta stöðu ríkissjóðs eins og lagt er upp með í fjármálastefnu sem Alþingi samþykkti fyrir á þessu ári er lögð áhersla á að ekki verði efnt til nýrra eða aukinna útgjalda á næsta ári umfram það sem óhjákvæmilegt er. Til lengri tíma litið felur þessi stefnumörkun í sér áherslu á bættu nýtingu fjármuna og forgangsöröðun verkefna innan fyrirliggjandi útgjaldaramma. Nýjum verkefnum verði fundið svigrúm með því að tryggja umbætur í ríkisrekstrinum með markvissu endurmati útgjalda og fjárfestingu í tæknilegum innviðum sem stuðla að hagræðingu og bættri þjónustu. Þetta þarf að gerast samhliða auknum aga í framkvæmd fjárlaga enda hafa útgjöld verið aukin verulega á öllum sviðum ríkisrekstursins undanfarin ár.

Á árinu 2022 urðu talsverðar breytingar á skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 06/2022, m.a. með stofnun tveggja nýrra ráðuneyta. Fjárheimildum ársins

var breytt til samræmis með sérstökum fjárukalögum sem samþykkt voru á Alþingi í júní sl. Í frumvarpinu eru lagðar fram samsvarandi breytingar en þar sem þeim eru gerð greinargóð skil í fjárukalögunum er ekki fjallað sérstaklega um þær í frumvarpinu. Til að auðvelda samanburð á milli ára er umfjöllun víða miðuð við heimildir ársins 2022, þ.e. fjárlög ársins 2022 að viðbættum fjárukalögum. Í einstaka tilviki getur þessi nálgun valdið misræmi í framsetningu en slíkt heyrir þó til undantekninga.

Meðal helstu áherslumála sem fram koma í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2023 og fjallað er nánar um í greinargerðum málefnasviða eru:

- Aukinn stuðningur við nýsköpun, rannsóknir og þróun
- Félagslegar aðgerðir til að vinna gegn langtímaáhrifum kórónuveirufaraldursins
- Aðgerðir til að sporna gegn verðbólgu og bæta afkomu ríkissjóðs
- Aukin framlög til reksturs hjúkrunnarrýma til að mæta uppbyggingaráætlun
- Áframhaldandi lækun á greiðsluþátttöku sjúklinga
- Aukin framlög til geðheilbrigðismála
- Uppgjör skuldbindinga vegna Kýótó-bókunarinnar
- Hækkun húsnæðisbóta
- Uppbygging samgönguinnviða og almenningssamgangna
- Fjölgun umsækjenda um alþjóðlega vernd

5.1 Heildarfjárheimildir 2023 og breytingar frá fjárlögum ársins 2022

Heildarútgjöld ríkissjóðs eru áætluð um 1.296,4 ma.kr. á árinu 2023. Hækkun frá fjárlögum fyrra árs nemur 78,5 ma.kr. og vega launa-, gengis- og verðlagsbreytingar þyngst, eða 56,2 ma.kr. Að þeim frátöldum hækka heildarútgjöld ríkissjóðs um 22,3 ma.kr. milli ára, eða sem nemur 1,8%. Í umfjöllun hér á eftir er gerð grein fyrir því í hverju þessar breytingar felast út frá mismunandi sjónarhornum. Fjallað verður um breytingar út frá hagrænni skiptingu útgjalda, breytingu eftir útgjaldatilfnum og málefnasviðum.

Taflan hér á eftir sýnir breytingar á hagrænni skiptingu fjárheimilda að raunvirði á milli fjárlaga 2022 og fjárlagafrumvarps 2023, þ.e. með skiptingu eftir rekstrarframlögum, rekstrar- og fjármagnstilfærslum, fjárfestingarframlögum og vaxtagjöldum.

Þegar horft er til rammasettra útgjalda¹ má sjá að rekstrarframlög og rekstrartilfærslur aukast um alls 29,3 ma.kr. á meðan dregur úr fjármagnstilfærslum og fjárfestingarframlögum. Er það í samræmi við áherslur um að styrkja grunnþjónustu og standa vörð um tilfærslukerfi en draga úr fjárfestingu í ljósi efnahagshorfa. Aukning rekstrarframlaga skýrist m.a. af kerfislægum vexti, aukningu umsækjenda um alþjóðlega vernd, auknum framlögum til reksturs hjúkrunarheimila og aukningu á almennum varasjóði. Rekstrartilfærslur aukast um 16,8 ma.kr. milli ára sem skýrist m.a. af reiknuðum vexti vegna fjölgunar ellilífeyris- og örorkulífeyrisþega, betri nýtingar fæðingarorlofsréttinda og annars kerfislægs vaxtar. Framlög til fjárfestinga og fjármagnstilfærslna lækka á milli ára um 9,8 ma.kr. sem skýrist að mestu af frestun framkvæmda til næstu ára í samræmi við aðgerðir ríkisstjórnar til að draga úr þenslu og verðbólgu. Nánar er fjallað um fjárfestingar og fjármagnstilfærslur síðar í þessum kafla.

¹ Rammasett útgjöld eru útgjöld málefnasviða án undanskilinna liða. Undanskildir liðir eru: vaxtagjöld ríkissjóðs, ríkisábyrgðir, lífeyrisskuldbindingar, Atvinnuleysisstryggingasjóður og framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Gert er ráð fyrir að vaxtagjöld nemi um 66,1 ma.kr. sem er um 14,4 ma.kr. hækkun frá fjárlögum fyrra árs. Skýrist hækkunin annars vegar af aukinni skuldsetningu og hins vegar af hækkun verðbóta á verðtryggðar skuldir ríkissjóðs en nánar er fjallað um það í greinargerð málaflokks 33.10 *Fjármagnskostnaður*. Þá má sjá að undanskildir liðir frá rammasettum útgjöldum, aðrir en vaxtagjöld, lækka um 11,6 ma.kr. sem skýrist að mestu leyti af 16,7 ma.kr. lægri útgjöldum vegna atvinnuleysis. Gert ráð fyrir að afskriftir skattkrafna hækki um 4,5 ma.kr. Vert er að geta þess að í frumvarpinu er framsetningu vegna afskrifta skattkrafna breytt til samræmis við ríkisreikning og þær flokkaðar sem rekstrarframlög í stað rekstrartilfærslna. Þá er gert ráð fyrir að lögbundið framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hækki um 2,3 ma.kr.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2022	Frumvarp ¹ 2023	Breyting m.kr.	Breyting %
Rekstrarframlög	521.466	533.959	12.493	2,4
Rekstrartilfærslur	385.374	402.162	16.788	4,4
Fjármagnstilfærslur	38.499	36.207	-2.292	-6,0
Fjárfestingarframlag	71.362	63.820	-7.542	-10,6
Rammasett útgjöld	1.016.701	1.036.149	19.447	1,9
Vaxtagjöld	51.700	66.095	14.395	27,8
Aðrir liðir utan ramma ²	149.517	137.954	-11.563	-7,7
Heildargjöld	1.217.919	1.240.197	22.279	1,8
Rekstrartekjur	65.879	67.764	1.885	2,9
Framlag úr ríkissjóði	1.088.864	1.096.241	7.378	0,7
Viðskiptahreyfingar	63.176	76.192	13.016	20,6
Samtals fjármögnun	1.217.919	1.240.197	22.279	1,8

¹ Án verðlagshækkana


² Aðrir liðir utan ramma: ríkisábyrgðir, lífeyrisskuldbindingar, Atvinnuleysistryggingasjóður og framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Breyting heildarútgjalda á milli ára eftir útgjaldatílefnum skýrist af nokkrum meginþáttum, eins og sést á myndinni af útgjaldabrunni hér á eftir. Í fyrsta lagi er um að ræða breytingar á bundnum útgjaldaskuldbindingum sem nema samtals 38,3 ma.kr. Aukningin skýrist að miklu leyti af breyttu umfangi vaxtagjalda, auk afskrifta skattkrafna. Þá er útgjaldaaukning vegna fjölgunar ellilífeyris- og örorkulífeyrisþega, fæðingarorlofs, lögbundins framlags í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, auk annars kerfislaegs vaxtar. Á móti lækka heildarframlög atvinnuleysisbóta vegna spár um minna atvinnuleysi.

Í öðru lagi er um að ræða niðurfelld tímabundin framlög. Ýmis framlög sem veitt voru til að draga úr áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru falla nú niður. Þar má nefna framlög sem veitt voru til ýmiss konar framkvæmda í tengslum við fjárfestingaráttak ríkisstjórnar, framlag til kaupa á bólufernum og til stuðnings rekstraraðilum í veitingaþjónustu. Þá má geta þess að fjárheimildir vegna verkefna, sem hefðu átt að falla niður að óbreyttu en ákveðið var að framlengja, birtast hvoru tveggja með niðurfelldum verkefnum og nýjum og auknum verkefnum. Þannig falla niður tímabundin framlög til endurgreiðslu vegna rannsókn- og þróunarkostnaðar en á móti kemur hækkun undir ný og aukin verkefni þar sem stuðningurinn var framlengdur.

Í þriðja lagi aukast útgjöld ríkissjóðs um 26,4 ma.kr. vegna nýrra og aukinna verkefna. Þar má helst nefna auknar fjárheimildir til endurgreiðslu á rannsókn- og þróunarkostnaði fyrirtækja eins og fyrr er nefnt, hækkun framlags til húsnæðisbóta, framlag til að draga úr greiðsluþátttöku sjúklinga og til uppbyggingar Grensásdeildar og legudeildar Sjúkrahússins á Akureyri, auk þess sem gert er ráð fyrir framlagi til lagningar bundins slitlags á tengivegum.

Í fjórða lagi eru áætluð áhrif vegna launa-, verðlags- og gengisbreytinga en þau nema 56,2 ma.kr. Nánar er fjallað um launa- og verðlagsforsendur frumvarpsins í kafla 5.5 *Verðlagsforsendur útgjaldahliðar*.



Á móti útgjaldaaukningu vegur 16,5 ma.kr. lækkun vegna almennra og sértækra aðhalds- markmiða. Í fjármálaáætlun fyrir árin 2023–2027 eru hófleg aðhaldsmarkmið innbyggð í útgjaldaramma málefna sviða sem koma til lækkunar á móti útgjaldaaukningu, eins og tíðkast hefur í fjárlögum um langt árabil. Er ráðuneytum falið að ákvarða nánar með hvaða hætti þeim markmiðum er mætt í frumvarpinu. Aðhaldskröfur eru í samræmi við gildandi fjármálaáætlun 2023–2027. Við síðari umræðu áætlunarinnar var fallið frá fyrirhugaðri lækkun aðhaldskröfu miðað við fyrri ár til að draga úr þenslu, vinna gegn verðbólgu og bæta afkomu ríkissjóðs. Aðhaldskrafa nú er því svipuð og verið hefur fyrir utan að ekki er gerð aðhaldskrafa til heilbrigðis- og öldrunarstofnana. Þannig er gerð 2% almenn aðhaldskrafa til málaflokka². Aðhaldsmarkmið í rekstri framhalds- og háskóla er þó til muna lægra, eða 0,5%. Engin aðhaldskrafa er sett á bótakerfi almannatrygginga og atvinnuleysis, sjúkratryggingar, dómstóla og heilbrigðis- og öldrunarstofnanir. Nánar er fjallað um þessa útfærslu ráðuneyta í köflum um einstök málefna svið.

Til að draga úr þenslu og bæta afkomu ríkissjóðs var jafnframt ráðist í sértækar aðhalds- ráðstafanir sem nánar er fjallað um hér á eftir.

² Að frátöldum liðum sem tíðkast hefur að undanskilja.

Fjárfestingar og fjármagnstilfærslur

Heildarumfang fjárfestingar og fjármagnstilfærslna í fjárlögum 2023 er rúmlega 100 ma.kr., eða um 2,6% af VLF. Það felur í sér lækku um 10 ma.kr. frá fjárlögum ársins 2022. Ríkisstjórnin hefur á síðustu árum notað opinbera fjárfestingu til að vinna gegn þeim miklu sveiflum sem hafa átt sér stað í hagkerfinu.

Til að bregðast við efnahagslegum afleiðingum af heimsfaraldri kórónuveiru réðust stjórnvöld í fjárfestingar- og uppbyggingaráttak. Samtals var miðað við að um 120 ma.kr. yrði varið á árunum 2020–2025 í tengslum við átakið og þar af um 23 ma.kr. á árinu 2023. Í því fólst lækku um 2 ma.kr. á milli ára í samræmi við áherslur um að mestur þungi væri í áttakinu í upphafi þegar þörfin var mest. Samgönguframkvæmdir voru umfangsmestar í upphafi átaksins þar sem aðrar fjárfestingar, svo sem nýbyggingar, kalla á lengri undirbúningstíma og kostnaður vegna þeirra er því þyngrri á seinni hluta tímabilsins.

Hröðum efnahagsbata árið 2022 hefur fylgt ört vaxandi verðbólga. Ríkisstjórnin réðst því í aðgerðir til að vinna gegn þenslu og verðbólgu með breytingum í 2. umræðu fjármálaáætlunar 2023–2027. Í þeim aðgerðum var fjárfestingarverkefnum og verkáföngum, sem nemur tæplega 10 ma.kr., frestað þar sem færi gefst á að afla hagstæðari tilboða síðar í ljósi mikilla umsvifa á byggingarmarkaði. Þar má helst nefna vegafframkvæmdir fyrir 3 ma.kr., uppferð áætlun Nýja Landspítalans og byggingu Samhæfingarmiðstöðvar viðbragðsaðila. Í sumum tilvikum er verið að fresta sömu verkefnum og höfðu verið í fjárfestingar- og uppbyggingaráttakinu.

Stærsta einstaka byggingarframkvæmdin í fjárlagafrumvarpinu er bygging Nýs Landspítala en áætlað er að um 13,4 ma.kr. verði varið til hennar á árinu. Þá er gert ráð fyrir um 11,8 ma.kr. til endurgreiðslu á rannsókn- og þróunarkostnaði fyrirtækja. Af verkefnum í fjárfestingaráttaki 2021–2023 má til að mynda nefna Samhæfingarmiðstöð viðbragðsaðila, samgöngusáttmála á höfuðborgarsvæðinu ásamt áframhaldandi fjárfestingu í upplýsingatækni til að bæta þjónustu ríkisins. Ítarlegri umfjöllum um fjárfestingar- og uppbyggingaráttak stjórnvalda er að finna í fjármálaáætlun 2021–2025 og fjármálaáætlun 2022–2026.

Fjárfestingarframlög og fjármagnstilfærslur, ma.kr.	2023
Fjárfestingar- og uppbyggingaráttak 2021-2023¹	22,8
Samgöngumannvirki	4,9
Rannsóknir, nýsköpun og skapandi greinar	4,5
Nýbyggingar og meiri háttar endurbætur	7,9
Stafrænt Ísland og upplýsingatækniverkefni	2,5
Orkuskipti, grænar lausnir og umhverfismál	1,6
Viðhald og endurbætur fasteigna	1,1
Önnur innviðaverkefni	0,4
Ýmis verkefni á vegum ríkisins:	34,4
Bygging nýs Landspítala	13,4
Endurgreiðslur á skatti til fyrirtækja v. rannsókna- og þróunarkostnaðar	11,8
Bygging hjúkrunarheimila	5,7
Ofanflóðasjóður	2,5
Framkvæmdir á Alþingisreit	1,0
Annað	43,2
Samtals	100,3

¹ Tölur miða við fjármálaáætlun 2022–2026 en einstaka verkefni geta hliðrast til í tíma

Aðgerðir vegna félags- og heilsufarslegra áhrifa heimsfaraldurs kórónuveiru

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 1 ma.kr. framlagi tímabundið til þriggja ára vegna félags- og heilsufarslegra aðgerða til að vinna gegn neikvæðum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru á viðkvæma hópa. Aðgerðunum er ætlað að auka virkni viðkvæmra hópa í samfélaginu, rjúfa félagslega einangrun, auka þjónustu við langtímaatvinnulausa, styðja við geðheilbrigðisþjónustu og fjarheilbrigðisþjónustu og draga úr ofbeldi. Þá er gert ráð fyrir áframhaldandi aðgerðum í tengslum við aukið brotthvarf frá námi, sálfræðiþjónustu og náms- og starfsráðgjöf. Meðfylgjandi tafla sýnir hvernig framlagið skiptist niður á málefnasvið en nánar er fjallað um einstaka aðgerðir í greinargerðum málefnasviða.

<u>Aðgerðir vegna félags- og heilsufarslegra áhrifa kórónuveirufaraldurs</u>	<u>m.kr.</u>
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	60
18 Menning, listir, íþrótt- og æskulýðsmál	20
20 Framhaldsskólastig	100
22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og barnamála	50
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	260
29 Fjölskyldumál	510
Samtals	1.000

Aðgerðir til að draga úr útgjöldum til að sporna við þenslu og verðbólgu

Við síðari umræðu fjármálaáætlunar samþykkti Alþingi aðgerðir sem miða að því að draga úr áhrifum þenslu og verðbólgu. Aðgerðir sem snúa að útgjaldahlið eru aðallega af fernum toga: aðhaldskrafa málefnasviða er almennt aukið, áformum um aukið útgjaldasvigrúm málefnasviða er frestað, lækkun framlaga vegna ferðakostnaðar gerð varanleg og stöku fjárfestingarverkefnum hliðrað til. Gert er ráð fyrir að með aðgerðunum verði unnt að draga úr útgjöldum ríkissjóðs um 15,7 ma.kr. á árinu 2023 frá fyrri áætlunum, sjá nánar sundurliðun í eftirfarandi töflu. Auk aðgerða á útgjaldahlið er ennfremur gert ráð fyrir að ráðist verði í skattbreytingar sem ætlaðar eru að vega á móti þenslu í efnahagskerfinu, sjá nánar kafla 4.2.


<u>Aðgerðir á útgjaldahlið til að draga úr þenslu í hagkerfinu</u>	<u>ma.kr.</u>
Hliðrun framkvæmda	-9,6
Aukið aðhald á málefnasvið	-2,7
Aukið útgjaldasvigrúm frestast	-2,0
Lækkun ferðakostnaðar gerð varanleg	-0,6
Annað	-0,8
Samtals	-15,7

Breytingar frá fjárlögum 2022 eftir málefnasviðum

Í umfjölluninni hér á eftir er fjallað um breytingar á rammasettum útgjöldum í fjárlaga-frumvarpi ársins 2023 frá fjárlögum ársins 2022 eftir samandregnum málefnasviðum. Samtals nema breytingar á rammasettum útgjöldum í frumvarpinu 19,4 ma.kr., eða um 1,9%. Sjá má breytingar milli ára og skiptingu á milli málefnasviða á meðfylgjandi myndum. Umfjöllun um verkefni og breytingar er á verðlagi ársins 2022, þ.e. án launa- og verðlagsbreytinga.

Hlutfallsleg skipting rammasettra útgjalda 2023

án launa-, gengis- og verðlagsbreytinga



Í frumvarpinu breytast útgjöld til **félags-, húsnæðis- og tryggingamála**³ mest frá fjárlögum fyrra árs en þau hækka um 6,1 ma.kr., eða sem nemur 2,2%. Breytinguna má að stærstum hluta rekja til hækkaðra framlaga vegna áætlaðrar fjölgunar elli- og örorkulífeyrisþega, eða um 4,9 ma.kr., auk þess sem framlag í Fæðingarorlofssjóð hækkar um 2,6 ma.kr. sem rekja má til betri nýtingar fæðingarorlofsréttar.

Fjárheimild til húsnæðisbóta hækkar um 1,5 ma.kr. og er hækkunin tvíþætt. Annars vegar kemur hækkun til vegna mótvægisáðgerða til að draga úr áhrifum verðbólgu á lífskjör viðkvæmstu hópa samfélagsins og hins vegar hækkun vegna fjölgunar á leigumarkaði. Á móti kemur 2 ma.kr. niðurfelling á tímabundinni hækkun á stofnframlagi til uppbyggingar í almenna íbúðakerfinu. Starfshópur um húsnæðisstuðning er nú að störfum með það hlutverk að endurskoða beinan húsnæðisstuðning til einstaklinga. Á grundvelli þeirrar vinnu verður horft til breytinga og hækkunar á húsnæðisstuðningi ríkisins frá því sem gert er í frumvarpi þessu. Þar sem hópurinn er enn að störfum er horft til annarrar umræðu fjárlaga í því samhengi. Sjá nánari umfjöllun í kafla 1 og í greinargerð málefnasviðs *31 Húsnæðis- og skipulagsmál*.

Framlög til **heilbrigðismála**⁴ hækka um um 3,7 ma.kr. að raunvirði frá fjárlögum fyrra árs, eða sem nemur 1,2% hækkun. Þar vegur þyngst að fjárveitingar til heilbrigðisstofnana og sjúkratrygginga eru auknar um rúma 3 ma.kr. til að koma til móts við aukna eftirspurn eftir heilbrigðisþjónustu vegna fólksfjölgunar og öldrunar þjóðarinnar. Einnig eykst fjárheimild um 1,2 ma.kr. vegna reksturs nýrra hjúkrunarrýma sem eru á framkvæmdaáætlun um byggingu hjúkrunarrýma og gert er ráð fyrir að verði tekin í notkun á næsta ári. Þá hækkar fjárheimild um 1 ma.kr. vegna viðbyggingar Grensásdeildar Landspítala og 400 m.kr. renna í endurbætur á sjúkrahúsinu á Selfossi.

Á móti vega nokkur tilefni til lækkunar. Þar má helst nefna lækkun framlags til byggingar Nýs Landspítala á Hringbraut og byggingar nýrrar legudeildar við Sjúkrahúsið á Akureyri. Framkvæmdaferlar hafa hliðrast í tíma og þannig í raun spornað gegn þenslu þannig að þungi

³ Til félags-, húsnæðis- og tryggingamála heyra málefnasvið 27–31 ásamt málaflokkum 32.20 og 32.40.


⁴ Til heilbrigðismála heyra málefnasvið 23–26 ásamt málaflokkum 32.10 og 32.30.

framkvæmda verður síðar en áður var áætlað. Þá falla niður fjárheimildir sem veittar voru til tímabundinna verkefna vegna heimsfaraldursins, svo sem 1,4 ma.kr. vegna kaupa á bóluefni við COVID-19 og 540 m.kr. til að koma á fót sérstakri farsóttardeild á Landspítala í Fossvogi, auk rekstrarframlaga til heilbrigðisstofnana til að auka viðbúnað þeirra vegna heimsfaraldursins.

Framlög til **samgöngu- og fjarskiptamála**⁵ lækka um 2,4 ma.kr. frá fjárlögum fyrra árs, eða sem nemur -4,6%. Til hækkunar veða helst 1,5 ma.kr. aukning til lagningar bundins slitlags á tengivegum, 500 m.kr. til að mæta aukinni viðhaldsþörf á vegum og 350 m.kr. aukning til reksturs verkefnisins Loftbrúar frá fyrra ári. Fjárveiting til Loftbrúar nemur þá 550 m.kr. á árinu 2023. Auk þess er gert ráð fyrir 200 m.kr. aukningu til netöryggismála. Gert er ráð fyrir að hliðra 3 ma.kr. vegna framkvæmda á vegakerfinu til ársins 2024 sem hluta af aðgerðum stjórnvalda til að draga úr þenslu og verðbólgu. Þá fellur niður 2 ma.kr. fjárheimild vegna tímabundinna framkvæmda í samgöngumálum sem komu til vegna fjárfestingar- og uppbyggingarátaks ríkisstjórnarinnar.

Breytingar á rammasettum útgjöldum frá fjárlögum 2022

án launa-, gengis- og verðlagsbreytinga



Framlög til **umhverfismála**⁶ hækka um 2,2 ma.kr. frá fjárlögum fyrra árs, eða sem nemur 8,6%. Hækkunin samanstendur af mörgum aðgerðum og má þar helst nefna 800 m.kr. tímabundna aukningu vegna kaupa á losunarheimildum í tengslum við skuldbindingar samkvæmt Kýótó-bókun. Þá aukast fjárheimildir um 500 m.kr. sem ætlaðar eru til bindingar og samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda og annarra loftslagsaðgerða. Auk þess er fjárheimild aukin til að bæta ástand áfangastaða innan náttúruverndarsvæða og þjónustu á þeim.

Framlög til **almanna- og réttaröryggis**⁷ lækka um 1,1 ma.kr. frá fjárlögum fyrra árs, eða sem nemur -3,3%. Til hækkunar má helst nefna þrjú verkefni: aukin framlög til fjölgunar nemenda í lögreglunámi, aukin framlög til eflingar rannsókna og saksóknar kynferðisbrota og aukin framlög til eflingar aðgerða gegn skipulagðri brotastarfsemi. Samtals aukast fjárheimildir um 164 m.kr. vegna fyrrgreindra verkefna. Til lækkunar vegur þyngst að 500

⁵ Til samgöngu- og fjarskiptamála heyrir málefnasvið 11.

⁶ Til umhverfismála heyrir málefnasvið 17.

⁷ Til almanna- og réttaröryggis heyrir málefnasvið heyrir málefnasvið 9.

m.kr. framlag til Samhæfingarmiðstöðvar viðbragðsaðila hliðrast um um eitt ár sem lið í aðgerðum til að sporna við þenslu.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög ¹ 2022	Frumvarp ² 2023	br. m.kr.	br. %
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess	7.318	6.747	-571	-7,8
02 Dómstólar	3.685	3.723	38	1,0
03 Æðsta stjórnarsýsla	3.547	2.648	-900	-25,4
04 Utanríkismál	13.962	15.655	1.693	12,1
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	39.412	40.672	1.260	3,2
06 Hagskýrslugerð og grunnskrár	4.164	3.987	-177	-4,2
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	29.117	29.693	575	2,0
08 Sveitarfélög og byggðamál	3.488	3.019	-468	-13,4
09 Almanna- og réttaröryggi	34.939	33.796	-1.143	-3,3
10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnarsýsla dómsmála	17.901	17.452	-449	-2,5
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	51.434	49.063	-2.371	-4,6
12 Landbúnaður	20.009	19.492	-517	-2,6
13 Sjávarútvegur og fiskeldi	8.847	6.828	-2.019	-22,8
14 Ferðapjónusta	2.279	2.157	-122	-5,4
15 Orkumál	6.195	5.981	-214	-3,5
16 Markaðseftirlit og neytendamál	3.172	3.309	137	4,3
17 Umhverfismál	24.971	27.127	2.156	8,6
18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál	19.492	19.030	-462	-2,4
19 Fjölmiðlun	5.563	5.844	281	5,0
20 Framhaldsskólastig	40.584	40.515	-68	-0,2
21 Háskólastig	57.662	58.245	582	1,0
22 Önnur skólastig og stjórnarsýsla mennta- og barnamála ...	4.778	4.987	209	4,4
23 Sjúkrahúspjónusta	137.688	136.947	-741	-0,5
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	66.897	70.271	3.374	5,0
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarpjónusta	71.359	72.539	1.180	1,7
26 Lyf og lækningavörur	31.280	32.540	1.260	4,0
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks	88.935	90.249	1.314	1,5
28 Málefni aldraðra	100.985	103.996	3.010	3,0
29 Fjölskyldumál	51.778	54.990	3.212	6,2
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	9.092	7.872	-1.220	-13,4
31 Húsnæðis- og skipulagsmál	16.587	16.123	-465	-2,8
32 Lýðheilsa og stjórnarsýsla velferðarmála	11.863	10.710	-1.154	-9,7
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir	17.473	28.282	10.809	61,9
35 Alþjóðleg þróunarsamvinna	10.247	11.664	1.417	13,8
Samtals rammasett útgjöld á verðlagi 2022	1.016.701	1.036.149	19.447	1,9
Liðir utan ramma ³	149.517	137.954	-11.563	-7,7
Aðlögun frumgjalda að GFS staðli ⁴	-95.202	-105.121	-9.919	10,4
Launa- og verðlagsbætur 2023	-	56.180	-	-
Frumgjöld samkvæmt GFS - staðli	1.071.016	1.125.162	54.146	5,1
Vaxtagjöld	51.700	66.095	14.395	27,8
Aðlögun vaxtagjalda að GFS staðli ⁵	15.598	14.981	-617	-4,0
Heildargjöld samkvæmt GFS - staðli	1.138.314	1.206.238	67.923	6,0

¹ Fjárlög 2022 og fjárukalög 2022 um breytta skipan Stjórnarráðsins

² Án launa- og verðlagsbreytinga.

³ Liðir sem falla utan ramma málefna sviða að frátöldum vaxtagjöldum eru eftirfarandi: ríkisábyrgðir, lífeyrisskuldbindingar, Atvinnuleysistryggingasjóður og framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

⁴ Hér er um að ræða aðlaganir vegna innbyrðis viðskipta milli A-hluta aðila, svo sem Ríkiskaup, þannig að ekki komi til tvítalninga útgjalda.

⁵ Reiknuð vaxtagjöld vegna ófjármagnaðra lífeyrisskuldbindinga.

Framlög til **nýsköpunar, rannsókna og þekkingargreina**⁸ hækka um 0,6 ma.kr. frá fjárlögum fyrra árs eða sem nemur 2%. Breytingar má m.a. rekja til þess að ákveðið var að veita áfram framlög til endurgreiðslna vegna rannsókna- og þróunarkostnaðar sem veitt voru tímabundin sem mótvægisáðgerðir gegn áhrifum kórónuveirufaraldursins. Framlöggin hefðu að óbreyttu fallið niður á árinu 2023. Þá hækkar fjárheimild vegna endurgreiðslna kvikmyndagerðar á Íslandi um 300 m.kr. frá fyrra ári til að mæta þegar tilkomnum skuldbindingum.

Framlög til **mennta- og menningarmála**⁹ hækka um 0,5 ma.kr. frá fjárlögum fyrra árs sem nemur 0,4%. Breytingar skýrast m.a. af 290 m.kr. auknu framlagi í Menntasjóð námsmanna vegna hækkunar á framfærslu, 200 m.kr. til máltækniverkefnis auk tímabundinna framlaga til þriggja ára til að setja á stofn Tónlistarmiðstöð Íslands og til undirbúnings þjóðarleikvanga í samræmi við stjórnarsáttmála. Á móti vegur til lækkunar að helmingur tímabundins framlags til eflingar lista og menningar sem veitt var í tengslum við fjárfestingar- og uppbyggingaráttak 2021–2023 hliðrast um eitt ár þannig að 500 m.kr. falla til á árinu 2023 og 500 m.kr. árið 2024 í stað þess að heildarframlagið falli til á árinu 2023. Hliðrunin er liður í aðgerðum stjórnvalda til að sporna gegn þenslu í efnahagskerfinu og stöðva skuldasoðun.

Önnur málefnasvið¹⁰ hækka samanlagt um 8,7 ma.kr., eða um 7,1%. Þar af aukast framlög til utanríkismála um 2,9 ma.kr. og skýrist hækkunin að mestu af auknum framlögum til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu, eða 1,4 ma.kr. Framlöggin hreyfast með vergum þjóðartekjum sem vaxa á milli ára og vegna sammingsbundinna framlaga til alþjóðastofnana sem hækka um 1,2 ma.kr. Framlög til varnarmála aukast um 300 m.kr.

Þá er óráðstafað svigrúm á almennum varasjóði til að mæta ófyrirséðum og óvæntum útgjöldum innan ársins aukið. Á málefnasviði 34 *Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir* er einnig gert ráð fyrir 2 ma.kr. fjárheimild vegna áætlaðrar fjölgunar umsækjenda um alþjóðlega vernd en vegna óvissu um fjölda umsækjenda verða fjárveitingar millifærðar á viðeigandi málefnasvið innan ársins 2023 eftir því hver framvindan verður. Nánar er fjallað um almennan varasjóð í kafla 5.7 *Varasjóðir og millifærslur fjárheimilda innan fjárlagaárs* og greinargerð málefnasviðs 34 *Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir*.

Meðfylgjandi tafla sýnir breytingar á rammasettum útgjöldum milli fjárlaga 2022 og frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2023 eftir málefnasviðum án launa-, gengis- og verðlagsbreytinga.

5.2 Útgjaldaþróun rammasettra útgjalda málefnasviða frá 2020 til 2023

Áætlað er að rammasett útgjöld aukist um 15% á milli áranna 2020 og 2023, eða um 132 ma.kr. á raunvirði ársins 2022.¹¹ Að frátöldum vaxtagjöldum og undanskildum liðum sem að öðru jöfnu ráðast að takmörkuðu leyti af ákvarðanatöku stjórnvalda eru rammasett útgjöld¹² áætluð 1.091 ma.kr. að nafnvirði árið 2023.

Á meðfylgjandi mynd sést að hlutfallsleg aukning hefur orðið mest í framlögum til

⁸ Til nýsköpunar, rannsókna og þekkingargreina heyrir málefnasvið 7.

⁹ Til mennta- og menningarmála heyrir málefnasvið 18–22.

¹⁰ Til annarra málefnasviða heyrir málefnasvið 1–4, 6, 8, 10, 12–16 og 34–35.

¹¹ Miðað er við breytinguna frá samþykktum fjárlögum ársins 2020 til fjárlagafrumvarpsins 2023 þegar búið er að taka tillit til launa- og verðlagsbreytinga í fjárlögum hvers árs.


¹² Liðir sem falla utan ramma málefnasviða eru eftirfarandi: vaxtagjöld ríkissjóðs, ríkisábyrgðir, lífeyris-skuldbindingar, Atvinnuleysisstryggingasjóður og framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

nýsköpunar, rannsókna og þekkingargreina en þau hafa aukist um 81% að raunvirði frá árinu 2020 og nemur hækkunin 13 ma.kr. Hækkunin var liður í mótvægisáðgerðum stjórnvalda vegna faraldursins. Áðgerðirnar voru margar hverjar tímabundnar en hafa verið framlengdar. Mesta aukningin er vegna styrkja til nýsköpunarfyrirtækja, auk þess hafa Rannsóknasjóður og Tækniþróunarsjóður verið efldir.

Næstmesta hlutfallslega aukning er 28% á sviði **umhverfismála**, eða um 6 ma.kr. Framlög hafa aukist til loftslagsmála og fjárfest hefur verið í fráveitum, hringrásarhagkerfinu og ofanflóðasjóði ásamt því sem unnið hefur verið að verndun náttúrufarslegra verðmæta og sjálfbærri nýtingu auðlinda.

Breyting á rammasettum útgjöldum ríkissjóðs á árunum 2020-2023

Raunvirði 2022 m.v. launa-, gengis- og verðlagsbr. í fjárlögum og frumvarpi 2023



Í krónum talið hafa framlög til **heilbrigðismála** aukist mest eða sem svarar 40 ma.kr. frá árinu 2020 sem er 14% aukning. Næstmesta aukning er 33 ma.kr. vegna **félags-, húsnæðis- og tryggingamála** og nemur hún 13%. Hátt í 60% fjárveitinga frumvarpsins renna til þessara málefnasviða. Í heilbrigðisþjónustu hefur verið lögð áhersla á aukin rekstrarframlög til sjúkrahúsa, byggingar Nýs Landspítala og uppbyggingar nýrra hjúkrunarrýma. Þá hafa framlög til sjúkratrygginga verið aukin, lögð hefur verið áhersla á betri geðheilbrigðisþjónustu og lægri greiðsluþáttöku sjúklunga. Í félagsmálum hafa framlög aukist til að bæta kjör aldraðra og lífeyrisþega og mæta breyttum aðstæðum vegna heimsfaraldurs.

Framlög hafa verið aukin til menntamála á tímabilinu til að mæta fjölgun nemenda í framhalds- og háskólum, framlög til þróunarsamvinnu hafa verið aukin og viðbótarfjármunir hafa verið veittir til að þess að bæta opinbera þjónustu í gegnum Stafrænt Ísland. Jafnframt hafa útgjöld verið aukin til margra verkefna vegna viðbragða við faraldrinum og þar vega þungt áhrif af fjárfestingar- og uppbyggingaráttaki 2021–2023.

5.3 Áhrif á jafnrétti kynjanna

Hluti nýrra útgjaldaráðstafana í frumvarpi til fjárlaga 2023, þ.e. breytingar frá gildandi fjárlögum, hefur verið greindur með aðferðum kynjaðrar fjárlagagerðar í samræmi við 18. gr. laga um opinber fjármál. Sambærilega umfjöllun um áhrif tekjuráðstafana er að finna í kafla 4.3. Áhersla var lögð á að meta áhrif tillagna sem tengjast nýjum verkefnum eða öðrum ákvörðunum ríkisstjórnar. Lagt var mat á hvort ráðstafanirnar séu líklegar til að stuðla að jafnrétti kynjanna, viðhalda óbreyttu ástandi eða auka kynjamisrétti eða kynjabil. Greiningin

beinist fyrst og fremst að stöðu kvenna og karla þar sem takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um önnur kyn. Greiningar eru misítarlegar og æskilegt er að sumar ráðstafananna verði greindar nánar og fylgst með hver áhrifin verða í reynd.

Greiningin tekur fyrst og fremst til áhrifa útgjaldaaukningar en að takmörkuðu leyti til útfærslu á aðhaldi sem getur þó haft afar ólík áhrif á kynin ef það leiðir til samdráttar í þjónustu eða tilfærslukerfum. Við mat á áhrifum aðhalds á jafnrétti er því fyrst og fremst litið til aðhalds-kröfunnar sem er að mestu óbreytt frá gildandi fjárlögum. Með útfærslunni eru grunnþjónusta og tilfærslukerfi ríkisins varin og þeim viðhaldið þrátt fyrir mikinn hallarekstur. Með því er komið í veg fyrir auknið atvinnuleysi í starfsgreinum þar sem konur eru í miklum meiri hluta og að dregið sé úr þjónusta við hópa sem oft eru í viðkvæmri stöðu og að þjónustan flytjist inn á heimilin þar sem henni er að mestu sinnt af konum án endurgjalds. Áhrifin á umönnunarhagkerfið eru því jákvæð. Loks má nefna að hlutfallslega fleiri konur en karlar reiða sig á bæt看 eins og örorku- og ellilífeyri, barna- og húsnæðisbætur. Þessi ákvörðun og útfærsla styður því við markmið um jafnrétti kynjanna.

Framkvæmdaverkefni. Við mat á áhrifum verklegra framkvæmda er bæði litið til þeirra áhrifa sem framkvæmdin hefur á jafnrétti kynjanna á framkvæmdatíma og til áhrifa sem skapast af framkvæmdinni til lengri tíma. Sé eingöngu litið til atvinnuskapandi áhrifa á framkvæmdatíma hallar verulega á konur en karlar eru ríflega 90% af starfandi við byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð. Má því gera ráð fyrir að mikill meiri hluti fjármagnsins fari til karla. Til lengri tíma litið geta áhrifin þó verið önnur.

Fjármögnun endurbóta á tengivegum er líkleg til að stuðla að jafnrétti ef litið er til áhrifa til lengri tíma. Um tengivegi fer m.a. stór hluti skólaaksturs barna. Bætt ástand þeirra tryggir öruggari samgöngur innan vinnu- og skólasóknarsvæða, styður við atvinnuþróun, ekki síst á sviði ferðamennsku og stuðlar þannig að fjölbreyttari atvinnutækifærum og bættum búsetuskilyrðum. Kannanir hafa sýnt að sambærilegir þættir hafa alla jafna meiri áhrif á konur en karla. Þó þyrfti að greina betur staðbundin áhrif einstaka framkvæmda á jafnrétti og æskilegt væri að taka mið af niðurstöðum við forgangsroðun verkefna.

Ýmsar húsnæðisframkvæmdir á sviði heilbrigðismála, bæði vegna heilsugæslu og sjúkrahúsa víðs vegar á landinu, auk uppbyggingar hjúkrunarheimila, eru taldar stuðla að jafnrétti til lengri tíma litið. Þau sjónarmið sem hér er litið til eru m.a. bætt starfsaðstaða stórra kvennastétta, jafnara aðgengi að heilbrigðisþjónustu óháð búsetu, auk þess sem bætt aðgengi að viðeigandi þjónustu kann að draga úr ólaunuðum umönnunarstörfum sem falla að miklum meiri hluta á konur.

Utánríkismál. Aukin framlög til þróunarsamvinnu eru talin stuðla að jafnrétti kynjanna þar sem jafnréttismál eru eitt af þverlægum markmiðum í öllu starfi í þróunarsamvinnu. Ný eða aukin verkefni á þessu sviði skulu þannig taka mið af jafnrétti, mannréttindum og umhverfismálum. Aukin framlög til varnartengdra verkefna eru m.a. ætluð til viðhalds og framkvæmda á öryggissvæðinu í Keflavík auk uppsetningar á öruggum samskiptarýmum og búnaði í sendiskrifstofum Íslands. Á framkvæmdatíma er líklegt að meiri hluti fjármagns renni til karla en til lengri tíma eru áhrifin víðtækari og flóknari og liggja áhrif á jafnrétti ekki fyllilega fyrir.

Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar. Framlög vegna endurgreiðslu rannsókna- og þróunarkostnaðar hækka frá gildandi fjárlögum þar sem viðhalda á herra endurgreiðslu- hlutfalli sem átti að falla niður árið 2023. Þá hefur umsóknum um endurgreiðslu einnig fjölgað. Áhrif þessa á jafnrétti liggja ekki fyrir að fullu en margt bendir til að breytingarnar viðhaldi stöðu þar sem hallar á konur eða auki jafnvel kynjabil. Karlar voru í forsvari fyrir um þrjá fjórðu hluta umsókna árið 2021. Stór hluti fyrirtækja sem fengu skattafrádrátt á árinu 2021 starfar við hugbúnaðargerð eða framleiðslu á tækjum og búnaði þar sem mikill meiri hluti

starfandi er karlar eða við lyfjaframleiðslu eða aðrar rannsóknir á sviði raunvísinda þar sem kynjahlutfall starfandi er öllu jafnara.

Almanna- og réttaröryggi. Fjölgun nemenda í lögreglum er talin stuðla að jafnrétti þar sem kynjahlutfall útskrifaðra nemenda er tiltölulega jafnt og þannig má stuðla að jafnara kynjahlutfalli meðal starfandi lögreglumanna en þar hallar verulega á konur. Efling rannsókna og saksóknar kynferðisbrota, forvarna og þjónustu við þolendur slíkra brota er einnig talin stuðla að jafnrétti en konur eru í miklum meiri hluta þolenda kynferðisbrota. Þá er fjármögnun aðgerða gegn skipulagðri glæpastarfsemi einnig talin stuðla að jafnrétti en í slíkri starfsemi felst m.a. mansal og vændi þar sem konur eru í meiri hluta þeirra sem eru misnotuð.

Samgöngu- og fjarskiptamál. Aukið framlag til Loftbrúar, sem niðurgreiðir ferðir með innanlandsflugi fyrir íbúa með lögheimili fjarri höfuðborgarsvæðinu, er talið stuðla að jafnrétti. Umtalsvert fleiri konur en karlar hafa nýtt sér Loftbrú og úrræðið kemur þannig til móts við þann mun sem var á aðstöðu kynjanna til að nýta innanlandsflug. Kannanir hafa sýnt að konur nota innanlandsflug frekar í einka- eða fjölskyldutengdum erindum en karlar og greiða því frekar úr eigin vasa. Loftbrúin er því veigamikil skref í þá átt að gera áætlunarflug aðgengi-legra konum. Jafnréttishrif aukinna framlaga til netöryggismála eru óljós. Áhrif netöryggis eru viðtæk en ekki liggur fyrir greining á hagsmunum út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum og því ekki hægt að leggja mat á áhrif á jafnrétti.

Landbúnaður. Aukinn stuðningur við sauðfjárrækt og nautakjötsframleiðslu er talinn líklegur til að viðhalda óbreyttri stöðu. Karlar eru í miklum meiri hluta meðal skráðra búfjáreigenda og mikill meiri hluti stuðningsgreiðslna á grundvelli búvörusamninga vegna sauðfjárræktar fer til karla. Þegar kemur að nautgriparrækt fer stór hluti til lögaðila sem gerir kynjagreiningu erfiðari. Álíka há upphæð stuðningsgreiðslna fer til karla og til lögaðila en aðeins lítið brot til kvenna. Þessi gögn endurspeglar þó ekki fyllilega stöðu kvenna í frumframleiðslu landbúnaðar, m.a. vegna þess að starfsframlag kvenna er í mörgum tilfellum hvergi skráð í opinberum gögnum.

Umhverfismál. Ráðstafanir til bindingar og samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda eru til skemmri tíma taldar líklegar til auka kynjabil í ljósi þess að á hlutaðeigandi sviðum er kynjahalli, körlum í vil. Þetta gildir um náttúrumiðaðar lausnir í loftslagsmálum þar sem líklegt er að fjármunir renni frekar í vasa karla vegna kynjaskipts vinnumarkaðar og vegna skráningar á eignarhaldi lands. Í víðara ljósi nýtur þó fólk af öllum kynjum góðs af samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda en í alþjóðlegu samhengi hefur verið sýnt fram á að loftslagsbreytingar hafi neikvæðari afleiðingar í för með sér fyrir konur. Í því samhengi geta ráðstafanirnar því verið til að stuðla að jafnrétti.

Mennta- og menningarmál. Aukin framlög til launasjóða listamanna eru talin viðhalda óbreyttu ástandi. Kynjahlutfall úthlutaðra listamannalauna hefur verið nokkuð jafnt undanfarin ár en töluvert fleiri konur en karlar starfa þó við menningu og listir. Stofnun Tónlistarmiðstöðvar Íslands er ætlað að byggja upp og styðja við tónlistarstarfsemi sem iðnaðar og atvinnugreinar, auk þess að styðja við útflutningsverkefni. Margt bendir til ójafnrar stöðu kynjanna á sviði tónlistar og til að bregðast við því verður hugað sérstaklega að kynja- og jafnréttissjónarmiðum þegar miðstöðinni og sjóðum á sviðinu er komið á fót. Efla á höfuðsöfnin þrjú, Listasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands, og talið er líklegt að það viðhaldi óbreyttu ástandi. Konur eru í meiri hluta meðal starfsfólks safna og talið er að konur séu einnig í meiri hluta þeirra sem sækja söfnin þótt áreiðanleg gögn skorti. Máltækniverkefni verður haldið áfram en ekki liggur fyrir kynjagreining á verkefninu. Aukin notkun máltækni er þó talin líkleg til að stuðla að jafnrétti með auknu aðgengi fatlaðs fólks og fólks með annað móðurmál en íslensku að upplýsingum og í samskiptum við tækjabúnað og upplýsingaveitur stofnana og fyrirtækja í daglegu lífi.

Heilbrigðismál. Meiri hluti ráðstafana á sviði heilbrigðismála, þ.m.t. aukin framlög vegna lækkunar greiðsluþátttöku sjúklinga, aukinnar geðheilbrigðisþjónustu og reksturs nýrra hjúkrunarheimila, er talinn stuðla að jafnrétti. Konur nota heilbrigðisþjónustu hlutfallslega meira en karlar en þær meta einnig eigin heilsu lakari en karlar. Þá hafa hlutfallslega fleiri konur en karlar neitað sér um heilbrigðisþjónustu, bæði vegna kostnaðar og annarra ástæðna. Konur nota meira af þunglyndislyfjum, kvíðastillandi og svefnlyfjum en karlar sem gefur til kynna að bætt geðheilbrigðisþjónusta muni sérstaklega gagnast þeim. Konur eru í meiri hluta íbúa á hjúkrunarheimilum og á biðlistum þar sem þær lifa að meðaltali lengur en karlar. Hér vegur þó þungt að starfsemi hjúkrunarheimila dregur úr umönnunarbyrði sem lendir oftast á konum. Einnig geta hjúkrunarheimili dregið úr álagi á spítölum þar sem konur eru að meiri hluta í hjúkrunar- og umönnunarstörfunum.

Félags-, húsnæðis- og tryggingamál. Framlög til fæðingarorlofs hækka en samhliða lengingu fæðingarorlofsréttar 2020 og 2021 hefur nýting réttarins einnig smám saman verið að dreifast lengur og þá sérstaklega hjá feðrum. Lengingu fæðingarorlofs var m.a. ætlað að tryggja báðum foreldrum möguleika á að annast barn sitt án þess að það hafi í för með sér verulega röskun á atvinnuþátttöku hvors um sig og er aukningin því talin stuðla að jafnrétti. Þá er fjármögnun sorgarleyfis ætlað að tryggja foreldrum jafna möguleika á svigrúmi til sorgarúrvinnslu við barnsmissi. Stjúp- og fósturforeldrar geta einnig átt rétt á sorgarleyfi sem stuðlar að jafnrétti óháð fjölskylduformi. Vinnumarkaðsúrræði til að styðja við atvinnuþátttöku einstaklinga með skerta starfsgetu eru talin stuðla að jafnrétti. Fleiri konur en karlar fá örorkugreiðslur frá almannatryggingum og gert er ráð fyrir að sveigjanleg störf og fjölbreyttari starfstækifæri muni bæta lífsgæði og afkomu þessa hóps. Þá er hækkan grunnfjárhæða húsnæðisbóta og hækkan frítekjumarka einnig talin stuðla að jafnrétti. Konur eru í meiri hluta móttakenda húsnæðisbóta en það skýrist m.a. af því konur eru mun líklegri en karlar til að búa einar með börnum. Þá eru konur að meðaltali með lægri tekjur en karlar.

Félags- og heilsufarslegar aðgerðir vegna áhrifa kórónuveirufaraldursins. Lagt er til að fjármagna ýmsar félags- og heilsufarslegar aðgerðir til að bregðast við áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru. Almennt séð eru slíkar aðgerðir líklegar til að stuðla að kynjajafnrétti og/eða bæta stöðu jafnarsettra hópa og á það t.d. við um stuðning til þjónustuúrræða fyrir þolendur og gerendur ofbeldis, stuðning við fatlað fólk og aðgerðir til efla geðheilbrigðisþjónustu. Við frekari útfærslu aðgerða er engu að síður gert ráð fyrir að tekið verði mið af kynja- og jafnréttissjónarmiðum þannig að tryggja megi að aðgerðirnar stuðli að jafnrétti. Jafnframt á að tryggja að upplýsingar um nýtingu úrræða og árangur af þeim verði sundurgreindar eftir kyni og öðrum bakgrunnsbreytum eftir því sem við á.

5.4 Útgjaldabreytingar frá fjármálaáætlun

Fjárlagafrumvarp ársins 2023 byggist á stefnumörkun málefna sviða sem samþykkt var í fjármálaáætlun 2023–2027 í júní sl. Rammasett útgjöld í fjármálaáætlun námu 1.025 ma.kr. á verðlagi ársins 2022 að frádregnum liðum sem falla utan útgjaldaramma. Samkvæmt endanlegri útfærslu ráðuneyta í frumvarpi ársins 2023 er gert ráð fyrir að rammasett útgjöld verði 10,8 ma.kr. hærrí en gert var ráð fyrir í fjármálaáætlun. Stærsta frávikið að frátöldu málefna sviði *34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir* er 1,4 ma.kr. tímabundin hækkan til eins árs á styrkjum til nýsköpunarfyrirtækja í samræmi við breytingar á lögum um hækkan endurgreiðsluhlutfalls. Um er að ræða áætlaða útgjaldaaukningu vegna breytinga á frumvarpinu í meðförum þingsins. Fjölmargar aðrar minni breytingar skýra mismuninn og má þar nefna framlög til Loftbrúar, netöryggismála og máltækniáætlunar auk uppfærslu vegna þjóðhagsspar. Í töflunni hér á eftir má sjá sundurliðun breytinga eftir einstökum málefna sviðum milli fjármálaáætlunar 2023–2027 og fjárlagafrumvarps 2023.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Rammi fjármálaáætl. 2023 ¹	Rammi frumvarp 2023 ²	br. frá fjármála- áætlun m.kr.	breyting %
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess	6.747	6.747	0	0,0
02 Dómstólar	3.655	3.723	68	1,9
03 Æðsta stjórnarsýsla	2.648	2.648	0	0,0
04 Utanríkismál	15.627	15.655	28	0,2
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	40.582	40.672	90	0,2
06 Hagskýrslugerð og grunnskrár	3.957	3.987	30	0,8
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	28.195	29.693	1.498	5,3
08 Sveitarfélög og byggðamál	3.019	3.019	0	0,0
09 Almanna- og réttaröryggi	33.897	33.796	-101	-0,3
10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnarsýsla dómsmála	17.200	17.452	252	1,5
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	48.343	49.063	720	1,5
12 Landbúnaður	19.170	19.492	322	1,7
13 Sjávarútvegur og fiskeldi	6.914	6.828	-86	-1,2
14 Ferðapjónusta	2.205	2.157	-48	-2,2
15 Orkumál	6.041	5.981	-60	-1,0
16 Markaðseftirlit og neytendamál	3.252	3.309	57	1,7
17 Umhverfismál	27.173	27.127	-46	-0,2
18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál	18.661	19.030	369	2,0
19 Fjölmíðlun	5.834	5.844	10	0,2
20 Framhaldsskólastig	40.235	40.515	280	0,7
21 Háskólastig	58.320	58.245	-75	-0,1
22 Önnur skólastig og stjórnarsýsla mennta- og barnamála ..	4.954	4.987	33	0,7
23 Sjúkrahúspjónusta	136.947	136.947	0	0,0
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	69.695	70.271	576	0,8
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta	72.661	72.539	-122	-0,2
26 Lyf og lækningavörur	32.106	32.540	434	1,4
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks	90.094	90.249	155	0,2
28 Málefni aldraðra	103.996	103.996	0	0,0
29 Fjölskyldumál	54.643	54.990	346	0,6
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	7.904	7.872	-32	-0,4
31 Húsnæðis- og skipulagsmál	16.123	16.123	0	0,0
32 Lýðheilsa og stjórnarsýsla velferðarmála	10.354	10.710	356	3,4
33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindi	-	-	-	-
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir	22.493	28.282	5.789	25,7
35 Alþjóðleg þróunarsamvinna	11.664	11.664	0	0,0
Samtals rammasett útgjöld á verðlagi 2022	1.025.306	1.036.149	10.843	1,1
Liðir utan ramma ²	134.635	137.954	3.319	2,5
Aðlögun frumgjalda að GFS staðli ³	-101.492	-105.121	-3.629	3,6
Launa- og verðlagsbætur 2023	64.044	56.180	-7.863	-
Frumgjöld samkvæmt GFS - staðli	1.122.492	1.125.162	2.670	0,2
Vaxtagjöld	61.891	66.095	4.204	6,8
Aðlögun vaxtagjalda að GFS staðli ⁴	14.981	14.981	0	0,0
Heildargjöld samkvæmt GFS - staðli	1.199.364	1.206.238	6.873	0,6

¹ Framsetning tekur mið af breyttri skipan stjórnarráðsins

² Án launa- og verðlagsbreytinga.

³ Liðir sem falla utan ramma málefna sviða eru eftirfarandi: vaxtagjöld ríkissjóðs, ríkisábyrgðir, lífeyrisskuldbindingar, Atvinnuleysistryggingasjóður og framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

⁴ Hér er um að ræða aðlaganir vegna meðferðar lífeyrisskuldbindinga og afskriftir skattkrafna. Þá er einnig um að ræða aðlaganir vegna innbyrðis viðskipta milli A-hluta aðila, svo sem Ríkiskaup, þannig að ekki komi til tálalninga útgjalda.

⁵ Reiknuð vaxtagjöld vegna ófjármagnaðra lífeyrisskuldbindinga.

5.5 Verðlagsforsendur útgjaldahlíðar

Í fjárlagafrumvarpinu eru fjárheimildir málefna sviða og málaflokka settar fram á áætluðu verðlagi ársins 2023. Verðlagsbreytingar á milli árunna 2022 og 2023 miðast við þjóðhagsspá Hagstofu Íslands. Ekki er spáð fyrir um gengi gjaldmiðla heldur er það uppfært miðað við meðalgengi í júlí 2022. Alls nema verðlags-, gengis- og launabreytingar á fjárheimildum málefna sviða og málaflokka í frumvarpinu 56,2 ma.kr. eins og sjá má í meðfylgjandi töflu.

Verðlagsbreytingar fjárlagafrumvarpsins 2023	útgjöld ma.kr.
Launabreytingar.....	19,3
Endurmat á launaforsendum fjárlaga fyrri ára.....	5,1
Launabætur settar á almennan varasjóð.....	14,2
Almennar verðlagsbreytingar.....	20,7
Gengisbreytingar.....	-3,0
Hækkun atvinnuleysisbóta og bóta almannatrygginga.....	19,1
Samtals.....	56,2

Launaforsendur. Hækkun fjárheimilda málefna sviða og málaflokka í fjárlagafrumvarpinu vegna launahækkana er jafnan tvíþætt. Annars vegar er um að ræða endurmat launaforsendna fyrri ára og mat á áhrifum þeirra á ársgrundvelli fyrir árið 2023. Á árinu 2020 var samið við flest félög opinberra starfsmanna eftir að kjarasamningar höfðu verið lausir frá apríl 2019. Í þeim samningum var samið um afturvirkar hækkunar frá lokum síðustu samninga. Almenn var samið um krónutöluhækkunar í stað hlutfallslegra prósentuhækkana. Áætlað er að útgjöld ríkissjóðs vegna hækkana fyrri ára og endurmats á þessum launaforsendum nemi 5,1 ma.kr. til hækkunar á ársgrundvelli vegna fjárlaga fyrir árið 2023.

Hins vegar eru jafnan reiknaðar inn launahækkunar fyrir komandi ár samkvæmt fyrir- liggjandi kjarasamningum. Kjarasamningar opinberra starfsmanna renna flestir út í lok mars 2023 og ekki eru ákvæði um frekari kjarasamningsbundnar hækkunar á árinu 2023. Því er mikil óvissa uppi um hvenær verður samið og hver niðurstaða komandi kjarasamninga verður. Í ljósi þeirrar óvissu verður stofnunum ekki úthlutað viðbótarfjárveitingum byggt á áætlunum um mögulegar hækkunar. Í stað þess er gert ráð fyrir fjárheimild miðað við forsendur fjármálaáætlunar um launahækkunar opinberra starfsmanna á málefna sviði *34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir* og eftir því sem niðurstöður kjarasamninga liggja fyrir verður fjárveitingum stofnana breytt til samræmis við niðurstöður samninganna.

Beinn launakostnaður ríkisins ásamt launalið í aðkeyptri þjónustu, t.d. vegna þjónustu- samninga, nemur um 350 ma.kr.

Atvinnuleysisbætur og bætur almannatrygginga. Í 69. gr. laga um almannatryggingar, nr. 100/2007, er kveðið á um að bætur almannatrygginga skuli breytast árlega og taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysliverðs. Bætur almannatrygginga, þ.e. elli- og örorkulífeyris og bóta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, hækka í fjárlögum ársins 2023 um 6% til viðbótar við 3% hækkun frá því í júní sl. Í ljósi þess að ekki eru fleiri kjarasamningshækkunar fyrir liggjandi á yfirstandandi kjara- samningstímabili miðast hækkun bóta almannatrygginga við 4,9% verðbólguþá Hagstof- unnar. Auk þess hefur ríkisstjórnin ákveðið að hækka að þessu sinni bætur almannatrygginga um 1,1% til viðbótar svo að heildarhækkun bóta almannatrygginga nemi 6%. Það 1,1% sem bæturnar hækka um umfram skilyrði laganna er tvíþætt. Annars vegar er gert ráð fyrir 0,5%

hækkun til samræmis við forsendu um 0,5% kaupmáttaraukningu á árinu 2023 í gildandandi fjármálaáætlun 2023–2027. Hins vegar er horft til þess að Hagstofan spáir 7,5% verðbólgu á árinu 2022. Í forsendum fjárlaga 2022 voru bætur almannatrygginga hækkaðar um 3,8% vegna ársins 2022. Auk þess voru bætur almannatrygginga hækkaðar um 3% í júní síðastliðnum í mótvægisáðgerðum ríkisstjórnarinnar til að draga úr áhrifum verðbólgu á lífskjör viðkvæmustu hópa samfélagsins. Auk þess hefur ríkisstjórnin ákveðið að þessu sinni að leggja til að bætur almannatrygginga verði hækkaðar til viðbótar um sem nemur 0,6% til þess að hækkun ársins 2022 verði ekki minni en hækkun verðlags samkvæmt vísitölu neysluverðs. Áætluð útgjöld vegna þess eru um 17,8 ma.kr. á árinu 2023.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að prósentuhækkun atvinnuleysisbóta verði 4,9% til samræmis við spá Hagstofunnar um hækkun verðlags. Áætlaður kostnaður vegna hækkunarinnar er um 1,3 ma.kr. Áætluð heildarútgjöld vegna hækkunar atvinnuleysisbóta og bóta almannatrygginga eru því um 19,1 ma.kr. í fjárlögum 2023.

Almennar verðlagsforsendur. Hækkun almennra rekstrargjalda fyrir árið 2023 er í samræmi við verðbólguþá fyrir árið 2023 samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem nemur 4,9% hækkun á vísitölu neysluverðs. Áætluð útgjöld vegna þessarar hækkunar eru 11,1 ma.kr. Í þjóðhagsspá Hagstofu Íslands var jafnframt gert ráð fyrir að verðbólga yrði 7,5% á árinu 2022 sem er 4,2 prósentustigum hærra en var í forsendum fjárlaga ársins 2022. Ríkisstjórnin hefur því að þessu sinni tekið ákvörðun um að bæta þann mismun sem er á verðbólgu samkvæmt forsendu fjárlaga 2022 og samkvæmt nýjustu þjóðhagsspá Hagstofunnar. Áætluð útgjöld vegna þeirrar viðbótarhækkunar eru 9,6 ma.kr. Heildarhækkun rekstrargjalda í frumvarpinu er því um 9,17%. Algengt er að slík rekstrargjöld nemi um 20–30% af veltu stofnana en gert er ráð fyrir að aukin útgjöld vegna þessara verðlagsbreytinga nemi 20,7 ma.kr.

Gengisforsendur. Í forsendum fjárlagafrumvarps hefur ekki tíðkast að spá fyrir um þróun á gengi gjaldmiðla. Í frumvarpinu fyrir árið 2023 er miðað við meðalgengi í júlí 2022, síðasta mánuði áður en talnabálki frumvarpsins er lokað. Í forsendum fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2023 hefur gengi íslensku krónunnar tekið nokkrum breytingum frá forsendum fjárlaga fyrir árið 2022. Þannig er gengisvísitalan nú 5,8% lægri. Gengi dollara hefur þó hækkað um 5,3% en gengi evru lækkað um 7,4% og gengi breska pundins um 7,8%. Þessar breytingar á gengi gjaldmiðla leiða samtals til tæplega 3 ma.kr. lækkunar á fjárheimildum málefna sviða og mála-flokka í frumvarpinu í þeim tilvikum þar sem tiltekin útgjöld eru beintengd við gjaldmiðla. Það á einkum við um stóran hluta útgjalda í utanríkismálum og lyfjakostnað.

5.6 Skuldbindandi samningar og styrktarsamningar

Árlega efna ráðuneyti og stofnanir til útgjalda með samningum, á grundvelli 40. gr. laga um opinber fjármál, og á grundvelli 42. gr. sömu laga um styrkveitingar, við samtök, einkaaðila og sveitarfélög. Tilgangur og markmið með samningum eða styrkjum samkvæmt þessum greinum laganna geta verið margs konar.

Flokkun samninga. Samningar um framkvæmdir, rekstur og afmörkuð verkefni falla undir 40. gr. laga um opinber fjármál. Samkvæmt þeirri grein er ráðherrum veitt heimild, með samþykki fjármála- og efnahagsráðherra, til að gera samninga um þjónustu- og rekstrarverkefni til lengri tíma en eins árs í senn en þó að hámarki til fimm ára, að öðrum kosti þurfi samþykki Alþingis. Með samningi um rekstur er átt við samning um afmarkaða rekstrarþætti eða þjónustu sem ríkið veitir enda sé ekki um að ræða verkefni sem fela í sér vald til að taka ákvarðanir er lúta að réttindum og skyldum nema fyrir því liggi skýr lagaheimild. Skriflegir samningar eiga að vera til um öll lögbundin verkefni sem ráðuneyti og stofnanir hafa samið um og aðrir en ríkisaðilar inna af hendi. Réttarstaða þeirra sem þjónustan beinist að breytist því ekki þó að

ríkið feli öðrum aðila að sjá um lögbundinn rekstur eða þjónustu. Með 40. gr. laga um opinber fjármál er stofnunum einnig veitt heimild til að gera samninga um afmörkuð rekstrarverkefni án samþykkis hlutaðeigandi ráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis ef samanlögð árleg fjárskuldbinding ríkisaðilans vegna samninga fer ekki yfir 15% af árlegum heildarútgjöldum hans. Þar er þó fyrst og fremst um að ræða minni háttar samninga eins og rekstur upplýsingakerfa, tölvuumsjón og rekstrarleigusamninga. Það er á ábyrgð ríkisaðila að tryggja að útgjöld vegna samninga séu í samræmi við þá stefnumörkun sem liggur til grundvallar fjármálaáætlun og rúmist innan þeirra fjárheimilda sem Alþingi hefur samþykkt til þess málefnasviðs og málaflokks sem verkefnið fellur undir.

Ráðherrum er samkvæmt lögunum einnig heimilt að gera styrktar- og samstarfssamninga um verkefni sem ekki falla beinlínis undir lögbundin verkefni ríkisins. Um slíka samninga gildir 42. gr. laga um opinber fjármál sem fjallar um styrkveitingar. Samkvæmt greininni er hverjum ráðherra heimilt að veita tilfallandi styrki og framlög til verkefna sem varða þá málaflokka sem þeir bera ábyrgð á. Markmið þeirra er að styrkja eða ganga til samstarfs við aðila um verkefni sem almennt eru uppbyggileg eða nauðsynleg í samfélaginu. Við úthlutun styrkja og framlaga skal gæta jafnræðis, hlutlægni, gagnsæis og samkeppnissjónarmiða.

Heildarumfang skuldbindandi samninga. Umfang skuldbindandi samninga ríkissjóðs er umtalsvert, bæði hvað varðar fjölda og fjárhagslegt umfang. Meðfylgjandi tafla sýnir annars vegar heildarskuldbindingu og fjölda allra rekstrar- og þjónustusamninga og hins vegar styrktar- og samstarfssamninga eftir málefnasviðum. Rétt er að vekja athygli á því að í yfirliti 6 í fylgiriti með fjárlagafrumvarpinu eru sýndir allir skuldbindandi samningar eftir málefnasviðum og málaflokkum.

Skuldbindandi samningar sem í gildi eru á þessu ári eru alls 329 talsins. Þar af eru 137 vegna rekstrar- og þjónustuverkefna en 192 vegna styrktar- og samstarfsverkefna. Heildarútgjöld samninganna eru áætluð 209,4 ma.kr., eða sem nemur 18% af frumútgjöldum ríkissjóðs.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Áb.	Fj. samn.	2022	2023	2024	2025
Rekstrar- og þjónustusamningar						
04 Utanríkismál	UTN	4	3.213	3.347	3.375	3.429
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	FJR	9	2.183	2.538	2.465	2.503
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	HVIN	15	251	315	301	141
08 Sveitarfélög og byggðamál	IRN	1	206	204	202	201
09 Almanna- og réttaröryggi	DMR	3	747	766	754	743
10 Rétt. einstakl, trúmál og stjórnýsla dómsmála	DMR	1	34	34	34	34
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	IRN	16	10.051	11.099	2.983	2.908
12 Landbúnaður	MAR	6	550	511	479	462
13 Sjávarútvegur og fiskeldi	MAR	1	3	3	3	3
14 Ferðaþjónusta	MVF	5	446	358	316	3
18 Menning, listir, íþrótt- og æskulýðsmál	MVF	5	1.207	1.284	1.284	1.201
19 Fjölmíðlun	MVF	1	5.085	5.375	5.375	5.375
20 Framhaldsskólastig	MRN	7	7.219	7.224	7.224	7.224
21 Háskólastig	HVIN	5	7.036	7.285	6.466	6.466
23 Sjúkrahúspjónusta	HRN	2	50.245	54.854	54.854	54.854
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	HRN	30	30.128	31.846	31.846	31.846
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta	HRN	21	49.242	49.756	49.756	49.756
29 Fjölskyldumál	FRN	2	285	146	146	146
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	FRN	2	912	1.041	1.041	1.041
35 Alþjóðleg þróunarsamvinna	UTN	1	798	838	880	923
Samtals rekstrar- og þjónustusamningar		137	169.840	178.823	169.784	169.260
Styrktar- og samstarfssamningar						
03 Æðsta stjórnýsla	FOR	1	28	31	31	0
04 Utanríkismál	UTN	6	96	97	72	68
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	HVIN	4	91	106	73	45
08 Sveitarfélög og byggðamál	IRN	10	854	616	474	
09 Almanna- og réttaröryggi	DMR	1	12	12	12	12
10 Rétt. einstakl, trúmál og stjórnýsla dómsmála	DMR	1	3.863	4.073	4.073	4.073
12 Landbúnaður	MAR	4	15.506	17.060	16.933	16.808
13 Sjávarútvegur og fiskeldi	MAR	2	44	7	7	
14 Ferðaþjónusta	MVF	2	17	17		
17 Umhverfismál	URN	2	81	81	81	28
18 Menning, listir, íþrótt- og æskulýðsmál	MVF	21	1.675	1.682	1.452	1.134
20 Framhaldsskólastig	MRN	19	1.453	1.432	1.356	784
21 Háskólastig	HVIN	15	479	498	498	498
22 Önnur skólastig og stjórns. mennta- og menn.mála ..	MRN	17	591	612	606	606
29 Fjölskyldumál	FRN	8	323	335	341	242
32 Lýðheilsa og stjórnýsla velferðarmála	FRN	4	38	48	33	33
35 Alþjóðleg þróunarsamvinna	UTN	75	4.307	3.827	3.611	2.769
Samtals styrktar- og samstarfssamningar		192	29.458	30.533	29.653	27.099
Samtals skuldbindandi samningar		329	199.298	209.356	199.437	196.358
Hlutfall af frumútgjöldum			17%	18%	-	-

5.7 Varasjóðir og millifærslur fjárheimilda innan fjárlagaárs

Í fjárlögum ár hvert ákveður Alþingi skiptingu fjárheimilda til málefna sviða og málaflokka og verður þeim ákvörðunum ekki breytt nema með lögum. Þó er eðli máls samkvæmt heimilt að gera millifærslur á fjárheimildum málaflokka 34.10 *Almennur varasjóður* og 34.20 *Sérstakar fjárráðstafanir* í samræmi við ákvarðanir um ráðstöfun þeirra enda er fjárheimildum

Þessum ætlað að mæta útgjaldatílefnum án tillits til þess hvaða málaflökkur ber þau útgjöld. Með sama hætti er hægt að millifæra fjárheimildir vegna útgjaldatílefna óháð hagrænni skiptingu. Heildarumfang almenns varasjóðs og sértækra fjárráðstafana nemur rúmum 43,7 ma.kr. fyrir árið 2023.

Með nýtingu þessara liða er mögulegt að taka á frávikum sem upp kunna að koma í starfsemi ríkisins umfram það sem hægt er að mæta með millifærslum innan málaflökka eða varasjóðum málaflökka, án þess að leita þurfi til Alþingis um auknar fjárheimildir. Um nýtingu almenns varasjóðs gilda þó ákveðnar forsendur sem raktar eru í kaflanum.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið ber ábyrgð á eftirliti með framkvæmd fjárlaga og hefur umsjón með millifærslum fjárveitinga í samræmi við það sem kemur fram hér síðar. Fjármála- og efnahagsráðherra tilkynnir ákvarðanir um millifærslur til fjárlaganefndar Alþingis.

Almennur varasjóður

Samkvæmt 24. gr. laga um opinber fjármál skal gera ráð fyrir óskiptum almennum varasjóði til að bregðast við útgjöldum sem eru tímabundin, ófyrirsjáanleg og óhjákvæmileg. Fjármála- og efnahagsráðherra fer með almennum varasjóð og tekur ákvörðun um ráðstöfun úr honum.

Almennur varasjóður er einkum til að mæta frávikum í launa-, gengis- og verðlagsforsendum fjárlaga og meiri háttar ófyrirséðum og óhjákvæmilegum útgjöldum, svo sem vegna náttúruhamfara eða útgjöldum sem ókleift er að mæta með öðrum hætti á grundvelli annarra fyrirliggjandi heimilda í fjárlögum. Almennur varasjóður skal nema a.m.k. 1% af fjárheimildum fjárlaga.

Ráðherra sem telur þörf á viðbótarframlagi úr almennum varasjóði skilar tillögu um framlag ásamt greinargerð þar að lútandi til fjármála- og efnahagsráðherra. Greinargerðin skal á fullnægjandi hátt upplýsa um forsendur þeirra útgjalda sem ráðherra telur að mæta þurfi. Lýsa skal til hvaða aðgerða ráðherra hafi gripið, sbr. 34. gr. laga um opinber fjármál, þ.e. til lækkunar útgjalda, millifærslna innan málaflökks eða ráðstafað úr varasjóði málaflökks. Þá skal skýra hvernig tillaga um framlag uppfylli ákvæði 24. gr. laga um opinber fjármál um almennum varasjóð, þ.e. að útgjöld séu tímabundin, ófyrirsjáanleg og óhjákvæmileg. Tillaga um framlag úr almennum varasjóði þarf að uppfylla öll þessi skilyrði.

Fjármála- og efnahagsráðherra metur greinargerð ráðherra með tilliti til skilyrða laganna. Sé fallist á að tílefni uppfylli skilyrði um millifærslu úr almennum varasjóði kynnir ráðherra ákvörðun sína fyrir fjárlaganefnd Alþingis. Fjármála- og efnahagsráðherra getur einnig ákveðið að kynna ríkisstjórn ákvarðanir um millifærslur úr almennum varasjóði. Þegar áætlanir hlutaðeigandi aðila hafa verið endurskoðaðar með tilliti til ákvörðunarinnar er fjárveiting millifærð úr almennum varasjóði. Fjármála- og efnahagsráðherra gerir fjárlaganefnd Alþingis rökstudda grein fyrir nýtingu hennar þegar ákvörðun liggur fyrir.

Sérstakar fjárráðstafanir

Fjárheimild málaflökksins 34.20 *Sérstakar fjárráðstafanir* skiptist annars vegar í útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum og er hins vegar til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Fjárheimild þessa málaflökks má millifæra, í samræmi við ákvarðanir sem teknar eru um ráðstöfun þeirra, til þeirra málaflökka sem útgjöld eru færð til gjalda á eða eftir atvikum eignfærð á. Fjárveitingu til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar má nýta til að mæta útgjöldum vegna verkefna eða áherslna sem falla til innan fjárlagaársins. Ráðstöfunarfé ríkisstjórnar er þannig ætlað að skapa ríkisstjórninni svigrúm til að mæta sérstökum áherslum sem hún telur mikilvægastar hverju sinni en tilgangur almenns varasjóðs er af öðrum toga. Fjárveiting vegna útgjalda samkvæmt heimildarákvæðum er vegna kostnaðar sem kann að skapast vegna 6. gr. fjárlaga. Í greininni er að finna ýmsar heimildir til handa

fjármála- og efnahagsráðherra til kaupa, sölu eða leigu fasteigna og annarra eigna. Ljóst er að fjárveitingin nægir ekki til að nýta allar heimildir greinarinnar og er því mikilvægt að fjármála- og efnahagsráðherra hafi tiltekið svigrúm til að forgangsraða nýtingu þessara heimilda innan fjárveitingarinnar.

Millifærsla fjárveitinga innan málaflokks

Samkvæmt 29. gr. laga um opinber fjármál er hverjum ráðherra heimilt að breyta skiptingu fjárveitinga innan málaflokks frá því sem birt hefur verið í fylgiriti fjárlaga. Ráðuneyti skal rökstyðja ákvörðun sína og senda fjármála- og efnahagsráðherra til staðfestingar. Forstöðumanni eða ábyrgðaraðila verkefnis ber að uppfæra rekstraráætlun til samræmis og skila ráðuneyti til staðfestingar innan þess frests sem gefinn er. Breytt rekstraráætlun skal færð í fjárhagskerfi ríkisins samhliða millifærslunni. Fjármála- og efnahagsráðuneyti annast birtingu ákvarðana og skal upplýsa fjárlaganefnd Alþingis áður en þær taka gildi. Ekki er í slíkum tilfellum heimilt að færa fjárveitingar milli rekstrar, tilfærslna eða fjárfestinga. Sé fjárveiting ríkisaðila eða verkefnis lækkuð skal ákvörðunin rökstudd og tilkynnt hlutaðeigandi forstöðumanni eða ábyrgðaraðila verkefnis með a.m.k. sex vikna fyrirvara.

Varasjóðir málaflokka

Varasjóður málaflokks skal nýttur til að mæta frávikum í rekstri ríkisaðila og verkefna. Ef ekki koma fram slík frávik á fyrri helmingi ársins er hverjum ráðherra heimilt að ráðstafa úr varasjóði málaflokks í samræmi við verklagsreglur þar að lútandi sem settar eru af fjármála- og efnahagsráðherra og í samræmi við stefnu þess málaflokks. Ráðstöfun á þriðja ársfjórðungi skal aldrei nema meira en helmingi af fjárveitingu varasjóðs. Að loknum þriðja ársfjórðungi og árslokaspá skal heimila ráðstöfun úr varasjóði málaflokks til að mæta fyrirséðum frávikum í rekstri samkvæmt árslokaspánni og því sem eftir stendur til að vinna að stefnumálum málaflokksins. Við ráðstöfun úr varasjóði gildir verklag um millifærslur fjárveitinga innan málaflokks en fjárveiting varasjóðs skal nema að hámarki 2% af fjárheimildum viðkomandi málaflokks. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2023 eru varasjóðir á 35 málaflokkum og nemur heildarumfang þeirra tæplega 1,3 ma.kr. líkt og sjá má í töflunni hér á eftir.

Varasjóðir málaflokka	Fjárlög 2022 m.kr.	Frumvarp 2023 m.kr.
02.20 Héraðsdómstólar	7,1	39,8
04.10 Utanríkisþjónusta og stjórnýsla utanríkismála	113,1	117,2
05.10 Skattar og innheimta	75,9	75,9
05.20 Eignaumsýsla ríkisins	7,8	7,8
05.30 Fjármálaumsýsla ríkisins	30,2	30,6
05.40 Stjórnýsla ríkisfjármála	40,1	40,1
07.20 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar	0,3	0,3
09.10 Löggæsla	103,9	83,9
09.20 Landhelgi	3,3	3,3
10.40 Stjórnýsla dómsmálaráðuneytis	10,5	31,5
11.10 Samgöngur	221,0	228,5
13.10 Stjórnun sjávarútvegs og fiskeldis	10,5	8,5
13.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi	11,8	12,1
16.10 Markaðseftirlit og neytendamál	2,5	2,4
17.10 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla	14,3	14,3
17.20 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands	14,3	14,3
17.50 Stjórnýsla umhverfismála	6,4	6,5
18.10 Safnamál	4,8	4,7
18.20 Menningarstofnanir	4,9	4,8
18.30 Menningarsjóðir	1,2	1,2
20.10 Framhaldsskólar	51,9	53,6
21.10 Háskólar og rannsóknastarfsemi	136,7	139,8
22.30 Stjórnýsla mennta- og barnamála	1,7	2,8
23.10 Sérhæfð sjúkrahúspjónusta	191,1	193,2
23.20 Almenn sjúkrahúspjónusta	20,7	21,2
24.10 Heilsugæsla	56,8	0,5
24.30 Sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun	2,6	2,7
24.40 Sjúkraflutningar	3,5	3,7
25.20 Endurhæfingarþjónusta	11,0	11,1
29.40 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn	150,9	74,6
29.60 Bætur vegna veikinda og slysa	10,8	11,1
30.20 Vinnumarkaður	2,0	10,0
32.10 Lýðheilsa, forvarnir og eftirlit	3,0	3,2
32.30 Stjórnýsla heilbrigðismála	2,5	2,6
32.40 Stjórnýsla félagsmála	3,0	10,2
Samtals	1.332,1	1.268,0

6 Fjárreiður ríkisaðila í A2- og A3-hluta

Flokkun ríkisaðila var breytt í fjárlögum fyrir árið 2022 frá því sem áður var til samræmis við breytingar sem gerðar voru á flokkun þeirra í lögum um opinber fjármál (nr. 123/2015). Lögum var breytt eftir endurskoðun Hagstofu Íslands á flokkun tiltekinnar stofnanaeininga en Hagstofan ber ábyrgð á gerð þjóðhagsreikninga og hagskýrslna um opinber fjármál sem m.a. felur í sér ábyrgð á túlkun og innleiðingu þeirra staðla og reglna sem um gerð þeirra gilda. Breytingarnar fólu m.a. í sér að ríkisaðilar, sem áður voru flokkaðir utan hins opinbera (A-hluta ríkissjóðs), teljast nú innan þess. Rekstur og efnahagur þessara aðila telst því með hefðbundnum rekstri ríkis og sveitarfélaga og er meðtalinn í opinberum hagtolum. Flokkun stofnanaeininga samkvæmt alþjóðlegum skilgreiningum er mikilvæg og ein grunnforsenda þess að þjóðhagsreikningar gefi sem gleggsta mynd af umsvifum hins opinbera og geti talist samanburðarhæfir á milli landa.

6.1 Flokkun ríkisaðila

Endurskoðun Hagstofunnar á flokkun á starfsemi ríkisaðila leiddi til þess að fjölmargar stofnanir ríkisins sem áður voru ýmist flokkaðar sem B- eða C-hluta fyrirtæki eða sjóðir teljast nú innan hins opinbera en til hins opinbera telst starfsemi og verkefni sem heyra undir A-hluta ríkissjóðs og A-hluta sveitarfélaga. Munurinn á milli B- og C-hluta aðila er sá að einingar innan B-hluta starfa á ábyrgð ríkissjóðs og þurfa heimild til að taka og veita lán í fjárlögum líkt og á við um aðila í A-hluta, auk þess sem upplýsingar um fjárreiður þeirra skulu koma fram í fjárlögum. C-hluta aðilar eru sjálfstæðir lögaðilar með stjórnir sem bera ábyrgð á rekstri þeirra og njóta því meira sjálfstæðis en B-hluta aðilar. Þessar forsendur um B- og C-hluta eiga nú einnig við tiltekna aðila sem tilheyra A-hluta með lagabreytingunni sem gerð var á lögum um opinber fjármál.

Það var talið nauðsynlegt að skipta A-hluta ríkisins upp þar sem framangreindar breytingar hefðu að óbreyttu haft veruleg áhrif á skuldir ríkisins og þar með hins opinbera eins og þær eru metnar í skuldareglu laga um opinber fjármál. Að auki getur afkomuþróun margra þessara aðila, t.d. lánasjóða, verið sveiflukennnd og háð þróun á mörkuðum fremur en pólitískri stefnumörkun og ákvarðanatöku. Afkomumarkmið hins opinbera hefði því getað orðið ófyrirsjáanlegt og án beinnar tengingar við stefnumörkun og ákvarðanir stjórnvalda á sama máta og hefðbundinn rekstur hins opinbera hefur gert hingað til. A-hluta ríkisins var því skipt upp í þrjá hluta eftir eðli og tilgangi starfseminnar; A1-hluta, A2-hluta og A3-hluta og er hann skilgreindur á eftirfarandi hátt í lögum um opinber fjármál:

A-hluti. Til A-hluta telst starfsemi og kjarnaverkefni ríkisins. A-hluti skiptist í þrjá hluta:

- a. *A1-hluti.* Starfsemi sem er einkanlega fjármögnuð með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum og framlögum.
- b. *A2-hluti.* Starfsemi lána- og fjárfestingarsjóða og önnur starfsemi sem er rekin undir stjórn ríkisins og stendur undir sér með sölu á vöru eða þjónustu, leigu og lánastarfsemi.
- c. *A3-hluti.* Starfsemi hlutafélaga sem eru að meiri hluta í eigu ríkissjóðs en sinna hlutverkum á sviði opinberrar þjónustu samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustöðlum.

A1-hlutinn svarar til hins hefðbundna A-hluta ríkissjóðs. Einnig hafa verið gerðar aðrar þær breytingar í ákvæðum um fjármálareglur laga um opinber fjármál þannig að þær nái eingöngu

til A1-hluta fjárlaga. Umfjöllun stjórnvalda og Alþingis um opinber fjármál er því með sama hætti og á undanförunum árum þrátt fyrir þessar breytingar sem og pólitísk stefnumörkun og ákvarðanatöku í fjárlögum. Hvað varðar aðila sem flokkast undir A2- og A3-hluta þá hafa þeir eftir sem áður meira fjárhagslegt sjálfstæði en aðilar sem tilheyra A1-hlutanum. Breytta flokkun ríkisaðila má sjá í meðfylgjandi töflu.

Ríkisaðilar	Núv.		Ríkisaðilar	Núv.	
	flokkun	Var		flokkun	Var
Byggðastofnun	A-2	B	Nýr landspítali ohf.	A-3	C
HS sjóður	A-2	B	Rannsókn- og háskólanet Ísl.	A-3	C
ÍL-sjóður	A-2	B	Sítus ehf.	A-3	C
Menntasjóður	A-2	B	Tæknigarður ehf.	A-3	C
Náttúruhamfaratr. Íslands	A-2	C	Vísindagarðar HÍ ehf.	A-3	C
Betri samgöngur ohf.	A-3	C	Vísindagarðurinn ehf.	A-3	C
Eignahlutir ehf.	A-3	C	Þróunarfélag Kefl.flugv.ehf.	A-3	C
Harpa ohf.	A-3	C	Öryggisfjarskipti ehf.	A-3	C
Landskerfi bókasafna	A-3	C	Tæknisetur ehf.	A-3	Nýr
Leigufélagið Briet ehf.	A-3	C	Fjárföng ehf.	A-3	Nýr
Lindarhvoll ehf.	A-3	C	Fasteignir Háskóla Íslands ehf.	A-3	Nýr
Neyðarlínan ohf.	A-3	C			

Eftirfarandi í þessum kafla er yfirlit yfir fjárreiður A2-hluta og A3-hluta aðila. Í næsta kafla er birt samstæðuyfirlit fyrir A-hlutann í heild þar sem tekið hefur verið tillit til innbyrðis viðskipta aðila þannig að A-hlutinn verði samanburðarhæfur við framsetningu þjóðhagsreikninga. Þannig er gengið út frá því að full samsvörun verði á milli A-hlutans og uppgjörs Hagstofunnar á fjármálum hins opinbera.

6.2 Áætlanir A2-hluta ríkisaðila

Til A2-hluta ríkisaðila teljast lána- og fjárfestingarsjóðir og önnur starfsemi sem er rekin undir stjórn ríkisins og stendur undir sér með sölu á vöru eða þjónustu, leigu og lánstarfsemi. Þessi félög eru: Byggðastofnun, Húsnæðissjóður, ÍL-sjóður og Menntasjóður námsmanna sem áður flokkuðust til B-hluta aðila og Náttúruhamfaratryggingar Íslands en þær voru í C-hluta. Yfirlit um þessi félög má sjá í meðfylgjandi töflu.

Ríkisreikningur 2021, m.kr.	Eignar- hluti	Eigið fé		Eignir	Tekjur	Hagnaður
		31.12.21	Skuldir			
Byggðastofnun	100%	3.322	18.728	22.049	1.131	167
Húsnæðissjóður	100%	19.537	131.003	150.540	10.983	1.342
ÍL sjóður	100%	-196.634	865.333	668.699	38.780	-13.855
Menntasjóður námsmanna	100%	132.113	88.347	220.458	14.731	13.155
Náttúruhamfaratr. Íslands	100%	54.806	3.445	58.251	5.741	4.769
Samtals		13.144	1.106.856	1.119.997	71.366	5.578

Eftirfarandi tafla er byggð á fjárhagsáætlunum aðila í A2-hluta og veitir yfirlit yfir áætlaðar lykilstærðir aðila í A2-hluta fyrir árið 2023.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Hagnaður / Tap	Tekin langtímalán	Veitt langtímalán
Lánasjóður íslenskra námsmanna	6.734		745
Menntasjóður námsmanna	407	10.000*	14.291**
ÍL-sjóður	-18.582		
Húsnæðissjóður	2.167	15.200	15.200
- þar af til lögaðila			11.000
- þar af hlutdeildarlán			3.000
- þar af húsnæðislán til einstaklinga			1.200
Bygðastofnun	135	3.000	3.500
Náttúruhamfaratryggingar Íslands	3.055		
Samtals	-6.084	28.200	33.375

*Hámarks endurlán frá ríkissjóði skv. 5. gr. þessa frumvarps. **Styrkir meðtaldir.

Eins og fram kemur í framangreindum töflum þá var afkoma ÍL-sjóðs á árinu 2021 neikvæð um 13,9 ma.kr. og eigið fé var neikvætt um 196,6 ma.kr. Áætlanir gera ráð fyrir að afkoman verði einnig verulega neikvæð árin 2022 og 2023. Uppsafnaður fjárhagsvandi sjóðsins er tilkominn vegna uppgreiðslna á útlánum sjóðsins sem hófust á árinu 2004 og hefur lækkun vaxta síðustu ára ýtt enn frekar á uppgreiðslu útlána. Skuldir sjóðsins eru aftur á móti óuppgreiðanlegar og bera fasta verðtryggða vexti. Sjóðurinn varð til við uppskiptingu gamla Íbúðarlánasjóðs og er markmið hans að lágmarka áhættu og kostnað ríkissjóðs við uppgjör og úrvinnslu eigna og skulda ÍL-sjóðs.

Á árinu 2023 áætlar Húsnæðissjóður að veita ný útlán fyrir um 15,2 ma.kr. og þar af eru 11 ma.kr. sem tilgreindar eru til lögaðila sem verður varið í fjármögnun leiguíbúða til tekjulágra, námsmanna og eldri borgara, 1,2 ma.kr. til einstaklinga og 3 ma.kr. í hlutdeildarlán. Ný útlán sjóðsins eru fjármögnuð með endurlánum frá ríkissjóði samanber 5. gr. þessa fjárlagafrumvarps. Sjóðurinn gerir ráð fyrir að uppgreiðslur af lánasafni keyptu af ÍL-sjóð og af nýjum útlánum á árinu 2023 verði með sömu hlutföllum og 2022.

Menntasjóður námsmanna áætlar að heildarútlán námslána árið 2023 muni nema ríflega 15 ma.kr., sem skiptist þannig að 0,7 ma.kr. eru útlán vegna G-lána og 14,3 ma.kr. vegna H-lána sem er nýi lánaflokkurinn sem settur var á með tilkomu Menntasjóðs um mitt ár 2020 þegar lögum um stuðning við námsmenn var breytt. Námsmenn sem voru þegar á eldri námslánum (G-lánum) fá að halda áfram innan þess kerfis óski þeir þess. Sú grundvallarbreyting varð á stuðningskerfinu til námsmanna að lánþegar fá 30% niðurfærslu af höfuðstól námsláns ef þeir ljúka námi innan tilskilins tíma og námsmenn með börn á framfæri fá styrk vegna framfærslu þeirra ljúki þeir ákveðið mörgum einingum á önn. Bein framlög verða greidd úr ríkissjóði vegna þessara styrkja og er áætlað að framlög ríkisins vegna þeirra árið 2023 verði 5,2 ma.kr. Nettóútlán H-lána 2023 nema því um 9,1 ma.kr. Öll útlán í nýja lánakerfinu (H-lán) eru fjármögnuð með endurláni úr ríkissjóði og samkvæmt 5. gr. þessa frumvarps er heimilt að endurlána sjóðnum allt að 10 ma.kr. árið 2023.

Eftirfarandi tafla sýnir samandregið rekstrar- og sjóðstreymisyfirlit aðila í A2-hluta í heild.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Áætlun 2022	Frumvarp 2023	Breyting
Rekstraráætlun:			
Rekstrartekjur	328	310	-18
Rekstrargjöld	3.413	4.025	611
Fjármunatekjur	99.266	78.534	-20.733
Fjármagnsgjöld	110.938	84.264	-26.674
Framlög í afskriftasjóð útlána	6.913	7.193	280
Afskiftir	170	165	-5
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	-21.840	-16.803	5.037
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	6.823	7.167	344
Hagnaður (-tap)	-15.016	-9.636	5.381
Sjóðstreymi:			
Hagnaður (-tap)	-15.016	-9.636	5.381
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé	40.947	24.975	-15.972
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum	-117	47	164
Handbært fé frá rekstri	25.813	15.386	-10.427
Veitt löng lán	-33.618	-33.735	-117
Afborganir af veittum löngum lánum	63.481	34.171	-29.309
Veitt stutt lán	0	0	0
Varanlegir rekstrarfjármunir, nettó	-255	-257	-2
Ávöxtunarsamningar og áhættufjármunir, nettó	50	50	0
Fjárfestingarhreyfingar, samtals	29.658	230	-29.428
Tekin löng lán	28.595	21.200	-7.395
Afborganir af teknum löngum lánum	-87.510	-69.878	17.632
Annað	-20	-20	0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	-58.935	-48.698	10.237
Breyting á handbæru fé	-3.464	-33.082	-29.618
Handbært fé í ársbyrjun	62.577	59.113	-3.464
Handbært fé í árslok	59.113	26.030	-33.082

6.3 Áætlanir A3-hluta ríkisaðila

Til A3-hluta ríkisaðila telst starfsemi hlutafélaga sem eru að meiri hluta í eigu ríkissjóðs en sinna hlutverkum á sviði opinberrar þjónustu. Þessi félög eru sjálfstæðir lögaðilar en starfsemi þeirra er ekki byggð á markaðslegum forsendum. Yfirlit yfir þessi félög, sem áður voru flokkuð undir C-hluta, má sjá í eftirfarandi töflu þar sem fram koma helstu lykilstærðir þeirra samkvæmt ársreikningum árið 2020. Enn fremur voru þrjú ný félög stofnuð 2021 sem flokkast með A3-hluta ríkisaðila, sjá nánar í töflu frammar í þessum kafla um breytingu á flokkun ríkisaðila.

Ríkisreikningur 2021, m.kr.	Eignar- hluti	Eigið fé 31.12.21	Skuldir	Eignir	Tekjur	Hagnaður
Betri samgöngur	75%	4	4.571	4.575	-	-
Eignarhlutir ehf.	100%	24	38	61	6	5
Harpa ohf.	54%	10.953	22.608	33.561	1.579	-162
Landskerfi bókasafna hf.	51%	212	32	244	189	1
Leigufélagið Bríet ehf.	97%	2.839	4.494	7.333	390	381
Lindarhvoll ehf.	100%	30	1	31	8	-
Neyðarlínan ohf.	100%	270	368	639	1.500	62
Nýr Landspítali ohf.	100%	20	4.233	4.253	-	-
Rannsókn- og háskólanet Ísl. hf.	94%	34	14	48	81	-5
Ríkisútvarpið ohf.	100%	1.968	6.798	8.766	7.059	45
Sítus ehf.	54%	37	1	38	13	5
Tæknigarður ehf.	100%	101	16	118	30	4
Tæknisetur ehf.	100%	214	135	349	176	2
Vísindagarðar HÍ ehf.	95%	5.413	7.942	13.354	718	940
Vísindagarðurinn ehf.	53%	149	33	183	17	-5
Þróunarfél. Keflavíkurflugv. ehf.	100%	1.651	208	1.859	42	-240
Öryggisfjarskipti ehf.	75%	1.124	232	1.356	447	157
Samtals		25.042	51.725	76.767	12.255	1.188

Eftirfarandi tafla veitir yfirlit yfir áætlaðar lykilstærðir úr fjárhagsáætlunum nokkurra stærri félaga innan A3-hluta fyrir árið 2023.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Hagn./Tap	Fjárfesting nettó	Tekin langtímalán
Betri samgöngur	-	9.386	4.300
Fasteignir Háskóla Íslands	328	3.208	2.738
Kadeco	-341		
Leigufélagið Bríet	356	425	
Rúv	-434		
Harpa	-438	150	
Vísindagarðurinn	0	272	
Samtals	-529	13.441	7.038

Áætlanir varðandi fjárfestingu félaga sem teljast til A3-hluta ríkissjóðs árið 2023 eru verulegar eins og sjá má í meðfylgjandi töflum sem byggja á fjárhagsáætlunum þessara aðila um afkomu á yfirstandandi ári og afkomu á árinu 2023. Það eru nær eingöngu tvö félög sem skýra þetta en það eru annars vegar Betri samgöngur og hins vegar félagið Fasteignir Háskóla Íslands sem var stofnað árið 2021 til að halda utan um eignahald og umsýslu á þeim fasteignum sem nýttar eru í þágu Háskólans. Betri samgöngur gera ráð fyrir að ríflega tvöfalda fjárfestingu félagsins árið 2023 frá yfirstandandi ári. Fasteignir Háskóla Íslands skýra aftur á móti hina miklu fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum sem sjá má árið 2022 í eftirfarandi töflu sem sýnir samandregið rekstrar- og sjóðstreymisyfirlit þessara fyrirtækja. Hið nýja félag tók

Þá yfir fasteignir Háskólans en sá gjörningur jafnast út í samstæðureikningi A-hluta í heild þar sem um innbyrðis viðskipti er að ræða.

Eftirfarandi tafla sýnir samandregið rekstrar- og sjóðstreymisyfirlit aðila í A3-hluta í heild.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Áætlun 2022	Frumvarp 2023	Breyting
Rekstraráætlun:			
Rekstrartekjur	18.430	19.058	628
Rekstrargjöld	12.324	13.255	931
Fjármagnsjöfnuður	-5.406	-5.379	27
Afskriftir	1.001	1.017	16
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	-301	-593	-291
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	390	385	-5
Fengin framlög og óreglulegar tekjur	276	219	-57
Tekjuskattur	-40	-42	-2
Hagnaður (-tap)	325	-31	-356
Sjóðstreymi:			
Hagnaður (-tap)	325	-31	-356
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé	-117	45	162
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-296	-228	68
Handbært fé frá rekstri	-88	-214	-126
Veitt löng lán	-760	-978	-219
Afborganir af veittum löngum lánum	541	555	14
Varanlegir rekstrarfjármunir, nettó	-48.632	-17.035	31.597
Ávöxtunarsamningar og áhættufjármunir, nettó	0	0	0
Annað	-103	-14	89
Fjárfestingarhreyfingar, samtals	-48.953	-17.472	31.481
Tekin löng lán	42.146	6.638	-35.508
Afborganir af teknum löngum lánum	-756	-773	-17
Annað	3.209	9.116	5.907
Fjármögnunarhreyfingar samtals	44.599	14.982	-29.618
Breyting á handbæru fé	-4.442	-2.704	1.738
Handbært fé í ársbyrjun	8.275	3.833	-4.442
Handbært fé í árslok	3.833	1.129	-2.704

7 Samstæðuyfirlit A-hluta í heild

Í þessum kafla er sett fram samstæðuyfirlit fyrir A-hluta ríkissjóðs í heild til samræmis við framsetningu opinberra fjármála hjá Hagstofu Íslands. Með A-hluta í heild er átt við A1-hluta ríkissjóðs, sbr. 1. grein fjárlaga og umfjöllun í köflum 3–5 í þessari greinargerð, ásamt A2- og A3-hluta ríkissjóðs sem fjallað er um í 6. kafla. Flokkun á starfsemi ríkisins er skv. 50. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.

A-hluti samstæða

A1

Starfsemi sem er einkanlega fjármögnuð með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum og framlögum.

A2

Starfsemi lána- og fjárfestingarsjóða og önnur starfsemi sem er rekin undir stjórn ríkisins og stendur undir sér með sölu á vöru og þjónustu, leigu og lánastarfsemi.

A3

Starfsemi hlutafélaga sem eru að meirihluta í eigu ríkissjóðs en sinna hlutverkum á sviði opinberrar þjónustu samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustöðlum.

Samstæðuyfirlit A-hluta í heild gerir grein fyrir uppgjöri allra aðila í A-hluta að teknu tilliti til innbyrðis viðskipta þeirra á milli. Til innbyrðis viðskipta teljast m.a. framlög úr A1-hluta til reksturs aðila í A2- og A3-hluta. Slík framlög eru skráð sem gjöld hjá A1-hluta en tekjur hjá A2- og A3-hluta. Til innbyrðis viðskipta teljast einnig vaxtagreiðslur til A1-hluta vegna veittra lána til aðila í A2- og A3-hluta. Þegar leiðrétt er fyrir innbyrðis viðskiptum er tekju- og gjaldahlíð samstæðunnar lækkuð í jöfnum hlutum og er leiðréttingin því hlutlaus gagnvart afkomunni. Umfang innbyrðis viðskipta þessara aðila er áætlað um 25 ma.kr. árið 2023.

Þjóðhagsgrunnur, m.kr.				Innbyrðis	Samstæða
	A1-hluti	A2-hluti	A3-hluti	viðskipti	
Frumtekjur	1.099.781	7.477	19.620	-11.503	1.115.375
Frumgjöld	1.125.162	11.383	14.271	-11.503	1.139.313
Frumjöfnuður	-25.381	-3.905	5.348	0	-23.938
% af VLF	-0,7%	-0,1%	0,1%	0,0%	-0,6%
Vaxtatekjur	17.466	78.534	538	-13.906	82.631
Vaxtagjöld	81.076	84.264	5.917	-13.906	157.350
Fjármagnsjöfnuður	-63.610	-5.730	-5.379	0	-74.719
% af VLF	-1,6%	-0,1%	-0,1%	0,0%	-1,9%
Heildartekjur	1.117.247	86.011	20.158	-25.410	1.198.006
Heildarútgjöld	1.206.238	95.647	20.188	-25.410	1.296.663
Heildarjöfnuður	-88.991	-9.636	-31	0	-98.658
% af VLF	-2,3%	-0,2%	0,0%	0,0%	-2,6%

Rekstraryfirlit A-hluta í heild fyrir árin 2020–2023 er að finna í meðfylgjandi töflu. Vakin er athygli á því að við vinnslu samstæðuyfirlits A-hluta í heild fyrir árið 2023 og afkomuhorfur ársins 2022 hafa innbyrðis viðskipti verið áætluð annars vegar með upplýsingum um framlög til rekstrar úr ríkissjóði úr samstæðureikningi A2- og A3-hluta sem sett er fram í kafla 6 og hins vegar með áætlun um önnur innbyrðis viðskipti miðað við sögulega þróun.

Þjóðhagsgrunnur, m.kr.	Reikn. 2020	Brb. 2021	Áætlun 2022	Frumvarp 2023
Heildartekjur	867.118	911.469	1.127.964	1.198.006
Skatttekjur	656.181	675.593	796.121	877.164
Skattar á tekjur og hagnað	287.478	281.296	353.700	384.600
Skattar á laungreiðslur og vinnuafll	9.233	8.974	10.168	11.205
Eignarskattar	10.528	9.641	11.661	10.342
Skattar á vöru og þjónustu	327.193	357.823	401.464	450.259
Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	2.575	4.272	4.475	4.627
Aðrir skattar	19.174	13.587	14.652	16.132
Tryggingagjöld	88.364	98.389	118.058	126.853
Fjárframlög	5.464	5.763	6.008	6.504
Aðrar tekjur	117.109	131.724	207.778	187.485
Eignatekjur	66.345	79.050	152.141	126.838
þ.a. vaxtatekjur	49.343	54.310	98.707	82.631
þ.a. arðgreiðslur	11.228	16.871	45.919	34.239
Sala á vöru og þjónustu	37.764	38.255	41.042	44.452
Ýmsar tekjur og óskilgreindar tekjur	13.000	14.419	14.595	16.195
Heildargjöld	1.103.292	1.177.604	1.284.412	1.296.663
Rekstrarútgjöld	1.085.347	1.143.947	1.256.212	1.270.371
Laun	229.724	248.102	268.171	280.314
Kaup á vöru og þjónustu	153.201	163.925	187.197	203.230
Afskriftir	52.116	55.497	56.711	59.489
Vaxtagjöld	106.306	121.232	195.814	157.350
Framleiðslustyrkir	52.628	44.508	61.634	56.325
Fjárframlög	405.364	423.054	402.257	425.986
Félagslegar tilfærslur til heimila	25.272	24.424	24.519	24.942
Tilfærsluútgjöld önnur en fjárframlög	60.736	63.205	59.911	62.734
Fastafjárútgjöld	17.945	33.657	28.200	26.292
Fjárfesting í efnislegum eignum	70.061	89.154	84.911	85.782
Afskriftir (-)	-52.116	-55.497	-56.711	-59.489
Frumjöfnuður	-179.211	-199.213	-59.342	-23.938
Vaxtajöfnuður	-56.963	-66.922	-97.106	-74.719
Heildarjöfnuður	-236.174	-266.135	-156.448	-98.658

8 Fjárreiður ríkisaðila í B-hluta

Flokkun ríkisaðila var breytt í fjárlögum fyrir árið 2022 til samræmis við breytingar sem gerðar voru á flokkun á starfsemi þeirra í lögum um opinber fjármál. Þær breytingar byggðu á endurskoðun Hagstofu Íslands á flokkun tiltekinna ríkisaðila/stofnanaeininga. Hluti af sjóðum þeim sem töldust áður til B-hluta flokkast nú undir A2-hluta. Enn fremur voru gerðar breytingar á skilgreiningu á B-hluta:

B-hluti. Til B-hluta teljast önnur fyrirtæki og lánastofnanir sem eru undir beinni stjórn ríkisins og rekin eru á ábyrgð ríkissjóðs og ekki teljast til A-hluta. Þessir aðilar starfa á markaði og standa að stærstum hluta undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vöru eða þjónustu til almennings og fyrirtækja.

Eftir breytingar á flokkun ríkisaðila teljast nú einungis þrjú fyrirtæki og tveir sjóðir til B-hluta. Það eru *ÁTVR, Hapdrætti Háskóla Íslands, Íslenskar orkurannsóknir, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins og Kría, sprota- og nýsköpunarsjóður* en sá sjóður hafði ekki verið stofnaður þegar Hagstofan lauk sinni vinnu við endurmatið. Flokkun Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er enn til skoðunar hjá Hagstofunni en hann hefur umsjón með rekstri og umsýslu Kríu. Kría er því látin fylgja flokkun Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins hér.

Í kafla 6 er fjallað nánar um endurflokkun á ríkisaðilum og A2- og A3-hluta ríkissjóðs en eins og að framan greinir þá flokkast hluti af þeim sjóðum sem áður töldust til B-hluta nú sem A2-hluti ríkissjóðs.

Meðfylgjandi tafla gefur yfirlit yfir nokkrar lykilstærðir úr fjárreiðum B-hluta aðila sem byggjast á fjárhagsáætlunum þeirra fyrir árið 2023. Arðgreiðslur B-hluta aðila í ríkissjóð á árinu 2023 eru áætlaðar 500 m.kr. Einungis Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins greiðir arð í ríkissjóð. Hapdrætti Háskóla Íslands greiðir 1.000 m.kr. sem renna til framkvæmda og viðhalds fasteigna Háskóla Íslands.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Hagnaður / Tap	Arður til ríkissjóðs	Fjárfesting, nettó	Veitt langtímalán
Fyrirtæki				
Hapdrætti Háskóla Íslands	1.186		295	
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	467	500	400	
Íslenskar orkurannsóknir	39		38	
Sjóðir				
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	41			100
Kría-sjóður	0			
Samtals	1.733	500	733	100

ÁTVR gerir ráð fyrir að hagnaður ársins 2023 verði tæplega 400 m.kr. lægri en áætlaðar hagnaður 2022 samkvæmt fjárlögum sem skýrist af því tekjur dragast örlítið saman á meðan útgjöld aftur á móti aukast.

Íslenskar orkurannsóknir er ekki stórt fyrirtæki í samanburði við ÁTVR og Hapdrætti Háskóla Íslands en er nefnt hér sérstaklega þar sem gert er ráð fyrir að viðsnúningur verði í

rekstrinum 2023 og afkoman verði jákvæð eftir taprekstur árið 2021 og á yfirstandandi ári ef áætlun samþykktra fjárlaga 2022 gengur eftir. Gert er ráð fyrir að launakostnaður lækki milli ára vegna aðgerða í starfsmannamálum á árinu 2021 en þeim lýkur að mestu 2022. Einnig er gert ráð fyrir samdrætti í kostnaði vegna annarra sparnaðaraðgerða og þar vega húsnæðismál þyngst.

Tveir nátengdir sjóðir teljast til B-hlutans. Annars vegar Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins sem fjárfestir í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum þar sem vænta má virðisauka og arðsemi af starfseminni fyrir íslenskt samfélag og góðrar ávöxtunar fyrir sjóðinn. Sjóðurinn áætlað að verja 350 m.kr. í fjárfestingar árið 2023, sem er 50 m.kr. aukning frá yfirstandandi ári samkvæmt fjárlögum 2022, og veita 100 m.kr. í langtímalán 2023 líkt og 2022. Hins vegar er Kría, sprota- og nýsköpunarsjóður sem hóf starfsemi árið 2021, en hann sérhæfir sig í fjárfestingum í sérhæfðum fjárfestingarsjóðum. Kría er með öðrum orðum sjóðasjóður sem fjárfestir í svokölluðum vísisjóðum. Slíkir sjóðir sérhæfa sig í að fjárfesta snemma í vaxtaferli sprotafyrirtækja sem hafa mikla vaxtamöguleika en getur þá um leið verið áhættusöm fjárfesting. Sjóðurinn áætlað að greiða 441 m.kr. af áætluðum 8.300 m.kr. heildarfjárfestingum hans á árinu 2023. Heildarfjárfestingarnar ná allt til ársins 2033.


Í meðfylgjandi töflu er samandregið rekstrar- og sjóðstreymisyfirlit fyrir ríkisaðila í B-hluta í heild. Gert er ráð fyrir að samanlagður hagnaður þessara aðila af reglulegri starfsemi dragist saman um 10% milli ára. Fjármagnsjöfnuður eykst um fjórðung milli árána en hærri verðbólga hefur haft áhrif á vaxtastig. Þegar tekið hefur verið tillit til fjárframlaga frá ríkissjóði nemur samdrátturinn 5%. *Handbært fé* frá rekstri breytist þó óverulega. Á móti minni hagnaði vegur að fjárfestingahreyfingar dragast saman, meiri fjármunum er þó varið í fjárfestingar á *varanlegum rekstrarfjármunum* á meðan flokkurinn *ávöxtunarsamningar og áhættufjármunir* minnkar um fimmtung. Þegar tekið hefur verið tillit til arðgreiðslna ÁTVR til ríkissjóðs og framlags Happraættis Háskóla Íslands til Háskóla Íslands er niðurstaðan sú að breyting á handbæru fé er óveruleg en þó jákvæð um tæpa 4 m.kr. samanbórið við tæplega 90 m.kr. samkvæmt samþykktum fjárlögum 2022.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2022	Frumvarp 2023	Breyting
Rekstraráætlun:			
Rekstrartekjur	45.366	45.416	50
Rekstrargjöld	43.705	44.004	299
Fjármagnsjöfnuður	220	277	57
Framlög í afskriftasjóð	20	15	-5
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	1.861	1.674	-188
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	60	60	0
Fengin framlög og óreglulegar tekjur	0	0	0
Veitt framlög og óregluleg gjöld	0	0	0
Hagnaður (-tap)	1.921	1.734	-188
Sjóðstreymi:			
Hagnaður (-tap)	1.921	1.734	-188
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé	353	363	10
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	71	190	119
Handbært fé frá rekstri	2.345	2.287	-59
Veitt löng lán	100	100	0
Afborganir af veittum löngum lánum	250	200	-50
Veitt stutt lán	0	0	0
Varanlegir rekstrarfjármunir, nettó	488	733	245
Ávöxtunarsamningar og áhættufjármunir, nettó	988	591	-397
Annað	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar, samtals	-1.326	-1.224	102
Tekin löng lán	0	0	0
Afborganir af teknum löngum lánum	0	0	0
Stofnframlög	438	441	3
Arðgreiðsla í ríkissjóð	500	500	0
Greitt til Háskóla Íslands	775	1.000	225
Fjármögnunarhreyfingar samtals	-837	-1.059	-222
Breyting á handbæru fé	182	4	-179
Handbært fé í ársbyrjun	2.221	2.380	159
Handbært fé í árslok	2.403	2.384	-20

Framsetning á fjárreiðum aðila í B-hluta er eins og í reikningsskilum fyrirtækja í sambærilegum rekstri og reikningsskil þeirra skulu uppfylla kröfur laga um ársreikninga.

9 Efnahagur, lántökur og endurlán

Í þessum kafla er gerð grein fyrir horfum á árinu 2023 um skuldastöðu, lánsfjárbörf, lántöku og afborganir ríkissjóðs (A1-hluta), fyrirtækja og sjóða í A2- og A3-hluta og annarra aðila sem taka lán á grundvelli sérlaga. Einnig er gerð grein fyrir þróun efnahags A1-hluta ríkissjóðs. Vísað er til 5. gr. frumvarpsins varðandi heimildir ráðherra. Um ríkisábyrgðir er fjallað í kafla 11, um fjárhagsáættu ríkissjóðs.

 <p>TREYSTA SJÁLFBÆRNI RÍKIS- FJÁRMÁLA</p>	<p>Skuldahlutfall ríkisins færast nær jafnvægi</p>	<p>Stuðla áfram að góðu lánsþæfismati og treysta aðgengi að alþjóðafjármagns- mörkuðum</p>	<p>Nýjar ríkisábyrgðir ekki veittar né útistandandi endurnýjaðar</p>
---	--	--	--

Eftir mikinn vöxt skulda á árunum 2020 og 2021 hægði á vextinum árið 2022. Útlit er fyrir að hægi enn frekar á skuldavextinum árið 2023 líkt og fjármálaáætlun sem Alþingi samþykkti í júní sl. felur í sér og raunar að skuldir ríkissjóðs lækki lítillega í hlutfalli af VLF. Á haustmánuðum ársins 2020 var gengið út frá því í ríkisfjármálaáætlun fyrir næstu árin að skuldir ríkissjóðs að frádregnum innstæðum yrðu 50% af VLF í árslok 2023. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2023 er hins vegar áætlað að skuldir ríkissjóðs verði einungis 33% í árslok 2023. Skýrist þessi mikli munur einkum af talsvert meira umfangi landsframleiðslunnar en spáð var haustið 2020, af völdum bæði meiri hagvaxtar og verðlagshækkana, sem og af sölu og mögulegri frekari sölu á eignarhlut ríkissjóðs í Íslandsbanka á næsta ári, auk þess sem vel hefur gengið að draga úr halla á frumjöfnuði ríkisrekstrarins. Landsframleiðslan hefur bæði bein áhrif á skuldahlutfallið og óbein áhrif í gegnum talsvert hærri skatttekjur sem ráðast að miklu leyti af efnahagssumsvifum. Útgjöld vegna sértækra úrræða stjórnvalda í kjölfar kórónuveirufaraldursins voru einnig minni en áætlað var í fyrstu m.a. þar sem aðgerðirnar drógu úr efnahagsamdrættinum og stuðluðu að skjótum bata. Vegna þessa hafa skuldir ríkissjóðs reynst mun lægri en óttast var um tíma og eiga að verða vel viðráðanlegar. Þær eru þó mun hærri en í árslok 2019 þegar þær voru 21,8% af VLF. Viðfangsefni næstu ára verður að lækka skuldir á nýjan leik til að lækka fjármagnskostnað, stuðla að efnahagslegum stöðugleika og getu til ríkissjóðs að takast á við efnahagsáföll.

Þróun efnahags ÍL-sjóðs er stór óvissuþáttur í langtíma þróun skulda ríkissjóðs. Efnahagur sjóðsins er bæði umfangsmikill og næmur fyrir breytingum á markaðsaðstæðum. Verðtryggingarjöfnuður sjóðsins er neikvæður svo verðbólga dregur niður afkomu sjóðsins og veikir efnahag hans. Uppsafnað yfir langt tímabil getur afkoma sjóðsins því haft verulega neikvæð áhrif á skuldastöðu ríkissjóðs þegar fram í sækir.

9.1 Horfur í lánamálum A1-hluta ríkissjóðs fyrir árið 2022

Útgáfa ríkisbréfa hefur gengið vel það sem af er árinu. Vextir hafa hækkað samhlíða væntingum um meiri hagvöxt og hærri verðbólgu en svipuð þróun hefur átt sér stað í flestum ríkjum Evrópu. Áætluð útgáfa ríkisskuldabréfa nemur 160 ma.kr. á árinu. Í lok ágúst 2022 hafa verið gefin út bréf fyrir 130 ma.kr. og eru 30 ma.kr. eftir af veittri heimild í fjárlögum. Útistandandi ríkisvixlar nema 67 ma.kr.

Fjárförf ríkissjóðs samanstendur annars vegar af lánsfjárfjöfnuði og hins vegar af afborgunum innlendra lána. Lánsfjárfjöfnuður er leiddur af handbæru fé frá rekstri að viðbættum fjárfestingahreyfingum. Aætluð fjárförf ríkissjóðs á árinu 2022 hefur lækkað um 65 ma.kr. frá útgáfu fjárlaga ársins 2022. Eins og sagði í inngangi kaflans er helsta ástæða þess meiri tekjuvöxtur en áætlað var og minni þörf á stuðningsaðgerðum eftir heimsfaraldur en við það bætast skipti á stuttum ríkisskuldabréfum fyrir lengri sem dregur úr afborgunum og fjárförf ársins. Fyrirhugað er að lækka innstæður ríkissjóðs í krónum í Seðlabankanum um 16 ma.kr. í 40 ma.kr. á árinu sem dregur fjárförf niður um samsvarandi upphæð. Þrátt fyrir batnandi greiðsluafkomu er áfram gert ráð fyrir útgáfu ríkisbréfa fyrir um 160 ma.kr. en dregið hefur úr þörf á að beita öðrum leiðum til fjármögnunar eins og útgáfu ríkisvixla, sölu gjaldeyris eða öðru frá því fjárlög ársins voru gerð.

9.2 Heildarlánsfjárförf ríkissjóðs, fyrirtækja og sjóða árið 2023

Útlit er fyrir að afkoma ríkissjóðs batni enn frekar árið 2023 og að afborganir innlendra lána verði af svipaðri stærðargráðu og árið 2022. Lánsfjárförf A1-hluta ríkissjóðs lækkar af þessum sökum á milli ára um 46 ma.kr. Þrátt fyrir batnandi afkomu er gert ráð fyrir að skuldir aukist enn um 59 ma.kr. á næsta ári. Gangi þjóðhagsspáin eftir, sem frumvarpið byggist á, lækka þó skuldahlutföll ríkissjóðs hvort sem litið er til brúttó- eða nettóskulda í hlutfalli af VLF. Í 5. gr. frumvarpsins er sótt um heimild fyrir allt að 220 ma.kr. lántöku ríkissjóðs. Einnig er sótt um heimild fyrir allt að 100 ma.kr. lántöku til að mynda í því skyni að efla gjaldeyrisforða eða endurfjármagna eldri lán, verði það talið hagkvæmt.

Gert er ráð fyrir að stærstum hluta fjárþarfar ríkissjóðs verði mætt með útgáfu ríkisskuldabréfa á innanlandsmarkaði. Mikil fjárförf undanfarinna ára hefur gert það að verkum að ríkissjóður hefur verið fyrirferðarmikill á lánsfjármörkuðum. Með minnkandi fjárförf dregur smám saman úr óhjákvæmilegum ruðningsáhrifum á aðra útgefendur skuldabréfa. Ríkissjóður hefur aðgang að fjölbættum öðrum fjármögnunarkostum, þar með talið erlendri lántöku, hagnýtingu gjaldeyrisforða auk sölu eigna og fleira. Ekki er gert ráð fyrir frekari lántökum frá ÍL-sjóði en þær námu samtals 190 ma.kr. á árunum 2020 og 2021.

Haustið 2021 gaf fjármála- og efnahagsráðuneytið út sjálfbæran fjármögnunarramma sem gefur ríkissjóði m.a. færi á að gefa út græn skuldabréf innan lands eða erlendis sem myndu fjármagna skilgreind græn verkefni eða fjárfestingar. Útgáfa grænna skuldabréfa hefur verið til skoðunar og er stefnt að slíkri útgáfu á næstunni.

Á næstu árum má reikna með því að útstandandi veitt lán úr ríkissjóði vaxi nokkuð hratt. Helsta ástæða þess er að nýtt húsnæðislánakerfi verður fjármagnað með lánveitingum í stað eigin útgáfu áður. Þessi breyting leiðir til samsvarandi aukningar á útgáfuþörf ríkissjóðs. Sérstaklega verða lánveitingarnar miklar á fyrstu árum uppbyggingar nýs kerfis þar til hægt verður að fjármagna ný útlán sjóðsins með endurgreiðslum eldri lána.

9.3 Sjóðstreymi og lánsfjárförf A1-hluta ríkissjóðs

Handbært fé frá rekstri er það fé sem regluleg starfsemi ríkisins skilar þegar frá eru taldar rekstrarfærðar tekjur og gjöld sem ekki koma til innheimtu eða útgreiðslu á árinu. Áætlað er að á árinu 2022 verði handbært fé frá rekstri ríkissjóðs (A1-hluta) neikvætt um 103 ma.kr. og neikvætt um 56 ma.kr. árið 2023.

Fjárfestingar og sala á efnislegum eignum, lánveitingar, arðgreiðslur o.fl. teljast til fjárfestingahreyfinga sjóðstreymis. Við útgáfu frumvarpsins hefur ríkissjóður selt samtals 57,5% hlut í Íslandsbanka. Ríkissjóður heldur því enn á 42,5% hlut í bankanum. Salan á bankanum væri mikilvægur þáttur í virkri stýringu á efnahag ríkisins. Með áframhaldandi sölu væri hægt að auka sjóðstreymi til ríkisins, minnka lánsfjárförf og skuldsetningu með þeim

kostnaði og áhættu sem henni fylgir. Útlit er fyrir að fjárfestingahreyfingar verði jákvæðar um samtals 14 ma.kr. árið 2023 sem er svipuð niðurstaða og árið 2022. Á næsta ári vegur þýngst möguleg sala Íslandsbanka og á móti fjárfestingarframlög til framkvæmdaverkefna á ýmsum málefnasviðum. Til fjárfestingahreyfinga teljast einnig veitt lán, móttækinn arður og afborganir af veittum lánum, fyrirframgreiðslur ríkissjóðs vegna ófjármagnaðra lífeyrisskuldbindinga B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem nema 8 ma.kr. á næsta ári og eiginfjárfrelög og hlutabréfakaup.

Áætlað er að hreinn lánsfjárfjöfnuður, þ.e. það fé sem má nýta til að greiða niður skuldir án þess að ganga á handbært fé þegar hann er jákvæður eða það fé sem taka þarf að láni til þess að fjármagna hallarekstur að frádregnum fjárfestingahreyfingum þegar hann er neikvæður, verði neikvæður um 88 ma.kr. á árinu 2022. Á árinu 2023 er gert ráð fyrir að staðan batni talsvert og hreinn lánsfjárfjöfnuður verði neikvæður um 43 ma.kr. Hreinn lánsfjárfjöfnuður að viðbættum afborgunum ársins og að teknu tilliti til hreyfinga á innstæðum og víxlum segir til um þörf fyrir að taka langtímalán á árinu.


<u>Sjóðstreymi ríkissjóðs (A1-hluta), m.kr.</u>	<u>Fjárlög 2022</u>	<u>Áætlun 2022</u>	<u>Frumvarp 2023</u>
Handbært fé frá rekstri	-150.533	-102.982	-56.627
<i>Fjárfestingarhreyfingar</i>			
Fjárfesting	-71.382	-65.382	-64.463
Sala eigna	75.700	75.700	75.800
Veitt löng lán	-29.288	-36.288	-29.528
Innheimtar afborganir af veittum lánum	4.761	3.850	7.053
Móttækinn arður	31.752	45.919	34.239
Fyrirframgreiðsla til LSR	-8.000	-8.000	-8.000
Eiginfjárfrelög og hlutabréfakaup	-1.218	-1.218	-1.412
Fjárfestingarhreyfingar samtals	2.325	14.581	13.689
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	-148.208	-88.401	-42.938
<i>Fjármögnunarhreyfingar</i>			
Tekin langtímalán	320.750	250.530	135.342
<i>þar af innlend</i>	<i>246.050</i>	<i>180.875</i>	<i>135.342</i>
Afborganir af teknum lánum	-184.041	-181.649	-96.563
<i>þar af innlendur</i>	<i>-98.900</i>	<i>-100.574</i>	<i>-96.563</i>
Fjármögnunarhreyfingar samtals	136.709	68.881	38.779
Breyting á handbæru fé	-11.499	-19.520	-4.159

Fjármögnunarhreyfingar gera grein fyrir áhrifum á sjóðstöðu af lántöku og afborgunum af lánum ríkissjóðs. Í 5. gr. frumvarpsins er sótt um heimild til allt að 220 ma.kr. lántöku ríkissjóðs til fjármögnunar á fyrrgreindum neikvæðum lánsfjárfjöfnuði og afborgunum lána. Heimildin inniheldur einnig möguleikann á grænni lántöku sem aðeins myndi mæta fjárförf ríkissjóðs að hluta innan ársins.

Þegar lagður er saman hreinn lánsfjárfjöfnuður og fjármögnunarhreyfingar fæst breyting á handbæru fé. Í áætlanagerðinni fyrir árið 2023 er gengið út frá því að handbært fé í krónum talið taki ekki teljandi breytingum.

9.4 Skuldir, kröfur og hrein staða ríkissjóðs

Skuldir flestra ríkja hafa hækkað hratt undanfarin tvö ár eftir að hagkerfi heimsins lokuðust, þau urðu fyrir tekjufalli og kostnaðarsamar stuðningsaðgerðir fylgdu í kjölfarið. Ísland er ekki undanskilið. Brúttóskuldir ríkissjóðs eru áætlaðar 1.607 ma.kr. í árslok 2023. Í hlutfalli af VLF verða skuldirnar þó aðeins um helmingur af hágildi sínu árið 2011 þegar þær fóru upp í 83% af VLF samanborið við 42% í árslok 2023 gangi forsendur frumvarpsins eftir. Í gildandi fjármálaáætlun tekur skuldahlutfallið ekki miklum breytingum og lækkar lítillega undir lok áætlunartímabilsins. Í samanburði við önnur Evrópulönd eru skuldir Íslands undir meðaltali. Hlutfallslegur kostnaður skulda er þó hvergi hærri innan Evrópu en á Íslandi enda hefur hagvöxtur að jafnaði verið hærri á Íslandi um langa hríð sem hefur þrýst upp bæði verðbólgu og raunvöxtum. Þess vegna er til mikils að vinna að lækka skuldir ríkissjóðs svo hægt verði að nota fjármagn sem annars hefði farið í greiðslu vaxtagjalda í rekstur ríkissjóðs eða arðbærar fjárfestingar. Á eftirfarandi mynd eru skuldir ríkissjóðs settar fram í samræmi við lög um opinber fjármál en þær lækka lítillega í hlutfalli af VLF á árinu 2023 miðað við forsendur frumvarpsins.




Stækkandi umsvif lánasjóða sem fjallað er um í kafla 9.2 hefur í för með sér nokkrar breytingar í efnahag ríkissjóðs. Í fyrsta lagi eiga útistandandi lánveitingar ríkissjóðs eftir að vaxa hratt á komandi árum. Í öðru lagi kalla auknar lánveitingar á auknar lántökur hjá ríkissjóði að öðru óbreyttu. Í þriðja lagi hefur nýtt kerfi áhrif á samsetningu peningalegra eigna sem taka þarf með í reikninginn í skulda- og áhættustýringu ríkissjóðs. Lánveitingar lánasjóðanna hafa ákveðna eiginleika eins og tímalengd og fleira sem æskilegt er að lántökur ríkissjóðs miðist við að einhverju marki til að lágmarka áhættu ríkissjóðs.

Hrein staða ríkissjóðs hefur versnað samhliða hallarekstri undanfarinna ára. Hægt er að skilgreina hreina stöðu á ýmsa vegu. Í eftirfarandi töflu er hún samsett úr veittum lánum og innstæðum og nettóstöðu á viðskiptareikningum ríkissjóðs að frádregnum skuldum. Hrein staða verður helst fyrir áhrifum frá annars vegar greiðsluafkomu ríkissjóðs og hins vegar fjárfestingarhreyfingum en einnig verðbólgu og gengisbreytingum. Með batnandi afkomu og hagvexti batnar hrein staða ríkissjóðs um 1% af VLF á árinu 2023. Sala á öllum eignarhlutum ríkissjóðs í Íslandsbanka hefði einnig bein áhrif á hreina stöðu þar sem hún drægi úr lánsfjárförf ríkissjóðs.

Eftirfarandi mynd sýnir helstu þætti sem hafa áhrif á skuldaþróunina árin 2022 og 2023. Framlag hagvaxtar og sala eignarhluta ríkissjóðs í Íslandsbanka hefðu áhrif til lækkunar skuldahlutfallsins en neikvæður frumjöfnuður, vaxtabyrði og aðrar hreyfingar hafa áhrif til hækkunar. Framlag hagvaxtar og sölu á eignarhlut í Íslandsbanka er meira en annarra liða sem leiðir til lækkunar skuldahlutfallsins um 0,4 prósentustig af VLF árið 2023. Sala á eignarhlut í Íslandsbanka yrði ekki viðvarandi þáttur í fjármögnun ríkissjóðs og mun því vera nauðsynlegt að halda áfram að bæta undirliggjandi afkomu ríkissjóðs á næstu árum til þess að ná megi markmiðum fjármálastefnu um að stöðva vöxt skulda sem hlutfall af VLF eigi síðar en árið 2026. Það er forsendan fyrir því að hlutfallið geti farið að lækka aftur í samræmi við fjármálareglur laga um opinber fjármál. Þrátt fyrir neikvætt framlag frumjafnaðar á árinu 2023 þá minnkar það frá árinu áður og hefur í raun lítil áhrif á skuldaþróun á árinu. Athygli vekur hvað framlag vaxtabyrði er stórt. Á meðan svo er þurfa aðrir liðir að bæta það upp ef skuldir eigi að teljast sjálfbærar til lengri tíma. Af þessu má ráða, eins og nefnt var fyrr í þessum kafla, að það er til mikils að vinna að ná niður vaxtabyrði ríkissjóðs.

Minni hallarekstur og hagvöxtur skýra lækkun skulda 2023

Framlag liða til breytinga í skuldahlutfalli ríkissjóðs milli ára, í VLF prósentustigum



Yfirlit eigna og skulda ríkissjóðs

Stöðutölur í m.kr. á verðlagi í lok hvers árs	2019	2020	2021	Áætlun 2022	Frumvarp 2023
Skuldir ríkissjóðs	905.830	1.244.558	1.461.867	1.548.272	1.607.327
Ríkisbréf, ríkisvixlar og spariskírteini	664.244	844.799	873.320	979.033	1.035.378
Aðrir innlendir aðilar	34.241	133.670	223.102	233.644	239.751
Erlend lán	186.634	245.858	344.100	313.446	308.715
Áfallnir ógjaldfallnir vextir	20.711	20.231	21.345	22.150	23.483
Kröfur ríkissjóðs	151.434	182.083	150.008	180.645	211.466
Veitt lán	70.699	71.456	76.505	92.432	119.094
Viðskiptareikningur, nettó	80.735	110.627	73.503	88.213	92.372
Hreinar lántökur ríkissjóðs	754.396	1.062.475	1.311.859	1.367.628	1.395.861
Handbært fé vegna gjaldeyrisvaraforða	151.469	214.152	304.564	276.038	272.189
Handbært fé, annað, nettó	69.460	134.615	56.468	40.000	35.841
Hrein staða ríkissjóðs	-533.467	-713.708	-950.827	-1.051.590	-1.087.831
Hlutfé, eignarhlutir, stofnfé og stöðugleikaframlög	906.811	906.811	852.311	777.829	703.441
Hrein staða ríkissjóðs að teknu tilliti til eigna	373.344	193.103	-98.516	-273.761	-384.390
Skuldir ríkissjóðs m.v. skuldareglu	664.190	875.560	1.079.490	1.210.085	1.275.814

Í hlutfalli af VLF (%)

Skuldir ríkissjóðs	29,7	42,5	45,2	42,8	41,6
Kröfur ríkissjóðs	5,0	6,2	4,6	5,0	5,5
Hrein staða ríkissjóðs að teknu tilliti til eigna	12,3	6,6	-3,0	-7,6	-10,0
Skuldir ríkissjóðs m.v. skuldareglu	21,8	29,9	33,4	33,4	33,0

Lánshæfi ríkissjóðs. Langtímalánshæfismat ríkissjóðs hefur haldist óbreytt í A-flokki hjá matsfyrirtækjunum þremur, Moody's, Standard & Poors og Fitch Ratings. Fitch Ratings færði lánshæfi ríkissjóðs í neikvæðar horfur í kjölfar efnahagsáfallsins á vormánuðum ársins 2020 en breytti þeim aftur í stöðugar í mars 2022 vegna viðnámsþróttar efnahagslífsins og væntinga um hagvaxtarbata. Önnur matsfyrirtæki hafa haldið horfum óbreyttum sem stöðugum. Ráðstafanir í efnahags- og ríkisfjármálum, stefnufesta, hröð niðurgreiðsla skulda í kjölfar fjármálaáfallsins og afnám gjaldeyrishafta, hafa átt sinn þátt í hagstæðri þróun lánshæfismats á síðustu árum. Gott lánshæfi leiðir að óbreyttu til betri kjara fyrir ríkissjóð og aðra innlenda aðila á erlendum fjármagnsmörkuðum. Mikilvægt er því að vinna áfram að því meginmarkmiði í skuldastýringu að lágmarka fjármagnskostnað og áhættu, viðhalda sjálfbærni skulda ríkissjóðs og leita leiða til að endurfjármagna skuldir á hagstæðari kjörum þegar tækifæri gefast.

9.5 Lántökur ríkisfyrirtækja og sjóða – ríkisábyrgðir

Í 5. gr. frumvarpsins er sett hámark á lánveitingaheimildir ríkissjóðs til A2-hluta aðila vegna útlána þeirra og A3-hluta aðila vegna fjárfestingaverkefna sem kveðið er á um í sérlögum. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2023 er þetta hámark 41,5 ma.kr. fyrir A2- og A3-hluta aðila auk 40 ma.kr. fyrir Landsvirkjun.

Ekki er gert ráð fyrir veitingu nýrra ríkisábyrgða til fyrirtækja og sjóða í eigu ríkisins en

endurlán koma í þeirra stað. Hér á eftir eru settar fram þær lántökuheimildir sem lagt er til að verði veittar skv. 5. gr. Nánari greinargerð um fjárreiður annarra ríkisaðila er í 6. kafla frumvarpsins.

Í milljörðum króna	2022	2022	2023
	Heimild	Horfur	Heimild
Betri samgöngur	4,0	4,0	4,0
Byggðastofnun	3,0	3,0	3,0
Fasteignafélag Háskóla Íslands ehf.	3,5	3,5	2,0
Fjárföng ehf.	1,5	1,5	1,5
Húsnæðissjóður	25,4	16,0	18,0
Menntasjóður námsmanna	10,3	8,5	10,0
Lánveitingar, samtals	47,7	36,5	38,5

10 Heimildir ráðherra

Í 40. gr. stjórnarskrár Íslands, nr. 33/1944, segir að ekki megi selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild. Enn fremur segir í 46. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál, að afla skuli heimilda í lögum til að kaupa, selja, skipta eða leigja til langs tíma fasteignir, skip og flugvélar, söfn og safnhluta sem hafa að geyma menningarverðmæti, eignarhluti ríkisins í félögum og aðrar eignir sem verðgildi hafa. Lagaheimildir til þessara ráðstafana eru venju samkvæmt veittar í 6. gr. fjárlaga að undangengnu samráði við þá ríkisaðila sem bera ábyrgð á þeim málaflökkum sem um ræðir.

Heimildum fjármála- og efnahagsráðherra er skipt í sjö flokka og eru þær alls 136 talsins. Heimildirnar skiptast þannig að tvær heimildir eru til eftirgjafar gjalda, 39 til sölu fasteigna, 26 til ráðstöfunar lóða, spildna og jarða, 27 til kaupa og leigu fasteigna, 14 til kaupa og sölu hlutabréfa og annarra ráðstafana vegna umsýslu félaga, sex til samningsgerðar um framkvæmdir, rekstur og afmörkuð verkefni og ýmsar heimildir eru 22 talsins. Í frumvarpinu er lagt til að fjárheimild vegna útgjalda sem kunna að falla til vegna heimildargreinarinnar nemi 298,8 m.kr. Ástæða er til að benda á að áætlað heildarumfang greinarinnar næmi hins vegar mun hærri fjárhæð væri ákveðið að nýta allar heimildir til fulls.

Heildarumfang áætlaðra söluheimilda sem koma fram í heimildagreininni er umtalsvert eða um 180–230 makr. sem ná til hlutfélaga í eigu ríkisins ásamt fasteignum og jörðum. Þá er áætlað að heildarumfang vegna kaupa eða leigu gæti numið um 25,5 ma.kr. Þótt tiltekin heimild sé veitt vegna kaupa, sölu eða leigu þarf það þó ekki að fela í sér að sú heimild verði í raun nýtt á fjárlagaárinu. Hér er því aðeins verið setja fram upplýsingar um áætlað hámark á heildarumfangi heimildargreinarinnar.

Í fyrsta flokki er heimild fjármála- og efnahagsráðherra til að fella niður virðisaukaskatt af efniskostnaði og sérfræðipjónustu sem keypt er fyrir styrktarfé vegna rannsóknar Hjartaverndar á heilbrigði öldrunar. Í þessum flokki er einnig að finna heimild til að endurgreiða virðisaukaskatt af sérhæfðum íþróttabúnaði fyrir fatlaða íþróttamenn. Báðar heimildirnar eru óbreyttar frá fyrra ári.

Í öðrum flokki eru heimildir til sölu fasteigna. Flestar heimildirnar í þessum flokki eru til sölu á húsnæði sem er óhentugt eða nýttist ekki lengur í ríkisrekstrinum. Almennar heimildir eru í 2.1–2.4 sem ætlað er að veita svigrúm til að endurskipuleggja húsnæðismál stofnana og annarra ríkisaðila í tengslum við skipulagsbreytingar sem eiga sér stað í viðkomandi málaflökkum. Aðrar heimildir eru til sölu á einstökum eignum, einkum á höfuðborgarsvæðinu, sem endurnýjaðar eru frá fyrra ári. Nokkrar heimildir hafa verið nýttar frá fyrra ári og falla því brott. Heimild 2.36 er ný þar sem lagt er til að nýstofnuðu fasteignafélagi sem komið var á fót vegna umsýslu fasteigna hjá Háskóla Íslands verði heimilt að ganga til samninga við Félagstofnun stúdenta um ráðstöfun íbúða sem er á stúdentagörðunum við Eggertsgötu sem hafa tilheyrt háskólanum. Heimild 2.37 varðar umsýslu á fasteignum Stjórnarráðsins við Rauðarárstíg og Skuggasund sem eru orðnar óhentugar fyrir starfsemina. Ekki hefur verið tekin formleg ákvörðun um sölu eignanna en ljóst er að annað hvort þarf að ráðast í gagngerar endurbætur á eignunum eða ráðstafa með öðrum hætti. Með heimild 2.38 er lagt til að söluheimildar sé aflað á íbúðarhúsum á Ísafirði og Kirkjubæjarklaustri sem eru óhentug eða nýtast ekki. Með heimild 2.39 er lagt til að heimildar verði aflað til sölu á fasteignum ríkisins við Sogn í Ölfusi sem í dag eru nýttar undir fangelsi. Til skoðunar er að leggja starfsemina af í Sogni og byggja í staðinn upp aukna aðstöðu á Kvíabryggju þar sem rekið er opið fangelsi líkt og á Sogni en með öðrum áherslum. Áætlað heildarumfang vegna sölu á fasteignum

ríkisins samkvæmt heimildum í þessum flokki er um 29 ma.kr. Gert er ráð fyrir að sala á fasteignum fyrir allt að 6 ma.kr. geti raungerst árið 2023 og munar þar mest um fyrirhugaða sölu á eignum ríkisins við Laugaveg.

Þriðji flokkurinn felur í sér heimildir til ráðstöfunar lóða, spildna og jarða. Heimildirnar eru margar óbreyttar frá fyrra ári og flestar til komnar vegna almennrar umsýslu ríkisjarða. Heimild 3.15 er endurnýjuð vegna aukinnar þarfar á að ríkið kaupi jarðir eða jarðahluta vegna náttúruverndarsjónarmiða eða annarrar hagnýtingar á grundvelli almannahagsmuna. Heimildir 3.22–3.25 eru nýjar og tengjast jörðum þar sem ábúð eða leigu hefur lokið og því þörf á að taka ákvörðun um ráðstöfun jarðanna til framtíðar, annað hvort með leigu eða sölu. Heimild 3.26 varðar áformaða sölu á íbúðarhúsi til ábúanda á ríkisjörðinni Eystri-Ásum en húsið er í sameiginlegri eigu ríkis og ábúandans á leigulöð innan jarðarinnar. Heimild 3.27 varðar áform um uppbyggingu á nauðsynlegum innviðum við Jökulsárslón í þágu náttúruverndar eða ferðamennsku. Jökulsárslón er ein af helstu náttúruperlum landsins enda einn af fjölsóttustu ferðamannastöðum hérlendis. Núverandi innviðir við Jökulsárslón anna ekki þeim fjölda ferðamanna sem heimsækja svæðið og er unnið að greiningu á því hvernig heppilegast verði staðið að uppbyggingu á svæðinu á grundvelli nýlegra laga um nýtingu á landi í eigu ríkisins í atvinnuskyni. Áætlað er að heildarumfang vegna sölu á lóðum, spildum og jörðum samkvæmt heimildum í þessum flokki geti numið allt að 3 ma.kr. Hins vegar er aðeins gert ráð fyrir að sala fyrir allt að 350 m.kr. geti raungerst árið 2023.

Í fjórða flokki eru heimildir til að kaupa og leigja fasteignir. Flestar þeirra eru óbreyttar frá fyrra ári og skýra sig að mestu sjálfar. Gerð er breyting á heimild 4.24 frá fyrra ári sem varðar fasteignaumsýslu Fasteigna Háskóla Íslands ehf. sem nýlega var komið á fót. Í samræmi við heimild 4.25 er til skoðunar að leigja eða kaupa húsnæði undir heimavist á vegum Fjölbrautaskóla Suðurlands. Heimild 4.26 varðar húsnæðisþarfir hjá varaeyntakafni Landsbókasafns Íslands. Núverandi húsnæði varasafnsins sem er í gamla héraðsskólanum í Reykholti í Borgarfirði er fullnýtt og þykir einnig óhentugt. Heimild 4.27 varðar húsnæðismál Listasafns Íslands en mikilvægt er að hafin verði heildstæð skoðun á geymsluþörfum safnsins. Jafnframt þarf að skoða áætlanir varðandi nýtingu á Laufásvegi 14 og Bergstaðastræti 74 og hvort þær eignir verði nýttar til framtíðar undir starfsemi safnsins eða hvort hagkvæmara sé að ráðastafa þeim með öðrum hætti. Áætlað heildarumfang vegna kaupa á fasteignum er um 500 m.kr. Þá er áætlað að heildarumfang vegna leigu á fasteignum undir starfsemi ríkisins gæti verið um 25 ma.kr. sem miðast við núvirta samningsskuldbindingu til 25 ára. Af áætlaðri heildarskuldbindingu vegna leigu er miðað við að allt að 10–11 ma.kr. gætu raungerst á árinu 2023.

Í fimmta flokki er fjallað um heimildir til að kaupa og selja hlutabréf og aðrar sambærilegar ráðstafanir. Óskað er eftir endurnýjuðum heimildum til sölu á þeim eignarhlutum ríkisins í fjármálafyrirtækjum og sparisjóðum sem ríkissjóður eignaðist í kjölfar falls fjármálakerfisins haustið 2008. Gerð er breyting á heimild 5.12 frá fyrri ári þar sem almenn heimild er veitt til að auka við hlutafé í opinberum félögum til að styrkja fjárfestingargetu eða bregðast við meiri háttar rekstrarvanda. Til greina kemur að auka við hlutafé Öryggisfjarskipta ehf. sem er í eigu ríkissjóðs og Neyðarlínunnar til að félagið hafi burði til að ráðast í nauðsynlega uppbyggingu á fjarskiptainnviðum. Einnig er gerð breyting á heimild 5.13 frá fyrra ári sem varðar umsýslu á vegum fasteignafélags Háskóla Íslands. Til skoðunar er að útvíkka hlutverk félagsins þannig að það taki einnig til umsýslu fasteigna undir starfsemi annarra háskóla eins og Listaháskóla Íslands sem áformað er að koma fyrir í Tollhúsinu við Tryggvagötu. Heimildin tengist 10. lið 5. gr. fjárlaga þar sem lagt er til að heimilt verði að endurlána fasteignafélaginu 2. ma.kr. til að hefja endurbyggingu Tollhússins undir starfsemi Listaháskólans. Áætlaður stofnkostnaður við verkefnið er talinn vera í kringum 11,5 ma.kr. en áætlunargerð er skammt á veg komin. Þá er heimild 5.15 ný sem varðar þá beiðni Vegagerðarinnar að slíta eignarhaldsfélagi um Herjólf

sem komið var á fót á sínum tíma. Félagið er skráð eigandi að fasteignum sem tengjast rekstri ferjunnar. Eignir félagsins eru sérhæfðar eignir fyrir siglingar Herjólfss sem Vegagerðin hefur umsjón með. Áætlað heildarumfang vegna sölu á hlutafélögum í eigu ríkisins samkvæmt heimildum í þessum flokki er um 150–200 ma.kr. og munar þar mest um eignarhlut ríkisins í fjármálafyrirtækjum.

Í sjötta flokki eru heimildir vegna samninga um framkvæmdir, rekstur og afmörkuð verkefni á vegum ríkisins. Heimildir 6.1–6.4 eru endurnýjaðar frá fyrra ári og eru til komnar sökum þess að talið er að fimm ára samningstími, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 40. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, sé of skammur þegar kemur að kaupum á þessari tilteknu þjónustu. Í samræmi við 2. mgr. 40. gr. laganna þarf heimild þingsins til að semja megi til lengri tíma en fimm ára enda eigi þau skilyrði við sem þar koma fram. Heimildir 6.5 og 6.6 eru nýjar og varða annars vegar áform um að ganga til samninga um hýsingu og rekstur á fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins til allt að tíu ára og hins vegar samning um varnarbúnað og þjónustu tengda honum fyrir starfsemi lögreglunnar til allt að tíu ára. Varðandi útboð á samningi um hýsingu og rekstur á fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins er um að ræða umfangsmikið og tæknilega flókið kerfi sem aðeins er skipt um á marga ára fresti og því talið hagkvæmara að samningurinn geti gilt til lengri tíma. Varðandi útboð á varnarbúnaði er m.a. um að ræða kaup á vestum og hjálmum og öðrum sérhæfðum búnaði fyrir lögregluna ásamt ábyrgðum og þjónustu við þann búnað. Um er að ræða sérhæfða söluaðila og talið hagkvæmara að samningar við slíka aðila geti gilt til lengri tíma en fimm ára.

Í sjöunda flokki eru ýmsar heimildir sem nær allar eru óbreyttar frá fyrra ári. Heimild 7.9 varðar heimild til að leigja eða kaupa skip til siglinga á Breiðafirði. Samningur er við núverandi þjónustuaðila um ferjusiglingar milli Brjánslækjar og Stykkishólms á árinu 2023 en ekki er gert ráð fyrir að endurnýja þann samning. Huga þarf að leigu eða kaupum á skipi sem þjónustað getur leiðina eftir að gildandi samningur rennur sitt skeið. Ljóst er að kaup eða leiga á nýrri ferju verða þó ekki fjármögnuð á grundvelli þeirra fjárveitinga sem liggja að baki heimildagreininni og því þyrfti að fjármagna það með hefðbundnum hætti á málaefnasviði samgangna. Heimild 7.23 tengist alþjóðaskuldbindingum en fyrirhugað er að auka hlut Íslands í Norræna þróunarsjóðnum (NDF) fyrir allt að 66 m.kr. í samræmi við ákvörðun stjórnar sjóðsins.

11 Fjárhagsáhætta ríkissjóðs

Fjárhagsáhætta ríkissjóðs, sem á rætur að rekja til beinna og óbeinna skuldbindinga hans og ytri áhættu- og óvissuþátta, getur haft umtalsverð áhrif á afkomu ríkissjóðs til skemmri og lengri tíma. Heimsfaraldur kórónuveirunnar er glöggt dæmi um ytri óvissuþátt sem valdið hefur skyndilegum og ófyrirséðum neikvæðum áhrifum á fjárhag ríkisins, bæði vegna tekjutaps og útgjaldaaukningar. Hér er fjallað í stuttu máli um helstu áhættuþætti sem ríkissjóður stendur frammi fyrir á árinu 2023. Ítarlegri umfjöllun um fjárhagsáhættu ríkissjóðs er að finna í fjármálaáætlun fyrir árin 2023–2027.

Auknar skuldir ríkissjóðs undanfarin rúm tvö ár og áætlanir um frekari lántökur og vöxt skulda á næstu árum fela í sér að efnahagsreikningur ríkissjóðs verður viðkvæmari fyrir áföllum og útsettari fyrir markaðsáhættu, svo sem breytingum á vöxtum, gengi krónunnar og verðbólgu. Hækkandi vextir eins og gert er ráð fyrir í þjóðhagsspa og meiri skuldsetning leiða af sér aukinn kostnað við fjármögnun ríkissjóðs. Endurfjármögnunaráhætta eykst einnig með aukinni skuldsetningu en það er sú áhætta ríkissjóðs að ekki takist að sækja nýtt lánsfé til að fjármagna eldri lán á gjaldþaga. Til þessa hefur tekist vel til við að fjármagna hallarekstur ríkissjóðs, m.a. með sölu eigna og lántöku hjá ÍL-sjóði, og hefur aukinn þróttur hagkerfisins jákvæð áhrif á stöðu ríkissjóðs og lánsfjárförf á næsta ári eins og reyndin hefur verið á þessu ári. Þá hefur verið og verður áfram markvisst unnið að því að lágmarka þessa áhættuþætti, m.a. með því að lengja endurgreiðsluferil skulda og jafna hann eins og kostur er ásamt því að treysta áframhaldandi aðgengi að innlendum og erlendum lánamörkuðum.

Áhætta ríkissjóðs af verðbólgu er bæði til staðar í rekstri og efnahag. Á gjaldahlið kemur hún helst fram í hækkun vaxtagjalda í gegnum verðbætur á verðtryggð lán og hærri vöxtum við endurfjármögnun. Verðbólga hefur svo jákvæð áhrif á vaxtatekjur þar sem hluti eigna er verðtryggður en þó í talsvert minni mæli en á gjaldahlið og áhrif verðbólgu á vaxtjöfnuð því neikvæð. Áhrif verðbólgu koma einnig fram í hærri skatttekjum en á móti með áþekkingu hætti í auknum útgjöldum vegna launa- og verðlagshækkana í rekstri og verkefnum, auk hækkana á bóttum tilfærslukerfa. Endanleg áhrif á afkomu geta verið óvissari og ekki endilega þau sömu til skemmri og lengri tíma. Eins og efnahagur ríkissjóðs stendur í dag eru áhrif verðbólgu á hann neikvæð þar sem verðtryggðar skuldir eru talsvert hærri en verðtryggðar eignir. Það felst því áhætta í mikilli verðbólgu fyrir ríkissjóð og hagsmunir hans eru best varðir með því að halda henni í skefjum.

Helstu óbeinu skuldbindingar ríkissjóðs felast í veittum ríkisábyrgðum. Dregið hefur úr útistandandi ríkisábyrgðum á síðustu árum í samræmi við stefnu í málaflöknum og námu þær um 841 ma.kr. um mitt árið 2022 sem samsvarar 23% af VLF en voru 845 ma.kr. í lok síðasta árs. Ekki er gert ráð fyrir að gefnar verði út nýjar ríkisábyrgðir umfram þær sem veittar hafa verið vegna kórónuveirufaraldursins en þær ábyrgðir voru ætlaðar til skemmri tíma. Í febrúar síðastliðnum sagði flugfélagið Icelandair upp ríkisábyrgð vegna lánalínu og því hafa veittar ábyrgðir vegna kórónuveirufaraldurs þegar lækkað sem því nemur. Eftir standa ábyrgðir vegna viðbótar- og stuðningslána sem veitt voru til fyrirtækja í faraldrinum. Skuldir ÍL-sjóðs eru í formi afborgunarbréfa og hefur uppreiknað nafnvirði skulda sem ábyrgðin tekur til lækkað samhliða hóflegri verðbólgu síðustu ára. Há verðbólga undanfarna mánuði hefur hins vegar lækkað höfuðstól skulda á milli tímabila þrátt fyrir afborganir en ábyrgðir vegna skulda ÍL-sjóðs eru langstærsti hluti veittra ábyrgða, eða 87%.

Breytt flokkun opinberra lánasjóða og fyrirtækja leiðir til þess að flestir þessara aðila færast inn í A-hluta ríkissjóðs og skuldir þeirra eru þá taldar með skuldum ríkissjóðs. Í þeim samamburði væri rétt að leiðrétta framsetningu ríkisábyrgða á móti. Í töflunni hér að neðan má

sjá þróun veittra ríkisábyrgða síðustu ár ásamt framsetningu ríkisábyrgða að teknu tilliti til breyttrar flokkunar. Eins og sjá má í töflunni fer staða veittra ríkisábyrgða úr 841 ma.kr. í 40 ma.kr. eða úr 23% í 1% af VLF í nýrri framsetningu. Hafa verður í huga að þegar horft er til skuldareglu laga um opinber fjármál hefur þessi breyting þó ekki áhrif því hún tekur aðeins til skulda A1-hluta ríkissjóðs.

Verulega hefur dregið úr útistandandi ríkisábyrgðum á síðustu árum¹

Eftirstöðvar ríkisábyrgða	2019	2020	2021	F2 2022	af heild	Ný flokkun	
						F2 2022	af heild
ÍL-sjóður	753.380	731.917	718.952	729.333	87%	0	0%
Landsvirkjun hf.	86.546	64.035	28.659	27.521	3%	27.521	70%
Lánasjóður íslenskra námsmanna	58.897	57.645	56.988	58.170	7%	0	0%
Byggðastofnun	13.046	11.510	10.725	10.661	1%	0	0%
Viðbótar- og stuðningslán	0	10.364	11.141	10.752	1%	10.752	27%
Icelandair hf.	0	13.739	14.081	0	0%	0	0%
RÚV ohf.	3.062	3.127	3.234	3.377	0%	0	0%
Annað	5.056	4.992	1.378	1.295	0%	1.295	3%
Samtals	919.987	897.329	845.158	841.109	100%	39.568	100%

Aukin áhætta og kostnaður ríkissjóðs vegna ÍL-sjóðs felst í því að skuldir sjóðsins eru óuppgreiðanlegar og bera fasta verðtryggða vexti á meðan útlán hans eru uppgreiðanleg. Sjóðurinn er því út settur fyrir sveiflum í markaðsvöxtum sem hefur endurspeglast í auknum uppgreiðslum á útlánum, auk þess sem möguleikar sjóðsins til að ávaxta uppgreiðslur taka mið af lægri vöxtum á markaði. Þá hefur verðbólga neikvæð áhrif á afkomu sjóðsins þar sem verðtryggingarjöfnuður er neikvæður. Eigið fé sjóðsins er neikvætt um 213 ma.kr. í hálfársuppgjöri 2022 og er fært með skuldum ríkissjóðs í ríkisreikningi en endanlegur kostnaður sem fellur á ríkissjóð er óvissu háður. Á árinu 2023 snýr áhætta ríkissjóðs einnig að sjóðstreymi ÍL-sjóðs. Skyndilegur samdráttur í uppgreiðslum útlána sjóðsins gæti leitt til þess að ríkissjóður þurfi að endurgreiða fyrr en ella hluta þeirra lána sem hann tók hjá sjóðnum á árunum 2020 og 2021 svo sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

Lánveitingum ríkissjóðs, hvort sem er í nafni lánasjóða eða ríkissjóðs beint, fylgir margvísleg áhætta. Fjármögnun Vaðlaheiðarganga er gott dæmi um slíkt en framkvæmdin fór fram sem samstarfsverkefni ríkissjóðs og einkaaðila (e. Public private partnership) og veitti ríkissjóður Vaðlaheiðargöngum hf. lán sem stóð í 18,9 ma.kr. á gjalddaga í lok maí 2021. Forsendur fyrir rekstri félagsins höfðu brugðist bæði með umtalsvert hærri framkvæmdakostnað en gert hafði verið ráð fyrir en einnig hafði fækkun ferðamanna og umferðar í gegnum göngin í kjölfar kórónuveirufaraldurs talsverð áhrif á tekjur félagsins fyrstu tvö árin eftir opnun og getu til að standa undir greiðslum af láninu. Unnið hefur verið að fjárhagslegri endurskipulagningu síðastliðin tvö ár sem lauk í júní og fól í sér skuldbreytingu 5 ma.kr. af skuldum í eigið fé. Eftirstöðvar lánsins voru framlengdar til 2057, vaxtakjörum breytt og lánið verðtryggt. Fjárhagsáhætta ríkissjóðs vegna lánveitingarinnar hefur aukist í þeim skilningi að eigið fé er metið áhættumeira en skuldabréf en á móti eru skilyrði með eiginfjárframlaginu sem tryggja að félagið mun ekki greiða hluthöfum arð fyrr en búíð er að endurgreiða ríkissjóði bæði lánið og eiginfjárframlagið og það síðara verðbætt miðað við byggingarvísitölu.

Ríkissjóður hefur selt samtals 57,5% hlut í Íslandsbanka í tveimur hlutafjárútboðum. Með

¹ Taflan miðast við stöðu í árslok 2019, 2020 og 2021. Staða 2022 miðast við 30/6.

Því var dregið úr áhættu af eignarhaldi á viðskiptabönkunum en ríkið á enn þá 98,2% hlutfjár í Landsbankanum auk 42,5% hlutar í Íslandsbanka. Eignarhlutum sem þessum fylgir talsverð áhætta eins og verðsveiflur á markaði sýna. Heimsfaraldur kórónuveiru hefur haft víðtæk áhrif á efnahags- og atvinnulíf og var rekstur fyrirtækja, einkum í ferðaþjónustu, erfiður vegna áfallsins. Kröftugur viðsnúningur hefur þó orðið á árinu sem bætir hag þessara aðila og svo virðist sem áhrif kórónuveirufaraldurs á útlánatöp í bankakerfinu hafi verið óveruleg enn sem komið er. Eiginfjárstaða Íslandsbanka og Landsbanka er sterk sem gerir þeim betur kleift að mæta mögulegum áföllum. Engu að síður ber ríkissjóður áhættu af þeim rekstri þar sem lakari afkoma með neikvæðum áhrifum á arðsemi eigin fjár gæti leitt til lækkunar á virði þeirra og dregið úr sölumöguleikum eða ábata af eignarhlutum ríkissjóðs, þ.m.t. arðgreiðslum. Í forsendum fjárlagafrumvarpsins er gert ráð fyrir frekari sölu á eignarhlut ríkissjóðs í Íslandsbanka. Verði ekki af sölu þarf að fjármagna hluta af hallarekstri ársins sem því nemur með öðrum hætti.

Stærsta beina skuldbinding ríkissjóðs lýtur að ófjármögnum lífeyrisskuldbindingum vegna B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Áhætta ríkissjóðs af þeim árið 2023 snýr eins og áður að launahækkunum opinberra starfsmanna en kjarasamningar eru lausir á árinu. Ávöxtun eigna, lífslíkur sjóðfélaga og forinngreiðslur eru breytur sem geta haft mikil áhrif á eignir og skuldbindingar B-deildar og þar með á heildarskuldbindingu ríkissjóðs. Samtals námu ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs 792 ma.kr. í árslok 2021 en gert er ráð fyrir að lífeyrisskuldbinding ríkissjóðs vegna B-deildar nái hámarki um þessar mundir, hvort sem litið er á raungildi eða nafnvirði þeirra, og að áhætta vegna hennar fari smám saman minnkandi með tímanum.

Áhætta ríkissjóðs vegna Seðlabanka Íslands snýr að áhrifum af afkomu bankans á efnahagsreikning ríkisins. Bankinn hefur heimild til að innkalla allt að 65 ma.kr. úr ríkissjóði til þess að styrkja eiginfjástöðu bankans, kalli þróun eigin fjár, afkomuhorfur og viðmið sem bankinn setur sér um eigið fé á hverjum tíma, á það. Í ársskýrslu bankans fyrir 2021 kom fram að sviðsmyndagreining næstu ára gæfi ekki tilefni til að endurskoða eiginfjármarkmið sem ákveðið var 150 ma.kr. en eigið fé bankans var 97 ma.kr. í lok fyrri árshelmingis.

12 Yfirlit yfir lagabreytingar

Lagabreytingar vegna tekjuhlíðar fjárlagafrumvarpsins:

Lög nr. 90/2003, um tekjuskatt. Lögð verður til styrking og útvíkkun á barnabótakerfinu með það að markmiði að jafna kjör barnafjölskyldna í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

Lög nr. 90/2003, um tekjuskatt. Lagt verður til að tímabundin hækkun á vaxtabótum, sem að óbreyttu hefði fallið niður um næstu áramót, verði framlengd um eitt ár. Því er ártalinu 2023 bætt við ákvæði til bráðabirgða XLI í lögunum en það hefur að geyma ákvæði um vaxtabætur á árunum 2011–2022. Gert er ráð fyrir að ákvæðið komi til framkvæmda við ákvörðun á fyrirframgreiðslu vaxtabóta og við álagningu opinberra gjalda á árinu 2023.

Lög nr. 129/2009, um umhverfis- og auðlindaskatta. Lagt verður til að fjárhæðir kolefnisgjalds verði hækkaðar um 7,7% til samræmis við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2023.

Lög nr. 87/2004, um oliugjald og kílómetragjald. Lagt verður til að oliugjald, kílómetragjald og sérstakt kílómetragjald hækki um 7,7% í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2023.

Lög nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. Lagt verður til að almennt og sérstakt vörugjald af bensíni hækki um 7,7% í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2023.

Lög nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. Lagðar verða til breytingar á vörugjaldi á ökutæki sem er lagt á ný ökutæki við innflutning eða framleiðslu. Breytingarnar fela í sér lækkun á losunarmörkum og skattprósentu ásamt lágmarksvörugjaldi á ökutæki.

Lög nr. 39/1988, um bifreiðagjald. Lagðar verða til breytingar á lágmarksfjárhæð, losunarmörkum og losunargjaldi.

Lög nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki. Lagt verður til að áfengis- og tóbaksgjald hækki um 7,7% í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2023.

Lög nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki. Lögð verður til hækkun á hlutdeild áfengisgjalds og tóbaksgjalds sem lagt er á í tollfrjálsum verslunum.

Lög nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs. Lögð verður til 7,7% hækkun á gjöldum sem kveðið er á um í lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2023.

Lög nr. 23/2013, um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu. Lögð verður til 7,7% hækkun á sérstöku gjaldi til Ríkisútvarpsins í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2023.

Lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra. Lögð verður til 7,7% hækkun á gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2023.

Lög nr. 162/2002, um úrvinnslugjald. Lögð verður til breyting á fjárhæðum úrvinnslugjalda í samræmi við tillögu stjórnar Úrvinnslusjóðs.

Lög nr. 70/2012, um loftslagsmál. Lagt verður til að fjárhæð losunargjalds vegna gjaldskyldrar losunar skv. 4. mgr. 14. gr. verði breytt til samræmis við breytingar á meðalverði losunarheimilda á Evrópska efnahagssvæðinu eins og það er á árstímabili sem lýkur 31. júlí árið áður.

Lög nr. 113/1990, um tryggingargjald. Lögð er til framlenging á afnámi tekna hjá starfsendurhæfingarsjóðum, sem starfræktir eru á grundvelli laga um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, af almennu tryggingagjaldi.

Lög nr. 89/2019, um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð. Lögð verður til hækkun á gjaldhlutfalli úr 3,5% í 5% og að viðmiðunartímabili verði breytt í almanaksár. Miðað verði áfram við að 1/3 af gjaldinu fari sem framlag til Fiskeldissjóðs sem er í samræmi við það sem kemur fram í greinargerð með gildandi lögum.

Lög nr. 71/2008, um fiskeldi. Samkvæmt lögum um fiskeldi er þeim sem hafa rekstrarleyfi til sjókvíaeldis skylt að greiða gjald til umhverfissjóðs sjókvíaeldis, að fjárhæð 20 SDR fyrir hvert tonn framleiðsluheimildar. Við útgáfu nýrra leyfa og endurútgáfu eldri leyfa er nú jafnan miðað við heimilan hámarkslífmassa eldisfiska og er því eðlilegt að þessari viðmiðun verði breytt samhliða.

Frumvarp til laga um uppbyggingu og rekstur flugvalla og veitingu flugleiðsöguþjónustu. Innviðaráðherra mun leggja fram frumvarp til nýrra laga um uppbyggingu og rekstur flugvalla og veitingu flugleiðsöguþjónustu. Lögin munu koma í stað þrenna laga sem nú gilda á þessu sviði. Lagt verður til gjaldtökuheimild svo flýta megi uppbyggingu varaflugvalla.

Lagabreytingar vegna gjaldahlíðar fjárlagafrumvarpsins:

Lög nr. 91/1987, um sóknargjöld. Lagt verður til að festa fjárhæð sóknargjalda við 1.055 kr. á einstakling á mánuði en samkvæmt því mun ákvörðuð lækkun sóknargjaldsins nema um 4,7%.

Lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Lögð verður til breyting í því skyni að koma í veg fyrir víxlverkanir örorkubóta almannatrygginga og örorkulífeyris lífeyrissjóða fyrir árið 2023.

Lög nr. 166/2011, um greiðslu kostnaðar við rekstur umboðsmanns skuldara. Lögð verður til breyting á hlutfalli af álagningarstofni sem gjaldskyldir aðilar skulu greiða miðað við áætlaðan rekstrarkostnað stofnunarinnar fyrir árið 2023 með hliðsjón af áætlaðri stöðu í árslok 2022.

Lög nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Lögð verður til breyting á eftirlitsgjaldi í samræmi við áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins og lögbundið hámark á eigið fé stofnunarinnar.

Lög nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Lögð verður til framlenging á bráðabirgðaákvæðum þar sem

kveðið er annars vegar á um að starfsendurhæfingarsjóðir fái ekki tekjur af almennu tryggingagjaldi á árinu 2023 og hins vegar að atvinnurekendur, þeir sem stunda sjálfstæða starfsemi og lífeyrissjóðir greiði áfram sama hlutfall af stofni til iðgjalds á árinu 2023 eða 0,10%.

Lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra. Lögð er til framlenging á ákvæði til bráðabirgða um samburð á útreikningi kostnaðarþátttöku íbúa á dvalar- og hjúkrunarheimilum.

Lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra. Lögð verður til framlenging á því að Framkvæmdasjóði aldraðra sé heimilt að verja fé til að standa straum af rekstrarkostnaði hjúkrunarrýma fyrir aldraða.

Lög nr. 99/2007, um félagslega aðstoð. Lögð verður til breyting á 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í því skyni að koma í veg fyrir víxlverkanir örorkubóta almannatrygginga og örorkulífeyris lífeyrissjóða fyrir árið 2023.

Lög nr. 100/2007, um almannatryggingar. Lögð verður til breyting á 18. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í því skyni að koma í veg fyrir víxlverkanir örorkubóta almannatrygginga og örorkulífeyris lífeyrissjóða fyrir árið 2023.

Lög nr. 100/2007, um almannatryggingar. Lögð verður til framlenging á 14. tölul. bráðabirgðaákvæðis um frítekjumarks örorkulífeyrisþega vegna atvinnutekna.

Lög nr. 49/1997, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Lögð verður til framlenging um eitt ár á bráðabirgðaákvæði sem kveður á um heimild til að nota fé ofanflóðasjóðs til að taka þátt í greiðslu kostnaðar við hættumat vegna eldgosa, vatnsflóða og sjávarflóða.

Lög nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur. Lögð verður til lækkun á umsýsluþóknun á umbúðir úr stáli, áli og plasti.

Greinargerð ráðuneyta um málefnasvið og málaflokka

Hér á eftir fer umfjöllun um stefnumið, áform og aðgerðir næsta fjárlagaárs fyrir þau 35 málefnasvið og 103 málaflokka sem frumvarpið tekur til. Í umfjölluninni er gerð grein fyrir ábyrgð á einstökum sviðum, fjárhagslegri þróun á málefnasviði og einstökum málaflokkum á tímabilinu 2021–2023, sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðs eftir helstu tilefnum og helstu tillögum um breytingar á fjárheimildum málaflokka frá gildandi fjárlögum.

Greinargerðin felur í sér nánari útfærslu á þeirri stefnumörkun sem samþykkt var með ályktun Alþingis 14. júní sl. um fjármálaáætlun um opinber fjármál fyrir árin 2023–2027.. Einnig er tekið tillit til breytinga sem orðið hafa á útgjöldum málefnasviða við undirbúning fjárlagafrumvarpsins, s.s. af völdum breyttra reikniforsendna og ákvarðana ríkisstjórnarinnar um tiltekin málefni. Í fjármálaáætlun fyrir árin 2023–2027 var fjallað um þróun innan einstakra málefnasviða og málaflokka til næstu fimm ára ásamt helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu. Í þeirri greinargerð sem hér fer á eftir er einungis gerð grein fyrir þeim verkefnum og aðgerðum sem taka til næsta fjárlagaárs og sundurliðun fjárheimilda eins og hún birtist í frumvarpinu.

Varðandi umfjöllun um fjárhagslega þróun málefnasviða og málaflokka er vakin athygli á því að:

- á árinu 2022 urðu talsverðar breytingar á skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 06/2022, meðal annars stofnun tveggja nýrra ráðuneyta. Fjárheimildum ársins var breytt til samræmis með sérstökum fjárukalögum sem samþykkt voru á Alþingi í júní sl. Í frumvarpinu eru lagðar fram samsvarandi breytingar en þar sem þeim eru gerð greinargóð skil í fjárukalögunum er ekki fjallað sérstaklega um þær í frumvarpinu. Til að auðvelda samanburð á milli ára er umfjöllun í greinargerðum málefnasviða miðuð við heimildir ársins 2022, þ.e. fjárlög ársins 2022 að viðbættum fjárukalögum. Í einstaka tilviki getur þessi nálgun valdið misræmi í framsetningu, en slíkt heyrir þó til undantekninga.
- í reikningstölum fyrir árið 2021 hafa afskriftir ársins, þar sem við á, verið dregnar frá í útgjöldum stofnana og verkefna en fjárfestingum ársins, sem færðar eru um efnahagsreikning, hefur verið bætt við. Með þessu fæst skýrari samanburður við fjárveitingar til stofnana og verkefna í fjárlögum þar sem framsetningin er með þessum sama hætti.
- sýnd er sundurliðun á fjárhagslegri þróun málefnasviðsins eftir málaflokkum og viðkomandi ráðuneytum sem bera ábyrgð á starfsemi málefnasviðsins.
- sýnd er sundurliðun á breytingum á útgjaldarömmum málefnasviða frá gildandi fjárlögum eftir fimm mismunandi tilefnum:
 - Í fyrsta lagi er um að ræða **bundin útgjöld** sem fela í sér breytingar á fyrirbyggjandi útgjaldaskuldbindingum, s.s. útgjöld vegna hagrænna eða kerfislægra breytinga eða breytingar sem bundnar eru í lögum, samningum eða með ákvörðunum ríkisstjórnarinnar.
 - Í öðru lagi eru **niðurfelldar fjárheimildir** tímabundinna verkefna.
 - Í þriðja lagi þær **aðhaldsráðstafanir** sem gerðar eru á málefnasviðinu. Rétt er að vekja athygli á því að þær ráðstafanir endurspegla þá útfærslu og forgangsröðun

sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins og getur sú niðurstaða eftir atvikum verið frábrugðin þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun fyrir árin 2023–2027, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

- Í fjórða lagi **útgjaldasvigrúm** sem ráðstafað er til nýrra og aukinna verkefna.
- Loks eru í fimmta lagi settar fram **launa-, verðlags- og gengisbreytingar** í útgjaldarömmum málefnasviðanna. Nánar er fjallað um forsendur þeirra breytinga í kafla 5.5 í frumvarpinu.
- sýnd er sundurliðun á fjárheimildum málefnasviðsins í heild sinni eftir hagrænni skiptingu auk fjármögnunar útgjaldanna.
 - Í fyrsta lagi er um að ræða **rekstrarframlög**, einkum beinan rekstur ríkisins og stofnana þess og aðkeypta þjónustu frá sjálfseignarstofnunum og einkaaðilum.
 - Í öðru og þriðja lagi eru **tilfærslur fjár úr ríkissjóði** til einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka en um er að ræða styrk eða framlag sem innt er af hendi án skuldbindingar um beint endurgjald frá móttakanda. Þessar tilfærslur skiptast annars vegar í **rekstrartilfærslur** og hins vegar **fjármagnstilfærslur** sem veittar eru til fjárfestinga.
 - Í fjórða og síðasta lagi er fjallað um **fjárfestingarframlög** en vakin er athygli á því að í uppgjöri ríkisfjármála samkvæmt IPSAS-reikningsskilastaðlinum eru þau framlög ekki gjaldfærð í rekstrarreikningi heldur eignfærð í efnahagsreikningi.
- loks er í greinargerð hvers málaflokks fyrir sig gerð grein fyrir heildarfjárheimild málaflokksins fyrir komandi fjárlagaár auk þess sem fjallað er um helstu breytingar á fjárheimildum frá gildandi fjárlögum.
- í fylgiriti fjárlaga má finna hagræna skiptingu fjárheimilda eftir málaflokkum og viðföngum.

Með ítarlegri kynningu á stefnum fyrir málefnasvið í árlegri fjármálaáætlun er leitast við að tryggja að Alþingi búi yfir sem greinarbestum upplýsingum um meginlinur og áherslur þegar það fjallar um áætlun sem er stefnumarkandi fyrir ríkisstarfsemina í heild sinni til meðallangs tíma.

Þegar kemur að umfjöllun þingsins um fjárlagafrumvarp til eins árs er rökrétt að leggja áherslu á að veita þinginu nánari upplýsingar og skýringar er varða útfærslu og breytingar á fjárheimildum málaflokka á því fjárlagaári sem frumvarpið tekur til. Með þessu móti er stuðlað að því að umfjöllun og ákvarðanatataka um starfsemi og verkefni á einstökum málefnasviðum og málaflokkum við setningu fjárlaga til eins árs í senn sé sett í skýrara samhengi við stefnumið fjármálaáætlunar til næstu fimm ára. Sem dæmi um þetta eru markmið málaflokka birt í töflu með yfirliti yfir helstu verkefni á árinu 2023 til að sýna hvernig vinna á að framgangi markmiðanna.

Viðauki

Greinargerð ráðuneyta um málefnasvið og málaflokka**Efnisyfirlit**

1. Alþingi og eftirlitsstofnanir þess	174
2. Dómstólar	178
3. Æðsta stjórnýsla	181
4. Utanríkismál	184
5. Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	192
6. Hagskýrslugerð og grunnskrár	200
7. Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	204
8. Sveitarfélög og byggðamál	209
9. Almanna- og réttaröryggi	213
10. Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnýsla dómsmála	220
11. Samgöngu- og fjarskiptamál	226
12. Landbúnaður	232
13. Sjávarútvegur og fiskeldi	238
14. Ferðaþjónusta	243
15. Orkumál	246
16. Markaðseftirlit og neytendamál	250
17. Umhverfismál	253
18. Menning, listir, íþrótt- og æskulýðsmál	261
19. Fjölmíðlun	270
20. Framhaldsskólastig	273
21. Háskólastig	277
22. Önnur skólastig og stjórnýsla mennta- og barnamála	282
23. Sjúkrahúsþjónusta	288
24. Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	293
25. Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta	299
26. Lyf og lækningarvörur	302
27. Örorka og málefni fatlaðs fólks	306
28. Málefni aldraðra	312
29. Fjölskyldumál	315
30. Vinnumarkaður og atvinnuleysi	322
31. Húsnæðis- og skipulagsmál	326
32. Lýðheilsa og stjórnýsla velferðarmála	331
33. Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar	337
34. Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir	341
35. Alþjóðleg þróunarsamvinna	344

01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess

Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð forseta Alþingis. Það skiptist í tvo málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2021–2023. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


	Reikningur ¹ 2021 m.kr.	Fjárlög 2022 m.kr.	Frumvarp 2023 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess²					
01.10 Alþingi	5.456,2	6.104,8	5.660,1	-7,3	3,7
00 Æðsta stjórn ríkisins	5.456,2	6.104,8	5.660,1	-7,3	3,7
01.20 Eftirlitsstofnanir Alþingis	1.134,3	1.212,8	1.203,4	-0,8	6,1
00 Æðsta stjórn ríkisins	1.134,3	1.212,8	1.203,4	-0,8	6,1
Samtals	6.590,5	7.317,6	6.863,5	-6,2	4,1

¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða.



Heildargjöld málefнасviðs *01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess* árið 2023 eru áætluð 6.863,5 m.kr. og lækka um 571 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2022, eða sem svarar til 7,8%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum lækka útgjöldin um 454,1 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 6,2%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Niðurstaðan getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá í fjármálaáætlun, til að mynda þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2021 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2021 m.kr.	Fjárlög 2022 m.kr.	Frumvarp 2023 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess²					
Rekstrarframlög	5.335,2	5.527,0	5.577,0	0,9	4,5
Rekstrartilfærslur	142,5	131,2	131,2	0,0	-7,9
Fjármagnstilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	1.112,8	1.659,4	1.155,3	-30,4	3,8
Heildarútgjöld	6.590,5	7.317,6	6.863,5	-6,2	4,1
Rekstrartekjur	-	140,8	135,8	-3,6	-
Framlag úr ríkissjóði	-	7.176,8	6.727,7	-6,3	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	7.317,6	6.863,5	-6,2	-

¹ Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

01.10 Alþingi

Starfsemi málaflokksins er í höndum forseta Alþingis. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Bæta gæði og öryggi upplýsingakerfa Alþingis		
Ljúka endurgerð þingmálakerfa	Forsætisnefnd Alþingis	Innan ramma
Markmið 2: Bæta aðgengi þingmanna að upplýsingum og utanumhaldi gagna með stafrænum hætti		
Ljúka gerð þingmannagáttar	Forsætisnefnd Alþingis	77 m.kr.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 5.660,1 m.kr. og lækkar um 548,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 103,9 m.kr.

Umtalsverð lækkun er á fjárfestingarframlögum á milli ára eins og nánari grein er gerð fyrir hér á eftir.

- Fjárheimild málaflokksins lækkar alls um 597 m.kr. vegna nýbyggingar Alþingis. Byggingin verður tekin í notkun á haustmánuðum 2023.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 77 m.kr. til smíði þingmannagáttar.
- Tímabundin lækkun ferðakostnaðar í fjárlögum 2022 um 15,4 m.kr. er gerð varanleg.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 67,6 m.kr.

01.20 Eftirlitsstofnanir Alþingis

Starfsemi málaflokksins er í höndum umboðsmanns Alþingis og ríkisendurskoðanda. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Að UA leysi úr kvörtunum innan hæfilegs tíma		
Taka í notkun hugbúnað til rafrænna samskipta vegna erinda og gagna þeirra sem kvarta við stjórnvöld.	Umboðsmaður Alþingis	Innan ramma
Markmið 2: Að UA geti sinnt hæfilegum fjölda frumkvæðisathugana		
Aukin áhersla á frumkvæðis- og vettvangsathuganir, sem er þó háð fjölgun starfsfólks.	Umboðsmaður Alþingis	Innan ramma
Markmið 3: Að UA geti sinnt OPCAT-eftirliti		
Miðað er við 4–6 athuganir og skýrslur á árinu.	Umboðsmaður Alþingis	Innan ramma
Markmið 4: Að viðhaldið verði upplýsingagjöf um störf UA		
Birta sem fyrst eftir lok máls í gagnagrunni reifun álita og bréfa.	Umboðsmaður Alþingis	Innan ramma
Markmið 5: Skýrari ábyrgð í opinberri þjónustu		
Kanna ráðstöfun fjárveitinga til allra málefnasviða og málaflokka, hafa eftirlit með ríkistekjum og endurskoða ríkisreikning á hverju ári.	Ríkisendurskoðandi	Innan ramma
Haga endurskoðun m.t.t. skilgreinds mats á mikilvægi og áhættu. Annast eftirlit með framkvæmd fjárlaga með vísun til málefnasviða og málaflokka. Skila í skýrslum skýrum niðurstöðum um endurskoðun og ábendingar til úrbóta.	Ríkisendurskoðandi	Innan ramma

Markmið 6: Betri nýting fjármuna

Verkefnaval stjórnsluúttekta taki mið af umfangi á fjárlögum. Úttektir verði stærri, skýrari í framsetningu og ályktunum er skili meiri árangri og séu áhrifameiri.	Ríkisendurskoðandi	Innan ramma
---	--------------------	-------------

Markmið 7: Bætt stjórnýsla

Taka upp rafræna þjónustugátt vegna skila á gögnum frá stjórn málasamtökum og framþjóðendum, sjóðum, sjálfseignarstofnunum og kirkjugörðum. Stuðla að því að ríkisaðilar leggi áherslu á að veita rafræna þjónustu til viðskiptavina sinna. Jafnframt skal sinna almennu leiðbeiningarstarfi á þessu sviði.	Ríkisendurskoðandi	Innan ramma
---	--------------------	-------------

Markmið 8: Efla eftirlit með tekjuöflun ríkisins, rekstrartekjum stofnana og innheimtu opinberra gjalda

Heimsækja ríkisaðila og innheimtumenn til að kanna tekjuskráningu og innheimtu.	Ríkisendurskoðandi	Innan ramma
---	--------------------	-------------

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 1.203,4 m.kr. og lækkar um 22,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 13 m.kr.

Ekki er um breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 6 m.kr. og færast öll á ríkisendurskoðanda.
- b. Tímabundin lækkun ferðakostnaðar í fjárlögum 2022 um 0,7 m.kr. er gerð varanleg.

02 Dómsstólar

Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð dómsmálaráðherra. Það skiptist í fjóra málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2021–2023. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

	Reikningur ¹ 2021 m.kr.	Fjárlög 2022 m.kr.	Frumvarp 2023 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
02 Dómsstólar²					
02.10 Hæstiréttur	464,3	468,9	500,4	6,7	7,8
00 Æðsta stjórn ríkisins	217,2	241,7	243,2	0,5	28,7
06 Dómsmálaráðuneyti	247,1	227,2	257,2	0,5	28,7
02.20 Héraðsdómsstólar	1.849,5	2.066,8	2.110,0	2,1	14,1
06 Dómsmálaráðuneyti	1.849,5	2.066,8	2.110,0	2,1	14,1
02.30 Landsréttur	764,5	793,1	823,3	3,8	7,7
06 Dómsmálaráðuneyti	764,5	793,1	823,3	3,8	7,7
02.40 Dómsstólasýslan	329,8	356,4	393,4	10,4	19,3
06 Dómsmálaráðuneyti	329,8	356,4	393,4	10,4	19,3
Samtals	3.408,1	3.685,2	3.827,1	3,9	12,3


¹ Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breytttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða.

Breytingar á ramma milli árana 2022–2023



Heildargjöld málefнасviðs 02 Dómsstólar árið 2023 eru áætluð 3.827,1 m.kr. og aukast um 38 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2022, eða sem svarar til 1%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af

almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 141,9 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 3,9%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsöröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Niðurstaðan getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá í fjármálaáætlun, til að mynda þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2021 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2021 m.kr.	Fjárlög 2022 m.kr.	Frumvarp 2023 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
02 Dómstólar²					
Rekstrarframlög	3.368,2	3.613,7	3.749,0	3,7	11,3
Rekstrartilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjármagnstílfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	39,9	71,5	78,1	9,2	95,7
Heildarútgjöld	3.408,1	3.685,2	3.827,1	3,9	12,3
Rekstrartekjur	-	1,3	1,4	7,7	-
Framlag úr ríkissjóði	-	3.683,9	3.825,7	3,8	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	3.685,2	3.827,1	3,9	-

¹ Vakín er athygli á því í samantölum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breytti skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

02.10 Hæstiréttur

Starfsemi málaflokksins er í höndum Hæstaréttar. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl. Verkefni á málefнасviðinu má finna undir málaflokki *02.40 Dómstólasýslan*.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 500,4 m.kr. og hækkar um 18 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 13,5 m.kr.

Breytingin skýrist af 10 m.kr. tímabundnu framlagi til fjármögnunar réttarvörslugáttar sem kemur aftur inn í ramma Hæstaréttar og 8 m.kr. leiðréttingu tímabundins framlags vegna ritunar sögu Hæstaréttar.

02.20 Héraðsdómstólar

Starfsemi málaflokksins er í höndum átta héraðsdómstóla sem hver um sig lýtur daglegri stjórnun dómstjóra. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl. Verkefni á þessu málefнасviði má finna undir málaflokki *02.40 Dómstólasýslan*.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 2.110 m.kr. og helst óbreytt frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema

43,2 m.kr. Inn í ramma kemur 30 m.kr. tímabundið framlag til fjármögnunar réttarvörslugáttar en á móti fellur niður 30 m.kr. vegna breytinga á lögum um skráningu raunverulegra eigenda.

02.30 Landsréttur

Starfsemi málaflokksins er í höndum Landsréttar. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl. Verkefni á þessu málefnasviði má finna undir málaflokki 02.40 *Dómstólasýslan*.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 823,3 m.kr. og helst óbreytt frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 30,2 m.kr.

02.40 Dómstólasýslan

Dómstólasýslan er sjálfstæð stjórnarsýslustofnun. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 393,4 m.kr. og hækkar um 20 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 17 m.kr.

Breytingin skýrist af 20 m.kr. tímabundnu framlagi til fjármögnunar réttarvörslugáttar sem kemur aftur inn í ramma dómstólasýslunnar.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Réttlát og opinber málsmeðferð		
Endurskoðun löggjafar vegna stafrænnar málsmeðferðar í einkamálum og sakamálum.*	DMR/Dómstólasýslan	Innan ramma
Samþætting málaskrárkerfis dómstólanna og réttarvörslugáttar.*	Dómstólasýslan	Innan ramma
Opinbert aðgengi að bættum upplýsingum.	Dómstólasýslan	Innan ramma
Markmið 2: Aukin skilvirkni og gæði		
Uppfærsla tækni- og hugbúnaðar sem styður við stafræna málsmeðferð.*	Dómstólasýslan	Innan ramma
Styrking miðlægrar tæknistjórnunar.	DMR/Dómstólasýslan	Innan ramma
Þróun og innleiðing talgreinis.	DMR/Dómstólasýslan	Innan ramma
Rafræn skil gagna til Þjóðskjalasafns.	Dómstólasýslan	Innan ramma
Markmið 3: Aukið traust til dómstóla		
Greining á þörf á meiri og betri upplýsingum til almennings.	Dómstólasýslan	Innan ramma

*Verkefnið styður jafnframt við markmið 1 í málaflokki 10.4.

03 Æðsta stjórnsýsla

Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð forsætisráðherra. Það skiptist í þrjú málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2021–2023. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

	Reikningur ¹	Fjárlög	Frumvarp	Br. frá	Br. frá
	2021	2022	2023	fjárlögum	reikn.
03 Æðsta stjórnsýsla ²	m.kr.	m.kr.	m.kr.	%	%
03.10 Embætti forseta Íslands	355,0	341,5	350,0	2,5	-1,4
00 Æðsta stjórn ríkisins	355,0	341,5	350,0	2,5	-1,4
03.20 Ríkisstjórn	764,3	771,2	779,2	1,0	1,9
00 Æðsta stjórn ríkisins	764,3	771,2	779,2	1,0	1,9
03.30 Forsætisráðuneyti	1.578,4	2.434,6	1.582,9	-35,0	0,3
01 Forsætisráðuneyti	1.578,4	2.434,6	1.582,9	-35,0	0,3
Samtals	2.697,7	3.547,3	2.712,1	-23,5	0,5


¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli árana 2022–2023



Heildargjöld málefnasviðs 03 Æðsta stjórnsýsla árið 2023 eru áætluð 2.712,1 m.kr. og lækka um 899,8 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2022, eða sem svarar til 25,4%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum lækka útgjöldin um 835,2 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 23,5%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins. Niðurstaðan getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út

frá í fjármálaáætlun, til að mynda þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2021 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2021 m.kr.	Fjárlög 2022 m.kr.	Frumvarp 2023 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
03 Æðsta stjórnýsla²					
Rekstrarframlög	2.444,1	2.397,9	2.374,8	-1,0	-2,8
Rekstrartilfærslur	119,7	81,0	81,7	0,9	-31,7
Fjármagnstilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	133,9	1.068,4	255,6	-76,1	90,9
Heildarútgjöld	2.697,7	3.547,3	2.712,1	-23,5	0,5
Rekstrartekjur	-	0,0	0,0	-	-
Framlag úr ríkissjóði	-	3.547,3	2.712,1	-23,5	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	3.547,3	2.712,1	-23,5	-

¹ Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

03.10 Embætti forseta Íslands

Starfsemi málaflokksins er í höndum embættis forseta Íslands. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 350 m.kr. og lækkar um 6,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 15,3 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Gert er ráð fyrir varanlegri 3,4 m.kr. lækkun vegna ferðakostnaðar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Í fjárlögum ársins 2022 var gert ráð fyrir tímabundinni lækkun ferðakostnaðar í eitt ár en nú er lagt til að sú lækkun verði varanleg.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 6,8 m.kr.

03.20 Ríkisstjórn

Undir málaflokkinn falla laun ráðherra í ríkisstjórn og aðstoðarmanna þeirra. Liðurinn tekur breytingum í samræmi við fjölda ráðherra og aðstoðarmanna á hverjum tíma.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 779,2 m.kr. og er óbreytt frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 8 m.kr.

03.30 Forsætisráðuneyti

Undir þennan málaflokk fellur aðalskrifstofa forsætisráðuneytisins og tengd verkefni sem ekki verða auðveldlega felld undir önnur málefнасvið og málaflokka. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal helstu verkefni, áskoranir og tækifæri.

Í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022 um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands fluttust mannréttindamál og mannréttinasáttmálar til forsætisráðuneytisins. Leiðir forsætisráðuneytið nú stýrihóp Stjórnarráðsins um mannréttindi með aðkomu allra ráðuneyta. Meginverkefni ársins 2023 er vinna við Grænbók í mannréttindum sem unnið verður að í nánú samstarfi við hagsmunaaðila. Grænbók er nauðsynlegur undirbúningur að vandaðri lagasetningum fyrir frumvarp að Mannréttindastofnun sem stefnt er að því að leggja fram fyrir árslok 2023.

Sérstök áherslumál forsætisráðuneytis á sviði samhæfingar lúta að sjálfbærri þróun, réttlátum umskiptum og velsældaráherslum. Sett verður samræmd stefna um sjálfbæra þróun í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, áhersla lögð á eflingu samstarfs á vettvangi velsældarríkja sem og þróun og eftirfylgni velsældarvísa.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 1.582,9 m.kr. og lækkar um 893 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 41,3 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða. Umtalsverð lækkun er á fjárfestingarframlögum á milli ára eins og nánari grein er gerð fyrir hér á eftir.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins hækkar tímabundið um 30 m.kr. vegna fjárfestingarframlags til endurgerðar á Bessastaðakirkju. Þetta er viðbót við 99 m.kr. framlag sem veitt var í fjárlögum 2022. Heildarkostnaður er 288 m.kr., 60 m.kr. árið 2021, 99 m.kr. árið 2022 og 129 m.kr. árið 2023.
- b. Gert er ráð fyrir að fjárfestingarframlag vegna viðbyggingar við Stjórnarráðshúsið lækki um 850 m.kr. Annars vegar 550 m.kr. í samræmi við langtímaáætlun og hins vegar 300 m.kr. sem verði hliðrað til ársins 2024 vegna frestunar á verkefninu.
- c. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 55 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður sem skiptist þannig að 35 m.kr. eru vegna nefndar til að vinna að úttekt á viðbrögðum stjórnvalda við COVID-19 og 20 m.kr. vegna endurskoðunar á skipulagi ráðuneytisins.
- d. Gert er ráð fyrir varanlegri 8,5 m.kr. lækkun vegna ferðakostnaðar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Í fjárlögum ársins 2022 var gert ráð fyrir tímabundinni lækkun ferðakostnaðar í eitt ár en nú er lagt til að sú lækkun verði varanleg.
- e. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 28 m.kr. og er útfært að dregið verði úr ýmsum verkefnum.

04 Utanríkismál

Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð utanríkisráðherra. Það skiptist í fjóra málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2021–2023. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

	Reikningur ¹ 2021 m.kr.	Fjárlög 2022 m.kr.	Frumvarp 2023 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
04 Utanríkismál²					
04.10 Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla					
utanríkismála	6.913,8	7.002,8	7.078,0	1,1	2,4
03 Utanríkisráðuneyti	6.913,8	7.002,8	7.078,0	1,1	2,4
04.20 Utanríkisviðskipti	812,0	885,0	1.019,0	15,1	25,5
03 Utanríkisráðuneyti	812,0	885,0	1.019,0	15,1	25,5
04.30 Samstarf um öryggis- og varnarmál	2.692,6	3.003,6	3.666,6	22,1	36,2
03 Utanríkisráðuneyti	2.692,6	3.003,6	3.666,6	22,1	36,2
04.50 Samningsbundin framlög vegna fjölþjóðasamstarfs	2.706,4	3.070,5	4.070,5	32,6	50,4
03 Utanríkisráðuneyti	2.706,4	3.070,5	4.070,5	32,6	50,4
Samtals	13.124,8	13.961,9	15.834,1	13,4	20,6


¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða. Heildargjöld málefнасviðs 04 Utanríkismál árið 2023 eru áætluð 15.834,1 m.kr. og hækka um 1.693,2 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2022, eða sem svarar til 12,1%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 1.872,2 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 13,4%.

Breytingar á ramma milli árana 2022 og 2023



Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefna sviðsins. Niðurstaðan getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefna sviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2021 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefna sviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2021 m.kr.	Fjárlög 2022 m.kr.	Frumvarp 2023 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
04 Utanríkismál²					
Rekstrarframlög	9.218,1	9.547,9	10.182,2	6,6	10,5
Rekstrartilfærslur	3.766,0	4.108,6	5.321,8	29,5	41,3
Fjármagnstilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	140,7	305,4	330,1	8,1	134,6
Heildarútgjöld	13.124,8	13.961,9	15.834,1	13,4	20,6
Rekstrartekjur	-	484,1	551,9	14,0	-
Framlag úr ríkissjóði	-	13.477,8	15.282,2	13,4	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	13.961,9	15.834,1	13,4	-

¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breytttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

04.10 Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála

Starfsemi málaflokksins er í höndum aðalskrifstofu ráðuneytisins, þýðingamiðstöðvar, sendiráða, sendiskrifstofa og borgarþjónustu. Markmið og aðgerðir málaflokksins skarast að einhverju leyti við markmið og aðgerðir málaflokks 04.20 *Utanríkisviðskipti*. Utanríkisþjónustan öll sinnir hagsmunagæslu gagnvart erlendum ríkjum og á vettvangi alþjóðastofnana, þjónustu við íslenska ríkisborgara erlendis, viðskiptasamningum og markaðssetningu erlendis á íslenskum vörum, þjónustu og menningu. Fjölbjódastofnanir, alþjóðalög, lýðræðisleg gildi og mannréttindi hafa átt á brattann að sækja og er það stefna íslenskra stjórnvalda að Ísland leggi sitt af mörkum til að sporna við þeirri þróun. Ísland á allt sitt undir því að alþjóðalög, lögsaga og landamæri séu virt og því felast lykilhagsmunir í virkri þátttöku í alþjóðlegu og svæðisbundnu samstarfi. Íslensk stjórnvöld taka einnig virkan þátt í loftslagsaðgerðum og samstarfi umhverfis- og auðlindamála til að stuðla að sjálfbærri þróun. Störf Íslands á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og undirstofnana þeirra eru veigamikill liður í þessu og formennska Íslands í Evrópuráðinu er dæmi um ábyrgðarhlutverk sem Ísland tekur að sér til að fylgja eftir stefnu- og hagsmunamálum Íslands og leggja um leið sín lóð á vogarskálarnar til að auka virðingu fyrir mannréttindum og efla samstarf og skilning meðal þjóða. Þróunarsamvinna, öryggis- og varnarmálasamstarf, sem heyra undir önnur málefna svið og málaflokka, sem og alþjóðaviðskipti miða að sama marki.

Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal skiptingu ábyrgðar, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar

breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Standa vörð um grunngildi Íslands á vettvangi fjölþjóðlegrar samvinnu		
Formennska Íslands í Evrópuráðinu (2022–2023).	Utanríkisráðuneyti	20,5 m.kr.
Virkt málsvarastarf á vettvangi fjölþjóðastofnana og þátttaka í alþjóðlegu samstarfi í þágu mannréttinda, lýðræðis og þjóðaréttar.	Utanríkisráðuneyti	Innan ramma
Aukin þátttaka í svæðisbundnu samstarfi Norðurlanda og norðurslóðaríkja.	Utanríkisráðuneyti	Innan ramma
Efling samstarfs þvert á fagráðuneyti og aukin þátttaka í alþjóðlegu samstarfi um sjálfbæra nýtingu auðlinda, þ.m.t. á sviði hafréttar.	Utanríkisráðuneyti	Innan ramma
Formennska Íslands í Norrænu ráðherranefndinni.	Utanríkisráðuneyti	75 m.kr.
Fylgja eftir jafnréttisáherslum Íslands á alþjóða-vettvangi.	Utanríkisráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Standa vörð um hagsmuni íslenskra ríkisborgara erlendis		
Styrking borgaraþjónustu, aukin upplýsingamiðlun til almennings á vef og innleiðing stafrænna lausna.	Utanríkisráðuneyti og stjórnsýslustofnanir	Innan ramma
Fjölgun kjöræðismanna og stuðningur við þjónustu þeirra við íslenska ríkisborgara erlendis.	Utanríkisráðuneyti	Innan ramma
Markmið 3: Standa vörð um hagsmuni Íslands með tvíhliða samvinnu við þjóðríki		
Aukið pólitískt samráð við helstu samstarfsríki og kynning á afstöðu og áherslum Íslands.	Utanríkisráðuneyti	Innan ramma
Opnun sendiráðs Íslands í Póllandi, sem hefur jafnframt fyrirvar gagnvart Búlgaríu, Rúmeníu og Úkraínu.	Utanríkisráðuneyti	Innan ramma
Enduroppnun sendiráðs Íslands í Vín, sem jafnframt hefur fyrirvar gagnvart Króatíu, Slóveníu, Slóvakíu og Ungverjalandi.	Utanríkisráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 7.078 m.kr. og lækkar um 60,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 135,9 m.kr.

Ekki er um að ræða miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 25 m.kr. vegna formennsku í Evrópuráðinu 2022–2023. Á móti kemur niðurfelling að upphæð 4,5 m.kr. á árinu 2023.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 75 m.kr. vegna formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni.

- c. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 61 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður. Þar á meðal eru: formennska í Norðurskautsráðinu, upplýsingakerfi borgaþjónustu utanríkisráðuneytisins og ráðherrafundur EFTA 2022.
- d. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 196,3 m.kr. og útfærst þannig að sendiráð Íslands bera 132,2 m.kr. í aðhald og aðalskrifstofa utanríkisráðuneytisins ber 17 m.kr. í aðhald. Einnig ber málaflokkurinn frekara aðhald í formi skerts útgjaldasvigrúms upp á 26 m.kr. og varanlegrar niðurfellingar ferðakostnaðar upp á 21,1 m.kr.

04.20 Utanríkisviðskipti

Utanríkisviðskipti eru í höndum aðalskrifstofu ráðuneytisins, sendiskrifstofa og Íslandsstofu en fjárheimildir undir málaflökki 04.20 renna eingöngu til starfa Íslandsstofu. Íslandsstofu er falið að sjá um markaðssetningu og kynningarstarf erlendis á íslenskum vörum, þjónustu og menningu í samstarfi við ráðuneytið. Markmið og aðgerðir málaflokksins skarast að einhverju leyti við markmið og aðgerðir málaflokks 04.10 *Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála* en alþjóðlegt og tvíhliða samstarf um utanríkisviðskipti, tengd hagsmunagæsla og samningagerð um utanríkisviðskipti eru fjármögnuð undir málaflökki 04.10. Markmiðasetning fellur þó undir málaflokk 04.20. Sú markmiðasetning snýr að starfi ráðuneytisins sem viðkemur framkvæmd samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES), málefnum Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) og Alþjóðaviðskiptamálastofnunarinnar (WTO). Áhersla er lögð á að tryggja stuðning við íslenska útflutningshagsmuni enda lögbundið hlutverk utanríkisþjónustunnar og forgangsmál. Viðskiptaþjónusta er einn lykilþátta í starfi sendiskrifstofa Íslands erlendis sem ásamt Íslandsstofu kynna Ísland, íslenska menningu, vörur og þjónustu og veita ráðgjöf til fyrirtækja.

Nánar er fjallað um málaflökkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið, ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í þeim tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Efla ímynd og orðspor Íslands og styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs á erlendum mörkuðum		
Framfylgja Framtíðarstefnu fyrir íslenskan útflutning, þar hafa verið skilgreind mælanleg árangursviðmið sem verða notuð til að meta árangur af starfi. ¹	Utanríkisráðuneyti og Íslandsstofa	Innan ramma
Styrkja viðskiptaþjónustu sendiskrifstofa við fyrirtæki í samræmi við stefnumarkandi áherslur í Framtíðarstefnu fyrir íslenskan útflutning.*	Utanríkisráðuneyti	Innan ramma

¹ Framtíðarstefnu fyrir íslenskan útflutning er að finna á: <https://stefnumotun.islandsstofa.is/>.

Koma íslenskri menningu og skapandi greinum á framfæri í tvíhliða samskiptum og með samstarfi við Íslandsstofu.**

Utanríkisráðuneyti og Íslandsstofa

Innan ramma

Markmið 2: Tryggja íslenskum fyrirtækjum sem bestan aðgang að alþjóðlegum mörkuðum

Fylgja eftir forgangslista ríkisstjórnarinnar í hagsmunagæslu við mótun EES-löggjafar.

Utanríkisráðuneyti og fagráðuneyti

Innan ramma

Efla þekkingu á EES-samningnum og hlúa að mannauði sem kemur að framkvæmd hans, svo sem með málstofum og aukinni fræðslu, t.d. í samstarfi við Stjórnarráðsskólann.

Utanríkisráðuneyti og fagráðuneyti

Innan ramma

Viðhalda frammistöðu við upptöku og innleiðingu EES-gerða.

Utanríkisráðuneyti og fagráðuneyti

Innan ramma

Fjölga fríverslunarsamningum og öðrum viðskiptasamningum, svo sem tvísköttunar-samningum og loftferðasamningum.

Utanríkisráðuneyti

Innan ramma

Starfrækja viðskiptavakt sem fyrirtæki geta leitað til vegna hnökra í alþjóðaviðskiptum.

Utanríkisráðuneyti

Innan ramma

Markmið 3: Bæta vaxtarskilyrði fyrir íslenskt athafnalíf og nýsköpun og tryggja velsæld

Halda áfram samningaviðræðum um nýtt tímabil Uppbyggingarsjóðs EES.

Utanríkisráðuneyti

Innan ramma

Greiða fyrir aðgengi íslenskrar tækniþekkingar, grænna lausna og nýsköpunar á erlendum mörkuðum.

Utanríkisráðuneyti

Innan ramma

* Verkefnið styður jafnframt við markmið 2.

** Verkefnið styður jafnframt við markmið 3 [í málaflokki 04.1].

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 1.019 m.kr. og hækkar um 134 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Hækkunin er í samræmi við áætlaða hækkun tekna ríkisins af markaðsgjaldi í fjárlögum fyrir árið 2022. Ráðherra ákvarðar fjárveitingar til Íslandsstofu á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum og skal hún aldrei vera lægri en sem nemur markaðsgjaldi, sbr. 1. gr. laga nr. 47/2018, um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um markaðar tekjur. Breytt lög um Íslandsstofu kveða á um þjónustusamning milli ríkisins og Íslandsstofu. Sú fjárhæð sem birtist hér endurspeglar á engan hátt útgjöld utanríkisþjónustunnar vegna utanríkisviðskipta enda er hér eingöngu um að ræða fjárheimildir vegna Íslandsstofu. Megnið af fjárveitingum vegna utanríkisviðskipta fellur undir málaflokkinn 4.10 *Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála* og rennur til aðalskrifstofu, þýðingamiðstöðvar og sendiskrifstofa.

Ekki er um breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helsta breyting á fjárheimildum málaflokksins er eftirtalin:

- a. Fjárheimild málaflokksins hækkar alls um 134 m.kr. í samræmi við áætlaða hækkun tekna ríkisins af markaðsgjaldi í fjárlagafrumvarpi fyrir 2023.

04.30 Samstarf um öryggis- og varnarmál

Starfsemi málaflokksins er í höndum aðalskrifstofu ráðuneytisins og skiptist í þrjú meginvið.

Í fyrsta lagi er fjölþjóðasamstarf um öryggis- og varnarmál. Tvíhliða og fjölhliða samstarf og samráð um öryggisþólitísk málefni heyrir hér undir en þau hafa vaxið að mikilvægi undanfarin ár vegna breytinga í alþjóðlegu öryggisumhverfi sem urðu enn meiri við innrás Rússlands í Úkraínu 2022. Aðildin að Atlantshafsbandalaginu er ásamt varnarsamningnum við Bandaríkin hornsteinn öryggis og varna Íslands og er þátttöku Íslands í öryggisþólitísku og hernaðartengdu samstarfi á vettvangi bandalagsins sinnt af ráðuneytinu og fastanefnd Íslands hjá bandalaginu. Ráðuneytið sinnir einnig þátttöku Íslands í norræna varnarsamstarfinu (NORDEFCO), samráði á vettvangi Norðurhópsins og NB8-rikkanna um öryggis- og varnarmál og samstarfi á vettvangi Sameiginlegu viðbragðssveitarinnar (JEF) sem Ísland gerðist aðili að á árinu 2021. Önnur viðfangsefni eru framkvæmd öryggisráðsályktunar 1325 á vettvangi Atlantshafsbandalagsins, öryggisþólitísk málefni á vettvangi Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) og framkvæmd afvopnunar samninga og stöðugleikaáðgerða á vettvangi ÖSE, SP og annarra alþjóðastofnana. Tvíhliða samstarf og samráð á grundvelli grannríkjasamninga er jafnframt á borði ráðuneytisins og stefnumótun, greining, samráð og miðlun upplýsinga um öryggis- og varnartengd málefni.

Í öðru lagi eru fjölþáttaógnir þar sem hugað er sérstaklega að: netöryggisatvikum, sem eiga upptök sín erlendis; mögulegum markvissum fjárfestingum erlendra aðila í þjóðhagslega mikilvægum innviðum eða fyrirtækjum; falsfréttum og misvísandi upplýsingum sem eiga uppruna sinn frá erlendum ríkjum eða aðilum tengdum ríkjum og því að auka viðnámsþol stjórnkerfisins, m.a. með fræðslu og miðlun upplýsinga á málefнасviðinu. Unnið er markvisst að því að auka skilvirkni í samskiptum ólíkra ráðuneyta, stofnana, ráða, fræðasamfélagsins og einkafyrirtækja sem fást við málefni sem snerta fjölþáttaógnir og að því að auka enn frekar samstarf okkar við hlutaðeigandi aðila í okkar nánustu vina- og bandalagsríkjum á þessu málefнасviði.

Í þriðja lagi er rekstur og fjármögnun varnartengdra rekstrarverkefna og yfirumsjón með öryggis- og varnarsvæðum á Íslandi, rekstur tvíhliða varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna sem m.a. felur í sér reglulegt samráð við bandarísk stjórnvöld, bæði hér á landi og vestan hafs, og undirbúningur og framkvæmd varnaræfinga sem haldnar eru á íslensku yfirráðasvæði. Enn fremur útsending íslenskra sérfræðinga til Atlantshafsbandalagsins sem hluti af framlagi Íslands til stofnunarinnar og sérfræðinga til annarra erlendra samstarfsaðila. Að því er varðar framkvæmd varnartengdra rekstrarverkefna er náið samstarf við dómsmálaráðuneytið og annast varnarmálasvið Landhelgisgæslu Íslands framkvæmd ýmissa varnartengdra rekstrarverkefna á sviði öryggis- og varnarmála á grundvelli þjónustusamnings milli ráðuneytanna frá 1. ágúst 2021. Ráðuneytið felur ríkislögreglustjóra einnig að annast tiltekin verkefni á sviði öryggis- og varnarmála með þjónustusamningi. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Tryggja varnir og viðbúnaðargetu Íslands		
Viðhalda varnarmannvirkjum og kerfum vegna gistiríkisstuðnings.	Utanríkisráðuneyti og Landhelgisgæslan	100 m.kr.
Hefja uppsetningu á öruggum samskiptarymum og búnaði í sendiskrifstofum Íslands.	Utanríkisráðuneyti	130 m.kr.
Bregðast við aukinni þörf á mannafla, öryggisgæslu, þjálfun og endurmenntun starfsfólks sem sinnir varnartengdum verkefnum.	Utanríkisráðuneyti	70 m.kr.
Markmið 2: Efla þátttöku Íslands í öryggis- og varnarsamstarfi		
Virk þátttaka Íslands í starfi NATO, ÖSE, NORDEFECO, Norðurhópsins, JEF og Sameinuðu þjóðanna á sviði öryggis- og varnarmála, m.a. með þátttöku í fundum og æfingum.	Utanríkisráðuneyti	Innan ramma
Markmið 3: Efla gistiríkjustuðning Íslands		
Auka og þétta loftrýmisgæslu á Íslandi.	Utanríkisráðuneyti og Landhelgisgæslan	Innan ramma
Fjölga gistirýmum á öryggissvæðunum.	Utanríkisráðuneyti og Landhelgisgæslan	Innan ramma
Sendu einn starfsmann á ári á námskeið hjá bandalagsríkjunum og stofnunum Atlantshafsbandalagsins sem vinnur að loftrýmisgæslu og rekstri ratsjárkerfisins.	Utanríkisráðuneyti og Landhelgisgæslan	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 3.666,6 m.kr. og hækkar um 380 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 283 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins eykst um 300 m.kr. vegna aukinna framlaga til varnartengdra verkefna sem nauðsyn er að ráðast í, m.a. vegna gjörbreyttra öryggismála í okkar heimshluta.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 35 m.kr. vegna samningsbundins samstarfs um öryggis- og varnarmál á grundvelli tvíhliða varnarsamstarfs við Bandaríkin og aðild að Atlantshafsbandalaginu sem eru í samræmi við þjóðaröryggisstefnu Íslands þar sem áréttuð er nauðsyn þess að hér á landi sé ávallt til staðar gistiríkjustuðningur, varnarmannvirki, búnaður, kerfi, geta og sérfræðiþekking til að mæta áskorunum í öryggis- og varnarmálum.
- Fjárheimild málaflokksins eykst um 130 m.kr. vegna hröðunar áætlunar um framkvæmd á byggingu gistiskála á öryggissvæðinu í Keflavík.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 20 m.kr. vegna niðurfellingar á tímabundnu framlagi til undirbúnings og framkvæmdar útboðs vegna leigu ljósleiðara til eflingar fjárskiptaþjónustu.

- e. Útfærsla á aðhaldskröfu samkvæmt ákvörðun Alþingis nemur 65 m.kr. Ásamt því nemur varanleg niðurfelling ferðakostnaðar málaflokksins 15,4 m.kr.

04.50 Samningsbundin framlög vegna fjölpjóðasamstarfs

Starfsemi málaflokksins er í höndum aðalskrifstofu ráðuneytisins. Undir málaflokkinn falla aðildargjöld Íslands vegna fjölpjóðasamstarfs þvert á verkefni sem falla undir málefнасviðið utanríkismál. Markmið málaflokksins er að fjármagna ýmiss konar aðildargjöld, svo sem vegna Uppbyggingarsjóðs EES, stofnana Sameinuðu þjóðanna og Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Aðildargjöld margra þessara stofnana taka mið af landsframleiðslu og öðrum þáttum sem íslensk stjórnvöld hafa ekki áhrif á. Því eru ekki skilgreindir mælikvarðar eða aðgerðir vegna eðlis málaflokksins. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 4.070,5 m.kr. og hækkar um 1.239,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum launa- og verðlagsbótum sem eru neikvæðar um 239,9 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 1.203,9 vegna hækkunar framlaga til Uppbyggingarsjóðs EES. Framlög til sjóðsins geta sveiflast mikið á milli ára en greiðslur falla til eftir því sem verkefnum sem fengið hafa styrk vindur áfram. Framvinda þeirra getur verið frábrugðin því sem til stóð þegar vilyrði fyrir styrkjum voru gefin en þá ætti að myndast skuldbinding hjá þeim aðildarríkjum EFTA sem greiða í sjóðinn. Í þessu sambandi má nefna að sökum COVID-19 hafa orðið verulegar tafir á framgangi einstakra verkefna sjóðsins og þar af leiðandi hefur greiðsluskylda síðustu ára verið lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Í slíkum tilvikum fellur fjárheimild til sjóðsins niður í árslok.
- b. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 36 m.kr. vegna samningsbundinna hækkana á aðildargjöldum til annarra alþjóðastofnana.

05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla

Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra. Það skiptist í fjóra málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2021–2023. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

	Reikningur ¹	Fjárlög	Frumvarp	Br. frá	Br. frá
	2021	2022	2023	fjárlögum	reikn.
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla ²	m.kr.	m.kr.	m.kr.	%	%
05.10 Skattar og innheimta	8.734,9	9.437,8	9.549,5	1,2	9,3
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti	8.734,9	9.437,8	9.549,5	1,2	9,3
05.20 Eignaumsýsla ríkisins	13.547,3	15.820,1	18.981,2	20,0	40,1
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti	13.547,3	15.820,1	18.981,2	20,0	40,1
05.30 Fjármálaumsýsla ríkisins	5.165,1	5.442,6	5.588,3	2,7	8,2
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti	5.165,1	5.442,6	5.588,3	2,7	8,2
05.40 Stjórnsýsla ríkisfjármála	7.773,4	8.711,5	8.846,4	1,5	13,8
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti	7.773,4	8.711,5	8.846,4	1,5	13,8
Samtals	35.220,7	39.412,0	42.965,4	9,0	22,0


¹ Vakin er athygli á því í samamburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða.

Breytingar á ramma milli árunna 2022–2023



Heildargjöld málefнасviðs 05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla árið 2023 eru áætluð 42.965,4 m.kr. og aukast um 1.248,6 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2022, eða sem svarar til 3,2%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 3.541,7 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 9%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Niðurstaðan getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá í fjármálaáætlun, til að mynda þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2021 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2021 m.kr.	Fjárlög 2022 m.kr.	Frumvarp 2023 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla²					
Rekstrarframlög	29.726,4	35.298,6	38.776,8	9,9	30,4
Rekstrartilfærslur	1.075,7	1.019,5	983,5	-3,5	-8,6
Fjármagnstilfærslur	87,2	0,0	0,0	-	-100,0
Fjárfestingarframlög	4.331,4	3.093,9	3.205,1	3,6	-26,0
Heildarútgjöld	35.220,7	39.412,0	42.965,4	9,0	22,0
Rekstrartekjur	-	18.126,6	21.115,6	16,5	-
Framlag úr ríkissjóði	-	21.285,4	21.849,8	2,7	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	39.412,0	42.965,4	9,0	-

¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breytttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

05.10 Skattar og innheimta

Skattfrankvæmd er á hendi Skattsins og yfirskattanefndar. Fjármála- og efnahagsráðherra er æðsti yfirmaður skattamála og fer hann með stefnumótun, almenn samskipti og eftirlit með stofnunum sem sinna skattfrankvæmd. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Frankvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Bæta skattskil með skilvirkara og einfaldara skattkerfi		
Skattrannsóknir og skatteftirlit eflt með það að markmiði að sporna við skattundanskotum og uppræta peningabætti, m.a. með áherslu á þróun áhættumiðaðs eftirlits.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Skatturinn	100 m.kr.

Heildarendurskoðun á lögum um virðisaukaskatt til að tryggja skatttekjur ríkissjóðs og mæta þeim kröfum sem gerðar eru í viðskiptaumhverfinu á hverjum tíma.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Skatturinn	Innan ramma
Endurskoðun tryggingargjalds, m.a. með tilliti til samspils atvinnutryggingagjalds og almenna tryggingargjaldsins.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Innan ramma
Þróa samræmda aðferðafræði við mat á skattagapi í virðisaukaskatti sem er munurinn á þeim tekjum sem myndu fást ef skattskil væru fullkomin miðað við gildandi skattkerfi og þeim tekjum sem raunverulega skila sér.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Skatturinn og Hagstofa Íslands	Innan ramma
Endurskoðun á reglum um skattmat og reiknað endurgjald. Reglurnar verða einfaldaðar og gerðar skilvirkari og sanngjarnari í framkvæmd ásamt því að jafnræði í álagningu skatta verður tryggt og komið í veg fyrir undanskot.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Skatturinn	Innan ramma

Markmið 2: Efla þjónustu og upplýsingagjöf við einstaklinga og fyrirtæki

Aukin áhersla á áframhaldandi þróun stafrænna þjónustulausna með rafrænum skilum og aukinni sjálfvirkni í innheimtu og sjálfsafgreiðslu.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Skatturinn og Fjársýsla ríkisins	Innan ramma
Aukið samstarf og stöðlun stafrænna gagna í þágu viðskiptakerfa með það að markmiði að fækka hindrunum innan Norðurlandanna í samræmi við Nordic Smart Government sem gerir fyrirtækjum og stofnunum kleift að miðla og sækja viðskipta- og bókhaldsgögn á sjálfvirknan og öruggan hátt í því sem næst rauntíma.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið, menningar- og viðskiptaráðuneytið og Skatturinn	Innan ramma

Markmið 3: Skattkerfið styðji við stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum og nýsköpun

Innleitt verði nýtt tekjuöflunarkerfi fyrir ríkissjóð vegna umferðar og orkuskipta með endurskoðun á gjaldtöku í samgöngum sem byggir á skattlagningu sem í auknum mæli verði á notkun ásamt tæknilegri útfærslu á slíku kerfi.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið, innviðaráðuneytið og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið	Innan ramma
Aðgerðir í þágu nýsköpunar, rannsókna og þróunar, m.a. með því að tímabundinni hækkun endurgreiðsluhlutfalls vegna kostnaðar sem fellur til við rannsóknir og þróun verði gerð varanleg, auk þess sem löggjöf um skattalega meðferð kaupréttar og hlutabréfa hjá nýsköpunarfyrirtækjum verði endurskoðuð.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið	Innan ramma
Jákvæðum fjárfestingahvötum og skilvirkum ívilnunum verður beitt samhliða gjaldtöku á losun gróðurhúsalofttegunda.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið og umhverfis-, orku- og auðlindaráðuneytið	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 9.549,5 m.kr. og lækkar um 184,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 296,6 m.kr.

Ekki er um að ræða miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er fjárheimild málaflokksins aukin um 100 m.kr. til að efla skatteftirlit og skattranssóknir, sbr. markmið nr. 1. Um er að ræða framhald af verkefni sem hófst árið 2020.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 318 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður. Annars vegar er um að ræða tímabundin verkefni í tengslum við breytingu á lögum um skráningu á raunverulegum eigendum og hins vegar er um að ræða tímabundið framlag sem veitt var vegna áhrifa sértekjutaps Skattsins vegna áhrifa af COVID-19 faraldrinum.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 245 m.kr. vegna breytinga á áætluðum rekstrartekjum. Breytingar hafa ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs þar sem þær hafa samsvarandi áhrif á tekjuhlíð. Í kjölfar heimsfaraldurs COVID-19 var tollafgreiðslugjald á Keflavíkurlugvelli fellt niður tímabundið en gjaldið var endurvakið árið 2022 til að standa straum af kostnaði við afgreiðslu og eftirlit utan almenns dagvinnutíma. Gert er ráð fyrir aukinni flugumferð á árinu 2023 sem endurspeglast í hækkun á rekstrartekjum.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefna sviðsins nemur 211 m.kr.

05.20 Eignaumsýsla ríkisins

Fjármála- og efnahagsráðuneytið fer með yfirumsjón og fyrirvar eigna í eigu ríkisins, þ.m.t. í félögum, fasteignum, jörðum og auðlindum, auk þess að vera ábyrgðaraðili opinberra framkvæmda. Starfsemi sem hér fellur undir er að hluta falin Bankasýslu ríkisins og Framkvæmdasýslu – Ríkiseignum (FSRE). Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Bætt yfirsýn, aukið gagnsæi og samfélagslega arðbær og ábyrgur rekstur eigna í eigu ríkisins		
Innleiðing á nýju fyrirkomulagi varðandi stýringu eignarhalds ríkisfyrirtækja.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Innan ramma
Gefnir verða út viðaukar við hina almennu eigandastefnu ríkisins fyrir orkugeirann ásamt reglum um val og hæfniskröfur stjórna félaga í eigu ríkisins.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Innan ramma
Formfestir árlegir upplýsingafundir með ríkisfyrirtækjum. Tilgangur fundanna er að fara yfir stefnu og markmið félaganna ásamt því að fylgja eftir viðmiðum og markmiðum eigandastefnu.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Innan ramma

Markmið 2: Markvissari stýring á fjárfestingum ríkisins

Heildarendurskoðun á skipan opinberra framkvæmda með það að markmiði að bæta umgjörð og samræma málsmeðferð fjárfestinga á vegum ríkisins.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Innan ramma
Vinna að aðferðafræði um þróun fasteignareita í eigu ríkisins með það að markmiði að ná fram markvissari nýtingu á efnahagsreikningi ríkisins.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið og FSRE	Innan ramma
Hefja undirbúning á flutningi fasteigna Landspítalans og Sjúkrahússins á Akureyri í miðlæga fasteignaumsýslu.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið í samráði við heilbrigðisráðuneytið	Innan ramma

Markmið 3: Aukin sjálfbærni og hagkvæm nýting lands, náttúru og auðlinda í umráðum ríkisins

Innleiðing og eftirfylgni á nýju regluverki um nýtingu sérleyfissamninga vegna nýtingar á landi ríkisins í atvinnuskyni.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Innan ramma
Mótun ramma um ráðstöfun og verðlagningu auðlinda í eigu ríkisins með tilliti til nýtingar orkuauðlinda með hagkvæmum og sjálfbærum hætti.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið og FSRE	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 18.981,2 m.kr. og hækkar um 1.642,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 1.519 m.kr.

Ekki er um að ræða miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins eykst um 1.253 m.kr. vegna breytinga á áætluðum sértekjum stofnana. Breytingarnar hafa ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs þar sem þær hafa samsvarandi áhrif á tekjuhlið. Um er að ræða breytingar á sértekjum Framkvæmdasýslu – Ríkiseigna vegna aukins umfangs framkvæmda og fjárfestinga hjá ríkinu, auk þess sem rekstrartekjur aukast í tengslum við flutning fleiri fasteigna í miðlæga umsýslu hjá Framkvæmdasýslu – Ríkiseignum.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 411 m.kr. vegna hækkunar á markaðsleigu í samræmi við verðlag.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 22 m.kr.

05.30 Fjármálaumsýsla, rekstur og mannauðsmál ríkisins

Fjármála- og efnahagsráðuneytið fer með yfirstjórn ríkisrekstrar og vinnur að gagnsæjum rekstri ríkisins og einföldu skipulagi sem tryggir góða þjónustu. Hlutverk ráðuneytisins í umbótum í ríkisrekstri er víðtækt og nær meðal annars til stafvæðingar hins opinbera, hagræðingar í ríkisrekstri og árangursstjórnunar. Undir málaflokkinn falla þær stofnanir sem annast rekstrarlega innviði ríkiskerfisins og veita miðlæga grunnþjónustu til ríkisstofnana í mannauðsmálum, fjármálum og innkaupum, þ.e. Fjársýsla ríkisins, Ríkiskaup og Umbra, þjónustumiðstöð Stjórnarráðsins. Jafnframt falla ákveðin verkefni fjármála- og efnahagsráðuneytis undir þennan málaflokk, svo sem verkefni Stafræns Íslands, kjara- og mannauðssýslu ríkisins og verkefni um nýsköpun hjá hinu opinbera. Nánar er fjallað um

málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Betri og skilvirkari þjónusta ríkisstofnana		
Innskráning fyrir alla að rafrænni þjónustu, svo sem með því að umbodskerfi verði tilbúið til innleiðingar fyrir opinbera aðila.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Innan ramma
Styrking umgjörðar tæknilegra innviða ríkisaðila, svo sem með lagasetningu og styrkingu þekkingar og getu ríkisaðila í gegnum miðlægan þekkingarvettvang.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Innan ramma
Innleiðing stafræns pósthólfis hjá opinberum aðilum sem styður við betri og öruggari upplýsingagjöf til almennings og fyrirtækja.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Innan ramma
Stofnun sérhæfðra verkefnastofa (tæknikjarnar) undir leiðsögn Stafræns Íslands, fyrir lykilþætti opinberrar þjónustu, svo sem heilbrigðisþjónustu, löggæslu og félagsþjónustu sem styður við betri þjónusta við almenning og aukna samvinnu milli stjórnsýslustiga.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Innan ramma
Markmið 2: Efla ríkið sem góðan vinnustað og styrkja hæfni þess til að veita góða opinbera þjónustu		
Innleiðing stefnu ríkisins í mannauðsmálum.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Innan ramma
Stofnun stjórnendaseturs sem hluti af innleiðingu stjórnendastefnu ríkisins.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Innan ramma
Bætt aðgengi stjórnendaupplýsinga, m.a. með uppsetningu mannauðsvörðuhúss.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	30 m.kr.
Markmið 3: Öflugri og vistvænni rekstur ríkisstofnana.		
Birting viðmiða um stærð og samrekstur stofnana í samræmi við ábendingar Ríkisendurskoðunar.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Innan ramma
Innleiðing vöruflokkastjórnunar hafin sem hluta af innleiðingu aðgerðaáætlunar sjálfbærra innkaupa.	Ríkiskaup	Innan ramma
Kortlagning á kolefnisspori innkaupa ríkisins á verkum, vörum og þjónustu.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 5.588,3 m.kr. og lækkar um 178,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 324,6 m.kr.

Ekki er um að ræða miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er hækkuð um 30 m.kr., af útgjaldasvigrúmi málefнасviðsins, til að styðja við bætt aðgengi að rekstrar- og mannauðsupplýsingum, sbr. markmið 1 í málaflokki 5.3 og markmið 2 og 3 í málaflokki 5.4.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 30 m.kr. vegna aukinna umsvifa hjá Umbru, þjónustumiðstöð Stjórnarráðsins, í tengslum við breytta skipan Stjórnarráðsins.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 174 m.kr. vegna breytinga á áætluðum sértekjum stofnana. Breytingarnar hafa ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs þar sem þær hafa samsvarandi áhrif á tekjuhlíð.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 65 m.kr.

05.40 Stjórnarsýsla ríkisfjármála

Undir málaflokkinn fellur aðalskrifstofa fjármála- og efnahagsráðuneytis, ráðstöfunarfé og ýmis önnur verkefni sem ekki verða auðveldlega felld undir önnur málefнасvið eða málaflokka. Fjármunir sem ráðstafað er í verkefni kjara- og mannauðssýslu ríkisins og verkefnastofu um Stafrænt Ísland falla undir málaflokkinn en gerð er grein fyrir markmiðum og áherslum þessara verkefna í málaflokki 5.3. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Skýrari tengingar milli stefnu, fjármuna og árangurs		
Áframhaldandi þróun á árangursmiðaðri áætlunargerð, þar sem kerfisbundin notkun árangursupplýsinga styður við áætlanagerð ráðuneyta og ríkisaðila.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Innan ramma
Þróun endurmats útgjalda fyrir málaflokka í samræmi við markmið og mælikvarða.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Innan ramma
Þróun aðferða og leiðbeininga sem miða að því að jafnréttismat fjárlagatillagna taki til fleiri breyta en kyns.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Innan ramma
Markmið 2: Bætt upplýsingagjöf um fjármál og rekstur ríkisins		
Bætt upplýsingagjöf um ríkisfjármál, svo sem þróun á ársskýrslu ráðherra og á ríkisreikningur.is og opinberumsvif.is.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Fjársýsla ríkisins	Innan ramma
Ársfjórðungsuppgjör bætt m.t.t. fjölgunar ráðuneyta og breyttrar flokkunar ríkisaðila skv. hagskýrslustaðli.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Fjársýsla ríkisins	Innan ramma
Þróa fjárhagskerfi ríkisins svo þau endurspeglgi betur kostnað við lykilverkefni.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Fjársýsla ríkisins	Innan ramma

Markmið 3: Bætt áætlanagerð og eftirfylgni með fjármunum ríkisins

Áhættumiðað eftirlit með framkvæmd fjárlaga.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Innan ramma
Fjármálaráð styrkt til að efla getu þess til að leggja mat á stefnumörkun í opinberum fjármálum.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	30 m.kr.
Móta og innleiða lykilmælikvarða (KPIs) þvert á alla opinbera þjónustu sem taka tillit til reksturs, mannauðs, skilvirkni og ánægju með opinbera þjónustu.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 8.846,4 m.kr. og lækkar um 29,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 152,9 m.kr.

Ekki er um að ræða miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er fjárheimild málaflokksins aukin um 30 m.kr. til að auka getu fjármálaráðs til að leggja mat á stefnumörkun í opinberum fjármálum, sbr. markmið nr. 1.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 30 m.kr. af útgjaldasvigrúmi málaflokksins til þess að styrkja umgjörð í kringum eftirfylgni og umsýslu með eignum ríkisins, sbr. markmið 1 í málaflokki 5.2.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 30 m.kr. af útgjaldasvigrúmi málaflokksins til að bæta umgjörð og umsýslu opinberra fjármála með því að efla gagna- og greiningargetu á sviði ríkisfjármála og ríkisrekstrar og styðja við nýsköpun í ríkisrekstri, sbr. markmið 1 og 2.
- Fjárheimild málaflokksins er lækkuð um 36 m.kr. vegna lækkunar á framlagi til stjórnmalasamtaka. Um er að ræða hluta af aðgerðum ríkisstjórnar til að draga úr þenslu og bæta afkomu.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 30 m.kr. vegna aukinnar notkunar á sameiginlegum stafrænum innviðum vegna rafrænnar innskráningar.
- Hægt er á endurnýjun stærri upplýsingakerfa með því að 500 m.kr. framlög sem gert var ráð fyrir að féllu til árið 2023 frestast til ársins 2024. Er það liður í sérstökum aðhaldsaðgerðum stjórnvalda til að draga úr þenslu og bæta afkomu.
- Hlutdeild málaflokksins í almennri aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 102 m.kr. og útfært hlutfallslega niður á stofnanir og verkefni.

06 Hagskýrslugerð og grunnskrár

Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, innviðaráðherra og umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra. Undir það heyrir einn málaflokkur sem ber heitið Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál. Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2021–2023. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

	Reikningur ¹ 2021 m.kr.	Fjárlög 2022 m.kr.	Frumvarp 2023 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
06 Hagskýrslugerð og grunnskrár²					
06.10 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	4.287,3	4.182,9	4.106,7	-1,8	-4,2
01 Forsætisráðuneyti	1.834,0	1.794,7	1.825,6	1,7	-0,5
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti	79,6	63,5	62,3	-1,9	-21,7
10 Innviðaráðuneyti	2.011,9	1.914,3	1.835,5	-4,1	-8,8
14 Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	361,8	391,0	383,3	-2,0	5,9
17 Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarnr.....		19,4			
Samtals	4.287,3	4.182,9	4.106,7	-1,8	-4,2


¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli árana 2022–2023



Heildargjöld málefnasviðs 06 Hagskýrslugerð og grunnskrár árið 2023 eru áætluð 4.106,7 m.kr. og lækka um 196 m.kr. m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2022, eða sem svarar til 4,7%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum lækka útgjöldin um 76,2 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 1,8%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins. Niðurstaðan getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2021 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2021 m.kr.	Fjárlög 2022 m.kr.	Frumvarp 2023 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
06 Hagskýrslugerð og grunnskrár²					
Rekstrarframlög	4.216,6	4.084,1	4.000,1	-2,1	-5,1
Rekstrartilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjármagnstílfrærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	70,7	98,8	106,6	7,9	50,8
Heildarútgjöld	4.287,3	4.182,9	4.106,7	-1,8	-4,2
Rekstrartekjur	-	1.047,9	1.042,7	-0,5	-
Framlag úr ríkissjóði	-	3.135,0	3.064,0	-2,3	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	4.182,9	4.106,7	-1,8	-

¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breytttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

06.10 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál

Starfsemi málaflokksins er í höndum þriggja stofnana og eitt verkefni: Hagstofa Íslands heyrir undir forsætisráðherra, Þjóðskrá Íslands heyrir undir innviðaráðherra, málefni upplýsingasamfélagsins heyra undir fjármála- og efnahagsráðherra og Landmælingar Íslands heyra undir umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Auka framboð öruggar, stafrænnar þjónustu		
Áframhald á þróun þjóðskrárkerfis. Um er að ræða uppfærslu gagnagrunna og innfærslu nýrra skráningarupplýsinga.	Þjóðskrá Íslands	Innan ramma

Miðlun Þjóðskrár m.t.t. persónuverndar, öryggis gagna o.fl.	Þjóðskrá Íslands	Innan ramma
Hafist handa við kerfisgerð og smíði nýs kosningakerfis.	Þjóðskrá Íslands	Innan ramma
Markmið 2: Bæta gæði, framboð og aðgengi að opinberum gögnum og auka möguleika fólks til lýðræðislegrar þátttöku		
Framkvæmd laga um stafrænar landupplýsingar (INSPIRE).	Landmælingar Íslands	Innan ramma
Innleiðing hafin á öryggisflokkun gagna íslenska ríkisins.	Umbrá	Innan ramma
Mótun gagnastefnu íslenska ríkisins og högun opinna gagna.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Innan ramma
Þjónusta við viðskiptavinum Þjóðskrár verði starfræn.	Þjóðskrá Íslands	Innan ramma
Heildarniðurstöður manntals birtar.	Hagstofa Íslands	Innan ramma
Endurgerð þjóðhagsreikninga, uppbygging á nýju vöruhúsi fyrir gögn þjóðhagsreikninga á grundvelli uppruna- og ráðstöfunartaflna.	Hagstofa Íslands	Innan ramma
Skráning starfsstöðva fyrirtækja, með því fæst betri mynd af umfangi atvinnugreina eftir landsvæðum.	Hagstofa Íslands	Innan ramma
Áframhaldandi vinna við framsetningu á myndrænu efni í fréttum og á vef.	Hagstofa Íslands	Innan ramma
Í samræmi við tæknistefnu Hagstofunnar 2022–2024 verður unnið að úrbótum á tækniumhverfi með það að markmiði að veita innri og ytri notendum framúrskarandi þjónustu.	Hagstofa Íslands	Innan ramma
Umsjón með tölfraði er viðkemur sjálfbærri þróun, heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og velsældarvísium, mælikvarðar um hagsæld og lífsgæði.	Hagstofa Íslands	Innan ramma
Eftirfylgni með samþykkt ríkisstjórnar um samræmda skiptingu stjórnáskrána og öðrum áherslumálum ríkisstjórnarinnar.	Hagstofa Íslands	Innan ramma

* Ef verkefnið styður jafnframt við markmið í öðrum málaflokki er skýring rituð með stjórn, á þennan hátt:

* „Verkefnið styður jafnframt við markmið 1 [í málaflokki 17.1]“.

** Ef breyting á fjárveitingu til verkefnis er til lækkunar er skýring rituð undir töflu, á þennan hátt: „Fjárveitingar til verkefna geta verið breytilegar á milli ára. Sem dæmi getur lækkun fjárveitingar endurspeglað að tímabundin fjárveiting fellur niður, eða lækkun í samræmi við áætlun eins og endurspeglast í fjármálaáætlun.“

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 4.106,7 m.kr. og lækkar um 196 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 119,8 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 24 m.kr. til að efla þjónustu Hagstofunnar, sbr. markmið nr. 2.
- b. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 30 m.kr. til að koma til móts við 30 m.kr. tímabundið framlag til Hagstofunnar vegna manntals sem fellur niður.
- c. Gert er ráð fyrir að hluti fjárveitingar Þjóðskrár Íslands færist til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar á árinu 2023 vegna tilfærslu verkefnis um fasteignaskrá í samræmi við breytingar á ýmsum lagaákvæðum sem tóku gildi 1. júlí sl. Gert er ráð fyrir samsvarandi millifærsla verði lögð fram í fjárukalögum 2022. Fjárheimild Þjóðskrár Íslands lækkar um 45,6 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður. Um er að ræða niðurfellingu á 30 m.kr. framlagi til verkefnis um rafræna kosningaskrá og 15,6 m.kr. til þróunar á þjóðskrárkerfinu.
- d. Aðhaldskrafa málaflokksins nemur 92 m.kr. þarf af eru 9 m.kr. vegna sérstaks aðhalds vegna varanlegrar lækkunar ferðakostnaðar.

07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar

Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð fjögurra ráðherra. Forsætisráðherra ber ábyrgð á starfsemi Vísinda- og tækniráðs. Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra ber ábyrgð á vísindum, nýsköpun og hugverkaiðnaði. Menningar- og viðskiptaráðherra ber ábyrgð á málefnum skapandi greina og faggildingar ásamt endurgreiðslum vegna kvikmyndagerðar og hljóðritunar á tónlist. Matvælaráðherra ber ábyrgð á málefnum Matvælasjóðs.

Málefнасviðið skiptist í tvo málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2021–2023. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


	Reikningur ¹ 2021 m.kr.	Fjárlög 2022 m.kr.	Frumvarp 2023 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar²					
07.10 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknnum.....	11.438,9	14.590,2	14.213,3	-2,6	24,3
04 Matvælaráðuneyti	788,9	631,1	619,4	-1,9	-21,5
17 Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarrn.	10.650,0	13.959,1	13.593,9	-2,6	27,6
07.20 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar.....	14.624,3	14.507,8	15.099,3	4,1	3,2
04 Matvælaráðuneyti	615,9	0,0	0,0	-100,0	-100,0
16 Menningar- og viðskiptaráðuneyti	2.961,7	1.700,6	2.102,4	23,6	-29,0
17 Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarrn.	11.046,7	12.807,2	12.996,9	1,5	17,7
Samtals	26.063,2	29.098,0	29.312,6	0,7	12,5

¹ Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.



Heildargjöld málefnasviðs 07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar árið 2023 eru áætluð 29.312,6 m.kr. og aukast um 594,6 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2022, eða sem svarar til 2%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum sem og gengisbreytingum á sjóðum í rammaáætlunum ESB lækka útgjöldin um 380,0 m.kr., þannig að samtals hækka útgjöld málefnasviðsins um 214,6 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 0,7%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins. Niðurstaðan getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2021 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar ²	Reikningur ¹ 2021 m.kr.	Fjárlög 2022 m.kr.	Frumvarp 2023 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
Rekstrarframlög	1.486,0	1.256,4	1.364,8	8,6	-8,2
Rekstrartilfærslur	3.216,9	1.823,4	2.249,9	23,4	-30,1
Fjármagnstílfærslur	21.356,7	25.973,7	25.649,7	-1,2	20,1
Fjárfestingarframlög	3,6	44,5	48,2	8,3	1.238,9
Heildarútgjöld	26.063,2	29.098,0	29.312,6	0,7	12,5
Rekstrartekjur	-	802,9	833,4	3,8	-
Framlag úr ríkissjóði	-	28.295,1	28.479,2	0,7	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	29.098,0	29.312,6	0,7	-

¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

07.10 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum

Málaflokkurinn nær yfir starfsemi Vísinda- og tækniráðs, samkeppnissjóði á sviðum vísinda og nýsköpunar, svo sem Rannsóknasjóð og Tæknipróunarsjóð, stefnumótandi fjármögnun, svo sem Markáætlun, Innviðasjóð og Matvælasjóð, og samstarfsáætlun ESB 2023–2027 um rannsóknir og nýsköpun.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Vísindastarf á heimsmaelikvarða		
Tímabundin efling samkeppnissjóða í rannsóknum, nýsköpun og tækniþróun, sbr. aðgerð þar að lútandi í Vísinda- og tæknistefnu.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Stefna og aðgerðaáætlun um opinn aðgang að rannsóknagögnum.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Hagnýting hugvits og nýskapandi lausnir á brýnum samfélagslegum áskorunum		
Aukið samstarf milli háskóla, stofnana og fyrirtækja um nýtingu rannsóknainnviða.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Verkefni í þágu samfélagslegra áskorana undir hatti Markáætlunar og annarrar opinberrar fjármögnunar.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti í samstarfi við Vísinda- og tækniráð	Innan ramma
Markmið 3: Virkt alþjóðlegt samstarf á sviði menntunar, vísinda og nýsköpunar		
Ný samstarfsverkefni í tengslum við ESB áætlun, þar á meðal Digital Europe og Horizon Europe, Erasmus og InvestEU.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti í samstarfi við önnur ráðuneyti	Innan ramma
Samstarfsverkefni við erlenda háskóla og rannsóknastofnanir sett á fót.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 14.213 m.kr. og lækkar um 376,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum, mest vegna áhrifa gengisbreytinga á sjóðum í rammaáætlun ESB, sem lækka um 423,5 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild til samkeppnissjóða í rannsóknum, nýsköpun og tækniþróun (Rannsóknasjóðs og Tækniþróunarsjóðs) er hækkuð tímabundið á tímabilinu 2021–2023, í samræmi við stefnu og mótvægisáðgerðir stjórnvalda gegn heimsfaraldi og stefnu Vísinda- og tækniráðs. Heildarhækkunin er áætluð 229,6 m.kr. á verðlagi ársins 2022.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 178,2 m.kr. og er skipt hlutfallslega niður á stofnanir og verkefni málaflokksins.

07.20 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar

Málaflokkurinn nær yfir stuðningsumhverfi og aðgerðir í þágu nýsköpunar og hugvitsiðnaðar. Undir málaflokkinn heyrir m.a. starfsemi Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og Hugverkastofu. Styrkir til nýsköpunarfyrirtækja, m.a. í formi skattendurgreiðslna vegna rannsókna og þróunar, og Kría sprota- og nýsköpunarsjóður falla einnig undir þennan

málaflokk. Jafnframt falla undir málaflokkinn endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar og hljóðritunar á tónlist.

Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Bætt samkeppnisstaða í alþjóðlegu samhengi og velsæld byggð á nýsköpun og hugviti		
Tímabundin hækkun á endurgreiðsluhlutfalli kostnaðar vegna rannsókna og þróunar í 35% hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum, þak vegna endurgreiðslna hækkað í 1 ma.kr.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	69 m.kr.
Greining og endurskoðun á opinberri fjármögnun nýsköpunar (NSA, Kría og skattendurgreiðslur vegna rannsókna og þróunar).	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Aukin framlög vegna endurgreiðslna til kvikmyndagerðar á Íslandi.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	300 m.kr.
Framlag til stuðningsvið málefni hönnunar og skapandi greina.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	94,3 m.kr.
Markmið 2: Aukin hagnýting tæknilausna í þágu samfélagslegra áskorana		
Tímabundið átak til innleiðingar nýsköpunar í heilbrigðistækni og þjónustu.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	60 m.kr.
Askur – átaksverkefni um mannvirkjarannsóknir og nýsköpun.	Húsnæðis- og mannvirkjastofnun	Innan ramma
Stefna og aðgerðaáætlun um opinbera fjármögnun nýsköpunarverkefna í þágu loftslagsmála.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Markmið 3: Ný störf skapist í þekkingargreinum		
Hraðleið fyrir erlenda sérfræðinga.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti, önnur ráðuneyti	Innan ramma
Efling nýsköpunar á landsbyggðinni - Lóa og Stafrænar smiðjur.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti,	Innan ramma
Nýsköpunargátt – upplýsingavefur um stuðningsumhverfi nýsköpunar.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 15.099,3 m.kr. og hækkar um 548,0 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 43,5 m.kr.

Ekki er um að ræða miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Tímabundinn stuðningur við rannsóknir og þróun fyrirtækja er framlengdur. Fjárheimildir málaflokksins vegna stuðningsins aukast um 69 m.kr á milli ára og verða 11,8 ma.kr. árið 2023. Á árunum 2021-2022 voru framlög aukin til að mæta efnahagssamdrætti vegna heimsfaraldurs og nam tímabundin stuðningur ársins 2022 sem falla átti niður 2023 5,6 ma.kr. Framlögum er ætlað að mæta breytingum á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki nr. 152/2009 sem fólu í sér að bráðabirgðaákvæði var framlengt til ársins 2023. Þannig mun endurgreiðsluhlutfall haldast 35% fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og þak endurgreiðslna hækka í 1 ma.kr. Samhliða verður gerð ítarleg greining á áhrifum skattfrádráttar fyrir fyrirtæki og samkeppnishæfni sem unnin verður í samstarfi við OECD.
- b. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 83,3 m.kr. vegna ýmissa framlaga til nýsköpunar og atvinnuþróunar.
- c. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 15,3 m.kr. vegna uppfærðra áætlana sértekna Hugverkastofu.
- d. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 300 m.kr. til endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar á Íslandi til að mæta þegar tilkomnum skuldbindingum. Aðgerð er í samræmi við markmið 1 og áherslur í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.
- e. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 94,3 m.kr. til að efla hönnun og skapandi greinar, sbr. markmið nr. 1 og áherslur í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Þar af eru 15 m.kr. fjármagnaðar af tímabundnu fjárfestingarátaki ríkisstjórnarinnar til menningarmála.
- f. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 60 m.kr. til átaksverkefnis um nýsköpun í heilbrigðisþjónustu og heilbrigðistækni. Verkefnið er hluti af *félags- og heilsufarslegum aðgerðum stjórnvalda vegna áhrifa heimsfaraldurs kórónuveiru*.
- g. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 58,9 m.kr. sem skipt er hlutfallslega niður á stofnanir og verkefni málaflokksins.

08 Sveitarfélög og byggðamál

Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð innviðaráðherra. Það skiptist í tvo málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2021–2023. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

	Reikningur ¹ 2021 m.kr.	Fjárlög 2022 m.kr.	Frumvarp 2023 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
08 Sveitarfélög og byggðamál²					
08.10 Framlög til sveitarfélaga	21.273,2	24.552,6	26.559,6	8,2	24,9
10 Innviðaráðuneyti	21.273,2	24.552,6	26.559,6	8,2	24,9
08.20 Byggðamál	2.169,3	2.077,6	1.905,5	-8,3	-12,2
10 Innviðaráðuneyti	2.169,3	2.077,6	1.905,5	-8,3	-12,2
Samtals	23.442,5	26.630,2	28.465,1	6,9	21,4


¹ Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli árana 2022–2023



Heildargjöld málefnasviðs 08 Sveitarfélög og byggðamál árið 2023 eru áætluð 28.465,1 m.kr. og aukast um 1.823,8 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2022, eða sem svarar til 6,8%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 1.834,9 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 6,9 %.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins. Niðurstaðan getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út

frá í fjármálaáætlun, til að mynda þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2021 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2021 m.kr.	Fjárlög 2022 m.kr.	Frumvarp 2023 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
08 Sveitarfélög og byggðamál²					
Rekstrarframlög	4,7	74,2	65,4	-11,9	1.291,5
Rekstartilfærslur	23.437,8	26.556,0	28.399,7	6,9	21,2
Fjármagnstilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	0,0	0,0	0,0	-	-
Heildarútgjöld	23.442,5	26.630,2	28.465,1	6,9	21,4
Rekstrartekjur	-	0,0	0,0	-	-
Framlag úr ríkissjóði	-	26.630,2	28.465,1	6,9	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	26.630,2	28.465,1	6,9	-

¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

08.10 Framlög til sveitarfélaga

Starfsemi málaflokksins er í höndum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem er á ábyrgð innviðaráðherra. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur, o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Sveitarfélög á Íslandi verði öflug og sjálfbær vettvangur lýðræðislegrar starfsemi.		
Endurskoðun sveitarstjórnarlaga til að fylgja eftir framþróun m.a. til að skýra fjármálaviðmið og bæta aðstæður kjörinna fulltrúa.	Innviðaráðuneytið	Innan ramma
Mótun viðmiða um sjálfbæra þróun sveitarfélaga á sviði fjármála, samfélags og umhverfis styður við áætlanir í öllum málaflokkum ráðuneytisins.	Innviðaráðuneyti	Innan ramma
Markvissara samstarf ríkis og sveitarfélaga á sviði loftslagsmála.	Innviðaráðuneyti	Innan ramma

Markmið 2: Sjálfstjórn og ábyrgð sveitarfélaga virt og tryggð verði sem jöfnust réttindi og aðgengi íbúa að þjónustu.

Aðgerðaráætlun um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.	Innviðaráðuneyti	Innan ramma
Skýrara hlutverk landshlutasamtaka styður við markmið byggðaaætlunar.	Innviðaráðuneyti	Innan ramma
Endurskoðun gildandi stefnu og aðgerðaráætlunar í málaflökki sveitarfélaga.	Innviðaráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 26.559,6 m.kr. og hækkar um 2.007,0 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 2.292 m.kr. til lögbundins framlags í jöfnunarsjóð í samræmi við tekjuspá.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 285 m.kr. vegna tímabundins framlags til að styðja við stefnumarkandi áætlun stjórnvalda um eflingu sveitarstjórnarstigsins og aukna sjálfbærni þess með sameiningum sveitarfélaga.
- Ekkert aðhald er í málaflökki sveitarstjórnarmála.

08.20 Byggðamál

Málaflokkurinn skiptist í fimm viðföng sem heyra undir innviðaráðherra, þ.e. byggðaaætlun, sóknaráætlanir landshluta, Byggðastofnun, atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni og jöfnunar flutningskostnaðar. Ein stofnun tilheyrir málaflöknum, Byggðastofnun, en hún hefur það hlutverk að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og sinnir málefnum póstsins. Nánar er fjallað um málaflökinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Jafna aðgengi að þjónustu		
Almenningssamgöngur milli byggða eflar með styrkjum úr samkeppnispotti þar sem markmiðið er að styðja við þróun almenningssamgangna út frá byggðalegum sjónarmiðum. (1)	Innviðaráðuneyti	Innan ramma
Fjarheilbrigðisþjónusta eflar með það að markmiði að auka og bæta aðgengi að heilbrigðisþjónustu með nýsköpun og nýtingu tækni og fjarskipta. (2)	Heilbrigðisráðuneyti	Innan ramma
Rekstur dagvöruverslana í minni byggðalögum styrktur til að viðhalda mikilvægri grunnþjónustu.	Innviðaráðuneyti	Innan ramma

Markmið 2: Jafna tækifæri til atvinnu

Efling nýsköpunar í byggðum landsins, m.a. með því að koma á fót starfrænni nýsköpunargátt fyrir frumkvöðla og fræðslu- og stuðningsaðila nýsköpunar. (3)	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Greining atvinnusóknar sem felst í að greina ferðaleiðir milli heimilis og vinnustaðar.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma
Störf á vegum ríkisins verði óstaðbundin nema eðli starfsins krefjist þess sérstaklega.	Innviðaráðuneyti	Innan ramma

Markmið 3: Stuðla að sjálfbærri þróun byggða um land allt

Spornað verður við viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðarlögum í gegnum verkefnið Brothættar byggðir.	Innviðaráðuneyti	Innan ramma
Framboð af fjölbreyttu íbúðarhúsnæði verði tryggt á svæðum þar sem skortur hamlar þróun og uppbyggingu atvinnulífs. (4)	Innviðaráðuneyti	Innan ramma
Hringrásarhagkerfið verður eflt og sjálfbærni samfélaga aukin m.a. með því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda við meðhöndlun og myndun úrgangs. (5)	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	Innan ramma

(1) Verkefnið styður við samgönguáætlun.

(2) Verkefnið styður við heilbrigðisstefnu, nýsköpunarstefnu og fjarskiptastefnu.

(3) Verkefnið styður við nýsköpunarstefnu og klasastefnu.

(4) Verkefnið styður við húsnæðis- og skipulagsáætlanir sveitarfélaga, landsskipulagsstefnu og húsnæðisáætlun.

(5) Verkefnið styður við aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, orkustefnu, klasastefnu, stefnu um úrgangsforvarnir, stefnu um meðhöndlun úrgangs og matvælastefnu.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 1.905,5 m.kr. og lækkar um 183,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum verðlagsbreytingum en þær nema 11,1 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 24 m.kr. sem rennur til verkefna á byggðaáætlun.
- Fjárheimild lækkar um 100 m.kr. vegna niðurfellingar á tímabundnu framlagi til sóknaráætlana vegna viðspyrnu á svæðum þar sem heimsfaraldur hafði neikvæð áhrif á ferðaþjónustu og fækkun starfa.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 68,2 m.kr. og er hlutfallslega skiptingu niður á stofnanir og verkefni málaflokks.

09 Almanna- og réttaröryggi

Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð dómismálaráðherra. Það skiptist í fimm málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2021–2023. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

	Reikningur ¹ 2021 m.kr.	Fjárlög 2022 m.kr.	Frumvarp 2023 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
09 Almanna- og réttaröryggi²					
09.10 Löggæsla	21.071,5	21.462,6	21.033,4	-2,0	-0,2
06 Dómismálaráðuneyti	21.071,5	21.462,6	21.033,4	-2,0	-0,2
09.20 Landhelgi	10.823,0	5.564,8	5.582,9	0,3	-48,4
06 Dómismálaráðuneyti	10.823,0	5.564,8	5.582,9	0,3	-48,4
09.30 Ákærvald og réttarvarsla	1.962,9	2.068,3	2.074,0	0,3	5,7
01 Forsætisráðuneyti	415,7	458,3	462,5	0,9	11,3
06 Dómismálaráðuneyti	1.547,2	1.610,0	1.611,5	0,1	4,2
09.40 Réttaraðstoð og bætur	3.333,0	2.473,9	2.556,7	3,3	-23,3
06 Dómismálaráðuneyti	3.333,0	2.473,9	2.556,7	3,3	-23,3
09.50 Fullnustumál	2.451,2	3.369,5	3.497,0	3,8	42,7
06 Dómismálaráðuneyti	2.451,2	3.369,5	3.497,0	3,8	42,7
Samtals	39.641,6	34.939,1	34.744,0	-0,6	-12,4


¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða.

Breytingar á ramma milli árana 2022–2023



Heildargjöld málefнасviðsins 09 *Almanna- og réttaröryggi* árið 2023 eru áætluð 34.744 m.kr. og lækka um 1.142,8 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2022, eða sem svarar til 3,3%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum lækka útgjöldin um 195,1 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 0,6%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Niðurstaðan getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá í fjármálaáætlun, til að mynda þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2021 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2021 m.kr.	Fjárlög 2022 m.kr.	Frumvarp 2023 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
09 Almanna- og réttaröryggi²					
Rekstrarframlög	36.081,4	31.763,2	32.132,9	1,2	-10,9
Rekstrartilfærslur	684,9	638,7	510,3	-20,1	-25,5
Fjármagnstilfærslur	86,0	18,5	18,5	0,0	-78,5
Fjárfestingarframlög	2.789,3	2.518,7	2.082,3	-17,3	-25,3
Heildarútgjöld	39.641,6	34.939,1	34.744,0	-0,6	-12,4
Rekstrartekjur	-	2.124,9	2.313,3	8,9	-
Framlag úr ríkissjóði	-	32.814,2	32.430,7	-1,2	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	34.939,1	34.744,0	-0,6	-

¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

09.10 Löggæsla

Starfsemi málaflokksins er í höndum ríkislögreglustjóra og níu lögregluembætta en undir hann fellur einnig landamæraeftirlit, menntun lögreglumanna, almannavarnir og leit og björgun á landi. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Besta mögulega þjónustustig		
Fjölga nemendum í lögreglunámi og vinna að bættri þekkingu og nýtingu mannafla.	DMR/ríkislögreglustjóri	64 m.kr.
Efla rannsókn og saksókn kynferðisbrota, heimilisofbeldis og annars kynbundins ofbeldis.	DMR/stofnanir réttarvörslukerfisins	50 m.kr.
Innleiða komu- og brottfararkerfi á landamærum og upplýsingakerfi um heimild til ferðar.	Ríkislögreglustjóri/lögregluembættin	Innan ramma
Byggja upp húsnæði fyrir viðbragðsaðila.	DMR	Innan ramma
Efla ytra og innra eftirlit með störfum lögreglu og auka yfirsýn yfir verkefni lögreglu, þ.m.t. með árangursmælaborði og reglulegri birtingu tölfraeðiupplýsinga um meðferð mála.	DMR/ríkislögreglustjóri	Innan ramma
Efla þjónustu með aukinni stafvæðingu og rafrænu gagnafleði milli stofnana réttarvörslukerfisins sem bætir yfirsýn og rekjanleika.	DMR/stofnanir réttarvörslukerfisins	Innan ramma
Tryggja aukinn fjölbreytileika, jafnrétti og jöfn tækifæri innan lögreglu.	DMR/ríkislögreglustjóri/lögregluembættin	Innan ramma
Markmið 2: Hæsta mögulega öryggisstig		
Samhæfingarmiðstöð viðbragðsaðila í öllum umdæmum og heildarendurskoðun almannavarnalaga.	DMR/ríkislögreglustjóri/lögregluembættin	Innan ramma
Áhersla á afbrotavarnir, greiningu upplýsinga og þverfaglega samvinnu til að sporna við skipulagðri brotastarfsemi, þ.m.t. fjármálabrotum og mansali.	DMR/ríkislögreglustjóri/lögregluembættin	50 m.kr.
Aukin samfélagslöggæsla, aðgerðageta og afbrotavarnir til þess að takast á við tölvu- og netglæpi.	Ríkislögreglustjóri/lögregluembættin	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 21.033,4 m.kr. og lækkar um 1.007,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 578,1 m.kr.

Ekki er um að ræða miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er fjárheimild málaflokksins aukin um 164 m.kr. vegna þriggja verkefna. Í fyrsta lagi 64 m.kr. til að mæta kostnaði við að fjölga nemendum í lögreglunámi, sbr. markmið nr. 1. Á fjárlögum yfirstandandi árs var 69,7 m.kr. varið til námsins og verður heildarframlagið því 133,7 m.kr. Í öðru lagi 50 m.kr. tímabundið framlag til þriggja ára til að mæta tillögum að aðgerðum til að efla rannsókn og saksókn kynferðisbrota, efla forvarnir og þjónustu við þolendur,

sbr. markmið nr. 1. Þetta er til viðbótar 200 m.kr. framlagi á fjárlögum yfirstandandi árs. Í þriðja lagi 50 m.kr. tímabundið framlag til þriggja ára til að efla aðgerðir gegn skipulagðri brotastarfsemi, sbr. markmið nr. 2.

- b. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 134 m.kr. til að mæta uppbyggingu á nýju húsnæði fyrir alla viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við uppfærða kostnaðaráætlun. Áætlaður heildarkostnaður verkefnisins er 19 ma.kr. og gert er ráð fyrir að húsnæðið verði tekið í notkun 2027. Verkefnið er mjög stefnumarkandi þegar kemur að umbótum í ríkisrekstrinum á sviði fasteignareksturs og samreksturs ríkisstofnana en í húsnæðinu verða allt að sex stofnanir í sameiginlegri stoðþjónustu eins og fjármála- og mannauðsstjórnun, auk þess sem margvíslegar aðrar nýjungar er þar að finna.
- c. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 258 m.kr. til að mæta innleiðingu komu- og brottfararkerfis Schengen-samstarfsins (e. Entry Exit System) á árunum 2023 og 2024, sbr. markmið nr. 1. Um er að ræða breytta forgangs röðun innan heildarramma dómsmálaráðuneytisins.
- d. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 365,5 m.kr. vegna fjögurra tímabundinna verkefna sem falla niður. Þar er um að ræða 120 m.kr. tímabundið framlag til að styrkja lögregluembættin á landsbyggðinni, 145,5 m.kr. til kaupa á björgunarbátum, 60 m.kr. til uppbyggingar réttarvörslugáttar og 40 m.kr. til almannavarna.
- e. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 278,6 m.kr. í samræmi við ákvæði kjarasamninga um tímabundið verkefni *Betri vinnutíma* til ársins 2023.
- f. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 523,5 m.kr. vegna sértækra aðhaldsaðgerða sem skiptist í tvennt. Annars vegar 500 m.kr. vegna hliðrunar framlaga til byggingar á nýju húsnæði fyrir viðbragðsaðila. Hins vegar 23,5 m.kr. vegna tímabundinnar lækkunar ferðakostnaðar 2022 sem kom aftur inn í ramma málaflokksins en er nú lækkaður varanlega.
- g. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 402,2 m.kr. og er útfærð hlutfallslega niður á stofnanir og verkefni málaflokksins.

09.20 Landhelgi

Starfsemi málaflokksins er í höndum Landhelgisgæslu Íslands (LHG) sem sér um öll verkefni málaflokksins en einnig Landhelgissjóðs sem fjármagnar kaup eða leigu á skipum, loftförum eða öðrum tækjum til að sinna verkefnum Landhelgisgæslunnar. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
----------------------	------------------	---------------------------------------

Markmið 1: Tryggja almannaoöryggi löggæslu og eftirlit í auðlindalögsögu Íslands

Ábendingum Ríkisendurskoðunar í stjórnsluúttekt á Landhelgisgæslunni 2022 mætt með frekari greiningu á starfseminni.	DMR/Landhelgisgæslan	Innan ramma
--	----------------------	-------------

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 5.582,9 m.kr. og lækkar um 123,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 142 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 36,4 m.kr. vegna sértækra aðhaldsaðgerða. Um ræðir tímabundna lækkun ferðakostnaðar 2022 sem kom aftur inn í ramma málaflokksins en er nú lækkaður varanlega.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 15,1 m.kr. í samræmi við ákvæði kjarasamninga um tímabundið verkefni *Betri vinnutíma* til ársins 2023.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 108,8 m.kr.

09.30 Ákærvald og réttarvarsla

Starfsemi málaflokksins er í höndum embættis ríkissaksóknara, embættis héraðssaksóknara og lögreglustjóraembættanna hvað varðar meðferð ákærvalds og eru þau á ábyrgð dómsmálaráðherra. Undir málaflokkinn fellur einnig starfsemi óbyggðanefndar og ríkislögmans sem eru á ábyrgð forsætisráðherra. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
----------------------	------------------	---------------------------------------

Markmið 1: Að aðgangur að réttarvörslukerfinu sé greiður, unnið í samræmi við málsmeðferðarreglur og af vandvirkni og mannréttindi virt í hvívetna

Embætti ríkissaksóknara verði eftt til að sinna alþjóðlegum verkefnum sem undir embættið heyrar.	Ríkissaksóknari	Innan ramma
Ríkissaksóknari haldi málstofur og námskeið fyrir ákærendur til að auka gæði ákærvaldsstarfa.	Ríkissaksóknari	Innan ramma
Málsmeðferð kynferðisbrota verði bætt í samræmi við endurnýjaða aðgerðaáætlun um meðferð kynferðisbrota.*	Ríkissaksóknari/ héraðssaksóknari/ lögregluembættin	Innan ramma
Unnið að breytingum á eigin kerfum og samtengingu þeirra sem gerir mögulegt að flytja gögn rafrænt þvert á stofnanir réttarvörslukerfisins. Þátttaka í verkefnum um réttarvörslugátt.*	DMR/stofnanir réttarvörslukerfisins	Innan ramma

Markmið 2: Að öryggi almennings, gagna og upplýsinga sé tryggt

Unnið að aðgerðum og áherslumálum í tengslum við varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.	DMR/héraðssaksóknari/ aðrar stofnanir	Innan ramma
---	--	-------------

Markmið 3: Að fyrir liggi skýr mörk þjóðlendna og eignarlanda á landinu öllu, þ.m.t. eyjum umhverfis landið, eigi síðar en 2024.

Óbyggðanefnd hefur skipt meginlandi Íslands niður í 16 svæði, auk þess sem eyjar og sker umhverfis landið teljast 17. svæðið. Áætlanir gera ráð fyrir að í árslok 2023 verði málsmeðferð lokið á 16 af 17 svæðum.	Óbyggðanefnd	Innan ramma
---	--------------	-------------

*Verkefnið styður jafnframt við markmið 2.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 2.074 m.kr. og lækkar um 41 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 46,7 m.kr.

Óverulegar breytingar eru á fjárheimildum málaflokksins ef frá er talin 44,6 m.kr. almenn aðhaldskrafa sem gerð er til málaflokksins sem útfærð er hlutfallslega niður á stofnanir málaflokksins.

09.40 Réttaraðstoð og bætur

Til málaflokksins heyrir fjárhagslegur stuðningur ríkisins við þá sem leita þurfa réttar síns fyrir dómstólum en hafa ekki til þess fjárhagslegt bolmagn, greiðslur til brotaþola vegna líkamstjóns og miska sem leiðir af broti á almennum hegningarlögum og greiðsla kostnaðar sem embætti lögreglustjóra, héraðsdómstólar og embætti ríkissaksóknara greiða öðrum en starfsmönnum viðkomandi embættis vegna rannsókna og reksturs opinberra mála.

Undir málaflokkinn heyra jafnframt greiðslur bóta til þeirra sem sætt hafa illri meðferð eða ofbeldi sem börn við vistun á stofnunum eða heimilum á vegum ríkisins. Meðal skilyrða fyrir greiðslu sanngirnibóta eru að fyrir liggi skýrsla vistheimilaneftar eða önnur sambærileg skýrsla sem ákveðið hefur verið að leggja til grundvallar meðferð krafna um sanngirnibætur. Forsætisráðuneytið er með til skoðunar að gera breytingar á lögum um sanngirnibætur með það að markmiði að ljúka uppgjöri sanngirnibóta vegna sólarhringsvistunar fatlaðra barna á stofnunum á vegum ríkisins. Eðli málaflokksins er með þeim hætti að ekki verður fjallað um helstu verkefni varðandi starfsemi hans.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 2.556,7 m.kr. og er óbreytt frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 82,8 m.kr.

09.50 Fullnusta

Starfsemi málaflokksins er í höndum Fangelsismálastofnunar, fangelsa ríkisins og innheimtumiðstöðvar sekta og sakarkostnaðar hjá embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Fullnustuyfirvöld tryggja að sérstök og almenn varnaðaráhrif refsinga séu virk og stuðli að farsælli aðlögun dómpóla að samfélaginu		
Endurskipuleggja nám fangavarda.	Fangelsismálastofnun/DMR	Innan ramma
Markmið 2: Fullnustuyfirvöld verði í stakk búin til að fullnusta refsingar með öruggum, skilvirkum og árangursríkum hætti í samræmi við samfélagslega og tæknilega þróun		
Framkvæmdir á Litla-Hrauni í kjölfar hönnunar og undirbúnings.	Fangelsismálastofnun/FSRE	Innan ramma
Orkusparnaður og umhverfissvænni lýsing í fangelsum landsins. Fjölgun rafmagnshleðslustöðva. Allir bílar drifnir áfram af umhverfissvænum orkugjöfum.	Fangelsismálastofnun	Innan ramma
Markmið 3: Öryggi almennings, gagna og upplýsinga sé tryggt		
Áfram er unnið að tengingu upplýsingakerfa allra stofnana réttarvörslukerfisins í gegnum nýtt samskiptalag. Mun það bæta yfirsýn og samfellu málsmeðhöndlunar, auka hagkvæmni, skilvirkni og upplýsingagjöf, auðvelda tölfræðivinnslu og stórauka gagnaöryggi.	Fangelsismálastofnun/DMR	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 3.497 m.kr. og hækkar um 29,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 98,1 m.kr.

Ekki er um að ræða miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 113 m.kr. vegna framkvæmda við aðstöðubreytingar á Litla-Hrauni. Áætlaður heildarkostnaður verkefnisins er 1.868 m.kr. og gert ráð fyrir að því ljúki á árinu 2024.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 10 m.kr. til að mæta áherslum *Betri vinnutíma* í vaktavinnu.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 43,6 m.kr. í samræmi við ákvæði kjarasamninga um tímabundið verkefni *Betri vinnutíma* til ársins 2023.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 50 m.kr.

10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnsýsla dómsmála

Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð dómismálaráðherra og félags- og vinnumarkaðsráðherra. Það skiptist í fimm málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2021–2023. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnsýsla dómsmála ²	Reikningur ¹	Fjárlög	Frumvarp	Br. frá	Br. frá
	2021 m.kr.	2022 m.kr.	2023 m.kr.	fjárlögum %	reikn. %
10.10 Persónuvernd	327,7	334,2	348,9	4,4	6,5
06 Dómismálaráðuneyti	327,7	334,2	348,9	4,4	6,5
10.20 Trúmál	8.100,4	8.350,5	8.377,0	0,3	3,4
06 Dómismálaráðuneyti	8.100,4	8.350,5	8.377,0	0,3	3,4
10.30 Sýslumenn	3.482,9	3.482,8	3.658,0	5,0	5,0
06 Dómismálaráðuneyti	3.482,9	3.482,8	3.658,0	5,0	5,0
10.40 Stjórnsýsla dómismálaráðuneytis	2.594,2	1.653,3	1.639,4	-0,8	-36,8
06 Dómismálaráðuneyti	2.594,2	1.653,3	1.639,4	-0,8	-36,8
10.50 Útlendingamál	4.276,6	4.080,2	4.266,4	4,6	-0,2
06 Dómismálaráðuneyti	4.276,6	2.026,5	2.069,2	2,1	-51,6
07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti		2.053,7	2.197,2		
Samtals	18.781,8	17.901,0	18.289,7	2,2	-2,6


¹ Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða.

Breytingar á ramma milli árana 2022–2023



Heildargjöld málefnasviðs 10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnýsla dómsmála árið 2023 eru áætluð 18.289,7 m.kr. og lækka um 392,3 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2022, eða sem svarar til 2,2%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 445,3 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 2,5%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins. Niðurstaðan getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá í fjármálaáætlun, til að mynda þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2021 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnýsla dómsmála ²	Reikningur ¹ 2021 m.kr.	Fjárlög 2022 m.kr.	Frumvarp 2023 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
Rekstrarframlög	11.498,3	10.711,8	11.107,3	3,7	-3,4
Rekstrartilfærslur	7.216,5	7.105,3	7.100,0	-0,1	-1,6
Fjármagnstilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	67,0	83,9	82,4	-1,8	23,0
Heildarútgjöld	18.781,8	17.901,0	18.289,7	2,2	-2,6
Rekstrartekjur	-	323,9	363,9	12,3	-
Framlag úr ríkissjóði	-	17.577,1	17.925,8	2,0	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	17.901,0	18.289,7	2,2	-

¹ Vakn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skípan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

10.10 Persónuvernd

Starfsemi málaflokksins er í höndum Persónuverndar. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Aukið gagnsæi og skilvirkni, lögmæt og sanngjörn vinnsla til að tryggja samræmda vernd einstaklinga á EES-svæðinu		
Virk þátttaka í samræmingarkerfi persónuverndarstofnana innan EES. Gerð verkferla vegna yfirferðar á málum sem þangað berast og afgreiðslu þeirra.	Persónuvernd	Innan ramma

Þýðingar á leiðbeiningum og tilmælum Evrópska persónuverndarráðsins.	Persónuvernd	Innan ramma
Markmið 2: Aukið traust almennings og fyrirtækja til atvinnulífs og eftirlits með vinnslu persónuupplýsinga		
Þróun rafrænna lausna í samskiptum og gagnamiðlun til málsaðila og annarra.	Persónuvernd	Innan ramma
Skilvirkara og hagkvæmara eftirlit Persónuverndar ásamt vinnslu fræðsluefnis fyrir vefsíðu.	Persónuvernd	Innan ramma
Kynning á vottunarfyrirkomulagi og háttisreglum vegna persónuverndar fyrir fyrirtæki.	Persónuvernd	Innan ramma
Markmið 3: Bætt stefnumótun, vandaðri áætlanagerð og markvissara árangursmat		
Mótun stefnu fyrir árin 2024–2026, sett fram framtíðarsýn, markmið og árangursmælikvarðar.	Persónuvernd	Innan ramma
Gerð aðgerðaáætlunar á grundvelli stefnu.	Persónuvernd	Innan ramma
Yfirferð og uppfærsla á innri stefnum og málsmeðferðarreglum.	Persónuvernd	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 348,9 m.kr. og hækkar um 5,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 8,8 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 39 m.kr. til að stytta málsmeðferðartíma og draga úr álagi.
- Niður fellur 25 m.kr. tímabundið framlag sem ætlað var til að koma upp þjónustuveri á Húsavík.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 6,6 m.kr.

10.20 Trúmál

Undir málaflokkinn falla útgjöld til starfsemi Þjóðkirkjunnar, kirkjumálasjóðs og kirkjugarða. Þá fellur einnig undir trúmál úthlutun sóknargjalda til skráðra lífsskoðunar- og trúfélaga. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 8.377 m.kr. og lækkar um 359,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 386,1 m.kr.

Helstu breytingum í málaflokki má skipta í tvennt. Annars vegar 272,4 m.kr. lækkun framlags vegna tímabundinnar hækkunar sóknargjalda sem fellur niður. Hins vegar hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins sem nemur 61 m.kr. og skiptist hlutfallslega milli kirkjugarða og sóknargjalda.

10.30 Sýslumenn

Starfsemi málaflokksins er í höndum sýslumannsembættta. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig

endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Bætt þjónusta sýslumannsembættanna		
Aukið framboð opinberrar þjónustu á landsbyggðinni (ný verkefni).	DMR og Sýslumannaráð	Innan ramma
Bætt aðgengi að þjónustu á vef sýslumanna og efling innviða starfskerfa sýslumanna.*	Sýslumannaráð	Innan ramma
Betri nýting húsnæðis, m.a. með auknu samstarfi á milli starfsstöðva og við sveitarfélög, aðrar stofnanir og haghafa.	DMR og Sýslumannaráð	Innan ramma
Markmið 2: Að bæta stafræna þjónustu sýslumanna		
Aukið framboð stafrænnar þjónustu og lausna, m.a. rafrænar þinglýsingar, auk kynningarherferðar um úrvalið.**	DMR, Sýslumannaráð og Stafrænt Ísland	Innan ramma
Aukin rafræn samskipti viðskiptavina við sýslumenn.	Sýslumannaráð	Innan ramma
Innleiðing mælaborðs fyrir tölfræði.	Sýslumannaráð	Innan ramma
Markmið 3: Að efla samræmda málsmeðferð		
Endurskoðun verkefnaskiptingar með það í huga að stuðla að sérhæfingu ásamt því að fjölga störfum á landsbyggðinni.	DMR og Sýslumannaráð	Innan ramma
Regluleg fræðsla og endurmenntun fyrir starfsfólk sýslumannsembættanna.	Sýslumannaráð	Innan ramma
Samræmt þjónustustig (afgreiðsla, biðtími o.s.frv.).	Sýslumannaráð	Innan ramma

* Verkefnið styður jafnframt við markmið 3.

** Verkefnið styður jafnframt við markmið 1.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 3.658 m.kr. og hækkar um 58,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 116,4 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 120 m.kr. til að mæta stafrænum umbreytingum hjá sýslumannsembættunum, sbr. markmið nr. 2. Áætlaður heildarkostnaður verkefnisins er 180 m.kr. og gert ráð fyrir að 60 m.kr. falli til árið 2024. Framlaginu er ætlað að mæta áætluðum kostnaði við að umbreyta starfseminni þannig að verkferli sýslumanna verði að stærstum hluta rafræn og sýslumenn geti þannig orðið leiðandi fyrir rafræna þjónustu ríkisins. Um er að ræða breytta forgangsröðun innan heildarramma dómsmálaráðuneytisins.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 18,9 m.kr. til að mæta kostnaðaráhrifum breytinga á hjúskaparlögum.

- c. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 66,4 m.kr. og er útfærð hlutfallslega niður á embætti og verkefni málaflokksins.

10.40 Stjórnsýsla dómsmálaráðuneytisins

Undir stjórnsýslu dómsmálaráðuneytis falla rekstur ráðuneytisins, Stjórnartíðindi, Schengen-landamærasjóður o.fl. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Fagleg og skilvirk málsmeðferð stjórnvalda		
Réttarvörslugátt – unnið að samtengingu kerfa, stofnana í réttarvörslukerfinu og hagaðila.	DMR	Innan ramma
Schengen – stuðningur við upplýsingatæknikerfi.	DMR	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 1.639,4 m.kr. og lækkar um 57,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 43,7 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 15 m.kr. til styrkingar útlendingateymi ráðuneytisins.
- Fjárheimild til málaflokksins lækkar um 48 m.kr. vegna framlaga til kosninga.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 28,2 m.kr.

10.50 Útlendingamál

Starfsemi málaflokksins er í höndum Útlendingastofnunar, kærunefndar útlendingamála og félags- og vinnumarkaðsráðuneytis. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Fagleg og skilvirk málsmeðferð stjórnvalda í þágu þjónustuþega		
Lokið verði við útböð og innleiðing hafin á nýju upplýsingatæknikerfi fyrir Útlendingastofnun.*	ÚTL	Innan ramma
Greining á nauðsynlegum aðgerðum vegna vistunar útlendinga sem bíða flutnings úr landi.	DMR	Innan ramma
Markmið 2: Aukin ánægja viðskiptavina og almennings með þjónustu og gæði hennar		
Áframhaldandi rafvæðing umsókna um dvalarleyfi.**	ÚTL/Stafrænt Ísland	Innan ramma
Innleiðing nýrra ferla vegna innri endurskoðunar og gæðaeftirlits.	ÚTL	Innan ramma
Innleiðing viðmiða og lykilhæfnisvísa til að hámarka árangur og gæði afgreiðslu erinda.***	ÚTL	Innan ramma
Markmið 3: Greinarbetri upplýsingagjöf um réttindi einstaklinga		
Rafræn samskipti við umsækjendur verði eflað með netspjalli og/eða spjallmennum.	ÚTL	Innan ramma
Tryggt verði að nýtt upplýsingakerfi auðveldi umsækjendum aðgengi að upplýsingum um stöðu mála sinna.	ÚTL	Innan ramma
* Verkefnið styður jafnframt við markmið 2.		
** Rafrænar umsóknir um ríkisborgararétt og endurnýjun dvalarleyfa hafa verið teknar í notkun. Stefnt er að því að rafvæðingu umsókna um ótímabundin dvalarleyfi verði lokið á haustmánuðum 2023 og að vinna vegna fyrstu leyfa verði hafin fyrir árslok 2023.		
*** Innleiðing gæðastjórnunar, viðmiða og lykilhæfnisvísa er háð vali og innleiðingu á nýju upplýsingatæknikerfi.		

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 4.266,4 m.kr. og lækkar um 96,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 282,6 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er lækkuð um 15 m.kr. vegna millifærslu framlags frá kærufnd útlendingamála til eflingar útlendingateymi ráðuneytisins.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 81,4 m.kr. og er útfærð hlutfallslega á stofnanir og verkefni málaflokksins.

11 Samgöngu- og fjarskiptamál

Skilgreining málefnsviðs

Starfsemi á þessu málefnsviði er á ábyrgð innviðaráðherra og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunaráðherra. Það skiptist í þrjú málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnsviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2021–2023. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnsviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

	Reikningur ¹ 2021 m.kr.	Fjárlög 2022 m.kr.	Frumvarp 2023 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
11 Samgöngu- og fjarskiptamál²					
11.10 Samgöngur	55.534,6	49.195,9	47.388,0	-3,7	-14,7
10 Innviðaráðuneyti	55.534,6	49.195,9	47.388,0	-3,7	-14,7
11.20 Fjarskipti	1.622,5	1.295,3	1.750,8	35,2	7,9
10 Innviðaráðuneyti	307,8	462,0	562,0	21,6	82,6
17 Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarrn	1.314,7	833,3	1.188,8		
11.30 Stjórnýsla innviðaráðuneytis	1.110,8	942,9	1.003,2	6,4	-9,7
10 Innviðaráðuneyti	1.110,8	942,9	1.003,2	6,4	-9,7
Samtals	58.267,9	51.434,1	50.142,0	-2,5	-13,9


¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnsviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnsviða.

Breytingar á ramma milli árunna 2022–2023



Heildargjöld málefnsviðs *11 Samgöngu- og fjarskiptamál* árið 2023 eru áætluð 50.142 m.kr. og lækka um 2.381,4 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2022, eða sem svarar til -4,6%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum verðlagsbreytingum lækka útgjöldin um 1.303 m.kr. milli ára, eða sem svarar til -2,5%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins. Niðurstaðan getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2021 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2021 m.kr.	Fjárlög 2022 m.kr.	Frumvarp 2023 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
11 Samgöngu- og fjarskiptamál²					
Rekstrarframlög	14.041,7	14.743,2	15.517,8	5,3	10,5
Rekstrartilfærslur	5.234,9	4.594,5	5.674,0	23,5	8,4
Fjármagnstiltfærslur	1.827,2	1.571,4	1.545,0	-1,7	-15,4
Fjárfestingarframlög	37.164,1	30.525,0	27.405,2	-10,2	-26,3
Heildarútgjöld	58.267,9	51.434,1	50.142,0	-2,5	-13,9
Rekstrartekjur	-	2.062,3	2.356,2	14,3	-
Framlag úr ríkissjóði	-	49.371,8	47.785,8	-3,2	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	51.434,1	50.142,0	-2,5	-

¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

11.10 Samgöngur

Starfsemi málaflokksins er í höndum Samgöngustofu, Vegagerðar og Rannsóknarnefndar samgönguslysa, auk Isavia í gegnum þjónustusamning um rekstur og framkvæmdir á flugvöllum. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Greiðar samgöngur		
Unnið að stórum framkvæmdum sem m.a. stytta ferðatíma, svo sem Fjarðarheiðargöng, Vestfjarðavegur um Gufudalssveit og Dynjandisheiði.	Vegagerðin	Innan ramma
Átak heldur áfram í framkvæmdum í höfnum og sjóvörnum í samræmi við fjárfestingaráttak stjórnvalda vegna heimsfaraldursins. Meðal helstu framkvæmda eru lenging á Sundabakka á Ísafirði, stækkun og endurbýgging hafnarinnar í Þorlákshöfn og endurbætur á Njarðvíkurhöfn.	Vegagerðin	Innan ramma
Áfram unnið að flýtiframkvæmdum eins og nýrri brú og vegi yfir Hornafjarðarfljót, nýrri Ölfusárbrú og Axarvegi. Undirbúningur Sundabrautar fer í vinnsluferli.	Vegagerðin	
Markmið 2: Öruggar samgöngur		
Fækkun einbreiðra brúa á hringvegi, m.a. við Núpsvötn, Skjálfandaflljót á hringvegi og Fosshól við Goðafoss.	Vegagerðin	Innan ramma
Áfram lögð áhersla á aukið öryggi á stofnvegum kringum höfuðborgarsvæðið með aðskilnaði akstursstefna á Suðurlandsvegi og Vesturlandsvegi. Unnið verði að undirbúningi framkvæmda á Reykjanesbraut.	Vegagerðin	Innan ramma
Áfram lögð áhersla á viðhald innanlandsflugvalla og landingarstaða í samræmi við fjárfestingaráttak stjórnvalda.	Isavia ohf.	Innan ramma
Markmið 3: Hagkvæmar samgöngur		
Áframhaldandi þróun nýrrar ökutækjaskrár.	Samgöngustofa	Innan ramma
Haldið áfram þróun og innleiðingu stafræns ökunámsferils.	Samgöngustofa	Innan ramma
Greindar nánar áherslur og aðgerðir til eflingar jafnrétti, byggt á stöðuskýrslu um jafnrétti í samgöngum.	Innviðaráðuneyti	Innan ramma
Markmið 4: Umhverfislega sjálfbærar samgöngur		
Gjaldskrá almenningssamgangna á landi endurskoðuð og innleidd.	Vegagerðin	Innan ramma
Unnið samkvæmt framkvæmdaáætlun samgöngusáttmála. Þar má nefna fyrsta áfanga Borgarlínu, stofnvegaframkvæmdir, bættu umferðarstýringu auk hjóla- og göngustíga.	Betri samgöngur ohf. og Vegagerðin	Innan ramma

Markmið 5: Jákvæð byggðapróun

Áframhald Loftbrúar, kostnaðarþátttöku ríkisins í flugfargjöldum innan lands fyrir íbúa landsbyggðarinnar.	Innviðaráðuneyti og Vegagerðin	350 m.kr.
Fjárfestingar verða á flugvöllum, m.a. stækkun á flugstöð og flughlaði á Akureyri.	Isavia ohf.	155 m.kr.
Átak í uppbyggingu tengivega, þ.e. að styrkja og leggja bundið slitlag á umferðarlitla tengivegi.	Vegagerðin	1.500 m.kr.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 47.388 m.kr. og lækkar um 2.815,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum verðlagsbreytingum en þær nema 1.007,7 m.kr.

Ekki er um að ræða miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 1.500 m.kr. til fjármögnunar á tengivegum. Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir 1,5 ma.kr. árlegu fjárfestingarframlagi til Vegagerðarinnar á tíma fjármálaáætlunar 2023–2027. Fjárveiting er í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar en þar kemur fram að markvisst verður unnið að lagningu bundins slitlags á tengivegi til að styðja við atvinnu- og byggðapróun og auðvelda skólaakstur á svæðum sem nú búa við malarvegi.
- Fjárheimild til málaflokksins er aukin um 500 m.kr. til að mæta aukinni viðhaldsþörf á vegum.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 155 m.kr. til uppbyggingar á Egilsstaðarflugvelli og á Akureyrarflugvelli í samræmi við fjárfestingaráttak.
- Fjárheimild málaflokks lækkar um 150 m.kr., um er að ræða tímabundið verkefni um viðhald á innanlandsflugvöllum í samræmi við fjárfestingaráttak ríkisstjórnarinnar.
- Fjárheimild hækkar um 230 m.kr. vegna reksturs innanlandsflugvalla.
- Fjárheimild er tryggð fyrir rekstur Loftbrúar en hún var að hluta fjármögnuð tímabundið. Fjárveiting til verkefnis var aukin um 350 m.kr.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 2.000 m.kr. vegna tímabundinna framkvæmdaverkefna í samgöngumálum sem falla niður þar sem fjárfestingarátaki ríkisstjórnarinnar er að ljúka.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 690,2 m.kr. Þar að auki er gert ráð fyrir að 3.000 m.kr. hliðrist frá árinu 2023 til ársins 2024 sem hluti af aðgerðum stjórnvalda til að draga úr þenslu og stemma stigu við verðbólgu.

Vakin er athygli á að í kafla 1 í frumvarpinu um *Áherslur og forgangsmál* er fjallað um fyrirhugaða heildarendurskoðun á tekjuöflun af ökutækjum og samgöngum. Sú endurskoðun á m.a. að þjóna þeim tilgangi að tryggja nauðsynlega fjármögnun vegainniða. Nokkurn tíma mun taka að móta og lögfesta þessa nýju umgjörð. Til að bygging Ölfusárbrúar geti hafist árið 2024 og að hún verði opnuð á árinu 2026 er í frumvarpinu gert ráð fyrir að allt að 500 m.kr. af almennum fjárheimildum til vegaf framkvæmda verði varið til að standa straum af kostnaði við útboð og hönnun verksins á næsta ári. Miðað er við að ákvarðanir um hvernig frekari fjármögnun verkefnisins verði háttáð ráðist af niðurstöðu fyrrnefndrar stefnumörkunar. Horft verður sérstaklega til þessa og sambærilegra verkefna, sem skilgreind hafa verið sem

flýti framkvæmdir, við undirbúning næstu fjármálaáætlunar og við aðlögun samgönguáætlunar og fjárveitinga að áformum um uppbyggingu samgönguinnviða.

11.20 Fjarskipti, netöryggi og stafræn þróun

Undir málaflokkinn falla Fjarskiptastofa, fjarskiptasjóður og póstmál.

Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, mælikvarða, markmið um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Aðgengileg og greið fjarskipti		
Eftirfylgni nýrra heildarlaga um fjarskipti, setning reglugerða.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Mat á þörf fyrir uppbyggingu fjarskiptainnviða utan markaðssvæða.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Stuðningur við uppbyggingu fjarskiptainnviða utan markaðssvæða, einkum á grundvelli öryggissjónarmiða.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Ráðstöfun fjarskiptiðna fyrir háhraðafarnet.	Fjarskiptastofa	Innan ramma
Markmið 2: Örugg fjarskipti		
Tryggja aðgengi að talsambandi og farneti á helstu stofnvegum og þjóðvegum utan þéttbýlis.	Fjarskiptastofa	Innan ramma
Markmið 4-5: Netöryggi		
Efling netöryggissveitar til samræmis við gildandi löggjöf um netöryggi.	Fjarskiptastofa	146 m.kr.
Framkvæmd og eftirfylgni aðgerða í aðgerðaáætlun netöryggismála.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	200 m.kr.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 1.750,8 m.kr. og hækkar um 420,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum verðlagsbreytingum en þær nema 34,8 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 146 m.kr. til að fjármagna áframhaldandi uppbyggingu netöryggissveitar Fjarskiptastofu og önnur hlutverk sem stofnuninni eru falin með lögum um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða, nr. 78/2019.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 200 m.kr. til netöryggismála.
- Fjármögnun útgjalda vegna alþjónustu í pósti 2023 er tryggð en hún var áður tímabundin. Fjárveiting var aukin um 100 m.kr.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 18,5 m.kr. og er hlutfallslega skipt niður á verkefni.

11.30 Stjórnsýsla innviðaráðuneytis

Undir málaflokkinn fellur aðalskrifstofa innviðaráðuneytis, ýmis verkefni og þjónustusamningar, m.a. við Slysavarnafélagið Landsbjörg.

Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 en fjárveitingar dragast saman á milli ára.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Aukinn árangur og þjónusta við atvinnulíf og borgara		
Úttekt á almennri lagaumgjörð og stjórnsýslu sem heyrir undir ráðuneytið.	Innviðaráðuneyti	Innan ramma
Endurskoðun á stofnanaskipulagi.	Innviðaráðuneyti	Innan ramma
Vegvísir í loftslagsmálum.	Innviðaráðuneyti	Innan ramma
Frekari samhæfing stefna og áætlana.	Innviðaráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 1.003,2 m.kr. og hækkar um 13,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 36,3 m.kr.

Ekki er um að ræða breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 50 m.kr., um er að ræða útgjaldasvigrúm til ráðstöfunar í ýmis útgjaldamál.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 19,1 m.kr. og er hlutfallslega skipt niður á verkefni.

12 Landbúnaður

Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð matvælaráðherra. Það skiptist í þrjú málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2021–2023. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

	Reikningur ¹ 2021 m.kr.	Fjárlög 2022 m.kr.	Frumvarp 2023 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
12 Landbúnaður²					
12.10 Stjórnun landbúnaðarmála	18.438,1	18.449,2	19.425,9	5,3	5,4
04 Matvælaráðuneyti	18.438,1	18.449,2	19.425,9	5,3	5,4
12.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í landbúnaðarmálum	853,7	767,6	742,2	-3,3	-13,1
04 Matvælaráðuneyti	853,7	767,6	742,2	-3,3	-13,1
12.60 Stjórnsýsla matvælaráðuneytis	1.312,2	791,9	862,5	8,9	-34,3
04 Matvælaráðuneyti	1.312,2	791,9	862,5	8,9	-34,3
Samtals	20.604,0	20.008,7	21.030,6	5,1	2,1


¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli árana 2022–2023



Heildargjöld málefnasviðs 12 Landbúnaður árið 2023 eru áætluð 21.030,6 m.kr. og lækka um 517,1 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2022, eða sem svarar til 2,6%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 1.021,9 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 5,1%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins. Niðurstaðan getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2021 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2021 m.kr.	Fjárlög 2022 m.kr.	Frumvarp 2023 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
12 Landbúnaður²					
Rekstrarframlög	3.861,8	3.599,2	3.732,6	3,7	-3,3
Rekstrartilfærslur	16.686,3	16.373,7	17.259,3	5,4	3,4
Fjármagnstilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	55,9	35,8	38,7	8,1	-30,8
Heildarútgjöld	20.604,0	20.008,7	21.030,6	5,1	2,1
Rekstrartekjur	-	621,1	686,9	10,6	-
Framlag úr ríkissjóði	-	19.387,6	20.343,7	4,9	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	20.008,7	21.030,6	5,1	-

¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breytttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

12.10 Stjórnun landbúnaðarmála

Starfsemi málaflokksins varðar stjórnáætlun Matvælastofnunar, nýtingu auðlinda lands, vöktun og eftirlit stjórnvalda. Matvælastofnun sinnir ýmsum stjórnáætlunarkerfum, eftirliti, fræðslu og þjónustu við landbúnað, sjávarútveg, fiskeldi, fyrirtæki og neytendur í þeim tilgangi að stuðla að heilbrigði og velferð dýra, heilbrigði plantna og öryggi, heilnæmi og gæðum matvæla. Búvörusamningar móta að miklu leyti regluverk og stuðningsaðgerðir stjórnvalda í þágu landbúnaðar og hafa þar með talsverð áhrif á starfsskilyrði greinarinnar. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Skapa skilyrði til fjölbreyttari landbúnaðarframleiðslu með sjálfbæra landnýtingu og nýsköpun að leiðarljósi.		
Seinni endurskoðun búvörusamninga.	Matvælaráðuneyti	Innan ramma
Tillaga að matvælastefnu og landbúnaðarstefnu lögð fyrir Alþingi.	Matvælaráðuneyti	Innan ramma
Matvælasjóður sem styrkir nýsköpunar- og þróunarverkefni á sviði matvælaframleiðslu.*	Matvælaráðuneyti	Innan ramma
Mótun heildstæðrar, tímasettrar aðgerðaáætlunar til eflingar lífrænni framleiðslu.	Matvælaráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna landbúnaðar og auka bindingu.		
Áframhaldandi þróun verkefnisins Loftlagsvænn landbúnaður sem jafnframt er aðgerð E1 í aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftlagsmálum. Unnið að öðrum aðgerðum samkvæmt áður nefndri aðgerðaráætlun.	Matvælaráðuneyti, Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	30 m.kr.
Þróa hagnýtt umhverfisstjórnunarkerfi í landbúnaði sem byggir á hugmyndafræði grænna skrefa.	Matvælaráðuneyti	Innan ramma
Útfærður verður rammi um framleiðslu vottaðra kolefniseininga í landbúnaði og annarri tengdri landnotkun.	Matvælaráðuneyti, Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	Innan ramma
Markmið 3: Efla fæðuöryggi og standa vörð um heilbrigði plantna, velferð dýra og öryggi matvæla.		
Mótun heildstæðrar, tímasettrar aðgerðaáætlunar til eflingar akuryrkju.	Matvælaráðuneyti	Innan ramma
Unnið úr tillögum Landbúnaðarháskóla Íslands um eflingu fæðuöryggis á Íslandi.	Matvælaráðuneyti	Innan ramma

* Fjárveiting vegna verkefnisins fellur undir málaflokk 7.1, sbr. umfjöllun þar en verkefnið styður jafnframt við markmið 2 í málaflokki 7.1 og markmið 1 í málaflokki 13.1.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 19.425,9 m.kr. og lækkar um 499,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 1.476,3 m.kr.

Rekstrartilfærslur lækka um samtals 555,8 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum en þar munar mest um að tímabundið 700 m.kr. framlag til stuðnings bændum vegna hækkunar áburðarverðs fellur niður og 272 m.kr. hækkun vegna alvarlegrar stöðu matvælaframleiðslu á Íslandi. Að öðru leyti er ekki um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 700 m.kr. þar sem tímabundið framlag til stuðnings bændum vegna hækkunar áburðarverðs fellur niður.

- b. Fjárheimild til málefnasviðsins hækkar um 272 m.kr. í samræmi við tillögur spretthóps sem matvælaráðherra skipaði þann 8. júní 2022 vegna alvarlegrar stöðu matvælaframleiðslu hér á landi í kjölfar verulegra verðhækkana á alþjóðamörkuðum á aðföngum til frumframleiðslu. Annars vegar er gert ráð fyrir 190 m.kr. hækkun vegna gæðastýringargreiðslna í sauðfjárrækt og hins vegar 82 m.kr. hækkun vegna sláturálags í nautgriparækt. Verðhækkanirnar eru einkum vegna stríðsins í Úkraínu. Samkvæmt niðurstöðum hópsins eru kostnaðarhækkanir búgreina áætlaðar 4.650 m.kr. á árinu 2022 og er gert ráð fyrir að veittir verði mótvægisstyrkir úr ríkissjóði sem nemi 2.461 m.kr., þar af 2.189 m.kr. á árinu 2022 en 272 m.kr. árið 2023. Greiðslurnar fyrir árið 2023 eru vegna uppgjörs ársins 2022. Gert er ráð fyrir að í frumvarpi til fjárukalaga 2022 verði gerð tillaga um það sem upp á vantar eða sem nemur 2.189 m.kr.
- c. Gert er ráð fyrir að 50 m.kr. verði millifærðar tímabundið í þrjú ár til Matvælastofnunar til að sinna auknu eftirliti með fiskeldi en framlagið kemur af safnliðnum 04-982 á málefnasviði 13. Mikilvægt er að stofnuninni verði gert kleift að fara í fyrirvaralausar úttektir til að kanna ástand kvía undir sjávarborði og er þessu framlagi m.a. ætlað að tryggja það. Verkefnið er í samræmi við markmið 1 í málaflokki 13.1 og er þar fjallað nánar um verkefnið.
- d. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 127,8 m.kr. að raungildi í samræmi við ákvæði samninga um starfsskilyrði í nautgriparækt, sauðfjárrækt, garðyrkju og rannsamnings um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins.
- e. Í samræmi við áherslur stjórnvalda og aðgerðaáætlun í loftslagsmálum er gert ráð fyrir 30 m.kr. hækkun á framlagi til lofslagsaðgerða í landbúnaði. Í fjárlögum 2022 var 75 m.kr. framlagi veitt til verkefnisins og nemur framlagið til verkefnisins því 105 m.kr. á árinu 2023.
- f. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 37 m.kr.
- g. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 13,2 m.kr. í samræmi við tekjuáætlun Matvælastofnunar.

12.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í landbúnaðarmálum

Starfsemi málaflokksins er í höndum matvælaráðuneytisins. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur, o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1 : Efla fæðuöryggi og standa vörð um heilbrigði plantna, velferð dýra og öryggi matvæla.	Matvælaráðuneytið, Heilbrigðisráðuneytið, Matvælastofnun, Keldur	Innan ramma

*Sýklalyfjaónæmis- og súnusjóður auglýsir eftir umsóknum í lok hvers árs og fer því úthlutun ekki fram fyrr en á nýju ári. Því eru til fjármunir fyrir 2023.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 742,2 m.kr. og lækkar um 65,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 40,1 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Gert er ráð fyrir að 40 m.kr. framlag, sem flutt var tímabundið í fjárlögum 2021 til tveggja ára vegna samnings við Matis um starfsemi á landsbyggðinni, verði millifært til baka á safnlið fyrir ýmis framlög í sjávarútvegi.
- Gert er ráð fyrir að 26 m.kr. af 50 m.kr. almennu útgjaldasvigrúmi, sem gert var ráð fyrir við 1. umræðu fjármálaáætlunar 2023–2027, verði frestað um eitt til tvö ár sem lið í aðgerðum til að draga úr þenslu og bæta afkomu ríkissjóðs. Frestunin gengur til baka í tveimur jöfnum áföngum á árunum 2024 og 2025. Þannig verður frestunin að fullu gengin til baka á árinu 2025.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 15,3 m.kr. Er þá búið að taka tillit til þess að 19,2 m.kr. af útgjaldasvigrúmi ráðuneytisins verði notaðar til að vega á móti aðhaldskröfu fyrir árið 2023.
- Fjárheimild málaflokksins er lækkuð um 15 m.kr. þar sem ekki er gert ráð fyrir að það komi inn tekjur sem fjármagna útgjöld tengd sýklalyfjaónæmi.

12.60 Stjórnsýsla matvælaráðuneytis

Undir málaflokkinn heyrir stjórnsýsla matvælaráðuneytisins. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 862,5 m.kr. og hækkar um 48,0 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 22,6 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Millifærðar eru 30 m.kr. af málefнасviði 13 yfir á málefнасvið 12. Millifærslan tengist breyttri skipan Stjórnarráðsins. Vegna samkomulags á milli ráðuneyta þar sem stöðugildi í stoðþjónustu fluttust frá matvælaráðuneytinu er talin þörf á að styrkja aðalskrifstofu þess.
- Gert er ráð fyrir að 26 m.kr. af 50 m.kr. almennu útgjaldasvigrúmi, sem gert var ráð fyrir við 1. umræðu fjármálaáætlunar 2023–2027, verði frestað um eitt til tvö ár sem

lið í aðgerðum til að draga úr þenslu og bæta afkomu ríkissjóðs. Frestunin gengur til baka í tveimur jöfnum áföngum á árunum 2024 og 2025. Þannig verður frestunin að fullu gengin til baka á árinu 2025.

- c. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 15,9 m.kr.
- d. Fjárheimild málaflokksins er augin um 9,9 m.kr. í samræmi við tekjuáætlun aðalskrifstofu matvælaráðuneytisins. Gert er ráð fyrir auknum tekjum af umsýslu sjóða sem á að fjármagna hluta af stöðugildi umsjónarmanns Matvælasjóðs.

13 Sjávarútvegur og fiskeldi

Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð matvælaráðherra. Það skiptist í tvo málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2021–2023. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


	Reikningur ¹ 2021 m.kr.	Fjárlög 2022 m.kr.	Frumvarp 2023 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
13 Sjávarútvegur og fiskeldi²					
13.10 Stjórnun sjávarútvegs og fiskeldis	1.540,8	1.671,8	1.941,6	16,1	26,0
04 Matvælaráðuneyti	1.540,8	1.671,8	1.941,6	16,1	26,0
13.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi	4.495,6	7.174,7	5.109,2	-28,8	13,6
04 Matvælaráðuneyti	4.495,6	7.174,7	5.109,2	-28,8	13,6
Samtals	6.036,4	8.846,5	7.050,8	-20,3	16,8

¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.



Heildargjöld málefnasviðs 13 Sjávarútvegur og fiskeldi árið 2023 eru áætluð 7.050,8 m.kr. og lækka um 2.018,7 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2022, eða sem svarar til 22,8%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum lækka útgjöldin um 1.795,7 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 20,3%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Niðurstaðan getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá í fjármálaáætlun, til að mynda þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2021 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2021 m.kr.	Fjárlög 2022 m.kr.	Frumvarp 2023 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
13 Sjávarútvegur og fiskeldi²					
Rekstrarframlög	5.053,0	5.490,8	5.377,5	-2,1	6,4
Rekstrartilfærslur	596,1	730,3	1.007,8	38,0	69,1
Fjármagnstílfærslur	200,0	400,0	400,0	0,0	100,0
Fjárfestingarframlög	187,3	2.225,4	265,5	-88,1	41,8
Heildarútgjöld	6.036,4	8.846,5	7.050,8	-20,3	16,8
Rekstrartekjur	-	1.760,2	1.713,5	-2,7	-
Framlag úr ríkissjóði	-	7.086,3	5.337,3	-24,7	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	8.846,5	7.050,8	-20,3	-

¹ Vakn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

13.10 Stjórnun sjávarútvegs og fiskeldis

Starfsemi málaflokksins er í höndum Fiskistofu og Verðlagsstofu skiptaverðs og auk þess heyrja Fiskræktarsjóður, Umhverfissjóður sjókvíaelis, Fiskeldissjóður og Alþjóðlegt samstarf í sjávarútvegi undir málaflokkinn. Þá má nefna að Matvælastofnun, sem heyrir undir málefнасvið 12, sinnir ýmsum verkefnum á sviði fiskeldis. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Skapa sjávarútvegi og fiskeldi skilyrði til aukinnar verðmætasköpunar með sjálfbæra nýtingu og vistkerfisnálgun að leiðarljósi.		
Fjárframlög til Fiskeldissjóðs hækka.	Matvælaráðuneytið	266 m.kr.

Endurskoðun á regluverki og framkvæmd í fiskeldi í samræmi við stefnumótunarvinnu, niðurstöður Ríkisendurskoðunar og endurskoðunar ákvæði á lögum um fiskeldi nr. 71/2008.	Matvælaráðuneytið	Innan ramma
Úrvinnsla verkefnisins “Auðlindin okkar” frá starfshópum og samráðsnefnd um sjávarútvegsstefnu.	Matvælaráðuneytið	Innan ramma
Aukið fjármagn til Matvælastofnunar til að sinna eftirliti í fiskeldi m.a. með það að markmiði að tryggja velferð dýra.*	Matvælastofnun	50 m.kr.
Matvælasjóður sem styrkir nýsköpunar- og þróunarverkefni á sviði matvælaframleiðslu.**	Matvælaráðuneytið	Innan ramma
Útfærsla á verndun viðkvæmra vistkerfa á hafi.	Matvælaráðuneytið	Innan ramma

Markmið 2: Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda við fiskveiðar og fiskeldi, auka nýtingu afurða og lágmarka úrgang.

Áframhaldandi áhersla á minnkun kolefnisspors við fiskveiðar og fiskeldi.	Matvælaráðuneytið	Innan ramma
Setning hvata til rafvæðingar smábáta og breytingar á reglum til að bæta orkunýtingu stærri skipa.*	Matvælaráðuneytið	Innan ramma

* Fjárveiting til verkefnisins kemur fram á málaflokki 12.1 þar sem Matvælastofnun heyrir undir og er að öðru leyti vísað í umfjöllun þar.

** Fjárveiting vegna verkefnisins fellur undir málaflokk 7.1, sbr. umfjöllun þar en verkefnið styður jafnframt við markmið 2 í málaflokki 7.1 og markmið 1 í málaflokki 13.1.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 1.941,6 m.kr. og hækkar um 240,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 29,4 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 200 m.kr. þar sem gert er ráð fyrir að framlög til Fiskeldissjóðs hækki samhliða hækkun verðmættagjalds vegna sjókvíaeldis sbr. lög nr. 89/2019, um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð. Áætlunin miðast við að gjaldið hækki úr 3,5% í 5% og að viðmiðunartímabili verði breytt í almanaksár. Miðað er við að 1/3 af gjaldinu fari til Fiskeldissjóðs sem er í samræmi við það sem kemur fram í greinargerð með gildandi lögum. Þessar breytingar samrýmast markmiðum um sjálfbæra nýtingu á takmörkuðum hafsvæðum út frá samfélagslegum sjónarmiðum.
- Gert er ráð fyrir 66 m.kr. hækkun á framlagi til Fiskeldissjóðs til að mæta kostnaðaráhrifum gildandi laga nr. 89/2019, um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 31,4 m.kr.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 5,8 m.kr. í samræmi við tekjuáætlun Fiskistofu.

13.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi

Undir málaflokkinn falla verkefni Hafrannsóknastofnunar, bygging hafrannsóknaskips, Verkefnasjóður sjávarútvegsins og framlög til ýmissa samninga og verkefna í sjávarútvegi og fiskeldi, svo sem vegna rannsókna, þróunar og nýsköpunar. Nánar er fjallað um málaflokkinn

í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Skapa sjávarútvegi og fiskeldi skilyrði til aukinnar verðmætasköpunar með sjálfbæra nýtingu og vistkerfisnálgun að leiðarljósi.		
Bygging á nýju skipi Hafrannsóknastofnunar.*	Matvælaráðuneytið og Hafrannsóknastofnun	-2.000 m.kr.
Átak í hvalatalningu til að meta stöðu stofnsins og samspil hans við vistkerfið.	Hafrannsóknastofnun	200 m.kr.

* Fjárveitingar til verkefna geta verið breytilegar á milli ára. Sem dæmi getur lækkan fjárveitingar endurspeglad að tímabundin fjárveiting fellur niður eða lækkan í samræmi við áætlun eins og endurspeglast í fjármálaáætlun.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 5.109,2 m.kr. og lækkar um 2.259,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 193,6 m.kr.

Fjárfestingarframlög lækka um 2 ma.kr. frá gildandi fjárlögum þar sem tímabundið framlag til smíði nýs hafrannsóknaskips fellur niður. Að öðru leyti er ekki um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Tímabundið 2 ma.kr. framlag til smíði nýs hafrannsóknaskips, sbr. markmið 1, fellur niður. Þann 31. mars 2022 var undirritaður samningur um smíðina við skipasmíðastöðina Astilleros Armón sem staðsett er í Vigo á Spáni. Samningsfjárhæðin er EUR 33.450.000 og er áætlað að afhending skipsins verði í lok árs 2024.
- Framlag Hafrannsóknastofnunar hækkar tímabundið í eitt ár um 200 m.kr. vegna hvalatalninga á árinu 2023 en átta ár eru síðan síðustu talningar fóru fram. Hvalatalningar eru grundvöllur rannsókna á ástandi hvalastofna. Þessi aðgerð samrýmist markmiði 1 um sjálfbæra nýtingu og vistkerfisnálgun við stjórnun fiskveiða.
- Gert er ráð fyrir að niður falli 165 m.kr. framlag til Hafrannsóknastofnunar sem veitt var í fjárlögum 2018 tímabundið til fimm ára til aukinna loðnurannsókna. Framlagið var veitt sem hluti af almennu útgjaldasvigrúmi ráðuneytisins og mun því við 2. umræðu frumvarpsins þurfa leiðréttar ramma ráðuneytisins fyrir málefнасviðið sem því nemur.
- Fjárheimild málaflokksins er lækkuð um 111,5 m.kr. í samræmi við tekjuáætlun Hafrannsóknastofnunar.
- Tímabundið 96 m.kr. framlag til Hafrannsóknastofnunar fellur niður sem veitt var í fjárlögum 2022 til grunnrannsókna á lífríki sjávar og bættrar vöktunar á nytjastofnum.

- f. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 76,4 m.kr. Er þá búið að taka tillit til þess að 29,2 m.kr. af útgjaldasvigrúmi ráðuneytisins verði notaðar til að veða á móti aðhaldskröfu fyrir árið 2023.
- g. Gert er ráð fyrir að 36 m.kr. af 75 m.kr. almennu útgjaldasvigrúmi, sem gert var ráð fyrir við 1. umræðu fjármálaáætlunar 2023–2027, verði frestað um eitt til tvö ár sem lið í aðgerðum til að draga úr þenslu og bæta afkomu ríkissjóðs. Frestunin gengur til baka í tveimur jöfnum áföngum á árunum 2024 og 2025. Þannig verður frestunin að fullu gengin til baka á árinu 2025.

14 Ferðapjónusta

Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á málefнасviði ferðapjónustu er á ábyrgð menningar- og viðskiptaráðherra. Einn málaflokkur heyrir undir málefnasviðið eins og sést í eftirfarandi töflu. Taflan sýnir þróun málefnasviðsins og málaflokksins á tímabilinu 2021–2023. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

	Reikningur ¹ 2021 m.kr.	Fjárlög 2022 m.kr.	Frumvarp 2023 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
14 Ferðapjónusta²					
14.10 Ferðapjónusta	5.561,9	2.279,2	2.187,9	-4,0	-60,7
16 Menningar- og viðskiptaráðuneyti	5.561,9	2.279,2	2.187,9	-4,0	-60,7
Samtals	5.561,9	2.279,2	2.187,9	-4,0	-60,7


¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða.

Breytingar á ramma milli árána 2022 og 2023



Heildargjöld málefнасviðs 14 Ferðapjónusta árið 2023 eru áætluð 2.187,9 m.kr. og lækka um 122,3 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2022, eða sem svarar til -5,4%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum lækka útgjöldin um 91,3 m.kr. milli ára, eða sem svarar til -4%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Niðurstaðan getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2021 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2021 m.kr.	Fjárlög 2022 m.kr.	Frumvarp 2023 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
14 Ferðapjónusta²					
Rekstrarframlög	1.754,3	1.113,8	956,9	-14,1	-45,5
Rekstrartilfærslur	2.932,1	560,5	679,1	21,2	-76,8
Fjármagnstílfærslur	875,7	603,2	550,0	-8,8	-37,2
Fjárfestingarframlög	-0,2	1,7	1,9	11,8	-1.050,0
Heildarútgjöld	5.561,9	2.279,2	2.187,9	-4,0	-60,7
Rekstrartekjur	-	37,7	37,7	0,0	-
Framlag úr ríkissjóði	-	2.241,5	2.150,2	-4,1	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	2.279,2	2.187,9	-4,0	-

¹ Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

14.10 Ferðapjónusta

Starfsemi málaflokksins er í höndum Ferðamálastofu og Framkvæmdasjóðs ferðamanna- staða. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Aukin verðmætasköpun		
Mótun og innleiðing aðgerðaáætlunar um upp- byggingu og þróun sjálfbærrar ferðapjónustu.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma
Endurskoðun og hagnýting Jafnvægisáss ferðamála.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma
Áframhaldandi innleiðing á tillögum úr sam- keppnismati á regluverki í ferðapjónustu.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma

Markmið 2: Jákvæð upplifun heimamanna og ferðamanna

Framþróun og uppbygging Vörðu.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti í samvinnu við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	Innan ramma*
Stuðningur við uppbyggingu áfangastaða á landsbyggðinni, m.a. í gegnum Framkvæmdasjóð ferðamannastaða og Flugþróunarsjóð.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti og Ferðamálastofa	Innan ramma
Stuðningur við starfsemi áfangastaðastofa.	Ferðamálastofa	Innan ramma

Markmið 3: Umhverfisleg sjálfbærni í ferðaþjónustu

Áfangastaðir í opinberri umsjón með virka álagsstýringu.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma
Endurskoðun vottaðra gæða- og umhverfisstjórnunarkerfa fyrir ferðaþjónustu.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti og Ferðamálastofa	Innan ramma

* Fjárveiting helst óbreytt frá árinu 2022 samkvæmt fjármálaáætlun.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 2.187,9 m.kr. og lækkar um 122,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 31 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 50 m.kr. vegna tímabundins framlags til uppbyggingar varanlegra salerna sem fellur niður.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar tímabundið í eitt ár um 22 m.kr. vegna flutnings yfir á málefnasvið 16 vegna aukinna verkefna í neytendamálum.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 47,4 m.kr. sem skipt er hlutfallslega niður á stofnanir og verkefni málaflokksins.

15 Orkumál

Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð ráðherra umhverfis-, orku- og loftslagsmála. Undir málefнасviðinu er einn málaflokkur: *15.10 Stjórnun og þróun orkumála* sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og málaflokksins á tímabilinu 2021–2023. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


	Reikningur ¹ 2021 m.kr.	Fjárlög 2022 m.kr.	Frumvarp 2023 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
15 Orkumál²					
15.10 Stjórnun og þróun orkumála	5.110,2	6.195,0	6.212,7	0,3	21,6
14 Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyt	5.110,2	6.195,0	6.212,7	0,3	21,6
Samtals	5.110,2	6.195,0	6.212,7	0,3	21,6

¹ Vakín er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða.



Heildargjöld málefнасviðs *15 Orkumál* árið 2023 eru áætluð 6.213 m.kr. og lækka um 214 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2022, eða sem svarar til 3%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 18 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 0,3%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Niðurstaðan getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefna sviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2021 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefna sviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2021 m.kr.	Fjárlög 2022 m.kr.	Frumvarp 2023 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
15 Orkumál²					
Rekstrarframlög	754,9	989,1	962,1	-2,7	27,4
Rekstrartilfærslur	4.249,2	5.126,9	5.244,4	2,3	23,4
Fjármagnstilfærslur	100,0	72,5	0,0	-100,0	-100,0
Fjárfestingarframlög	6,1	6,5	6,2	-4,6	1,6
Heildarútgjöld	5.110,2	6.195,0	6.212,7	0,3	21,6
Rekstrartekjur	-	245,9	209,7	-14,7	-
Framlag úr ríkissjóði	-	5.949,1	6.003,0	0,9	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	6.195,0	6.212,7	0,3	-

¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

15.10 Stjórnun og þróun orkumála

Starfsemi málaflokksins er í höndum Orkustofnunar sem heldur utan um verkefni Orkusjóðs og auk þess heyrna niðurgreiðslur á húshitun og jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku undir málaflokkinn. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Tryggt orkuöryggi fyrir alla landsmenn		
Söfnun og miðlun upplýsinga um raforkuframboð og bætt yfirsýn og eftirlit með tiltæku varaafli raforku í landinu. Aukin úrræði til að tryggja orkuöryggi. (1)	Orkustofnun	Innan ramma
Aukið eftirlit og stýring vegna öryggisbirgða olíu.	Orkustofnun	Innan ramma
Nýir orkukostir og bætt orkunýtni. (2)	Orkustofnun o.fl.	Innan ramma
Markmið 2: Aukið hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkubúskap landsins		
Aukinn stuðningur við orkuskipti. (3)		-100 m.kr.

Greining á stöðu innviða fyrir orkuskipti og uppfærð orkuskiptaáætlun.	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	Innan ramma
Orkuskipti í húshitun – varmadælur. (4)		Innan ramma

Markmið 3: Jöfnun orkukostnaðar á landsvísu

Átak í jarðstrengjavæðingu og þrífösun á dreifikerfi raforku á landsbyggðinni. (5)	RARIK og Orkubú Vestfjarða	Innan ramma
Áframhaldandi jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku á landsbyggðinni. (6)	Orkustofnun	Innan ramma
Aukin neytendavernd og samkeppni á raforkumarkaði. (7)	Orkustofnun o.fl.	Innan ramma

(1) Auknar skyldur á Orkustofnun í tengslum við söfnun og miðlun upplýsinga um raforkuframboð – og aukið eftirlit og bætt yfirsýn með tiltæku varaafli raforku í landinu. Bætt stjórnæki til að bregðast við skorti á varaafli. Leiðir af vinnu átakshóps stjórnvalda um uppbyggingu innviða og starfshóps um orkuöryggi á heildsölumarkaði.

(2) Nýir orkukostir og bætt orkunýtni: Verkefni um vindorku á landi og á hafi, greining á möguleikum smávirkjana, varmadælna, sólar- og sjávarfallaorku og nýting glatvarma. Yfirlit yfir möguleg orkunýtniverkefni í samræmi við tilskipun EED.

(3) Aukinn stuðningur við orkuskipti í samræmi við Orkustefnu fyrir Ísland til 2050 og aðgerðaáætlun Orkustefnu. Þrátt fyrir að fjármagn sé fært til annarra loftslagstengdra verkefna er áætlað að í heild verði um að ræða aukinn stuðning við orkuskipti sem fjármagnaður verður af málefнасviði 17.

(4) Með breytingu á lögum um niðurgreiðslur húshitunar í júní 2022 var styrkjakerfi einfaldað til kaupa á orkusparandi búnaði til húshitunar (svo sem varmadælum) á svæðum þar sem ekki er hitaveita. Áætlað er að gildistaka laganna feli í sér viðbótarkostnað upp á 1–1,3 ma.kr. næstu 8–10 ár sem verður fjármagnaður með auknu 50 m.kr. árlegu útgjaldasvigrúmi á málefнасviðinu.

(5) Átak í jarðstrengjavæðingu og þrífösun á dreifikerfi raforku á landsbyggðinni til að auka orkuöryggi og jafna aðgengi að raforku. Áætlað er að truflunum í dreifikerfinu muni fækka um 85%. Leiðir af vinnu átakshóps stjórnvalda um uppbyggingu innviða. Fjárveiting til verkefnisins er 600 m.kr. frá 2021 til 2025. Þar af er tillaga að fjármögnun 275 m.kr. af byggðaaætlun.

(6) Framlög til jöfnunar kostnaðar við dreifingu raforku á landsbyggðinni voru 2.080 m.kr. árið 2022 sem dugar til að jafna um 70% af heildarþörfinni. Markmiðið er 85% jöfnun árið 2023.

(7) Neytendavernd og samkeppni á raforkumarkaði: Unnið er að því að virkja neytendur til að velja sér raforkusala. Fyrsti snertipunktur verði hjá sölufyrirtækjum.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 6.213 m.kr. og lækkar um 214 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 232 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 100 m.kr. og þau framlög færast í önnur loftslagstengd verkefni, svo sem til aðgerða til náttúrumiðaðra lausna, landbúnaðar og til frekari stuðnings við breyttar ferðavenjur. Þrátt fyrir þessa lækkun er gert ráð fyrir að í heild verði um aukið framlag að ræða til stuðnings við orkuskipti sem fjármagnað verður af málefнасviði 17 *Umhverfismál*.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 50 m.kr. sem ætlað er að nýta til að styrkja aukna notkun á búnaði, svo sem varmadælum, til umhverfisvænnar orkuöflunar.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 20 m.kr. þar sem tímabundið fjárfestingarframlag frá 2022 vegna óveðurstengdra verkefna fellur niður.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 10 m.kr. þar sem tímabundið fjármagn til aðgerðarinnar *Orkuskipti* í fjármálaáætlun 2018–2022 fellur niður.

- e. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 45 m.kr. vegna breytinga á áætluðum sértekjum málefnasviðs.
- f. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 17,8 m.kr. vegna hækkunar á tekjuáætlun vegna jöfnunargjalds við dreifingu raforku.
- g. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 34,6 m.kr. og er útfærð þannig að hún fellur öll að rekstri Orkustofnunar.

16 Markaðseftirlit og neytendamál

Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð menningar- og viðskiptaráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra. Einn málaflokkur heyrir undir málefнасviðið eins og sést í eftirfarandi töflu. Taflan sýnir fjárhagslega þróun málefнасviðsins og málaflokksins á tímabilinu 2021–2023. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


	Reikningur ¹ 2021 m.kr.	Fjárlög 2022 m.kr.	Frumvarp 2023 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
16 Markaðseftirlit og neytendamál²					
16.10 Markaðseftirlit og neytendamál	3.030,6	3.171,9	3.331,6	5,0	9,9
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti	2.180,0	2.456,8	2.554,3	4,0	17,2
16 Menningar- og viðskiptaráðuneyti	850,6	715,1	777,3	8,7	-8,6
Samtals	3.030,6	3.171,9	3.331,6	5,0	9,9

¹ Vakinn er athygli á því í sambandinu hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða.



Heildargjöld málefнасviðs 16 Markaðseftirlit og neytendamál árið 2023 eru áætluð 3.331,6 m.kr. og aukast um 137 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2022, eða sem svarar til 4,3%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 159,7 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 5%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Niðurstaðan getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út

frá í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2021 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2021 m.kr.	Fjárlög 2022 m.kr.	Frumvarp 2023 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
16 Markaðseftirlit og neytendamál²					
Rekstrarframlög	824,5	697,6	745,3	6,8	-9,6
Rekstrartilfærslur	2.202,0	2.468,6	2.580,1	4,5	17,2
Fjármagnstilfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	4,1	5,7	6,2	8,8	51,2
Heildarútgjöld	3.030,6	3.171,9	3.331,6	5,0	9,9
Rekstrartekjur	-	41,4	9,2	-77,8	-
Framlag úr ríkissjóði	-	3.130,5	3.322,4	6,1	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	3.171,9	3.331,6	5,0	-

¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

16.10 Markaðseftirlit og neytendamál

Starfsemi málaflokksins er í höndum Samkeppniseftirlitsins, Neytendastofu og Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Aukið gagnsæi og skilvirkni, virk samkeppni og heilbrigðir viðskiptahættir fjármála- og viðskiptalífs		
Meta þekkingu stjórnenda fyrirtækja á meginreglum samkeppnislaga og efla almenna fræðslu um áhrif markaðseftirlits, þ.m.t. neytendaverndar, á efnahagslífið.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma
Endurskoða stjórnarsýslu neytendamála og stefnumótun á sviði neytendamála.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma
Mat Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á íslenskum fjármálamarkaði (FSAP).	Seðlabanki Íslands	Innan ramma

Markmið 2: Aukið traust almennings og fyrirtækja til atvinnulífs og markaðseftirlits

Þróun rafrænna lausna í samskiptum og gagnamiðlun til málsaðila.	Samkeppniseftirlitið	Innan ramma
Þróun hugbúnaðar til eftirlits með stjórnunar- og eignatengslum í atvinnulífinu.	Samkeppniseftirlitið	Innan ramma
Skilvirkt og hagkvæmara eftirlit Neytendastofu ásamt útgáfu leiðbeininga til fyrirtækja.	Neytendastofa	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 3.331,6 m.kr. og hækkar um 137 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 22,7 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 97,5 m.kr. í samræmi við rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins sem send var fjármála- og efnahagsráðuneytinu í byrjun árs. Fjárveiting úr ríkissjóði er jafnhá áætluðum tekjum af eftirlitsgjaldi og tekjum af skilavaldi. Sjá nánari umfjöllun í frumvarpi til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2023.
- b. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 24 m.kr. til að bregðast við auknum kostnaði við kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.
- c. Fjárheimild málaflokksins er aukin tímabundið í eitt ár um 22 m.kr. með flutningi af málefнасviði 14 til að bregðast við auknum verkefnum í neytendamálum.
- d. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 15,9 m.kr. sem er skipt hlutfallslega niður á stofnanir og verkefni.

17 Umhverfismál

Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð umhverfis-, orku og loftslagsráðherra og matvælaráðherra. Það skiptist í fimm málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2021–2023. Loftslagsmál eru vaxandi þáttur í öllum málaflokkum málefnasviðsins en heyra að mestu undir málaflokk 17.50 *Stjórnsýsla umhverfismála* ásamt loftmengunarmálum. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

17 Umhverfismál ²	Reikningur ¹	Fjárlög	Frumvarp	Br. frá	Br. frá
	2021 m.kr.	2022 m.kr.	2023 m.kr.	fjárlögum %	reikn. %
17.10 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla	5.826,1	5.836,1	6.233,9	6,8	7,0
04 Matvælaráðuneyti	3.192,9	3.382,1	3.424,2	1,2	7,2
14 Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	2.633,2	2.454,0	2.809,7	14,5	6,7
17.20 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands ..	4.632,8	4.264,1	4.216,2	-1,1	-9,0
14 Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	4.632,8	4.264,1	4.216,2	-1,1	-9,0
17.30 Meðhöndlun úrgangs	5.710,5	6.379,7	6.988,7	9,5	22,4
14 Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	5.710,5	6.379,7	6.988,7	9,5	22,4
17.40 Varnir vegna náttúruvá	3.061,0	2.689,9	2.816,1	4,7	-8,0
14 Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	3.061,0	2.689,9	2.816,1	4,7	-8,0
17.50 Stjórnsýsla umhverfismála	6.949,8	5.800,8	7.613,8	31,3	9,6
14 Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	6.949,8	5.800,8	7.613,8	31,3	9,6
Samtals	26.180,2	24.970,6	27.868,7	11,6	6,4


¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskrifir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli árana 2022–2023



Heildargjöld málefнасviðs 17 *Umhverfismál* árið 2023 eru áætluð 27.869 m.kr. og aukast um 2.185 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2022, eða sem svarar til 8,8%,% Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um samtals 2.927 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 11,7% hækkunar.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Niðurstaðan getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá í fjármálaáætlun, til að mynda þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2021 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2021 m.kr.	Fjárlög 2022 m.kr.	Frumvarp 2023 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
17 Umhverfismál²					
Rekstrarframlög	13.545,3	14.282,4	16.843,4	17,9	24,3
Rekstrartilfærslur	7.265,6	6.930,7	7.172,5	3,5	-1,3
Fjármagnstiltfærslur	3.613,0	2.980,2	3.080,2	3,4	-14,7
Fjárfestingarframlög	1.756,3	748,2	772,6	3,3	-56,0
Heildarútgjöld	26.180,2	24.941,5	27.868,7	11,7	6,4
Rekstrartekjur	-	3.120,3	3.426,3	9,8	-
Framlag úr ríkissjóði	-	21.821,2	24.442,4	12,0	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	24.941,5	27.868,7	11,7	-

¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

17.10 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla

Starfsemi málaflokksins er að mestu leyti í höndum Landgræðslunnar, Skógræktarinnar, Vatnajökulsþjóðgarðs og Þjóðgarðsins á Þingvöllum, auk þess sem hluti af starfsemi Umhverfisstofnunar fellur undir málaflokkinn. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Að bæta ástand áfangastaða innan náttúruverndarsvæða		
Úthlutun styrkja til uppbyggingar innviða á ferðamannastöðum í samræmi við landsáætlun um innviði til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	Innan ramma
Áframhaldandi uppbygging á náttúruverndarsvæðum og efling landvörslu til að bæta þjónustu á þeim.	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	200 m.kr.
Mat á ástandi skilgreindra áfangastaða innan náttúruverndarsvæða.	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	Innan ramma

Markmið 2: Að auka árlegt umfang uppgræðslu og endurheimtar vistkerfa og nýskógræktar

Stöðvun landeyðingar, uppgræðsla, endurheimt votlendis, innleiðing landgræðsluáætlunar og efling losunarbókhalds.*	Landgræðslan	Innan ramma
Skógrækt á lögbýlum.*	Skógræktin	Innan ramma
Skógrækt, rannsóknir, endurheimt skóga, innleiðing landsáætlunar í skógrækt og efling losunarbókhalds.*	Skógræktin	Innan ramma

* Verkefnið styður jafnframt við markmið 1 í málaflakki 17.5 um að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.

Heildarfjárheimild til málaflakksins fyrir árið 2023 er áætluð 6.234 m.kr. og hækkar um 228 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 170 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflakksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflakksins er aukin um 200 m.kr. til að bæta ástand áfangastaða innan náttúruverndarsvæða og þjónustu á þeim. Um er að ræða varanlega aukningu úr fyrri fjármálaáætlun.
- Fjárheimild málaflakksins til Landsáætlunar um uppbyggingu innviða er lækkuð tímabundið um 15 m.kr.
- Fjárheimild málaflakksins er lækkuð tímabundið um 50 m.kr. og fjármagn fært í verkefni Áætlunar um vernd og nýtingu landsvæða.
- Hækkun á sértekjuáætlun er 98,5 m.kr. Um er að ræða tekjuaukningu hjá Þjóðgarðinum á Þingvöllum og Vatnajökulspjóðgarði.
- Hlutdeild málaflakksins í aðhaldskröfu málefna sviðsins nemur 120 m.kr. Við útteilingu á aðhaldskröfu málaflakksins er beitt hlutfallslegri skiptingu niður á fjárlagaliði að teknu tilliti til stöðu og áhættumats. Lögð er sérstök áhersla á að standa vörð um þau verkefni og stofnanir sem hafa lítið fjárhagslegt svigrúm.

17.2 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands

Starfsemi málaflakksins er í höndum Náttúrufræðistofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflakksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar

breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Að efla vöktunarkerfi vegna náttúruvár		
Bætt vöktun náttúruvár með áreiðanlegri og lengri og viðvörðunartíma og bættu rekstraröryggi vöktunarkerfa.	Veðurstofa Íslands	Innan ramma
Styrking reksturs og fjölgun mælabúnaðar fyrir veður-, vatna- og jarðskjálftakerfi auk mats á náttúruvá.	Veðurstofa Íslands	Innan ramma
Endurnýjun og uppbygging veðursjárkerfis.	Veðurstofa Íslands	Innan ramma
Greining á uppbyggingu upplýsingatækni innviða.*	Veðurstofa Íslands	Innan ramma
Markmið 2: Að efla rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga		
Rannsóknir, vöktun og miðlun á loftslagsbreytingum og þeim afleiðingum sem þær kunna að valda.	Veðurstofa Íslands	Innan ramma
Rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga á súrnun sjávar.	Hafrannsóknastofnun	Innan ramma
Vöktun náttúruverndarsvæða undir álagi ferðamanna.**	Náttúrufræðistofnun Íslands	Innan ramma

* Með auknum áskorunum í vöktun náttúru Íslands skapast nýjar áskoranir og ógnir við upplýsingakerfi sem bregðast þarf við. Áætlað er að hefja ítarlega greiningu á uppbyggingu upplýsingatækni innviða á Veðurstofu Íslands en verkefnið er í takt við markmið í stjórnarsáttmála um mikilvægi stafrænna innviða við stefnumótun og ákvarðanatöku.

** Verkefnið vöktun náttúruverndarsvæða styður jafnframt við markmið 1. í málaflokki 17.1 um að bæta ástand áfangastaða innan náttúruverndarsvæða.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 4.216 m.kr. og lækkar um 209 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 161 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 21,2 m.kr. vegna fuglavöktunar á vegum náttúrustofa, sbr. markmið e. í málaflokki 17.5.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 177,5 m.kr. en um var að ræða tímabundið fjárfestingarframlag til Veðurstofu Íslands til úrbóta á innviðum í kjölfar óveðurs í desember 2019.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 48 m.kr. vegna tímabundinnar fjárheimildar sem fellur niður hjá náttúrustofum.
- Sértekjuáætlun málefнасviðsins hækkar um 47,8 m.kr. hjá Veðurstofu Íslands.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 50,5 m.kr. Við útdeilingu á aðhaldskröfu málefнасviðs er að stórum hluta beitt hlutfallslegri skiptingu

niður á fjárlagaliði að teknu tilliti til stöðu og áhættumats. Lögð er sérstök áhersla á að standa vörð um þau verkefni og stofnanir sem hafa lítið fjárhagslegt svigrúm.

17.3 Meðhöndlun úrgangs

Starfsemi málaflokksins er m.a. í höndum Endurvinnslunnar hf. og Úrvinnslusjóðs. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Að auka endurvinnslu heimilísúrgangs		
Hringrásarhagkerfi – græn nýsköpun.	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	Innan ramma
Framkvæmd aðgerða á grundvelli stefnunnar „Í átt að hringrásarhagkerfi, stefna í úrgangsmálum 2021–2032“.	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	Innan ramma
Framkvæmd úrgangsförvarnastefnunnar Saman gegn sóun 2016–2027.	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	Innan ramma
Framkvæmd aðgerða á grundvelli aðgerðaáætlunar um plast frá árinu 2020.	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	Innan ramma
Framkvæmd aðgerða gegn matarsóun á grundvelli aðgerðaáætlunar gegn matarsóun frá árinu 2021.	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti og Umhverfisstofnun	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 6.989 m.kr. og hækkar um 605 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 4 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins vegna Endurvinnslunnar hf. er aukin um 487 m.kr. Byggt er á áætlun um aukningu á skila- og umsýslugjaldi frá fyrra ári.
- Fjárheimild málaflokksins vegna Úrvinnslusjóðs er aukin um 150 m.kr. vegna áætlunar um aukningu í innheimtu á úrvinnslugjaldi frá fyrra ári.
- Tekjuáætlun málefna sviðsins lækkar um 32 m.kr.

17.4 Varnir gegn náttúruvá

Einn ríkisaðili, Ofanflóðasjóður, tilheyrir málaflokknum. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig

endurspegla fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Að tryggja fullnægjandi öryggi fyrir íbúa landsins gegn ofanflóðum		
Framkvæmdir á Patreksfirði, Flateyri, Siglufirði og Seyðisfirði.	Ofanflóðasjóður	100 m.kr.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 2.816 m.kr. hækkar um 100 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær eru 26,2 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 100 m.kr. á árinu. Um er að ræða árlega 100 m.kr. hækkun fjárheimildar tímabilið 2023–2027 til að mæta uppfærslu á framkvæmdakostnaði.

17.50 Stjórnarsýsla umhverfismála

Starfsemi málaflokksins er í höndum aðalskrifstofu umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytis, Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar, Umhverfisstofnunar og úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Loftslagsmál eru snar þáttur í stjórnarsýslu umhverfismála. Undir þennan málaflokk falla fjárheimildir til loftslagsaðgerða, loftmengunarmála og til loftslagssjóðs. Umfangsmestu verkefni á sviði loftslagsmála eru stefnumótun og eftirfylgni fyrir kolefnishlutlaust Ísland, aðgerðaáætlun í loftslagsmálum sem snýr að samdrætti í losun og aðgerðaáætlun vegna aðlögunar íslensks samfélags að áhrifum loftslagsbreytinga. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspegla fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum og markmið um kolefnishlutleysi Íslands		
Stefnumótun um kolefnishlutlaust Ísland og verkstjórn og framkvæmd Aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum.	Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneyti	740 m.kr.
Styrking stjórnarsýslu loftslagsmála, upplýsingagjöf og samþætting þvert á málefna svið.	Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneyti	Innan ramma
Samtal við ESB um hert markmið í loftslagsmálum og innleiðing regluverks því tengdu.	Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneyti	Innan ramma

Úrbætur á losunarbókhalda fyrir landnotkun, breytta landnotkun og skógrækt (LULUCF) í samræmi við reglur ESB og Loftslagssamnings SP.	Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneyti, Umhverfisstofnun, Landgræðslan og Skógræktin.	Innan ramma
Rannsóknir á kolefnisförða, losun og bindingu í jarðvegi og gróðri.	Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneyti	Innan ramma
Útfæra reglur fyrir starfsemi fyrirtækja varðandi kolefnisföngun og varanlega geymslu kolefnis.	Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneyti	Innan ramma
Samstarf við bændur um loftslagsvænni landbúnað.	Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneyti	Innan ramma
Uppgjör skuldbindinga skv. Kýótó-bókun.	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	800 m.kr.

Markmið 2: Að efla viðnámsþrótt íslensks samfélags og lífríkis gagnvart loftslagsvá

Unnin verði áætlun um aðlögun íslensks samfélags að loftslagsbreytingum.	Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneyti	Innan ramma
--	--	-------------

Markmið 3: Að efla náttúruvernd, m.a. með friðlýsingu náttúruverndarsvæða

Unnin verði áætlun um aðlögun íslensks samfélags að loftslagsbreytingum.	Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneyti	Innan ramma
Stjórnunar- og verndaráætlanir fyrir friðlýst svæði.	Umhverfisstofnun	Innan ramma
Fræðslu- og kynningarverkefni innan þjóðgarða og annarra verndarsvæða.	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	Innan ramma
Kortlagning óbyggðra víðerna.	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	Innan ramma
Undirbúningur að stofnun þjóðgarðs á hálendi Íslands.	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	Innan ramma
Endurskoðun stefnu um verndun líffræðilegrar fjölbreytni.	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	Innan ramma

Markmið 4: Að bæta viðmót, gagnsæi og skilvirkni stjórnsýslu, m.a. með aukinni stafrænni stjórnsýslu

Innleiðing stafrænna þjónustuleiða og aðgengi að opnum gögnum.	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti og Landmælingar Íslands	Innan ramma
Endurskoðun laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	Innan ramma

Markmið 5: Að efla hreinsun fráveitu

Átak í fráveitumálum sveitarfélaga.	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	Innan ramma
-------------------------------------	---	-------------

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 7.614 m.kr. og hækkar um 1.432 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 381 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 800 m.kr. á árinu vegna kaupa á losunarheimildum í tengslum við skuldbindingar samkvæmt Kýótó-bókun.
- b. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 740 m.kr. Þar af eru 500 m.kr. ætlaðar til bindingar og samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda og annarra loftslagsaðgerða, 90 m.kr. til náttúrumiðaðra lausna í loftlagsmálum og 150 m.kr. til annarra loftlagstengdra verkefna, sbr. markmið nr. 1.
- c. Fjárheimild málaflokksins eykst um 300 m.kr. vegna tímabundinnar lækkunar á útgjaldavexti til náttúruverndar frá 2021 sem gengur til baka.
- d. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 50 m.kr. í eitt ár til að styrkja Áætlun um vernd og nýtingu landsvæða.
- e. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 21,2 m.kr. vegna fuglavöktunar á vegum náttúrustofa, sbr. markmið a. í málaflokki 17.2.
- f. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 20 m.kr. vegna tímabundinnar fjárheimildar til Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar.
- g. Fjárheimild málefnaflokksins er lækkuð ótímabundið um 20 m.kr. og færð til Minjastofnunar, málaflokkur 18.2, til að efla fornleifaskráningu í landinu.
- h. Tekjuáætlun málefnasviðsins lækkar um 32,1 m.kr. hjá Umhverfisstofnun.
- i. Tekjuáætlun um gjöld af veiðikorti lækka um 6 m.kr. og tekjuáætlun vegna starfsleyfa Umhverfisstofnunar lækka um 10,6 m.kr.
- j. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 128 m.kr. Við útteilingu á aðhaldskröfu málefnasviðs er að stórum hluta beitt hlutfallslegri skiptingu niður á fjárlagaliði að teknu tilliti til stöðu og áhættumats. Lögð er sérstök áhersla á að standa vörð um þau verkefni og stofnanir sem hafa lítið fjárhagslegt svigrúm.

18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál

Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð menningar- og viðskiptaráðherra, mennta- og barnamálaráðherra og umhverfis-, orku og loftslagsráðherra. Það skiptist í fimm málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2021–2023. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál ²	Reikningur ¹	Fjárlög	Frumvarp	Br. frá	Br. frá
	2021	2022	2023	fjárlögum	reikn.
	m.kr.	m.kr.	m.kr.	%	%
18.10 Safnamál	4.821,8	5.328,9	5.304,7	-0,5	10,0
16 Menningar- og viðskiptaráðuneyti	4.821,8	5.328,9	5.304,7	-0,5	10,0
18.20 Menningarstofnanir	6.933,5	6.975,5	7.432,0	6,5	7,2
14 Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	330,2	343,5	362,7	5,6	9,8
16 Menningar- og viðskiptaráðuneyti	6.603,3	6.632,0	7.069,3	6,6	7,1
18.30 Menningarsjóðir	5.106,0	5.089,5	4.666,6	-8,3	-8,6
14 Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	345,9	344,7	324,9	-5,7	-6,1
16 Menningar- og viðskiptaráðuneyti	4.760,1	4.744,8	4.341,7	-8,5	-8,8
18.40 Íþróttar- og æskulýðsmál	1.223,5	1.344,8	1.413,8	5,1	15,6
02 Mennta- og barnamálaráðuneyti	1.223,5	1.344,8	1.413,8	5,1	15,6
18.50 Stjórnýsla menningar og viðskipta	312,1	753,3	940,5	24,9	201,3
16 Menningar- og viðskiptaráðuneyti	312,1	753,3	940,5	24,9	201,3
Samtals	18.396,9	19.492,0	19.757,6	1,4	7,4

¹ Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.


Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða.

Heildargjöld málefнасviðs *18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál* árið 2023 eru áætluð 19.757,6 m.kr. og aukast um 922,6 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2022, eða sem svarar til 2%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 1107,3 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 5,9%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Niðurstaðan getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá í fjármálaáætlun, til að mynda þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Breytingar á ramma milli áronna 2022–2023



Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2021 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

18 Menning, listir, iþróttá- og æskulýðsmál ²	Reikningur ¹ 2021 m.kr.	Fjárlög 2022 m.kr.	Frumvarp 2023 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
Rekstrarframlög	10.978,9	10.992,7	12.002,4	9,2	9,3
Rekstrartilfærslur	6.835,3	7.222,9	6.813,7	-5,7	-0,3
Fjármagnstilfærslur	357,5	656,2	637,6	-2,8	78,3
Fjárfestingarframlög	225,2	620,2	303,9	-51,0	34,9
Heildarútgjöld	18.396,9	19.492,0	19.757,6	1,4	7,4
Rekstrartekjur	-	1.919,6	2.236,7	16,5	-
Framlag úr ríkissjóði	-	17.572,4	17.520,9	-0,3	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	19.492,0	19.757,6	1,4	-

¹ Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skípan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

18.10 Safnamál

Undir málaflokkinn fellur starfsemi safna á vegum ríkisins, sveitarfélaga, sjálfseignarstofnana og annarra aðila. Þá falla málefni almenningsbókasafna, héraðsskjalasafna og annarra safna undir bókasafnalög og lög um opinber skjalasöfn. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar

breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Að almenningur hafi betri aðgang að menningar- og náttúruarfi þjóðarinnar		
Vinna að framtíðaruppbyggingu Náttúruminjasafns Íslands.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti og Náttúruminjasafn Íslands	Innan ramma
Stuðla að auknu samstarfi safna í samráði við hagsmunaaðila og huga að nauðsynlegum lagabreytingum.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma
Huga að húsnæðismálum Þjóðskjalasafns Íslands, Listasafns Íslands, Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafns, Gljúfrasteins og Listasafns Einars Jónssonar.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Efla vernd á menningararfi þjóðarinnar í samræmi við alþjóðlegar kröfur		
Gera áætlun um uppbyggingu og endurnýjun varðveislurýma fyrir safnkost í ríkiseigu.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma
Þarfagreining og forgangsgröðun stafrænnar varðveislu og endurgerðar menningarminja og menningarsögulegs efnis, m.a. a) Frumrit íslenskrar tónlistar. b) Stafvæðing efnis Kvikmyndasafns Íslands.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	35 m.kr.
Undirbúa viðbrögð vegna hættu sem safnkosti um land allt stafar af loftslags- eða náttúruvá og öðrum hamförum.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti og safnaráð	Innan ramma
Markmið 3: Efla skráningu og rannsóknir safnkosts		
Styðja sjálfstæðar rannsóknir safna.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma
Átak í grisjun og skráningu Þjóðskjalasafns Íslands.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	25 m.kr.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 5.304,7 m.kr. og lækkar um 268 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 243,8 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 75 m.kr. til að efla starfsemi safna, sbr. markmið nr. 1, 2 og 3.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin tímabundið um 70 m.kr. til að ráðast í átaksverkefni sem falla undir málaflokkinn, svo sem endurnýjun á ljóskösturum hjá Listasafni Íslands, endurnýjun búnaðar til skönnunar hjá Landsbókasafni Íslands og

verkefni tengd kvikmyndastefnu hjá Kvikmyndasafni Íslands. Verkefnin eru hluti af fjárfestingar- og uppbyggingarátaki til að sporna við niðursveiflu í efnahagslífinu í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveirunnar.

- c. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 10 m.kr. vegna tímabundins framlags vegna varðskipsins Óðins sem fellur niður.
- d. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 300 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður af framlagi til uppbyggingar safna, þar á meðal uppbygging Náttúruminjasafns Íslands. Gert er ráð fyrir að framkvæmdinni verði lokið á árinu 2024.
- e. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 64,3 m.kr. í samræmi við áætlun um rekstrartekjur ríkisaðila.
- f. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 112,8 m.kr. sem er skipt hlutfallslega niður á stofnanir og verkefni málaflokksins.

18.20 Menningarstofnanir

Starfsemi málaflokksins er í höndum opinberra stofnana á sviði lista og menningar, svo sem Minjastofnunar Íslands, Þjóðleikhússins, Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Kvikmyndamiðstöðvar Íslands. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Efla miðlun á menningu og listum með bættum aðgangi		
Tryggja framboð listviðburða í grunnskólum og menningarhúsum um land allt.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti, List fyrir alla og stofnanir	Innan ramma
Kanna rekstrargrundvöll fyrir stofnun þjóðaróperu og huga að húsnæðismálum Íslenska dansflokksins.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma
Undirbúa framkvæmdir við menningarhús á Sauðárkróki.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma
Þróa áfram hagvísu fyrir menningu og birtingu tölfræði um menningarþátttöku.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti og Hagstofa Íslands	Innan ramma
Markmið 2: Vernda menningararf þjóðarinnar með markvissari hætti		
Efla fornleifaskráningu í landinu.	Minjastofnun	20 m.kr.
Fornminjasjóður: Efla skráningu og rannsóknir fornminja vegna náttúruvar.	Minjastofnun	Innan ramma
Efla tækniinnviði, upplýsingaveitur og miðlun gagna á sviði fornleifaskráningar, þ.m.t. gagnagrunn um fornleifar.	Minjastofnun	Innan ramma

Skrá fornleifar á svæðum sem eru utan skráningarskyldra svæða sveitarfélaga vegna skipulagsgerðar.	Minjastofnun	Innan ramma
Skilgreina forgangssvæði og skrá fornleifar innan þeirra.	Minjastofnun	Innan ramma
Skrá fornleifar á þjóðlendum og friðlýstum svæðum.	Minjastofnun	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 7.432 m.kr. og hækkar um 86,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 369,7 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin tímabundið um 135 m.kr. til að ráðast í átaksverkefni sem falla undir málaflokkinn, svo sem verkefni tengd kvikmyndastefnu hjá Kvikmyndamiðstöð Íslands, verkefni tengd myndlistarstefnu og vegna endurnýjunar á flugkerfi Þjóðleikhússins. Verkefni eru hluti af fjárfestingar- og uppbyggingarátaki til að sporna við niðursveiflu í efnahagslífinu í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveirunnar.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 200 m.kr. vegna aukins rekstrarkostnaðar hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum við flutninga í nýtt húsnæði, Hús íslenskunnar.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 157,5 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður, þ.e. 14 m.kr. framlag til Hins íslenska fornritafélags, 3 m.kr. til Söguseturs íslenska hestsins og 140,5 m.kr. vegna framkvæmda við menningarsal á Selfossi.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 106 m.kr. í samræmi við áætlun um rekstrartekjur ríkisaðila.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 20 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður, þ.e. framlag til Minjastofnunar Íslands til að styrkja brunavarnir eldri kirkjuhúsa.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar varanlega um 20 m.kr. til að efla fornminjaskráningu í landinu. Fjármagn er millifært til Minjastofnunar Íslands af málaflokki 17.5.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 140,9 m.kr. sem er skipt hlutfallslega niður á stofnanir og verkefni málaflokksins.

18.30 Menningarsjóðir

Starfsemi málaflokksins felst í fjárveitingum ríkisins sem er úthlutað í gegnum lögbundna sjóði. Helstu sjóðir málaflokksins eru fornminjasjóður, húsafriðunarsjóður, safnasjóður, myndlistarsjóður, bókmenntasjóður, launasjóðir listamanna, Kvikmyndasjóður, Útflutnings- sjóður íslenskrar tónlistar, Bókasafnssjóður höfunda, Tónlistarsjóður, hljóðritasjóður tónlistar, starfsemi atvinnuleikhúsa, sóknaráætlun landshluta til stuðnings menningu, stuðningur við útgáfu bóka á íslensku, barna- og ungmennabókasjóður og Barnamenningarsjóður Íslands. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig

endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Efla stöðu íslenskrar tungu í samfélaginu		
Aðgerðaáætlun um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi:	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma
a. Málstefna um íslenskt táknmál. Málstefna um íslenskt táknmál liggur fyrir og gert er ráð fyrir þinglegri meðferð 2023.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma
b. Íslensk málstefna – Íslenska til alls. Fyrir liggur viðauki við íslenska málstefnu sem notuð verður sem grundvöllur fyrir stefnumótun stjórnvalda.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma
c. Máltækni – meta þarf árangur verkáætlunar í máltækni og ákvarða næstu skref.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	200 m.kr.
d. Stuðningur við bókaútgáfu.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Skapa betri skilyrði fyrir fjölbreytni, nýsköpun, nýliðun og frumkvæði í listum og menningu		
Tillögur um breytingar á fyrirkomulagi listamannalauna liggja fyrir.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma
Menningarsókn. Unnið verði samkvæmt aðgerðaáætlun fyrir gildandi menningarstefnu.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma
Kvikmyndastefna. Unnið verði að framkvæmd kvikmyndastefnu með áherslu á bætt sjóðakerfi og starfsumhverfi.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	65 m.kr.
Myndlistarstefna. Myndlistarmiðstöð sett á laggirnar. Vinna að framkvæmd myndlistarstefnu með áherslu á framsækið myndlistarlíf innan lands og á erlendum vettvangi. Endurskoðun myndlistarlaga.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	50 m.kr.
Tónlistarstefna. Tónlistarmiðstöð sett á laggirnar og tónlistarsjóður endurbættur og eflur.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	150 m.kr.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 4.666,6 m.kr. og lækkar um 543 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 56,3 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 75 m.kr. til hækkunar á starfslaunum listamanna, sbr. markmið nr. 2 og í samræmi við áherslur í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin tímabundið um 150 m.kr. til að setja á stofn Tónlistarmiðstöð Íslands, sbr. markmið nr. 2.

- c. Fjárheimild málaflokksins er aukin tímabundið um 200 m.kr. vegna áframhalds og vinnslu nýrrar aðgerðaáætlunar um máltækni til að íslensk tunga verði gjaldgeng í stafrænum heimi, sbr. markmið nr. 1 og í samræmi við áherslur í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.
- d. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 172 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður, þ.e. 25 m.kr. til myndlistarsjóðs og 25 m.kr. til sviðslistasjóðs vegna kórónuveirufaraldursins auk 122 m.kr. til aðgerðaáætlunar um máltækni til að íslensk tunga verði gjaldgeng í stafrænum heimi.
- e. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 73 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður, m.a. 15 m.kr. til Skaftfells á Seyðisfirði, 15 m.kr. til Tækniminjasafns Austurlands og 10,5 m.kr. til Sköpunarmiðstöðvar á Stöðvarfirði.
- f. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 20 m.kr. vegna verkefna tengdum myndlistarstefnu, sbr. markmið nr. 2.
- g. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 10 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður, þ.e. til rannsókna fornminjasjóðs á manngerðum helli frá víkingaöld.
- h. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 603,9 m.kr. Verið er að fresta 500 m.kr. af sérstöku tímabundnu fjárfestingarátaki ríkisstjórnarinnar til að sporna við niðursveiflu í efnahagslífinu í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveirunnar til ársins 2024. Að öðru leyti var aðhaldskröfu málefнасviðsins skipt hlutfallslega niður á stofnanir og verkefni málaflokksins.

18.40 Íþrótt- og æskulýðsmál

Starfsemi í málaflöknum er að mestu leyti á hendi frjálsra félaga og félagasamtaka sem og sveitarfélaga, í samstarfi við ríkið. Nánar er fjallað um málaflökkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Bæta umgjörð og auka gæði í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi		
Þjódarleikvangar.		
a. Undirbúningur vegna þjódarleikvangs í frjálsíþróttum.	Mennta- og barnamálaráðuneyti,	
b. Undirbúningur vegna þjódarleikvangs í knattspyrnu.	fjármála- og efnahagsráðuneyti,	100 m.kr.
c. Undirbúningur framkvæmda vegna þjódarleikvangs (Þjódarhöll) fyrir inniþróttir.	forsætisráðuneyti, ÍSÍ og sérsambönd	
Börn með annað móðurmál en íslensku.		
a. Fylgjast með þátttöku þeirra í íþrótt- og æskulýðsstarfi í samvinnu við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.	Mennta- og barnamálaráðuneyti, Menntavísindasvið HÍ og íþrótt- og æskulýðsfélög	Innan ramma

- b. Setja áherslur í samninga við íþróttahreyfinguna og sjóði sem stuðla að aukinni þátttöku iðkenda í þessum hópi.

Eftirfylgni með aðgerðaáætlun í tómstunda- og félagsstarfi barna og ungmenna.	Mennta- og barnamálaráðuneyti, æskulýðsráð, Samband íslenskra sveitarfélaga, umboðsmaður barna	Innan ramma
Efla starfsemi samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs.	Mennta- og barnamálaráðuneyti	Innan ramma
Efla sjálfbóðaliðastarf hjá íþrótta- og æskulýðsfélögum.	Mennta- og barnamálaráðuneyti	20 m.kr.
Efla almenningsíþróttastarf íþróttahreyfingarinnar, svo sem íþróttir eldri borgara.	Mennta- og barnamálaráðuneyti	Innan ramma

Markmið 2: Efla umgjörð og stuðning við afreksíþróttafólk

Þróun samstarfsvettvangs gegn hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum í samræmi við alþjóðasamning Evrópuráðsins. Samlegð við starfsemi Lyfjaeftirlits Íslands verður skoðuð.	Mennta- og barnamálaráðuneyti, dómsmálaráðuneyti, ríkislögreglustjóri og hagsmunaaðilar	10 m.kr.
Þingsályktun um afreksíþróttir, vinna stefnu.	Mennta- og barnamálaráðuneyti, Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands	Innan ramma
Vinna að réttindamálum afreksfólks í íþróttum.	Mennta- og barnamálaráðuneyti, Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 1.413,8 m.kr. og hækkar um 39,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 29,9 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er fjárheimild málaflokksins aukin um 100 m.kr. vegna verkefnis um nýja þjóðarhöll í innanhússíþróttum.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 20 m.kr. til að efla þátttöku sjálfbóðaliða í íþrótta- og æskulýðsstarfi sem hluti af verkefni stjórnvalda að draga úr félags-, heilsufars- og efnahagslegum áhrifum vegna heimsfaraldurs kórónuveiru.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 50 m.kr. til þess að fylgja eftir aðgerðum í stjórnarsáttmála tengdum íþrótta- og æskulýðsmálum.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 104,5 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður. Helstu framlög sem falla niður eru 60 m.kr. vegna nýs matskála í Vatnaskógi, 20 m.kr. framlag vegna uppbyggingar fyrir landsmót hestamanna 2022 á Hellu, 20 m.kr. framlag vegna almenningsíþrótta og 4,5 m.kr. framlag til Vetrariþróttamiðstöðvar Íslands.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 26,4 m.kr.

18.5 Stjórnýsla menningar og viðskipta

Starfsemi málaflokksins er í höndum menningar- og viðskiptaráðuneytisins. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 940,5 m.kr. og hækkar um 159,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 28 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 155 m.kr. í tengslum við breytta skipan Stjórnarráðsins.
- b. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 15,6 m.kr. sem er skipt hlutfallslega niður á stofnanir og verkefni málaflokksins.

19 Fjölmíðlun

Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð menningar- og viðskiptaráðherra. Einn málaflokkur heyrir undir málefнасviðið eins og sést í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2021–2023. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

	Reikningur ¹ 2021 m.kr.	Fjárlög 2022 m.kr.	Frumvarp 2023 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
19 Fjölmíðlun²					
19.10 Fjölmíðlun	5.144,0	5.563,1	5.846,4	5,1	13,7
16 Menningar- og viðskiptaráðuneyti	5.144,0	5.563,1	5.846,4	5,1	13,7
Samtals	5.144,0	5.563,1	5.846,4	5,1	13,7


¹ Vakín er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða.

Breytingar á ramma milli árana 2022 og 2023



Heildargjöld málefнасviðs 19 Fjölmíðlun árið 2023 eru áætluð 5.846,4 m.kr. og aukast um 280,6 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2022, eða sem svarar til 5%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 283,3 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 5,1%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Niðurstaðan getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2021 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2021 m.kr.	Fjárlög 2022 m.kr.	Frumvarp 2023 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
19 Fjölmíðlun²					
Rekstrarframlög	4.749,9	5.177,8	5.468,7	5,6	15,1
Rekstrartilfærslur	391,0	384,3	376,7	-2,0	-3,7
Fjármagnstílfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	3,1	1,0	1,0	0,0	-67,7
Heildarútgjöld	5.144,0	5.563,1	5.846,4	5,1	13,7
Rekstrartekjur	-	0,0	0,0	-	-
Framlag úr ríkissjóði	-	5.563,1	5.846,4	5,1	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	5.563,1	5.846,4	5,1	-

¹ Vakín er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

19.10 Fjölmíðlun

Undir málaflokkinn fellur starfsemi á vegum fjölmíðlanefndar og Ríkisútvarpsins ohf. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Bæta starfsumhverfi fjölmíðla		
Veita einkareknum fjölmíðlum styrki.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma
Kanna grundvöll fyrir tal- og textasjóð.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Skýr framtíðarsýn og stefna		
Fjölmíðlastefna gefin út.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma
Aðgerðaáætlun á grundvelli fjölmíðlastefnu.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 5.846,4 m.kr. og hækkar um 280,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 2,7 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 290 m.kr. til samræmis við tekjuáætlun af útvarpsgjaldi.
- b. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 9,4 m.kr.

20 Framhaldsskólastig

Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð mennta- og barnamálaráðherra. Það skiptist í fjóra málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2021–2023. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

	Reikningur ¹ 2021 m.kr.	Fjárlög 2022 m.kr.	Frumvarp 2023 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
20 Framhaldsskólastig²					
20.10 Framhaldsskólar	38.011,8	39.106,6	40.325,7	3,1	6,1
02 Mennta- og barnamálaráðuneyti	38.011,8	39.106,6	40.325,7	3,1	6,1
20.20 Tónlistarfræðsla	590,1	661,6	677,7	2,4	14,8
02 Mennta- og barnamálaráðuneyti	590,1	661,6	677,7	2,4	14,8
20.30 Vinnustaðanám og styrkir	242,7	242,6	242,6	0,0	0,0
02 Mennta- og barnamálaráðuneyti	242,7	242,6	242,6	0,0	0,0
20.40 Jöfnun námskostnaðar	536,8	572,7	619,0	8,1	15,3
02 Mennta- og barnamálaráðuneyti	536,8	572,7	619,0	8,1	15,3
Samtals	39.381,4	40.583,5	41.865,0	3,2	6,3


¹ Vakin er athygli á því í samamburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli árana 2022–2023



Heildargjöld málefnasviðs 20 Framhaldsskólastig árið 2023 eru áætluð 41.865 m.kr. og lækka um 68,4 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2022, eða sem svarar til 0,2%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 1.281,5 m.kr. milli ára, eða sem svarar til um 3,3%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Niðurstaðan getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá í fjármálaáætlun, til að mynda þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2021 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2021 m.kr.	Fjárlög 2022 m.kr.	Frumvarp 2023 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
20 Framhaldsskólastig²					
Rekstrarframlög	36.299,5	37.055,6	38.154,3	3,0	5,1
Rekstrartilfærslur	2.640,4	2.769,2	2.922,3	5,5	10,7
Fjármagnstílfærslur	29,9	186,4	186,4	0,0	523,4
Fjárfestingarframlög	411,6	572,3	602,0	5,2	46,3
Heildarútgjöld	39.381,4	40.583,5	41.865,0	3,2	6,3
Rekstrartekjur	-	1.536,1	1.731,9	12,7	-
Framlag úr ríkissjóði	-	39.047,4	40.133,1	2,8	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	40.583,5	41.865,0	3,2	-

¹ Vakir er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

20.10 Framhaldsskólar

Starfsemi málaflokksins er í höndum 40 opinberra og einkarekinna framhaldsskóla. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Hækka hlutfall nemenda sem ljúka starfs- og tækninámi og jafna kynjadreifingu		
Greina þörf á húsnæði og aðstöðu fyrir iðn- og tæknimenntun á Íslandi með það að markmiði að efla námið.	Mennta- og barnamálaráðuneyti	Innan ramma
Fjölga nemaplássum og vinna að jafnari kynjadreifingu í starfsnámi.	Mennta- og barnamálaráðuneyti/ Nemastofa atvinnulífsins	Innan ramma

Einfalda leiðir eldri nemenda til að fá hæfnimat og ljúka starfsnámi.	Mennta- og barnamálaráðuneyti/ Menntamálastofnun	Innan ramma
---	---	-------------

Markmið 2: Fjölga nemendum sem ljúka prófi á tilskildum tíma

Veita sérstakt fjárframlag til framhaldsskóla vegna nemenda í brotthvarfshættu.	Mennta- og barnamálaráðuneyti	Innan ramma
Styðja við verkefni sem stuðla að bættri líðan nemenda í framhaldsskólum.	Mennta- og barnamálaráðuneyti	Innan ramma
Mæla árlegt brotthvarf úr framhaldsskóla og kynna skólastjórnendum.	Mennta- og barnamálaráðuneyti	Innan ramma

Markmið 3: Auka gæði menntunar í framhaldsskólum

Bæta aðstöðu fyrir nemendur framhaldsskóla. Framkvæmdir hefjist við húsnæði Fjölbrautaskólans í Breiðholti. Hefja undirbúning að viðbótarhúsnæði fyrir Menntaskólann í Reykjavík og Tækniskólans.	Mennta- og barnamálaráðuneyti/ Menntamálastofnun	Innan ramma
Undirbúa og safna gögnum vegna endurskoðunar ytra mats.	Mennta- og barnamálaráðuneyti	Innan ramma
Þróa áfram og innleiða reiknilíkan.	Mennta- og barnamálaráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 40.325,7 m.kr. og lækkar um 62,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 1.281,8 m.kr.

Við vinnslu frumvarps til fjárlaga 2023 var ákveðið að halda eftir hluta af framlögum til framhaldsskóla sem verður síðan úthlutað til þeirra við 2. umræðu fjárlaga 2023. Þá verða jafnframt gerðar breytingar á nemendafjölda og fjárveitingum til skóla þar sem þá liggja fyrir betri upplýsingar um skólavist nemenda enda þá nokkuð liðið á skólaárið.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 200 m.kr. til þess að efla menntun í landinu og að auki er almennt útgjaldasvigrúm málaflokksins 100 m.kr.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 100 m.kr. vegna félagslegra aðgerða í kjölfar COVID-19 til þess að efla sálfræðiþjónustu við framhaldsskóla.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 180 m.kr. vegna flutninga verkefna á milli ráðuneyta. Starfsemi Garðyrkjuskólans var flutt frá háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti (HVIN) til mennta- og barnamálaráðuneytis (MRN) og með henni 180 m.kr.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 133 m.kr. vegna tímabundinna verkefna, 42 m.kr. vegna Fisktækniskólans, 50 m.kr. vegna Menntanets Suðurnesja og 41 m.kr. vegna verkefnisins Nám er tækifæri.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins er 392,8 m.kr., í almennum aðhaldskröfum eru 311,5 m.kr. sértækum aðhaldsaðgerðum 50 m.kr. og 31,3 m.kr. vegna varanlegrar lækkunar ferðakostnaðar. Aðhaldinu var dreift hlutfallslega á milli stofnana og til samningsaðila.

20.20 Tónlistarfræðsla

Um málaflokkinn gilda lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, og taka þau til tónlistarskóla sem reknir eru af sveitarfélögum og annarra sem njóta styrks samkvæmt lögnum. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 677,7 m.kr. og tekur ekki breytingum frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 16,1 m.kr.

20.30 Vinnustaðanáam og styrkir

Tilgangur löggjafar um vinnustaðanáamssjóð er að auðvelda nemendum að ljúka tilskildu námi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla, koma til móts við kostnað fyrirtækja og stofnana af vinnustaðanámi og auðvelda fyrirtækjum og stofnunum að taka nemendur á náms- eða starfsþjálfunarsamning. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl. Eðli málaflokksins er með þeim hætti að markmið og aðgerðir í málaflokki 20.10 Framhaldsskólar eru að hluta til leiðandi fyrir úthlutun námsstyrkja.

Árin 2023–2025 verður fylgst með áhrifum rafrænnar ferilbókar á starfsþjálfun og tímalengd hennar með það í huga hvort endurskoða þurfi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 242,6 m.kr. og tekur ekki breytingum frá gildandi fjárlögum.

20.40 Jöfnun námskostnaðar

Undir málaflokkinn falla lög um námsstyrki, nr. 79/2003, sem veittir eru til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum að því leyti sem búseta veldur þeim misþungri fjárhagsbyrði eða efnaleysi torveldar þeim nám.

Meginmarkmið þessa málaflokks er að stjórnvöld leggi áherslu á jafnt aðgengi að námi óháð búsetu og öðrum aðstæðum.

Á árunum 2023–2024 verður gerð úttekt á framkvæmd laga um námsstyrki og skoðað hvernig þau þjóna hlutverki sínu. Samhliða verður endurskoðuð reglugerð um námsstyrki, nr. 692/2003.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 619 m.kr. og hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málaflokksins er 5,7 m.kr. en annars tekur málaflokkurinn ekki breytingum frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum sem nema 52 m.kr.

21 Háskólastig

Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði heyrir undir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, utan rannsókna háskóla í þágu landbúnaðar, sem heyra undir matvælaráðuneyti. Málefнасviðið skiptist í þrjá málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu ásamt fjárhagslegri þróun þeirra og málefнасviðsins í heild á tímabilinu 2021–2023. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2021–2023. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

	Reikningur ¹ 2021 m.kr.	Fjárlög 2022 m.kr.	Frumvarp 2023 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
21 Háskólastig²					
21.10 Háskólar og rannsóknastarfsemi	47.832,9	49.771,4	51.487,1	3,4	7,6
04 Matvælaráðuneyti	216,3	222,8	227,9	2,3	5,4
17 Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarnn.	47.616,6	49.548,6	51.259,2	3,5	7,6
21.30 Stuðningur við námsmenn	7.124,5	6.404,3	6.741,5	5,3	-5,4
17 Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarnn.	7.124,5	6.404,3	6.741,5	5,3	-5,4
21.40 Stjórnsýsla háskóla, iðnaðar og nýsköpunar.....	942,3	1.486,6	1.744,1	17,3	85,1
17 Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarnn.	942,3	1.486,6	1.744,1	17,3	85,1
Samtals	55.899,7	57.662,3	59.972,7	4,0	7,3


¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurlíðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafila málefнасviða.

Breytingar á ramma milli árana 2022 og 2023



Heildargjöld málefнасviðs 21 Háskólastig árið 2023 eru áætluð 59.972,7 m.kr. og aukast um 582,2 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2022, eða sem svarar til 1%. Þegar tekið er tillit til

áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 2.310,4 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 4%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Niðurstaðan getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2021 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2021 m.kr.	Fjárlög 2022 m.kr.	Frumvarp 2023 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
21 Háskólastig²					
Rekstrarframlög	41.822,3	47.981,3	50.257,7	4,7	20,2
Rekstrartilfærslur	10.878,6	8.134,1	8.460,3	4,0	-22,2
Fjármagnstílfærslur	6,8	0,0	0,0	-	-100,0
Fjárfestingarframlög	3.192,0	1.546,9	1.254,7	-18,9	-60,7
Heildarútgjöld	55.899,7	57.662,3	59.972,7	4,0	7,3
Rekstrartekjur	-	12.107,4	12.990,3	7,3	-
Framlag úr ríkissjóði	-	45.554,9	46.982,4	3,1	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	57.662,3	59.972,7	4,0	-

¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

21.10 Háskólar og rannsóknastarfsemi

Starfsemi málaflokksins er í höndum fjögurra opinberra og þriggja einkarekinna háskóla, auk þriggja rannsóknastofnana, Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Undir málaflokkinn fellur einnig Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands og starfsemi rannsókn-, fræða- og þekkingarsetra á landsbyggðinni auk Gæðaráðs íslenskra háskóla. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Auka gæði náms og námsumhverfis í háskólum		
Unnið verði að innleiðingu viðmiða um æðri menntun og prófgráður, m.a. um raunfærnimat og nýtingu ör-náms (micro credentials) til að auka aðgengi að námi á háskólastigi.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Styrkja rannsóknarstarf og umgjörð þess		
Unnið verði að stuðningi við yfirfærslu hugvits frá grunnrannsóknnum til nýsköpunar í atvinnulífi.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Unnið verði að uppbyggingu á innviðum matvæla-rannsókna og -kennslu við Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólann á Hólum.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Markmið 3: Auka áhrif og tengsl háskóla og rannsóknastofnana í samfélaginu		
Samstarfssjóður háskóla settur á laggir innan háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis. Áhersla hans verður á úthlutun styrkja til eftirfarandi samstarfsverkefna:	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
• Aukin gæði háskólanáms, ekki síst meistara- og doktorsnáms.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
• Sameiginleg innritunargátt háskóla.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
• Samstarfsvettvangur allra háskólanna.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
• Nýting rannsóknainnviða.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
• Fjölgun nemenda í heilbrigðis- og menntavísindum.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
• Áhersla á STEAM-greinar.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
• Fjölbreytt nám um allt land, áhersla á fjarnám og þekkingarsetur.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
• Fjölgun erlendra stúdenta við nám á Íslandi.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma

*Verkefni undir markmiði 2 og 3 styðja jafnframt við markmið 1–3 í málaflokki 7.1.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 51.487,1 m.kr. og hækkar um 50,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 1.665,3 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 420 m.kr. vegna aukinna tekna Háskóla Íslands.
- Fjárheimild málaflokksins vegna fjárfestinga lækka um 350 m.kr. því framlög til byggingar á Húsi íslenskunnar hafa náð hámarki.

- c. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 261,9 m.kr. vegna aukinna tekna Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands.
- d. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 62,6 m.kr. vegna aukinna tekna Landbúnaðarháskóla Íslands.
- e. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 25,6 m.kr. vegna aukinna tekna Hólaskóla – Háskólans á Hólum.
- f. Áætlað er að styrkir á sviði háskóla- og vísindastarfsemi lækki um 92,4 m.kr.
- g. Áætlað er að framlög til Fræða- og þekkingarseturs lækki um 36 m.kr. vegna loka tímabundinna framlaga.
- h. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 1.635,4 m.kr. Þar munar mest um hliðrun á áður áætlaðri 1.155 m.kr. fjárveitingu til að hefja byggingu á húsi heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands frá árinu 2023 til ársins 2024. Hliðrunin er hluti af aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að draga úr þenslu og verðbólgu. Því sem eftir stendur af aðhaldskröfunni er skipt hlutfallslega niður á stofnanir og verkefni málaflokksins.

21.30 Stuðningur við námsmenn

Starfsemi málaflokksins er á höndum Menntasjóðs námsmanna. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 6.741,5 m.kr. og hækkar um 337,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 268,8 m.kr. til námsstyrkja, niðurfellingar hluta lána við námslok.
- b. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 140,9 m.kr. út af upp færðri áætlun um framlög vegna framfærslu barna.
- c. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 139,5 m.kr. samkvæmt áætlun Menntasjóðs námsmanna um fjárþörf LÍN, en hækkar um 77,5 m.kr. til Menntasjóðs.
- d. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 10,5 m.kr. og lækka framlög til reksturs Menntasjóðs námsmanna sem því nemur.

21.40 Stjórnsýsla háskóla, iðnaðar og nýsköpunar

Undir málaflokkinn fellur starfsemi háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis en einnig falla málefni Rannsóknamiðstöðvar Íslands (Rannís) hér undir. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Hugvitið stærsta útflutningsgreinin		
Unnið verði að heildstæðri upplýsingagátt um vísindi, nýsköpun og þekkingargreinar á Íslandi með bættum árangursvísium og tölfraði með tilliti til áherslna ríkisstjórnarinnar.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Aukinn stuðningur við stjórnáætlun vísinda og nýsköpunar vegna breytinga á lögum um Vísinda- og tækniráð.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 1.744,1 m.kr og hækkar um 194,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 62,9 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 185 m.kr. vegna aukinna framlaga til aðalskrifstofu háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins til að mæta kostnaði við stofnun nýs ráðuneytis.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 40 m.kr. á verðlagi ársins 2022 vegna uppfærðrar áætlunar um rekstrartekjur Rannsóknarmiðstöðvar Íslands.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 13,4 m.kr. sem skipt er hlutfallslega niður á stofnanir og verkefni málaflokksins.

22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála

Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð mennta- og barnamálaráðherra og félags- og vinnumarkaðsráðherra. Það skiptist í þrjú málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2021–2023. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun

22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og barnamála ²	Reikningur ¹ 2021 m.kr.	Fjárlög 2022 m.kr.	Frumvarp 2023 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
22.10 Leikskóla- og grunnskólastig	501,0	659,7	925,0	40,2	84,6
02 Mennta- og barnamálaráðuneyti	501,0	659,7	925,0	40,2	84,6
22.20 Framhaldsfræðsla og menntun					
Óflokkuð á skólastig.....	2.163,6	1.948,9	2.025,8	3,9	-6,4
02 Mennta- og barnamálaráðuneyti	1,9	-	-	-100,0	-100,0
07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	1.840,6	1.639,7	1.713,0	4,5	-6,9
16 Menningar- og viðskiptaráðuneyti	321,1	309,2	312,8	1,2	-2,6
22.30 Stjórnsýsla mennta- og barnamála	2.587,6	2.169,6	2.299,8	6,0	-11,1
02 Mennta- og barnamálaráðuneyti	2.587,6	2.169,6	2.299,8	6,0	-11,1
Samtals	5.252,2	4.778,2	5.250,6	9,9	0,0


¹ Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða. Heildargjöld málefнасviðs 22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála árið 2023 eru áætluð 5.250,6 m.kr. og hækka um 208,7 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2022, eða sem svarar til 4,4% lækkunar. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 472,4 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 9,9%.

Breytingar á ramma milli árána 2022 og 2023



Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins. Niðurstaðan getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2021 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

22 Önnur skólastig og stjórnýsla mennta- og barnamála ²	Reikningur ¹	Fjárlög	Frumvarp	Br. frá	Br. frá
	2021 m.kr.	2022 m.kr.	2023 m.kr.	fjárlögum %	reikn. %
Rekstrarframlög	3.150,2	3.013,0	3.342,1	10,9	6,1
Rekstrartilfærslur	2.062,5	1.753,9	1.896,4	8,1	-8,1
Fjármagnstílfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	39,5	11,3	12,1	7,1	-69,4
Heildarútgjöld	5.252,2	4.778,2	5.250,6	9,9	0,0
Rekstrartekjur	-	302,0	391,8	29,7	-
Framlag úr ríkissjóði	-	4.476,2	4.858,8	8,5	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	4.778,2	5.250,6	9,9	-

¹ Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

22.10 Leikskóla- og grunnskólastig

Ráðuneytið fer með yfirstjórn á leik- og grunnskólastigi eins og lög kveða nánar á um og setur ýmsar reglugerðir, aðalnámskrár og markmið og viðmið um frístundastarf fyrir nemendur í yngri árgöngum grunnskóla og annast öflun, greiningu og miðlun upplýsinga um skólastarf. Stjórnvöld leggja grunnskólum til námsgögn og styðja þróunarstarf gegnum Þróunarsjóð námsgagna, Sprotasjóð og Menntarannsóknasjóð. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Að styrkja lestrarfærni grunnskólanemenda		
Snemmbær stuðningur. Áframhaldandi áhersla á snemmbæran stuðning og ráðgjöf í leik- og grunnskólum og aukinn stuðning við nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn, m.a. áframhaldandi þróun og innleiðing á stöðumati fyrir erlenda nemendur.	Mennta- og barnamálaráðuneyti/ Menntamálastofnun	Innan ramma
Lesferill. Klára Lesferil, þ.m.t. þróun og útgáfu lesskilningsprófa fyrir 8.–10. bekk og ritunar- og stafsetningarprófa og endurskoðun lesfímiviðmiða. Stuðla að aukinni vitundarvakningu um mikilvægi læsis.	Menntamálastofnun	Innan ramma
Aðalnámskrá. Endurskoðun aðalnámskrár grunnskóla; greinasvið íslensku, undanþágukafla og samfellu náms og farsældar milli skólastiga.	Mennta- og barnamálaráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Að styrkja færni grunnskólanemenda í stærðfræði og náttúrufræði		
Matsferill. Þróun og innleiðing á nýjum Matsferli sem felur í sér fjölbreytileg próf og verkefni fyrir nemendur, kennara og skóla.	Mennta- og barnamálaráðuneyti	Innan ramma
Málefni kennara. Áframhaldandi áhersla á nýliðun kennara, þ.m.t. kennara með sérhæfingu í stærðfræði og náttúrugreinum, kennaraspá, auk áherslu á starfsþróun kennara og annars starfsfólks og starfsumhverfi.	Mennta- og barnamálaráðuneyti/ háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Aðalnámskrá. Endurskoðun aðalnámskrár grunnskóla; greinasvið stærðfræði og náttúrugreina, undanþágukafla og samfellu náms og farsældar milli skólastiga.	Mennta- og barnamálaráðuneyti	Innan ramma
Markmið 3: Að auka gæði menntunar í leik- og grunnskólum og í starfi frístundaheimila		
Menntastefna 2030. Bæta aðgengi allra nemenda að heildstæðri skólaþjónustu sem byggir á þrepskiptum stuðningi, efla skólaþróun um land allt, annast innleiðingu breytinga á ráðstöfun fjármuna í grunnskólum í framhaldi af tilraunaverkefni, efla geðrækt í skólum og stuðning við nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.	Mennta- og barnamálaráðuneyti	200 m.kr.
Ytra mat. Kynning og innleiðing á endurskoðuðu ytra mati leik- og grunnskóla og frístundastarfi, þróun gæðaviðmiða, endurskoðun á viðeigandi köflum aðalnámskráa leik- og grunnskóla.	Mennta- og barnamálaráðuneyti	Innan ramma
Velliðan og farsæld í leik- og grunnskólum. Áhersla á forvarnir, góðan skólabrag og eflingu fagráðs eineltismála til að vinna gegn neikvæðum afleiðingum heimsfaraldurs COVID-19.	Mennta- og barnamálaráðuneyti/ Menntamálastofnun	Innan ramma

Markmið 4: Að auka gæði og aðgengi námsgagna

Aukið og opið aðgengi að vönduðum námsgögnum. Þróun miðlægrar stafrænnar námsgagnaveitu þvert á skólastig og efling Þróunarsjóðs námsgagna.	Menntamálastofnun	Innan ramma
Opinber gæðaviðmið. Þróun opinberra gæðaviðmiða fyrir náms- og kennslugögn þvert á skólastig.	Menntamálastofnun	Innan ramma
Stafræn námsgögn á íslensku. Aukin áhersla á útgáfu stafrænna námsgagna, útgáfu námsgagna fyrir nemendur sem nota táknmál, nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn með sérstaka áherslu á stuðningsefni fyrir íslenskunám, orðaforða og hugtakaskilning.	Menntamálastofnun	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 925 m.kr. og hækkar um 214,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 50,5 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 200 m.kr. vegna innleiðingar á menntastefnu 2022–2030 og almennt útgjaldasvigrúm málaflokksins er aukið um 19 m.kr. til þess að fylgja eftir verkefnum menntastefnu.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 50 m.kr. til að efla forvarnir í skólastarfi í kjölfar COVID-19.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 80 m.kr. vegna millifærslu fjárveitingar Menntarannsóknasjóðs sem var fluttur af málaflokki 21.10 Háskólar og rannsóknarstarfsemi á sérstök fræðsluverkefni á málaflokki 22.10 Leikskóla- og grunnskólastig.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 54,2 m.kr., þar af er 0,2 m.kr. sérstakt aðhald vegna varanlegar lækkunar ferðakostnaðar.

22.20 Framhaldsfræðsla og menntun óflokkað á skólastig

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið ber ábyrgð á almennri stefnumótun í samráði við hagsmunaaðila sem og almennri stjórnsýslu og gæðaeftirliti en starfsemi málaflokksins er í höndum sjálfseignastofnana og félaga. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Að efla gæði og framboð íslenskukennslu fyrir fullorðna innflytjendur til að auðvelda þeim að taka virkan þátt í samfélaginu og fá hæfni sína metna		
Endurskoðun á umgjörð íslenskukennslu fyrir útlendinga m.t.t. gæða og árangurs, m.a. með heildarendurskoðun á lögum um framhaldsfræðslu.	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	Innan ramma
Markmið 2: Að auka ánægju útlendinga með íslenskunámskeið		
Könnun á viðhorfum innflytjenda til íslenskukennslu og þjónustu við þá.	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	Innan ramma
Markmið 3: Að auðvelda fullorðnu fólki með stutta skólagöngu að afla sér menntunar og starfsréttinda		
Heildarendurskoðun á lögum um framhaldsfræðslu í víðtæku samráði við hagsmunaaðila og gerð hvítbókar.	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	Innan ramma
Framlagning á nýju frumvarpi til laga um framhaldsfræðslu á haustþingi 2023.	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	Innan ramma
Fjölgun námstækifæra fyrir fatlað fólk innan framhaldsfræðslu.	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 2.025,8 m.kr. og lækkar um 51,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 128,8 m.kr. Ekki er um breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 15 m.kr. vegna tímabundinna fjárheimilda sem komu inn í fjárlögum 2022 og falla nú niður. Um er að ræða framlag til Fjölmenntar, símenntunar- og þekkingarmiðstöðvar.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 39,1 m.kr., þar af er 0,3 m.kr. sérstakt aðhald vegna varanlegrar lækkunar ferðakostnaðar.

22.30 Stjórnsýsla mennta- og barnamálaráðuneytisins

Starfsemi málaflokksins er í höndum skrifstofu mennta- og barnamálaráðuneytis, en einnig falla málefni Menntamálastofnunar undir málaflokkinn. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 2.299,8 m.kr. og hækkar um 45,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 84,4 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 11 m.kr. vegna þess að almennt útgjalda-svigrúm er nýtt til að mæta verkefnum sem verða til vegna breyttrar skipanar ráðuneyta.
- b. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 55 m.kr. sem skýrist af 50 m.kr. hækkun á sértekjum og 5 m.kr. sem eru fjármagnaðar með sértekjum.
- c. Hlutdeild málaflokksins í sértækum aðhaldsaðgerðum málefнасviðsins nemur 16,2 m.kr. vegna varanlegar lækkunar ferðakostnaðar.

23 Sjúkrahúspjónusta

Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð heilbrigðisráðherra. Það skiptist í þrjá málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2021–2023. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


	Reikningur ¹ 2021 m.kr.	Fjárlög 2022 m.kr.	Frumvarp 2023 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
23 Sjúkrahúspjónusta²					
23.10 Sérhæfð sjúkrahúspjónusta	116.021,7	119.469,6	122.049,5	2,2	5,2
08 Heilbrigðisráðuneyti	116.021,7	119.469,6	122.049,5	2,2	5,2
23.20 Almenn sjúkrahúspjónusta	13.796,3	15.122,6	15.255,5	0,9	10,6
08 Heilbrigðisráðuneyti	13.796,3	15.122,6	15.255,5	0,9	10,6
23.30 Erlend sjúkrahúspjónusta	3.110,4	3.096,0	3.093,5	-0,1	-0,5
08 Heilbrigðisráðuneyti	3.110,4	3.096,0	3.093,5	-0,1	-0,5
Samtals	132.928,4	137.688,2	140.398,5	2,0	5,6

¹ Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.



Heildargjöld málefnasviðs 23 Sjúkrahúspjónusta árið 2023 eru áætluð 140.398,5 m.kr. og lækka um 741,4 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2022, eða sem svarar til 0,5%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 2.710,3 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 2%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2021 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2021 m.kr.	Fjárlög 2022 m.kr.	Frumvarp 2023 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
23 Sjúkrahúspjónusta²					
Rekstrarframlög	121.327,2	115.141,5	119.414,2	3,7	-1,6
Rekstrartilfærslur	3.255,8	3.442,2	3.439,7	-0,1	5,6
Fjármagnstílfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	8.345,4	19.104,5	17.544,6	-8,2	110,2
Heildarútgjöld	132.928,4	137.688,2	140.398,5	2,0	5,6
Rekstrartekjur	-	9.014,4	9.406,9	4,4	-
Framlag úr ríkissjóði	-	128.673,8	130.991,6	1,8	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	137.688,2	140.398,5	2,0	-

¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breytttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

23.10 Sérhæfð sjúkrahúspjónusta

Starfsemi málaflokksins er í höndum heilbrigðisráðuneytis, Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Efla mönnun		
Vinna áfram með tillögur fjögurra vinnuhópa frá árinu 2020, m.a. í samstarfi með Landsráði um mönnun og menntun í heilbrigðisþjónustu sem skipað var af heilbrigðisráðherra í maí 2021. Tillögurnar eru margar og misstórar og sumar til lengri tíma.	Heilbrigðisráðuneyti	Innan ramma

Vinna úr og fylgja eftir niðurstöðum viðbragðsteymis um bráðþjónustu.	Heilbrigðisráðuneyti og stofnanir sem sinna sjúkrahúspjónustu	Innan ramma
---	---	-------------

Halda áfram framkvæmdum við Hringbraut. Stærsta verkefnið verður uppsteypa meðferðarkjarna, innkaup á útveggjum fyrir meðferðarkjarnann, útboð og uppsteypa rannsóknahúss og framkvæmdir við bílastæða- og tæknihús.	Nýr Landspítali ehf.	Innan ramma
--	----------------------	-------------

Markmið 2: Sjúklingar fá heilbrigðisþjónustu á réttu þjónustustigi

Vinna áfram að eflingu fjölbættra úrræða fyrir sjúklinga utan sérgreinasjúkrahúsa.	Heilbrigðisráðuneyti og heilbrigðisstofnanir	Innan ramma
--	--	-------------

Markmið 3: Að sjúklingar í brýnni þörf fá heilbrigðisþjónustu innan ásættanlegs biðtíma

Koma á fót samræmdum biðlistum fyrir sem flesta þætti þjónustu innan sérgreina-sjúkrahúsa.	Embætti landlæknis, LSH og Sjúkrahúsið á Akureyri	Innan ramma
--	---	-------------

Vinna að útvistun þeirra verkefna sem leysa má á öðrum þjónustustigum en sérgreinasjúkrahúsum, til að auka getu sérgreinasjúkrahúsa til að anna þeim verkefnum sem þau ein geta leyst.	Heilbrigðisráðuneyti, LSH, Sjúkrahúsið á Akureyri og SÍ	Innan ramma
--	---	-------------

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 122.049,5 m.kr. og lækkar um 545,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 3.125,3 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 1.000 m.kr. vegna viðbyggingar og endurbóta á Grensásdeild Landspítala. Nýjum Landspítala hefur verið falið að sjá um framkvæmdirnar.
- b. Fjárheimild málaflokksins er lækkuð tímabundið um 2.177 m.kr. vegna hliðrunar á byggingarferli Nýs Landspítala. Fjárveiting til verkefnis Nýs Landspítala í frumvarpi 2023 er 13.400 m.kr.
- c. Fjárheimild málaflokksins er lækkuð tímabundið um 253 m.kr. vegna hliðrunar á byggingartíma nýrrar legudeildar við Sjúkrahúsið á Akureyri. Áætlaður heildarkostnaður verkefnisins er 9.000 m.kr. og gert er ráð fyrir að framkvæmdir standi til 2027.
- d. Reiknaður raunvöxtur í veittri þjónustu innan málaflokksins er 1.411 m.kr.
- e. Almennt útgjaldasvigrúm málaflokksins er 440 m.kr.
- a. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 540 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður og tengdust sértækum aðgerðum vegna COVID-19.
- b. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 422 m.kr. vegna samsvarandi breytinga á rekstrartekjum.
- c. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 4 m.kr. og er útfærð á varasjóð málaflokksins.

23.2 Almenn sjúkrahúspjónusta

Starfsemi málaflokksins er í höndum heilbrigðisstofnana í heilbrigðisumdæmum. Landspítalinn og Sjúkrahúsið á Akureyri veita annars stigs sjúkrahúspjónustu fyrir íbúa sem búa í heilbrigðisumdæmi höfuðborgarsvæðisins en allar fjárveitingar til þessara tveggja stofnana eru undir málaflokki 23.1. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Efla aðgang sjúklinga að skilgreindri sérhæfðri heilbrigðisþjónustu á heilbrigðisstofnunum		
Skýra verklag um samstarf heilbrigðisstofnana, Sjúkratrygginga Íslands og sérhæfðra sjúkrahúsa við veitingu sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu.	Heilbrigðisráðuneyti, heilbrigðisstofnanir, Landspítali og Sjúkrahúsið á Akureyri	Innan ramma
Markmið 2: Efla sérhæfða ráðgjafþjónustu til stuðnings við fagaðila sem sinna börnum og unglingum í heimabyggð		
Skýra verklag og samvinnu annars stigs þjónustu við sérgreinasjúkrahús.	Heilbrigðisstofnanir, Landspítali og Sjúkrahúsið á Akureyri	Innan ramma
Setja á fót fjarheilbrigðisþjónustuteymi sem veitir ráðgjöf og handleiðslu til heilbrigðisstofnana á landsvísu og tryggir aðgengi að sérhæfðri þjónustu þegar við á.	Heilbrigðisstofnanir, Landspítali og Sjúkrahúsið á Akureyri	Innan ramma
Markmið 3: Sjúklingar komist í liðskiptaaðgerðir innan ásættanlegs biðtíma miðað við viðmið embættis landlæknis		
Innleiðing nýs vinnulags varðandi liðskiptaaðgerðir samkvæmt niðurstöðum starfshóps frá því í mars 2022.	Heilbrigðisráðuneyti, embætti landlæknis, Landspítali, Sjúkrahúsið á Akureyri og Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 15.255,5 m.kr. og lækkar um 258 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 390,9 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 600 m.kr. til framkvæmda við sjúkrahúsið á Selfossi. Annars vegar er um að ræða viðhaldsframkvæmdir, annars vegar vegna mygluvandamála og hins vegar vegna byggingar aukahæðar á sjúkrahúsið.
- Útgjaldasvigrúm málaflokksins til að mæta áætlaðri aukningu eftirspurnar eftir sjúkrahúspjónustu vegna fjölgunar og öldrunar þjóðarinnar er aukið um 164,7 m.kr.
- Niðurfellð er tímabundin 200 m.kr. fjárheimild til málaflokksins vegna framkvæmda við sjúkrahúsið á Selfossi til að efla aðgang sjúklinga að skilgreindri sérhæfðri heilbrigðisþjónustu og styrkja innviði stofnananna, sbr. markmið nr. 1. Verkefnið var hluti af fjárfestingarátaki ríkisstjórnarinnar til að sporna gegn niðursveiflu í efnahagslífinu í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveirunnar.
- Niðurfellð er tímabundin 849,3 m.kr. fjárheimild til ófyrirséðs kostnaðar vegna heimsfaraldurs COVID-19.
- Gjöld málaflokksins hækka um 26,6 m.kr. vegna samsvarandi breytinga á rekstrartekjum stofnana.

23.3 Erlend sjúkrahúspjónusta

Starfsemi málaflokksins er í höndum Sjúkratrygginga Íslands sem sjá um samningagerð við erlend sjúkrahús ásamt því að hafa milligöngu með greiðslum fyrir heilbrigðisþjónustu milli landa þar sem milliríkjasamningar gilda. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Aðgerðir sem áður voru gerðar erlendis á grundvelli biðtímareglugerðarinnar eru framkvæmdar hérlendis		
Stytta biðlista eftir aðgerðum með fjölgun aðgerða sem framkvæmdar eru hér á landi, bæði á vegum opinberra aðila og einkaaðila. Áætlun verði gerð um flutning aðgerða til landsins m.t.t. nýtingar bjarga hérlendis, þ.m.t. fjármagns.	Heilbrigðisráðuneyti og Sjúkratryggingar Íslands, sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 3.093,5 m.kr. og hækkar um 62 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa-, gengis- og verðlagsbreytingum en þær nema -64,5 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Reiknaður raunvöxtur í veittri þjónustu innan málaflokksins er 62 m.kr.
- Verðlagsbætur lækka um 64,5 m.kr. vegna gengisbreytinga.

24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa

Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð heilbrigðisráðherra. Það skiptist í fjóra flokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2022–2023. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

	Reikningur ¹ 2021 m.kr.	Fjárlög 2022 m.kr.	Frumvarp 2023 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa²					
24.10 Heilsugæsla	41.415,3	35.212,0	37.924,7	7,7	-8,4
08 Heilbrigðisráðuneyti	41.415,3	35.212,0	37.924,7	7,7	-8,4
24.20 Sérfræðiþjónusta og hjúkrun	24.160,2	20.979,8	24.380,1	16,2	0,9
08 Heilbrigðisráðuneyti	24.160,2	20.979,8	24.380,1	16,2	0,9
24.30 Sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun	6.757,4	7.314,1	8.288,1	13,3	22,7
08 Heilbrigðisráðuneyti	6.757,4	7.314,1	8.288,1	13,3	22,7
24.40 Sjúkraflutningar	3.455,4	3.390,6	3.634,6	7,2	5,2
08 Heilbrigðisráðuneyti	3.455,4	3.390,6	3.634,6	7,2	5,2
Samtals	75.788,3	66.896,5	74.227,5	11,0	-2,1


¹ Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli ára 2022 og 2023



Heildargjöld málefnasviðs 24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa árið 2023 eru áætluð 74.227,5 m.kr. og aukast um 3.374 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2022, eða sem svarar til 5%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 7.331 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 11%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsöröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Niðurstaðan getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2021 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur ¹ 2021 m.kr.	Fjárlög 2022 m.kr.	Frumvarp 2023 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa²					
Rekstrarframlög	46.990,7	36.706,6	38.916,1	6,0	-17,2
Rekstrartilfærslur	28.440,1	29.131,7	33.791,5	16,0	18,8
Fjármagnstílfærslur	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög	357,5	1.058,2	1.519,9	43,6	325,1
Heildarútgjöld	75.788,3	66.896,5	74.227,5	11,0	-2,1
Rekstrartekjur	-	1.539,3	1.345,2	-12,6	-
Framlag úr ríkissjóði	-	65.357,2	72.882,3	11,5	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	66.896,5	74.227,5	11,0	-

¹ Vakn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breytti skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

24.10 Heilsugæsla

Starfsemi málaflokksins er í höndum heilbrigðisráðuneytis, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, heilsugæslusviða heilbrigðisstofnana heilbrigðisumdæma og einkarekinna heilsugæslustöðva. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Að fyrir liggja miðlægir biðlistar fyrir geðheilbrigðisþjónustu heilsugæslunnar		
Aukin þjónusta í samræmi við stefnu og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum.	Heilbrigðisráðuneyti og heilsugæslur um allt land	100 m.kr.
Auka geðheilbrigðisþjónustu við aldrada.	Heilbrigðisráðuneyti og heilsugæslur um allt land	200 m.kr.

Markmið 2: Skilvirkari þjónusta fyrir sjúklinga sem leita til heilsugæslu

Gera heilbrigðisþjónustu gagnsærri og skilvirkari.	Heilbrigðisráðuneyti og heilsugæslur um allt land	Innan ramma
Efla heilsueflandi móttökur innan heilsugæslunnar.	Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu	Innan ramma
Auka þverfaglegt samstarf og teymisvinnu í heilsugæslu.	Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu og heilsugæslur um allt land	Innan ramma

Markmið 3: Aðgengilegri þjónusta fyrir sjúklinga sem leita til heilsugæslu

Lækka greiðsluþáttöku sjúklinga í heilbrigðisþjónustu.	Heilbrigðisráðuneyti	800 m.kr.
Undirbúa opnun tveggja nýrra heilsugæslustöðva á Akureyri í samræmi við þarfagreiningu.	Heilbrigðisráðuneyti	550 m.kr.
Undirbúa byggingu nýrrar heilsugæslustöðvar í Innri-Njarðvík.	Heilbrigðisráðuneyti	100 m.kr.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 37.924,7 m.kr. og hækkar um 1.641,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 1.071,2 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Reiknaður raunvöxtur í veittri þjónustu innan málaflokks heilsugæslu er 432 m.kr.
- Fjárframlög til málaflokksins hækka um 800 m.kr. til að lækka greiðsluþáttöku í heilbrigðisþjónustunni, sbr. markmið nr. 3 í málaflokki 24.1.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 500 m.kr. til ráðstöfunar í ýmis útgjaldamál innan heilsugæslunnar.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 400 m.kr. til að auka geðheilbrigðisþjónustu á fyrsta og öðru stigi innan heilsugæslunnar.
- Fell er niður 400 m.kr. fjárframlag til geðheilbrigðismála.
- Veitt er 260 m.kr. fjárframlag árlega næstu þrjú árin til stuðnings við félags- og heilsufarslegar aðgerðir stjórnvalda vegna áhrifa heimsfaraldurs kórónuveiru.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 100 m.kr. til að efla sálfélagslega þjónustu innan heilsugæslunnar með áherslu á börn og unglinga.
- Gert er ráð fyrir að byggja nýja heilsugæslustöð á Akureyri og leigja húsnæði undir aðra í samræmi við þarfagreiningu, sbr. markmið nr. 3 í málaflokki 24.1 *Heilsugæsla*. Fjárframlag til verkefnisins er 550 m.kr. á árinu.
- Fjárheimild málaflokksins til byggingar nýrrar heilsugæslustöðvar á starfssvæði Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja í Reykjanesbæ er lækkuð um 100 m.kr.
- Gjöld málaflokksins lækka um 55,6 m.kr. vegna samsvarandi breytinga á sértekjum stofnana.
- Millifærðar verða 788,4 m.kr. af málaflokknnum til eftirtalinna verkefna: 782,3 m.kr. til að lækka greiðsluþáttöku sjúklinga í heilbrigðiskerfinu, m.a. til tannlækninga lífeyrisþega á flokk 24.2 en auk þess milli málefнасviða á málaflokk 26.1 *Almenn lyf* 269,3 m.kr. og málaflokk 26.3 *Hjálpertæki* 165 m.kr., þá eru 6,1 m.kr. millifærðar á málaflokk 24.4 *Sjúkraflutningar* til að auka réttindi þeirra sem þurfa að fara ítrekað í ferðir samkvæmt ákveðnum skilyrðum.

1. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 56,5 m.kr.

24.20 Sérfræðiþjónusta og hjúkrun

Starfsemi málaflokksins er í höndum sjálfstætt starfandi sérgreinalækna, tannlækna, hjúkrunarfræðinga, sálfræðinga og ljósmæðra. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Ná lykilsamningum um kaup á heilbrigðisþjónustu		
Efla ríkið sem kaupanda að heilbrigðisþjónustu til að ná lykilsamningum um kaup á heilbrigðisþjónustu.*	Heilbrigðisráðuneyti og Sjúkratryggingar Íslands	Innan ramma
Unnið verði að því að ná samningum við sjúkrabjálfa.	Sjúkratryggingar Íslands	750 m.kr.

*Verkefnið styður jafnframt við markmið 1 (verkefni 2) í málaflokki 24.3.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 24.380,1 m.kr. og hækkar um 1.410 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 1.990,3 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 750 m.kr. til að mæta uppsafnaðri hækkunarþörf á einingaverði læknskostnaðar í tengslum við samningsgerð Sjúkratrygginga Íslands við sérgreinalækna.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 420 m.kr. til að mæta reiknuðum raunvexti.
- Millifærðar eru á málaflokkinn 200 m.kr. til að mæta kostnaði við lækkingu greiðsluþátttöku í tannlækningum fyrir lífeyrisþega í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um að lækka greiðsluþátttöku með áherslu á viðkvæma hópa.
- Millifærðar eru 90 m.kr. á málaflokkinn til að lækka greiðsluþátttöku vegna slysa-tilvika og meðfæddra galla í munnholi. Er það gert á grundvelli stjórnarsáttmála um að lækka greiðsluþátttöku með áherslu á viðkvæma hópa.
- Millifærðar eru 50 m.kr. af málaflokki yfir á málaflokk 32.3 vegna reksturs neyslurýma.

24.30 Sjúkrabjálfun, iðjubjálfun og talþjálfun

Starfsemi málaflokksins er í höndum sjúkrabjálfa, iðjubjálfa og talmeinafræðinga. Einnig fellur Heyrnar- og talmeinafræðingarnir undir málaflokkinn. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Biðtími eftir þjónustu sjúkraþjálfara er <30 dagar samkvæmt miðlægum biðlista		
Unnið verði að miðlægum biðlista fyrir sjúkraþjálfun til að ná yfirsýn yfir biðtíma.	Embætti landlæknis og Sjúkratryggingar Íslands	Innan ramma
Unnið verði að því að ná samningum við sjúkraþjálfara.*	Sjúkratryggingar Íslands	250 m.kr.

*Verkefnið styður jafnframt við markmið 1 í málaflokki 24.2.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 8.288,1 m.kr. og hækkar um 291,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 682,6 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 250 m.kr. til að mæta uppsafnaðri hækkunarþörf á einingaverði í samningi Sjúkratrygginga Íslands við sjúkraþjálfara.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 132 m.kr. til að mæta reiknuðum raunvexti í málaflokknum.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 148,6 m.kr. vegna samsvarandi breytinga á sértekjum.
- Millifærðar eru 58 m.kr. á málaflokkinn vegna lækkunar greiðsluþátttöku sjúkratryggðra í heilbrigðiskerfinu.

24.40 Sjúkraflutningar

Starfsemi málaflokksins er í höndum rekstraraðila sem starfa samkvæmt samningum við Sjúkratryggingar Íslands. Auk þess heyra réttindagreiðslur sjúkratrygginga til sjúkraflutninga og ferða innan lands til málaflokksins. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Skjótari viðbrögð við bráðaútköllum í dreifbýli		
Endurskipuleggja bráðaþjónustu og sjúkraflutninga samkvæmt aðgerðaáætlun til ársins 2025 og tillögum viðbragðsteymis 2022.	Heilbrigðisráðuneyti, LSH, heilbrigðisstofnanir og sjúkraflutningsaðilar	Innan ramma
Markmið 2: Betri faglegur stuðningur á vettvangi		
Ljúka innleiðingu samræmdrar rafrænnar skráningar í sjúkrabílum.	Embætti landlæknis og sjúkraflutningsaðilar	Innan ramma
Vinna að endurskoðun námskrár sjúkraflutninganáms m.t.t. flutnings þess inn í almenna skólakerfið.	Heilbrigðisráðuneyti, mennta- og barnamálaráðuneyti, embætti landlæknis og sjúkraflutningsaðilar	Innan ramma
Auka þjálfunarmöguleika sjúkraflutningafólks í dreifbýli hjá stærri sjúkraflutningsaðilum.	LSH, embætti landlæknis og sjúkraflutningsaðilar	Innan ramma
Tryggja faglegan sérhæfðan stuðning á vettvangi með fjarheilbrigðislausnum.	LSH, embætti landlæknis og sjúkraflutningsaðilar	Innan ramma
Markmið 3: Aukin þjónusta á vettvangi		
Vinna að samræmingu á málefnum vettvangsliða á landsvísu, sér í lagi í dreifðari eða einangraðri byggðum.	Heilbrigðisráðuneyti og sjúkraflutningsaðilar	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 3.634,6 m.kr. og hækkar um 31,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 212,9 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild er aukin um 25 m.kr. til að mæta reiknuðum raunvexti í málaflokknum.
- Millifærðar eru 6,1 m.kr. á málaflokkinn til að lækka greiðsluþátttöku þeirra sem þurfa ítrekað að ferðast innan lands til að sækja heilbrigðisþjónustu samkvæmt ákveðnum skilyrðum.

25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta

Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð heilbrigðisráðherra. Það skiptist í tvo málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2021–2023. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta ²	Reikningur ¹	Fjárlög	Frumvarp	Br. frá	Br. frá
	2021 m.kr.	2022 m.kr.	2023 m.kr.	fjárlögum %	reikn. %
25.10 Hjúkrunar- og dvalarrými	54.537,6	64.786,9	68.339,4	5,5	25,3
08 Heilbrigðisráðuneyti	54.537,6	64.786,9	68.339,4	5,5	25,3
25.20 Endurhæfingarþjónusta	6.237,0	6.571,6	6.457,7	-1,7	3,5
08 Heilbrigðisráðuneyti	6.237,0	6.571,6	6.457,7	-1,7	3,5
Samtals	60.774,6	71.358,5	74.797,1	4,8	23,1


¹ Vakín er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli árána 2022 og 2023



Heildargjöld málefnasviðs 25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta árið 2023 eru áætluð 74.797,1 m.kr. og aukast um 1.180 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2022, eða sem svarar til 1,7%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 3.438,6 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 4,8%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins. Niðurstaðan getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út

frá í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2021 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta ²	Reikningur ¹ 2021 m.kr.	Fjárlög 2022 m.kr.	Frumvarp 2023 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
Rekstrarframlög	57.719,7	62.915,4	66.279,3	5,3	14,8
Rekstrartilfærslur	135,0	895,0	895,0	0,0	563,0
Fjármagnstílfærslur	1.639,6	2.300,4	1.954,6	-15,0	19,2
Fjárfestingarframlög	1.280,3	5.247,7	5.668,2	8,0	342,7
Heildarútgjöld	60.774,6	71.358,5	74.797,1	4,8	23,1
Rekstrartekjur	-	3.338,5	3.486,4	4,4	-
Framlag úr ríkissjóði	-	68.020,0	71.310,7	4,8	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals fjármögnun	-	71.358,5	74.797,1	4,8	-

¹ Vakinn er athygli á því í samantaliðnum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2021 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

² Framsetningin tekur mið af breytti skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

25.10 Hjúkrunar-, dvalar- og dagdvalarrými

Starfsemi málaflokksins er í höndum sjálfseignarstofnana, sveitarfélaga og heilbrigðisstofnana. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Biðtími eftir hjúkrunarrýmum verði undir 90 dögum		
Starfsemi málaflokksins er sinnt af alþjóða- og þróunarsamvinnuskrifstofu utanríkisráðuneytisins, sendiskrifstofum Íslands í Lilongwe, Kampala og Freetown ásamt fastanefndum Íslands í New York, Genf, París og Róm. Íslensk stjórnvöld leggja sig fram um að vera áreiðanlegur samstarfsaðili í þróunarsamvinnu, fara vel með þróunarfé og vinna samkvæmt bestu starfsvenjum. Utanríkisráðuneytið á í markvissu samstarfi við alþjóðastofnanir og samstarfslönd með framgang heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi. Rammasamningum við áherslustofnanir og frjáls félagasamtök er ætlað að auka sveigjanleika, fyrirsjáanleika og viðbragðsflýti þeirra. Árásarstríð í Úkraínu hefur kallað á aukinn stuðning við ríki í okkar heimshluta og dýpkað þá mannúðarkrísu sem þegar steðjaði að og nauðsynlegt er að bregðast við. Íslensk stjórnvöld eru ábyrgur þátttakandi í lífsbjargandi aðgerðum og uppbyggingu þar sem þess er kostur. Í þróunarsamvinnu er áhersla lögð á að nýta íslenska sérþekkingu til framþróunar í þróunarríkjum m.a. á sviði jarðhita og endurnýjanlegrar orku, sjálfbærrar nýtingar auðlinda til sjós og lands og kynjajafnréttis. Sérþekking á þessum sviðum endurspeglast einnig í starfi GRÓ – Þekkingarmiðstöðvar þróunarsamvinnu sem þjálfar sérfræðinga frá þróunarlöndum í gegnum fjóra skóla GRÓ.

Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingar sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2022. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2023	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
Markmið 1: Uppbygging félagslegra innviða og störf í þágu friðar; jafnréttis-, mennta-, vatns- og salernismál á samstarfssvæðum í Malaví, Síerra Leóne og Úganda.		
Aukin framlög til verkefna í Síerra Leóne, þá sérstaklega á sviði jafnréttis-, kyn- og frjósemi heilbrigðis- og umhverfismála. (HM 6,3,5,14).	Utanríkisráðuneyti	300
Byggðaðróunarverkefni í Nkhotakota-héraði í Malaví (HM 4,3,6,5).	Utanríkisráðuneyti	100
Byggðaðróunarverkefni í Buikwe- og Namayingo-héruðum í Úganda (HM 4,6,3,5).	Utanríkisráðuneyti	100
Aukin framlög til mannréttinda- og jafnréttisverkefna	Utanríkisráðuneyti	80
Markmið 2: Verndun jarðarinnar og aukin geta samfélaga í þróunarlöndum til vaxtar á grundvelli jafnaðar og sjálfbærrar nýtingar náttúruauðlinda.		
Samstarf við og framlög til alþjóðastofnana fyrir umhverfistengd málefni (AF, WB, GCF, NDF, UNEP, FAO, UNDP, UNICEF og SeForALL) (HM 7,14,15,13).	Utanríkisráðuneyti	105
Verkefni í Síerra Leóne á sviði fiskimála og bláa hagkerfisins (HM 14).	Utanríkisráðuneyti	100
Markmið 3: Ísland er ábyrgur og áreiðanlegur samstarfsaðili í alþjóðlegri þróunarsamvinnu.		
Hækkun kjarnaframlaga til stofnana Sameinuðu þjóðanna ásamt framlögum til uppbyggingar og mannúðarstarfs í Úkraínu.	Utanríkisráðuneyti	430
Aukin framlög til mannúðarstofnana, rammasamningar og svör við neyðaráköllun (OCHA, CERF, UNHCR, WFP, UNRWA, UNFPA, ICRC og frjáls félagasamtök)	Utanríkisráðuneyti	200
Þátttaka íslenskra sérfræðinga í störfum fjölþjóðastofnana og í ungliðaáætlun Sameinuðu þjóðanna	Utanríkisráðuneyti	60

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2023 er áætluð 11.666,4 m.kr. og hækkar um 1.417 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

Fjárheimild málaflokksins aukin um 1.417 m.kr. til að viðhalda framlagshlutfalli Íslands til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu af vergum þjóðartekjum sem var 0,35% fyrir 2022.

- a. Í samræmi við áherslur og markmið í þróunarsamvinnu er gert ráð fyrir hækkun vegna byggðarþróunarverkefnis í nýju héraði Nkhotakota, í Malaví, áframhaldandi stuðningur við héraðsverkefni í Buikwe og Namayingo í Úganda ásamt auknum framlögum til verkefna nýs sendiráðs í Síerra á Leóne. Samtals er ráðgerð hækkun til þessara verkefna 500 m.kr.

- b. Hækkun verður á framlögum til þverlægra markmiða í þróunarsamvinnu Íslands, annars vegar til mannréttinda- og jafnréttismála um 80 m.kr, og hins vegar til umhverfis- og loftslagsmála, um 105 m.kr. Þá eru áætluð allt að 100 m.kr. til verkefna á sviði fiskimála og bláa hagkerfisins í Sierra Leóne.
- c. Í samræmi við áherslu á alþjóðlegt samstarf og mikilvægi alþjóðastofnana hækkar framlag til stofnana Sameinuðu þjóðanna. Kjarnaframlög auka fyrirsjáanleika stofnana og gera þeim kleift að bregðast við aðkallandi aðstæðum þar sem þörfin er brýn. Einnig verður hækkun á framlögum til uppbyggingar og mannúðarstarfs í Úkraínu. Ráðgerð hækkun nemur samtals 430 m.kr.
- d. Lagt er til að framlög til mannúðarmála verði aukin um 200 m.kr. til að mæta brýnni þörf.
- e. Áfram verður leitast við að efla þekkingu íslenskra sérfræðinga í þróunarsamvinnu og auka áhrif Íslands innan alþjóðastofnana. Um 60 m.kr. verður varið í að fjármagna stöður íslenskra sérfræðinga og ungliða innan stofnana Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðastofnana.
- f. Byggt á reynslu fyrri ára er gert ráð fyrir lækkun á lið innanlandssamtarfs um 125 m.kr.

Viðauki – Framsetning og uppgjör ríkisfjármála

Lög nr. 123/2015, um opinber fjármál, kveða meðal annars á um að framsetning ríkisfjármála og reikningsskil skuli byggð á alþjóðlegum stöðlum. Í því fólst umtalsverð breyting frá eldri lögum nr. 88/1997, lögum um fjárreiður ríkisins, sem kváðu á um að fylgja skyldi ákvæðum laga um ársreikninga þó með veigamiklum undantekningum að því er varðaði meðferð á varanlegum rekstrarfjármunum og verðbótum.

Lögin gera ráð fyrir að reikningsskil fyrir A-hluta ríkisins og ríkisaðila í A1- og A2- hluta skuli gerð á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila sem miða við rekstrargrunn, IPSAS (e. *International Public Sector Accounting Standard*). Þá gera lögin ráð fyrir að framsetning og flokkun upplýsinga um fjármál A-hluta ríkisins, sem og um A1-hluta ríkissjóðs, skuli vera samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustaðli, svokölluðum GFS-staðli (e. *Government Finance Statistics Manual*) sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur umsjón með.

Innleiðing á breyttum reikningsskilum er umfangsmikið verkefni og er ekki að fullu lokið fyrir útgáfu á ríkisreikningi fyrir síðastliðið ár. Reikningsskil fyrir árið 2021 eru gerð á grundvelli IPSAS-staðlanna með frávikum þar sem reikningsskilaráð hefur heimilað frestun á innleiðingu í samræmi við heimildir 52. gr. laga um opinber fjármál um gerð og framsetningu reikningsskila. Áfram er unnið að því að þróa áætlanir og reikningsskil ríkisins að kröfum GFS- og IPSAS-staðlanna í samræði við Fjárslu ríkisins og Hagstofu Íslands með það að markmiði að tryggja samræmi gagna og upplýsinga og gagnsæi um frávik milli staðlanna tveggja.

Yfirlit frumvarpsins

Í 1. gr. frumvarpsins er fjárstreymisyfirlit sem sett er fram samkvæmt GFS-staðlinum með upplýsingum um meginstærðir ríkisfjármálanna. Þar er sett fram sundurliðuð áætlun á tekjum og gjöldum A1-hluta ríkissjóðs eftir hagrænni flokkun ásamt breytingum á eignum og skuldum. Í því yfirliti hefur verið tekið tillit til innbyrðis viðskipta og tilfærslna milli ríkisaðila innan A1-hlutans. Yfirlitið veitir góða sýn á áhrif ríkisfjármálanna í efnahagslegu tilliti, svo sem á eftirspurn, framleiðslu og tekjudreifingu. Aðrar greinar fjárlaga sem varða fjármál A1-hluta ríkissjóðs eru byggðar á reikningsskilaaðferðum í samræmi við IPSAS. Ríkisreikningur skal gerður upp samkvæmt IPSAS-staðlinum en þar ber jafnframt að sýna tengingu á milli niðurstaðna reikningsskilanna við ofangreint fjárstreymisyfirlit A1-hluta ríkissjóðs samkvæmt GFS-staðlinum.

Í 2. gr. er áætlun um sjóðstreymi ríkissjóðs með yfirliti um innheimtar tekjur og greidd rekstrargjöld, fjárfestingarhreyfingar og lánahreyfingar og breytingu á handbæru fé.

Í 3. gr. frumvarpsins er birt yfirlit um fjárheimildir fyrir 35 málefna við A1-hluta ríkissjóðs á rekstrargrunni samkvæmt IPSAS-reikningsskilastaðlinum. Fjárheimildirnar eru greindar niður eftir hagrænni skiptingu á útgjöldum A1-hlutans í rekstrarframlög, rekstrar-tilfærslur, fjármagnstilfærslur og fjárfestingarframlög. Tilfærsluframlögin renna til rekstrar og fjárfestinga annarra aðila en fjárfestingarframlögin eru til eignamyndunar hjá ríkisaðilum í A1-hluta. Eignamyndunarframlagið færir í skuldahlið sem fyrirframgreitt framlag/frestaðar tekjur á móti eignfærslu varanlegra rekstrarfjármuna. Í yfirlitinu er einnig sýnt hvernig fjárheimildum er mætt með fjármögnun af rekstrartekjum ríkisaðila og framlögum úr ríkissjóði. Neðst í yfirlitinu má jafnframt sjá aðlögun að GFS-staðlinum og heildarfjárheimildir samkvæmt þeim staðli.

Í 4. gr. frumvarpsins er birt yfirlit um fjárheimildir málefnasviða og málaflokka á rekstrargrunni byggt á IPSAS-reikningsskilastaðlinum, sundurliðaðar eftir ráðuneytum. Markmið greinarinnar er að draga fram heildarfjárheimild hvers málefnasviðs og málaflokks og þau ráðuneyti sem ábyrgð bera á viðkomandi málaflokki.

Í sundurliðun 2 er sýnd skipting á fjárheimildum málefnasviða eftir málaflokkum og ráðuneytum ásamt upplýsingum um fjármögnun útgjalda með rekstrartekjum, framlagi úr ríkissjóði eða af efnahagsliðum. Nánari skipting fjárheimilda í fjárveitingar til ríkisaðila og verkefna og í varasjóði málaflokka er sett fram í fylgiriti með frumvarpinu. Í fylgiritinu er yfirlit um fjárveitingar til einstakra ríkisaðila og verkefna á rekstrargrunni og fjármögnun þeirra með rekstrartekjum ríkisaðila eða beinu framlagi úr ríkissjóði. Er sú framsetning gerð samkvæmt IPSAS-reikningsskilastaðlinum á sama hátt og á við um 3. og 4. gr. frumvarpsins og sundurliðun 2.

Vakin er athygli á því að samkvæmt 51. gr. laga um opinber fjármál skal færa allar tekjur A1-hluta ríkissjóðs í yfirlit um tekjur A1-hluta ríkissjóðs í heild en í reikninga einstakra ríkisaðila í A1-hluta færast einungis rekstrartekjur þeirra. Í athugasemdum við greinina segir að þær skatttekjur sem fram að gildistöku laga um opinber fjármála voru markaðar tilteknum stofnunum færast nú eingöngu hjá ríkissjóði. Einnig kemur þar fram að gert sé ráð fyrir að tekjustofn sé tengdur málaflokki í heild sinni en ekki einstökum aðilum sem annast framkvæmd innan hans. Því beri að láta tekjurnar af honum renna í ríkissjóð en það sé hlutverk Alþingis að ákveða með fjárheimildum í fjárlögum hverju sinni hversu miklu skuli ráðstafað til viðkomandi málaflokks. Til samræmis við þetta hefur viðkomandi lagaákvæðum um markaðar tekjur, sem áður voru færðar í bókhaldi stofnana eða fjárlagaliða, verið breytt með lögum nr. 47/2018, um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um markaðar tekjur.

Breytt framsetning ríkisfjármála

Hagstofa Íslands gaf út í lok árs 2020 endurskoðun á flokkun hageininga (e. sector classification) sem snýr að afmörkun hins opinbera (e. general government sector) í íslenskum þjóðhagsreikningum (Hagtiðindi, greinargerð, Flokkun stofnanaeininga í þjóðhagsreikningum, 30. nóvember 2020). Með breyttri flokkun ríkisaðila samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustaðli verða eftirleiðis sjálfstæðir lögaðilar hluti af A-hluta ríkissjóðs, þar með talin ákveðin hlutafélög í eigu ríkissjóðs. Einnig við þessa endurflokkun munu ýmsar einingar sem áður hafa heyrtil B- og C-hluta verða flokkaðar með A-hluta.

Við þá breytingu er nauðsynlegt að um A-hluta gildi mismunandi forsendur eftir eðli og tilgangi starfseminnar. Því skiptist A-hluti í þrjá hluta: Í A1-hluta er starfsemi sem fallið hefur undir ríkissjóð og er einkanlega fjármögnuð með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum og framlögum úr ríkissjóði, í A2-hluta er starfsemi sem samanstendur af starfsemi fyrirtækja, lána- og fjárfestingarsjóða og önnur starfsemi sem er rekin undir beinni stjórn ríkisins en stendur undir sér með sölu á vöru eða þjónustu, leigu og lánastarfsemi, í A3-hluta er starfsemi hlutafélaga sem eru að meirihluta í eigu ríkissjóð en sinna hlutverkum á sviði opinberrar þjónustu samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustöðlum.

Eftir sem áður verða flokkar B- og C- áfram til og undir þá falla aðrar fullgildar hageiningar samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustöðlum.

Tilfærsla lánastofnana í A-hluta fjárlaga kallar á aðgreiningu þeirra innan A-hluta frá annarri starfsemi með tilliti til regluverks og framsetningar í fjárlögum. Því eru þessir aðilar flokkaðir í A2-hluta. Um þessa aðila verða sérreglur frá aðilum í A1-hluta þannig að þeir eru undanþegnir skilyrðum 7. gr. við mat á markmiðum fjármálaáætlunar og fjármálastefnu þar sem fjármögnun þeirra var undanskilin þegar fjármálaeigla var sett á með lögum um opinber

fjármál. Jafnframt njóta þessir aðilar ákveðins sjálfstæðis umfram hefðbundna ríkisaðila í A1-hluta og verði undanþegnir ýmsum ákvæðum um A1-hluta, s.s. varðandi framsetningu í fjárlögum, lánareglur, framkvæmd fjárlaga o.fl., og þar giltu ákvæði líkt og gilda nú um B- og C-hluta aðila. Eftir sem áður birtast allir þessir aðilar í samstæðuyfirliti fyrir A-hluta (A1-, A2- og A3-hluta) þannig að A-hlutinn í heild verði samanburðarhæfur við framsetningu þjóðhagsreikninga. Samstæða A-hluta kemur fram í 7. kafla þessa frumvarps.

Hér á eftir er gerð stutt grein annars vegar fyrir helstu breytingum sem felast í framsetningu ríkisfjármálanna samkvæmt GFS samanborið við eldri lög og hins vegar helstu atriðunum sem valda mismun á framsetningu ríkisfjármálanna samkvæmt GFS- og IPSAS-stöðlunum og hver heildarafkoma A1-hluta ríkissjóðs á árinu 2022 er áætluð samkvæmt hvorum staðli fyrir sig.

Framsetning ríkisfjármála samkvæmt GFS

Með lögum um opinber fjármál voru gerðar talsverðar breytingar varðandi framsetningu og meðferð tekna og gjalda hjá A-hluta ríkissjóðs. Fjárstreymisyfirlitið í 1. gr. fjárlaga er sem fyrr segir sett fram samkvæmt GFS-staðli en þar er lögð áhersla á að gefa heildarmynd af tekjum, gjöldum og efnahagshreyfingum hjá ríkissjóði (A1-hluta) gagnvart öðrum aðilum hagkerfisins og auðvelda mat á áhrifum opinberrar fjármálastefnu á hagkerfið. Yfirlitið felur í sér veigamiklar breytingar samanborið við framsetningu ríkisfjármálanna samkvæmt eldri lögum en í aðalatriðum eru þær eftirfarandi:

- a. **rekstrartekjur ríkisstofnana** eru innifaldar meðal tekna í stað þess að koma til frádráttar á gjaldahlið samkvæmt eldri framsetningu. Rekstrartekjurnar eru þó lækkaðar sem nemur innbyrðis viðskiptum milli ríkisstofnana í A-hluta en það var ekki gert í eldri framsetningu;
- b. **afskriftir skattkrafna** koma til lækkunar á viðeigandi sköttum í stað þess að teljast meðal gjalda áður;
- c. **tekjur af fjármagnstekjuskatti** eru lækkaðar sem nemur eigin greiðslum ríkissjóðs af fjármagnstekjuskatti en hann færðist áður meðal gjalda;
- d. **verðbætur af innlendum bankainnstæðum, verðtryggðum innlendum veittum og teknum lánnum** færast um rekstrarreikning meðal vaxtatekna og vaxtagjalda. Hins vegar færast allur gengismunur af gengisbundnum bankainnstæðum, veittum og teknum lánnum um endurmatsreikning yfir á efnahag. Samkvæmt fyrri uppgjörsaðferðum voru allar verðbætur færðar utan rekstrarreiknings, þ.e. um endurmatsreikning yfir á efnahag. Áhrif þessa á rekstrarafkomu ríkissjóðs geta verið umtalsverð einkum við verðbólguaðstæður;
- e. **meðferð á breytingu lífeyrisskuldbindinga innan ársins** breytist nokkuð með tilliti til þess hvað færast um rekstrarreikning eða um endurmat yfir á efnahagsreikning. Þessi breyting á reikningskilaaðferð hefur ekki áhrif á stöðu lífeyrisskuldbindinga í árslok. Samkvæmt GFS-staðli færast einungis breytingar á lífeyrisskuldbindingum vegna ávinnslu réttinda á árinu og reiknaðs vaxtakostnaðar af útistandandi lífeyrisskuldbindingu um rekstrarreikning. Aðrar breytingar á lífeyrisskuldbindingum, svo sem vegna launabreytinga, breytinga á ávöxtunarprósentu, lífslíkum eða lífeyrisaldri færast um endurmat yfir á efnahag. Samkvæmt eldri uppgjörsaðferðum voru breytingar á lífeyrisskuldbindingum, sem mátti rekja til launabreytinga ársins, færðar um endurmatsreikning á efnahag en aðrar breytingar færðar um rekstrarreikning;
- f. **endurgreiðslur á virðisaukaskatti til opinberra aðila utan A-hluta**, eins og sveitarfélaga, færast ekki til lækkunar á virðisaukaskatti heldur sem tilfærslur til

- viðkomandi aðila á gjaldahlið.
- g. **varanlegir rekstrarfjármunir** teljast meðal eigna og afskrifast í samræmi við líftíma sinn. Í þessu felst að kaup og sala slíkra eigna færast ekki um rekstrarreikning eins og í fyrri reikningsskilum;
 - h. **hlutdeildaraðferð er beitt við mat á eignarhluta ríkissjóðs í félögum og stofnunum.** Er það töluverð breyting frá fyrri uppgjörsaðferðum sem almennt breyttu ekki eignamati á slíkum fyrirtækjum í efnahagsreikningi ríkissjóðs nema þegar hætt var við ofmati á virði eignarhlutar eða við sérstakar aðstæður.

Helstu frávik á framsetningu ríkisfjármála samkvæmt GFS- og IPSAS-staðli

Báðum stöðlunum er ætlað að tryggja samkvæmni og alþjóðlega samanburðarhæfni en áherslur þeirra eru ólíkar. Í aðalatriðum sýna niðurstöður samkvæmt stöðlunum tveimur, GFS og IPSAS, sömu niðurstöður í efnahagsreikningi á hreinni eign í árslok. Hins vegar er í ákveðnum tilvikum mismunandi færslumeðferð með tilliti til þess hvað færist um rekstrarreikning eða um endurmat á efnahagsreikningi. Ræðst það einkum af ólíkum markmiðum staðlanna þar sem GFS-staðlinum er ætlað að draga fram efnahagsleg áhrif viðkomandi einingar á hagkerfið á meðan IPSAS-staðallinn miðast við að sýna fjárhagslega afkomu og stöðu viðkomandi rekstraraðila. Frávik á milli staðlanna eru í aðalatriðum eftirfarandi:

- a. allur gengismunur færist um endurmatsreikning yfir á efnahag samkvæmt GFS-staðli en samkvæmt IPSAS-staðli færist hann um rekstrarreikning;
- b. IPSAS-staðallinn gerir almennt ráð fyrir að allar breytingar á lífeyrisskuldbindingum ársins færist um rekstrarreikning, svo sem vegna áhrifa af ávinnslu nýrra réttinda á árinu, launabreytinga og breytinga á tryggingafræðilegum forsendum. Færslumeðferð samkvæmt GFS-staðli er lýst undir lið e) hér að framan en stærstu frávikin eru þau að þar eru áhrif launabreytinga á skuldbindingarnar færðar um endurmatsreikning yfir á efnahag. Staða lífeyrisskuldbindinga í efnahagsreikningi í árslok er hins vegar sú sama samkvæmt stöðlunum báðum;
- c. samkvæmt báðum stöðlunum er gerð krafa um eignfærslu á varanlegum rekstrarfjármunum. Eignamat á öllum eignum, skuldum og varanlegum rekstrarfjármunum ríkissjóðs, þar með talið mannvirkjum á borð við vegakerfið, er umfangsmikið verkefni sem unnið er að en er ekki lokið að fullu. Innleiðing fyrrgreindra staðla fela í sér breytingar á framsetningu og innihaldi efnahagsreikninga hjá einstökum ríkisaðilum og þá sérstaklega er varðar meðferð varanlegra rekstrarfjármuna. Í stað þess að þessir fjármunir gjaldfærast við kaup eru þeir eignfærðir eins og vikið var að hér á undan. Það felur í sér að á móti eignfærslunni færast eignamyndunarframlag í skuldahlið sem fyrirframgreitt framlag. Yfir líftíma eignarinnar er hún síðan afskrifuð árlega og á móti þeirri gjaldfærslu er jafnan tekjufærður sambærilegur hluti af eignarmyndunarframlaginu. Í árlegum reikningsskilum fyrir þessar eignir er því lögð áhersla á að jafna saman gjöldum og tekjum í rekstrarreikningi og eignum og skuldum í efnahagsreikningi yfir líftíma viðkomandi eignar;
- d. samkvæmt IPSAS-staðli eru afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna gjaldfærðar og hafa þannig áhrif á heildarafkomu en samkvæmt GFS-staðlinum eru afskriftir færðar til gjalda á meðal rekstrarútgjalda en til lækkunar á fastafjárútgjöldum í sama mæli. Samkvæmt GFS-staðlinum hafa afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna þannig ekki áhrif á heildarafkomu;

- e. IPSAS-staðallinn gerir ráð fyrir því að fjárfesting fari aðeins um efnahagsreikning en GFS-staðallinn gerir auk þess ráð fyrir gjaldfærslu. Þannig hafa fjárfestingar áhrif á heildarafkomu samkvæmt GFS-staðlinum en ekki samkvæmt IPSAS-staðlinum;
- f. samkvæmt GFS-staðlinum er sala fastafjármuna dregin frá fjárfestingu ársins á gjaldahlið;
- g. samkvæmt IPSAS staðli er afskrift óinnheimtra skattkrafna og annarra tekna færð sem útgjöld. Samkvæmt GFS staðli er hún færð til lækkunar á viðkomandi tekjum. Í báðum tilvikum er um að ræða færslu um rekstrarreikning og áhrif á afkomu eru því hin sömu óháð því hvorum staðlinum er fylgt;
- h. samkvæmt IPSAS-staðli er endurgreiðsla virðisaukaskatts til opinberra aðila færð til lækkunar á tekjum af virðisaukaskatti. Samkvæmt GFS-staðli er slík endurgreiðsla færð sem gjöld. Í báðum tilvikum er um að ræða færslu um rekstrarreikning og áhrif á afkomu eru því hin sömu óháð því hvorum staðlinum er fylgt;
- i. báðir staðlarnir gera almennt ráð fyrir að hlutdeildaraðferð sé beitt við mat á eignarhlutum í félögum og stofnunum. Niðurstöðutölur í árslok í efnahagsreikningi eru hinar sömu en frávik er á milli þess hvernig staðlarnir fara með breytingar ársins með tilliti til þess hvað færist um rekstrarreikning eða endurmatsreikning yfir á efnahag. IPSAS-staðallinn gerir kröfu um að öll breytingin færist um rekstrarreikning. GFS-staðallinn gerir hins vegar ráð fyrir að sá hluti breytingarinnar, sem rekja má til viðskipta ársins, færist um rekstrarreikning á meðan aðrar breytingar svo sem matsbreytingar færist um endurmatsreikning yfir á efnahag.

Samanburður á afkomu ríkissjóðs skv. GFS og IPSAS

Meðfylgjandi yfirlit sýnir yfirfærslu tekna og gjalda frá GFS yfir í IPSAS framsetningu og áætlaðan heildarjöfnuð A1-hluta ríkissjóðs á hvorum staðli fyrir sig. Eins og sjá má er munur á áætlaðri afkomu á milli þessara tveggja staðla. Vakin er athygli á því að í þessari samantekt er ekki lagt mat á möguleg áhrif hlutdeildar í afkomu annarra hlutdeildarfélaga sem kunna að hafa mikil áhrif á heildarniðurstöðu ársins samkvæmt IPSAS staðlinum til hækkunar eða lækkunar.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2023
Heildartekjur samkvæmt GFS-staðli	1.117.247
Rekstrargjöld samkvæmt GFS-staðli	1.182.334
Rekstrarjöfnuður samkvæmt GFS-staðli	-65.087
Fastafjárútgjöld	23.904
Heildargjöld samkvæmt GFS-staðli	1.206.238
Heildarjöfnuður samkvæmt GFS-staðli	-88.991
Aðlaganir á tekjuhlöð	-23.000
Afskriftir skattkrafna koma til lækkunar á tekjum skv. GFS en hækkunar gjalda skv. IPSAS ¹	22.370
Endurgreiðsla VSK til opinberra aðila ²	-13.800
Mismunur á tekjufærðum hagnaði félaga skv. IPSAS og GFS ³	-31.570
Aðlaganir á gjaldahlöð	90.140
Innbyrðis viðskipti sem dregin eru frá í upplýsingum um samstæðu ⁴	36.040
Afskriftir skattkrafna koma til lækkunar á tekjum skv. GFS en hækkunar gjalda skv. IPSAS ¹	22.370
Endurgreiðsla VSK til opinberra aðila ²	-13.800
Lífeyrisskuldbindingar - s.s.launabreytingar og aðrar forsendubreytingar	44.690
Sala fastafjármuna ⁵	750
Aðlögun vegna tapaðra krafna	90
Heildartekjur samkvæmt IPSAS-staðli	1.094.247
Heildarfjárheimild til reksturs og fjárfestinga samkvæmt IPSAS-staðli	1.296.377
Innbyrðis viðskipti sem dregin eru frá í upplýsingum um samstæðu	-36.040
Fjárfestingaframlög ekki gjaldfærð samkvæmt IPSAS-staðli	-65.156
Afskriftir gjaldfærðar samkvæmt IPSAS-staðli ⁶	27.595
Heildargjöld samkvæmt IPSAS-staðli	1.222.776
Heildarjöfnuður samkvæmt IPSAS-staðli	-128.529

¹ Samkvæmt IPSAS eru afskriftir skattkrafna færðar meðal gjalda í rekstrarreikningi. Samkvæmt GFS eru þær hins vegar látnar koma til lækkunar á tekjum ríkissjóðs af viðkomandi sköttum.

² Í stað þess að færa nettó útgjöld ráðuneyta og stofnana vegna útgjalda sem uppfylla skilyrði fyrir endurgreiðslu á VSK eru útgjöldin færð brúttó en skráðar eru tekjur hjá ríkissjóði á móti samkvæmt GFS.

³ Í frumvarpi til fjárlaga er gert ráð fyrir að munur á arðgreiðslum skv. GFS-staðalinum og IPSAS reikningsskilum nemi 31.570 m.kr. Hér er ekki gert ráð fyrir breytingum sem tengjast afkomu ársins hjá öðrum félögum í ríkiseigu.

⁴ Í samstæðureikningi og í fjárstreymisýfirliti samkvæmt GFS er leiðrétt fyrir innbyrðis viðskiptum en hér er þeim bætt við til að sýna heildarfjárheimild eins og hún birtist í lagagreinum 3 og 4 í frumvarpinu.

⁵ Sala fastafjármuna koma til frádráttar fjárfestingu skv. GFS.

⁶ Áætlaðar afskriftir í ríkisreikningi. Um gróft mat er að ræða. Í fjárlögum eru afskriftir áætlaðar í samræmi við verklag Hagstofu Íslands. Unnið er að samræmingu á meðferð afskrifta í reikningshaldi og í þjóðhagsreikningum.

Töfluviðauki

1. Fjárstreymi ríkissjóðs (A1-hluta).....	356
2. Sjóðstreymi ríkissjóðs (A1-hluta).....	358
3. Tekjur ríkissjóðs (A1-hluta).....	359
4. Útgjöld ríkissjóðs (A1-hluta) eftir hagrænni skiptingu.....	360
5. Útgjöld ríkissjóðs (A1-hluta) eftir málefnasviðum.....	361
6. Eignir og skuldir ríkissjóðs (A1-hluta)	362
7. Samanburður á afkomu ríkissjóðs (A1-hluta) skv. GFS og IPSAS	363
8. Lykilstærðir í fjárreiðum ríkisaðila í A2-hluta	364
9. Lykilstærðir í fjárreiðum ríkisaðila í A3-hluta	365
10. Samstæðuyfirlit A-hluta í heild.....	366
11. Efnahagsforsendur frumvarpsins, prósentubreytingar	367
12. Efnahagsforsendur frumvarpsins, nafnstærðir	368

Tafla 1

Fjárstreymi ríkissjóðs (A1-hluta)

Þjóðhagsgrunnur ¹ , m.kr.	Reikn. 2020	Brb. 2021	Fjárlög 2022	Áætlun 2022	Frumvarp 2023
Heildartekjur	820.951	858.959	951.963	1.030.556	1.117.247
Skatttekjur	656.181	675.593	745.540	796.121	877.164
Skattar á tekjur og hagnað	287.478	281.296	327.600	353.700	384.600
Skattar á laungreiðslur og vinnuafll	9.233	8.974	9.476	10.168	11.205
Eignarskattar	10.528	9.641	9.161	11.661	10.342
Skattar á vöru og þjónustu	327.193	357.823	381.175	401.464	450.259
Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	2.575	4.272	3.575	4.475	4.627
Aðrir skattar	19.174	13.587	14.552	14.652	16.132
Tryggingagjöld	88.364	98.389	107.049	118.058	126.853
Fjárframlög	5.975	6.263	5.981	6.008	6.504
Aðrar tekjur	70.431	78.714	93.393	110.370	106.726
Eignatekjur	25.312	32.885	51.960	69.887	61.673
þ.a. vaxtatekjur	8.310	8.145	12.423	16.453	17.466
þ.a. arðgreiðslur	11.228	16.871	31.752	45.919	34.239
Sala á vöru og þjónustu	35.213	35.756	35.079	34.194	37.406
Ýmsar tekjur og óskilgreindar tekjur	9.906	10.073	6.354	6.288	7.647
Heildargjöld	1.053.703	1.120.957	1.138.314	1.172.313	1.206.238
Rekstrarútgjöld	1.036.707	1.087.300	1.104.233	1.146.331	1.182.334
Laun	227.686	245.902	260.828	263.408	275.185
Kaup á vöru og þjónustu	152.290	162.955	172.542	178.118	193.371
Afskriftir	52.116	55.497	54.495	56.711	59.489
Vaxtagjöld ²	57.696	61.655	67.298	96.482	81.076
Framleiðslustyrkir	52.291	44.508	55.101	60.917	55.548
Fjárframlög	406.018	423.054	408.350	403.056	426.817
Félagslegar tilfærslur til heimila	25.272	24.424	23.419	24.519	24.942
Tilfærsluútgjöld önnur en fjárframlög	63.339	69.305	62.201	63.120	65.905
Fastafjárútgjöld	16.996	33.657	34.082	25.982	23.904
Fjárfesting í efnislegum eignum	69.112	89.154	88.577	82.693	83.393
Afskriftir (-)	-52.116	-55.497	-54.495	-56.711	-59.489
Frumjöfnuður	-183.366	-208.488	-131.478	-61.729	-25.381
Vaxtajöfnuður	-49.386	-53.510	-54.874	-80.028	-63.610
Heildarjöfnuður	-232.752	-261.998	-186.352	-141.757	-88.991

¹ Fjármál ríkissjóðs eru skv. lögum um opinber fjármál sett fram á alþjóðlegum hagskýrslustaðli (GFS) og er hann sá sami og Hagstofa Íslands notar við birtingu þjóðhagsreikninga. Unnið er að samræmingu á gögnum í talnagrunni fjárlaga og eldri gögnum og því kunna eftir atvikum að vera frávik á tekju- og gjaldahlíð sem skýrast af breyttri framsetningu.

² Til vaxtagjalda teljast reiknuð vaxtagjöld vegna ófjármagnaðra lífeyrisskuldbindinga en þau eru áætluð um 15 ma.kr. í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2023.

Tafla 1 - framhald

Fjárstreymi ríkissjóðs (A1-hluta)

Þjóðhagsgrunnur ¹ , % af VLF	Reikn. 2020	Brb. 2021	Fjárlög 2022	Áætlun 2022	Frumvarp 2023
Frumtekjur	27,7	26,3	26,4	28,0	28,5
Frumgjöld	34,0	32,8	30,0	29,7	29,1
Frumjöfnuður	-6,3	-6,4	-3,7	-1,7	-0,7
Vaxtatekjur	0,3	0,3	0,3	0,5	0,5
Vaxtagjöld ²	2,0	1,9	1,9	2,7	2,1
Vaxtajöfnuður	-1,7	-1,7	-1,5	-2,2	-1,6
Heildartekjur	28,0	26,6	26,7	28,5	28,9
Heildargjöld	36,0	34,7	31,9	32,4	31,2
Heildarjöfnuður	-7,9	-8,1	-5,2	-3,9	-2,3

¹ Fjármál ríkissjóðs eru skv. lögum um opinber fjármál sett fram á alþjóðlegum hagskýrslustaðli (GFS) og er hann sá sami og Hagstofa Íslands notar við birtingu þjóðhagsreikninga. Unnið er að samræmingu á gögnum í talnagrunni fjárlaga og eldri gögnum og því kunna eftir atvikum að vera frávik á tekju- og gjaldahlið sem skýrast af breyttri framsetningu.

² Til vaxtagjalda teljast reiknuð vaxtagjöld vegna ófjármagnaðra lífeyrisskuldbindinga en þau eru áætluð um 15 ma.kr. í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2023.

Tafla 2

Sjóðstreymi ríkissjóðs (A1-hluta)

Greiðslugrunnur, m.kr.	Fjárlög 2022	Áætlun 2022	Frumvarp 2023
Rekstrarhreyfingar			
Innheimta	917.625	977.713	1.076.856
Skatttekjur	743.887	793.432	876.131
Tryggingagjöld	106.429	114.118	122.349
Fjárframlög	5.981	6.008	6.504
Fjármunatekjur	12.261	16.208	17.301
Aðrar tekjur	49.068	47.947	54.571
Greiðslur	1.068.158	1.080.694	1.133.483
Rekstrargjöld án fjármagnskostnaðar	529.151	540.150	589.837
Rekstrartilfærslur	460.813	462.351	464.878
Fjármagnstilfærslur	38.499	38.499	35.758
Fjármagnskostnaður	39.695	39.695	43.009
Handbært fé frá rekstri	-150.533	-102.982	-56.627
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting	-71.382	-65.382	-64.463
Sala eigna	75.700	75.700	75.800
Veitt löng lán	-29.288	-36.288	-29.528
Innheimtar afborganir af veittum lánum	4.761	3.850	7.053
Móttekinn arður	31.752	45.919	34.239
Fyrirframgreiðsla til LSR	-8.000	-8.000	-8.000
Eiginfjárframlög og hlutabréfakaup	-1.218	-1.218	-1.412
Fjárfestingarhreyfingar samtals	2.325	14.581	13.689
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-148.208	-88.401	-42.938
Fjármögnunarhreyfingar			
Tekin langtímalán	320.750	250.530	135.342
Afborganir af teknum lánum	-184.041	-181.649	-96.563
Fjármögnunarhreyfingar samtals	136.709	68.881	38.779
Breyting á handbæru fé	-11.499	-19.520	-4.159

Tafla 3

Tekjur ríkissjóðs (A1-hluta)

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2022	Áætlun 2022	Frumvarp 2023	br. frá fjárl. m.kr.	br. frá fjárl. %
Skatttekjur	745.540	796.121	877.164	131.624	17,7
Skattar á tekjur og hagnað	327.600	353.700	384.600	57.000	17,4
Tekjuskattur, einstaklingar	218.200	225.400	241.400	23.200	10,6
Tekjuskattur, lögaðilar	74.100	77.000	97.000	22.900	30,9
Sérstakur fjársýsluskattur	3.800	3.800	4.300	500	13,2
Fjármagnstekjuskattur	31.500	47.500	41.900	10.400	33,0
Skattar á launagr. og vinnuafll	9.476	10.168	11.205	1.729	18,2
Fjársýsluskattur	3.310	3.600	3.790	480	14,5
Aðrir skattar á launagreiðslur og vinnuafll	6.166	6.568	7.415	1.249	20,3
Eignarskattar	9.161	11.661	10.342	1.181	12,9
Erfðafjárskattur	7.500	10.000	8.600	1.100	14,7
Aðrir eignarskattar	1.661	1.661	1.742	81	4,9
Skattar á vöru og þjónustu	381.175	401.464	450.258	69.083	18,1
Virðisaukaskattur	282.500	301.900	338.400	55.900	19,8
Stimpilgjöld	7.460	7.570	7.630	170	2,3
Vörugjöld af ökutækjum	4.950	5.450	8.200	3.250	65,7
Vörugjöld af bensíni	8.400	8.900	9.340	940	11,2
Kolefnisgjald	6.010	6.910	7.470	1.460	24,3
Óliugjald	11.800	12.600	13.540	1.740	14,7
Áfengisgjald	23.830	23.150	25.470	1.640	6,9
Tóbaksgjald	5.750	5.550	5.825	75	1,3
Aðrir umhverfisskattar	6.684	6.564	7.552	868	13,0
Önnur vörugjöld	2.155	1.835	2.224	68	3,2
Sértækir þjónustuskattar	6.865	6.865	8.646	1.781	25,9
Kílómetragjald	1.400	1.450	1.630	230	16,4
Bifreiðagjald	7.750	8.150	10.565	2.815	36,3
Aðrir neyslu og leyfisskattar	5.621	4.570	3.766	-1.854	-33,0
Tollar og aðflutningsgjöld	3.575	4.475	4.627	1.051	29,4
Aðrir skattar	14.552	14.652	16.132	1.579	10,9
Bankaskattur	5.250	5.350	5.900	650	12,4
Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra	2.830	2.830	3.130	300	10,6
Útvarpsgjald	5.170	5.170	5.725	555	10,7
Ýmsir aðrir skattar	1.302	1.302	1.377	74	5,7
Tryggingagjöld	107.049	118.058	126.853	19.804	18,5
Fjárframlög	5.981	6.008	6.504	524	8,8
Aðrar tekjur	93.393	110.370	106.726	13.332	14,3
Eignatekjur	51.960	69.887	61.673	9.712	18,7
Vaxtatekjur	12.423	16.453	17.466	5.043	40,6
Arður og hluti af tekjum ríkisfyrirtækja	31.752	45.919	34.239	2.487	7,8
Veidigjald	7.656	7.386	9.846	2.191	28,6
Aðrar eignatekjur	129	129	121	-8	-6,3
Sala á vöru og þjónustu	35.079	34.194	37.406	2.327	6,6
Sektir og skaðabætur	4.428	4.406	4.872	444	10,0
Fjármagnstilfærslur	1.516	1.479	1.595	79	5,2
Ýmsar tekjur	411	404	1.181	770	187,6
Heildartekjur ríkissjóðs	951.963	1.030.556	1.117.247	165.284	17,4
þ.a. skatttekjur og tryggingagjöld	852.589	914.179	1.004.017	151.428	17,8
Sjóðshreyfing	949.377	1.023.632	1.111.095	161.717	17,0

Tafla 4

Útgjöld ríkissjóðs (A1-hluta) eftir hagrænni skiptingu¹

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikn. 2020	Reikn. 2021	Fjárlög 2022	Aætlun 2022	Frumvarp 2023
Rekstrarframlög	550.476	611.097	603.376	612.375	650.030
Laun og launatengd gjöld	239.454	255.964	273.540	276.264	295.366
Lífeyrisskuldbindingar ²	53.880	79.142	62.381	62.381	61.102
Afskriftir skattkrafna ²	21.676	21.922	17.874	17.874	22.370
Önnur gjöld	235.466	254.069	249.581	255.856	271.192
Fjármagnskostnaður	72.037	35.083	51.700	80.884	66.095
Rekstrartilfærslur	468.332	481.207	452.871	454.409	479.941
Lífeyristryggingar	132.044	139.275	151.222	151.222	168.584
Atvinnuleysistryggingasjóður	80.079	77.720	44.354	34.554	28.618
Sjúkratryggingar	44.495	51.893	50.097	53.612	54.968
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	27.511	31.553	36.057	36.057	39.461
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	21.417	21.273	24.553	24.553	26.560
Fæðingarorlof	16.346	20.253	22.179	22.179	24.859
Greiðslur vegna búvöruframléiðslu	14.557	15.037	15.506	17.695	17.060
Barnabætur	15.767	14.673	13.965	15.065	13.965
Húsnæðisbætur	6.568	7.037	6.953	6.953	8.453
Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða	5.130	4.845	5.330	5.330	6.425
Aðrar rekstrartilfærslur	104.417	97.649	82.656	87.189	90.987
Fjármagnstilfærslur	25.827	34.502	38.499	38.499	35.758
Rannsóknir og nýsköpun	14.841	21.535	26.374	26.374	26.050
Stofnframlög vegna félagslegra leiguíbúða	3.074	3.729	3.736	3.736	1.736
Ofanflóðasjóður	1.175	2.703	2.401	2.401	2.501
Framkvæmdasjóður aldraðra	1.555	1.640	2.300	2.300	1.955
Hafnabótasjóður	1.391	1.336	1.571	1.571	1.540
Styrkir til fráveitna sveitarfélaga		911	579	579	579
Aðrar fjármagnstilfærslur	3.792	2.649	1.537	1.537	1.398
Fjárfestingarframlög³	48.864	62.379	71.472	67.472	64.553
Vegagerðin	31.548	37.036	27.340	27.340	24.025
Bygging sjúkrahúss á lóð Landspítalans	2.713	5.025	14.177	8.177	13.400
Öldrunarstofnanir, almennt	656	1.259	5.208	5.208	5.658
Framkvæmdir á Alþingisreit	910	976	1.550	1.550	953
Samhæfingarmiðstöð viðbragðsaðila	-	-	785	785	419
Önnur fjárfestingarframlög	13.037	18.083	22.412	24.412	20.098
Samtals heildargjöld	1.165.535	1.224.267	1.217.919	1.253.639	1.296.377
Samtals frumgjöld	1.093.498	1.189.184	1.166.219	1.172.755	1.230.283

¹ Útgjöldin eru hér sett fram samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastaðli í samræmi við framsetningu fjárheimilda í lagagrein 3 í þessu frumvarpi. Í 1. grein frumvarpsins eru útgjöldin hins vegar sett fram samkvæmt staðli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um framsetningu opinberra fjármála (GFS). Um muninn á framsetningu útjalda samkvæmt þessu stöðlum er fjallað í viðauka með greinargerð frumvarpsins.

² Innleiðing IPSAS reikningsskilastaðals í ríkisreikningi fyrir árið 2017 leiðir til breyttrar meðferðar lífeyrisskuldbindinga og afskrifta skattkrafna. Í ríkisreikningi 2020 og 2021 voru afskriftir skattkrafna færðar sem önnur gjöld en sem rekstrartilfærslur í fjárlögum. Framsetning fjárlaga hefur verið leiðrétt til samræmis fyrir árið 2022 en samræmd framsetning er í frumvarpinu 2023.

³ Fjárfestingarframlög eru ekki gjaldfærð í ríkisreikningi heldur verða þau eignfærð og afskrifuð yfir líftíma viðkomandi eignar.

Tafla 5

Útgjöld ríkissjóðs (A1-hluta) eftir málefnaviðum¹

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikn. ² 2020	Reikn. ² 2021	Fjárlög 2022	Áætlun 2022	Frumvarp ³ 2023
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess	6.145	6.591	7.318	7.318	6.864
02 Dómstólar	3.243	3.408	3.685	3.688	3.827
03 Æðsta stjórnýsla	2.634	2.698	3.547	3.555	2.712
04 Utanríkismál	12.246	13.125	13.962	13.991	15.834
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	32.998	35.221	39.412	39.521	42.965
06 Hagskýrslugerð og grunnskrár	4.175	4.287	4.164	4.194	4.107
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	20.280	26.063	29.117	31.122	29.313
08 Sveitarfélög og byggðamál	24.893	23.443	26.630	26.630	28.465
09 Almanna- og réttaröryggi	33.457	39.642	34.939	35.707	34.744
10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnýsla dómsmála	17.434	18.782	17.901	18.493	18.290
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	54.991	58.268	51.434	53.381	50.142
12 Landbúnaður	17.333	20.604	20.009	22.217	21.031
13 Sjávarútvegur og fiskeldi	6.457	6.036	8.847	8.883	7.051
14 Ferðaþjónusta	4.410	5.562	2.279	2.281	2.188
15 Orkumál	4.697	5.110	6.195	6.199	6.213
16 Markaðseftirlit og neytendamál	4.872	3.031	3.172	3.176	3.332
17 Umhverfismál	24.091	26.180	24.971	25.040	27.869
18 Menning, listir, íþrótt- og æskulýðsmál	18.823	18.397	19.492	19.553	19.758
19 Fjölmíðlun	5.409	5.144	5.563	5.563	5.846
20 Framhaldsskólastig	37.274	39.381	40.584	40.863	41.865
21 Háskólastig	55.307	55.900	57.662	57.997	59.973
22 Önnur skólastig og stjórnýsla mennta- og barnamála	5.671	5.252	4.778	4.797	5.251
23 Sjúkrahúsþjónusta	116.319	132.928	137.688	141.757	140.399
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	64.890	75.788	66.897	70.433	74.228
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta	53.757	60.775	71.359	71.179	74.797
26 Lyf og lækningavörur	29.821	33.370	31.280	34.945	31.057
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks	76.377	81.485	88.935	88.936	97.842
28 Málefni aldraðra	86.144	92.091	100.985	99.785	113.517
29 Fjölskyldumál	46.093	49.002	51.778	57.655	56.151
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	114.623	100.971	55.101	45.486	38.324
31 Húsnæðis- og skipulagsmál	13.104	17.198	16.587	16.607	16.266
32 Lýðheilsa og stjórnýsla velferðarmála	14.073	15.001	11.863	14.418	11.077
33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindi	125.412	114.264	114.191	145.375	127.307
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir	21.676	21.922	35.347	22.647	66.112
35 Alþjóðleg þróunarsamvinna	6.407	7.349	10.247	10.247	11.664
Samtals	1.165.535	1.224.267	1.217.919	1.253.639	1.296.377

¹ Útgjöldin eru hér sett fram samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastaðli í samræmi við framsetningu fjárheimilda í lagagrein 3 í þessu frumvarpi. Í 1. grein frumvarpsins eru útgjöldin hins vegar sett fram samkvæmt staðli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um framsetningu opinberra fjármála (GFS). Um muninn á framsetningu útjalda samkvæmt þessu stöðlum er fjallað í viðauka með greinargerð frumvarpsins.

² Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskrifur ársins verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

³ Framsetning ríkisreiknings 2021 og fjárlaga 2022 tekur mið af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 6/2022.

Tafla 6

Eignir og skuldir ríkissjóðs (A1-hluta)

Stöðutölur í m.kr. á verðlagi í lok hvers árs	2019	2020	2021	Aætlun 2022	Frumvarp 2023
Skuldir ríkissjóðs	905.830	1.244.558	1.461.867	1.548.272	1.607.327
Ríkisbréf, ríkisvixlar og spariskirteini	664.244	844.799	873.320	979.033	1.035.378
Aðrir innlendir aðilar	34.241	133.670	223.102	233.644	239.751
Erlend lán	186.634	245.858	344.100	313.446	308.715
Áfallnir ógjaldfallnir vextir	20.711	20.231	21.345	22.150	23.483
Kröfur ríkissjóðs	151.434	182.083	150.008	180.645	211.466
Veitt lán	70.699	71.456	76.505	92.432	119.094
Viðskiptareikningur, nettó	80.735	110.627	73.503	88.213	92.372
Hreinar lántökur ríkissjóðs	754.396	1.062.475	1.311.859	1.367.628	1.395.861
Handbært fé vegna gjaldeyrisvaraförða	151.469	214.152	304.564	276.038	272.189
Handbært fé, annað, nettó	69.460	134.615	56.468	40.000	35.841
Hrein staða ríkissjóðs	-533.467	-713.708	-950.827	-1.051.590	-1.087.831
Hlutfé, eignarhlutir, stofnfé og stöðugleikaframlög	906.811	906.811	852.311	777.829	703.441
Hrein staða ríkissjóðs að teknu tilliti til eigna	373.344	193.103	-98.516	-273.761	-384.390
Skuldir ríkissjóðs m.v. skuldareglu	664.190	875.560	1.079.490	1.210.085	1.275.814
<i>Í hlutfalli af VLF (%)</i>					
Skuldir ríkissjóðs	29,7	42,5	45,2	42,8	41,6
Kröfur ríkissjóðs	5,0	6,2	4,6	5,0	5,5
Hrein staða ríkissjóðs að teknu tilliti til eigna	12,3	6,6	-3,0	-7,6	-10,0
Skuldir ríkissjóðs m.v. skuldareglu	21,8	29,9	33,4	33,4	33,0

Tafla 7 Samanburður á afkomu ríkissjóðs (A1-hluta) skv. GFS og IPSAS

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2023
Heildartekjur samkvæmt GFS-staðli	1.117.247
Rekstrargjöld samkvæmt GFS-staðli	1.182.334
Rekstrarjöfnuður samkvæmt GFS-staðli	-65.087
Fastafjárútgjöld	23.904
Heildargjöld samkvæmt GFS-staðli	1.206.238
Heildarjöfnuður samkvæmt GFS-staðli	-88.991
Aðlaganir á tekjuhlöð	-23.000
Afskriftir skattkrafna koma til lækkunar á tekjum skv. GFS en hækkunar gjalda skv. IPSAS ¹	22.370
Endurgreiðsla VSK til opinberra aðila ²	-13.800
Mismunur á tekjuferðum hagnaði félaga skv. IPSAS og GFS ³	-31.570
Gengishagnaður af bankareikningum, veittum lánum og erlendu stofnfé ⁴	0
Aðlaganir á gjaldahlöð	90.140
Innbyrðis viðskipti sem dregin eru frá í upplýsingum um samstæðu ⁵	36.040
Afskriftir skattkrafna koma til lækkunar á tekjum skv. GFS en hækkunar gjalda skv. IPSAS ¹	22.370
Endurgreiðsla VSK til opinberra aðila ²	-13.800
Lífeyrisskuldbindingar - s.s.launabreytingar og aðrar forsendubreytingar	44.690
Sala fastafjármuna ⁶	750
Aðlögun vegna tapaðra krafna	90
Heildartekjur samkvæmt IPSAS-staðli	1.094.247
Heildarfjárheimild til reksturs og fjárfestinga samkvæmt IPSAS-staðli	1.296.377
Innbyrðis viðskipti sem dregin eru frá í upplýsingum um samstæðu	-36.040
Fjárfestingaframlög ekki gjaldfærð samkvæmt IPSAS-staðli	-65.156
Afskriftir gjaldfærðar samkvæmt IPSAS-staðli ⁷	27.595
Heildargjöld samkvæmt IPSAS-staðli	1.222.776
Heildarjöfnuður samkvæmt IPSAS-staðli	-128.529

¹ Samkvæmt IPSAS eru afskriftir skattkrafna færðar meðal gjalda í rekstrarreikningi. Samkvæmt GFS eru þær hins vegar látnar koma til lækkunar á tekjum ríkissjóðs af viðkomandi sköttum.

² Í stað þess að færa nettó útgjöld ráðuneyta og stofnana vegna útgjalda sem uppfylla skilyrði fyrir endurgreiðslu á VSK eru útgjöldin færð brúttó en skráðar eru tekjur hjá ríkissjóði á móti samkvæmt GFS.

³ Í frumvarpi til fjárlaga er gert ráð fyrir að munur á arðgreiðslum skv. GFS-staðalimum og IPSAS reikningsskilum nemi 31.570 m.kr. Hér er ekki gert ráð fyrir breytingum sem tengjast afkomu ársins hjá öðrum félögum í rikiseigu.

⁴ Í frumvarpi til fjárlaga er ekki spáð fyrir um þróun á gengi gjaldmiðla. Því er ekki gert ráð fyrir gengishagnaði/-tapi af bankareikningum, veittum lánum eða erlendu stofnfé.

⁵ Í samstæðureikningi og í fjárstreymisýfirliti samkvæmt GFS er leiðrétt fyrir innbyrðis viðskiptum en hér er þeim bætt við til að sýna heildarfjárheimild eins og hún birtist í lagagreinum 3 og 4 í frumvarpinu.

⁶ Sala fastafjármuna koma til frádráttar fjárfestingu skv. GFS.

⁷ Áætlaðar afskriftir í ríkisreikningi. Um gróft mat er að ræða. Í fjárlögum eru afskriftir áætlaðar í samræmi við verklag Hagstofu Íslands. Unnið er að samræmingu á meðferð afskrifta í reikningshaldi og í þjóðhagsreikningum.

Tafla 8 Lykilstærðir í fjárreiðum ríkisaðila í A2-hluta

Rekstrargrunnur, m.kr.	Áætlun 2022	Frumvarp 2023	Breyting
Rekstraráætlun:			
Rekstrartekjur	328	310	-18
Rekstrargjöld	3.413	4.025	611
Fjármunatekjur	99.266	78.534	-20.733
Fjármagnsgjöld	110.938	84.264	-26.674
Framlög í afskriftasjóð útlána	6.913	7.193	280
Afskriftir	170	165	-5
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	-21.840	-16.803	5.037
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	6.823	7.167	344
Hagnaður (-tap)	-15.016	-9.636	5.381
Sjóðstreymi:			
Hagnaður (-tap)	-15.016	-9.636	5.381
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé	40.947	24.975	-15.972
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum	-117	47	164
Handbært fé frá rekstri	25.813	15.386	-10.427
Veitt löng lán	-33.618	-33.735	-117
Afborganir af veittum löngum lánum	63.481	34.171	-29.309
Varanlegir rekstrarfjármunir, nettó	-255	-257	-2
Ávöxtunarsamningar og áhættufjármunir, nettó	50	50	0
Fjárfestingarhreyfingar, samtals	29.658	230	-29.428
Tekin löng lán	28.595	21.200	-7.395
Afborganir af teknum löngum lánum	-87.510	-69.878	17.632
Annað	-20	-20	0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	-58.935	-48.698	10.237
Breyting á handbæru fé	-3.464	-33.082	-29.618

Tafla 9 Lykilstærðir í fjárreiðum ríkisaðila í A3-hluta

Rekstrargrunnur, m.kr.	Áætlun 2022	Frumvarp 2023	Breyting
Rekstraráætlun:			
Rekstrartekjur	18.430	19.058	628
Rekstrargjöld	12.324	13.255	931
Fjármagnsjöfnuður	-5.406	-5.379	27
Afskriftir	1.001	1.017	16
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	-301	-593	-291
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	390	385	-5
Fengin framlög og óreglulegar tekjur	276	219	-57
Tekjuskattur	-40	-42	-2
Hagnaður (-tap)	325	-31	-356
Sjóðstreymi:			
Hagnaður (-tap)	325	-31	-356
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé	-117	45	162
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum	-296	-228	68
Handbært fé frá rekstri	-88	-214	-126
Veitt löng lán	-760	-978	-219
Afborganir af veittum löngum lánum	541	555	14
Varanlegir rekstrarfjármunir, nettó	-48.632	-17.035	31.597
Annað	-103	-14	89
Fjárfestingarhreyfingar, samtals	-48.953	-17.472	31.481
Tekin löng lán	42.146	6.638	-35.508
Afborganir af teknum löngum lánum	-756	-773	-17
Annað	3.209	9.116	5.907
Fjármögnunarhreyfingar samtals	44.599	14.982	-29.618
Breyting á handbæru fé	-4.442	-2.704	1.738

Tafla 10

Samstæðuyfirlit A-hluta í heild¹

Þjóðhagsgrunnur ² , m.kr.	Reikn. 2020	Brb. 2021	Áætlun 2022	Frumvarp 2023
Heildartekjur	867.118	911.469	1.127.964	1.198.006
Skatttekjur	656.181	675.593	796.121	877.164
Skattar á tekjur og hagnað	287.478	281.296	353.700	384.600
Skattar á laungreiðslur og vinnuafli	9.233	8.974	10.168	11.205
Eignarskattar	10.528	9.641	11.661	10.342
Skattar á vöru og þjónustu	327.193	357.823	401.464	450.259
Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	2.575	4.272	4.475	4.627
Aðrir skattar	19.174	13.587	14.652	16.132
Tryggingagjöld	88.364	98.389	118.058	126.853
Fjárframlög	5.464	5.763	6.008	6.504
Aðrar tekjur	117.109	131.724	207.778	187.485
Eignatekjur	66.345	79.050	152.141	126.838
þ.a. vaxtatekjur	49.343	54.310	98.707	82.631
þ.a. arðgreiðslur	11.228	16.871	45.919	34.239
Sala á vöru og þjónustu	37.764	38.255	41.042	44.452
Ýmsar tekjur og óskilgreindar tekjur	13.000	14.419	14.595	16.195
Heildargjöld	1.103.292	1.177.604	1.284.412	1.296.663
Rekstrarútgjöld	1.085.347	1.143.947	1.256.212	1.270.371
Laun	229.724	248.102	268.171	280.314
Kaup á vöru og þjónustu	153.201	163.925	187.197	203.230
Afskriftir	52.116	55.497	56.711	59.489
Vaxtagjöld ³	106.306	121.232	195.814	157.350
Framleiðslustyrkir	52.628	44.508	61.634	56.325
Fjárframlög	405.364	423.054	402.257	425.986
Félagslegar tilfærslur til heimila	25.272	24.424	24.519	24.942
Tilfærsluútgjöld önnur en fjárframlög	60.736	63.205	59.911	62.734
Fastafjárútgjöld	17.945	33.657	28.200	26.292
Fjárfesting í efnislegum eignum	70.061	89.154	84.911	85.782
Afskriftir (-)	-52.116	-55.497	-56.711	-59.489
Frumjöfnuður	-179.211	-199.213	-59.342	-23.938
Vaxtajöfnuður	-56.963	-66.922	-97.106	-74.719
Heildarjöfnuður	-236.174	-266.135	-156.448	-98.658

¹ Skv. endurskoðaðri flokkun á starfsemi hins opinbera á grundvelli alþjóðlegs hagskýrslustaðals (GFS), sbr. nánari umfangllun í kafla 6 í fjárlagafrumvarpi 2023.

² Fjármál ríkissjóðs eru skv. lögum um opinber fjármál sett fram á alþjóðlegum hagskýrslustaðli (GFS) og er hann sá sami og Hagstofa Íslands notar við birtingu þjóðhagsreikninga. Unnið er að samræmingu á gögnum í talnagrunni fjárlaga og eldri gögnum og því kunna eftir atvikum að vera frávik á tekju- og gjaldahlíð sem skýrast af breytttri framsetningu.

³ Til vaxtagjalda teljast reiknuð vaxtagjöld vegna ófjármagnaðra lífeyrisskuldbindinga en þau eru áætluð um 15 ma.kr. í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2023.

Tafla 11 Efnahagsforsendur frumvarpsins, prósentubreytingar

	Fjárlög 2022 ¹	Endurmat 2022 ²	Fjárlög 2023 ²
I. Helstu þjóðhagsstærðir, magnbreytingar - %			
Einkaneysla	4,9	4,3	2,6
Samneysla	1,3	1,3	1,1
Fjárfesting	-3,2	4,6	-0,3
Þjóðarútgjöld alls	2,3	4,0	1,6
Útflutningur vöru og þjónustu	18,9	17,6	6,2
Innflutningur vöru og þjónustu	10,9	14,3	3,8
Verg landsframleiðsla	5,3	5,1	2,7
Viðskiptajöfnuður, % af landsframleiðslu	3,9	-2,2	-1,1
II. Launa- og verðlagsforsendur, meðalbreytingar - %			
Vísitala neysluverðs	3,3	7,5	4,9
Laun	5,0	7,3	5,2
Gengisvísitala	-2,1	-5,6	-1,5
Atvinnuleysi, hlutfall af mannafla	5,3	4,2	3,7

¹ Þjóðhagsspá í nóvember 2021.

² Uppfærð þjóðhagsspá í júní 2022 með stöðu ríkisfjármála um mitt ár.

Tafla 12 Efnahagsforsendur frumvarpsins, nafnstærðir

	Fjárlög 2022 ¹	Endurmat 2022 ²	Fjárlög 2023 ²
Helstu þjóðhagsstærðir, ma. kr.			
Einkaneysla	1.749,8	1847,4	1998,5
Samneysla	960,4	964,4	1024,9
Fjárfesting	734,5	829,3	855,0
Þjóðarútgjöld alls	3.446,5	3663,1	3880,5
Útflutningur vöru og þjónustu	1.538,9	1577,4	1657,1
Innflutningur vöru og þjónustu	1.420,2	1619,5	1675,8
Verg landsframleiðsla	3.565,3	3621,0	3861,9
Viðskiptajöfnuður	139,0	-79,7	-42,5

¹ Þjóðhagsspá í nóvember 2021.

² Uppfærð þjóðhagsspá í júní 2022 með stöðu ríkisfjármála.

